Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum

Áfangaskýrsla III



Ritstjóri: Kristborg Þórsdóttir

Höfundar efnis:
Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Sædís Gunnarsdóttir og Þóra Pétursdóttir

FS596-07253
Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík
2016

Forsíðumyndin er af Brunnastaðaseli (GK130:095). Á myndinni er horft til norðurs.

© Fornleifastofnun Íslands 2016

Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

I. INNGANGUR 5

II. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF 7

III. SKÝRINGAR 9

IV. FORNLEIFASKRÁ 11

GK-128 Minni-Vogar - viðbætur 11
GK-130 Brunnastaðir 14
GK-131 Halakot 64
GK-132 Suðurkot 73
GK-133 Austurkot 83
GK-134 Naustakot 86
GK-135 Skjaldarkot 90
GK-136 Traðarkot 98
GK-160 Hvassahraun 102
GK-161 Hvassahraunskot 144
GK-641 Fornleifar á fl. en 1 jörð 145

V. SAMANTEKT 152

VI. NIÐURSTÖÐUR 164

HEIMILDASKRÁ 167

VIÐAUKI I - HNITASKRÁR Í ISN93 171

VIÐAUKI II - TÚNAKORT FRÁ 1919 177

VIÐAUKI III - MINJAKORT 178

I. INNGANGUR

Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum, gamla Vatnsleysustrandarhreppi, hófst árið 2007. Nú er öllum sjö áföngunum lokið og birtist afrakstur sjötta og sjöunda áfanga í þessari þriðju og síðustu áfangaskýrslu. Að beiðni sveitarfélagsins var þriðja áfanga skipt í tvennt og hefur því áætlun um skráninguna lengst um eitt ár. Samanlögð tala skráðra minja úr öllum áföngum er 1506 fornleifar.

Í sjötta áfanga sem skráður var vor og haust 2013 voru skráðar fornleifar á sjö lögbýlum sem mynda Brunnastaðahverfi: Brunnastaðir (Efri- og Neðri-), Halakot, Suðurkot, Austurkot, Naustakot, Skjaldarkot og Traðarkot. Í sjöunda áfanga sumarið 2014 voru skráðar fornleifar í Hvassahrauni. Auk þeirra fornleifa sem skráðar voru sumurin 2013-2014 eru í þessari skýrslu birtar upplýsingar um þær fornleifar á fyrrtöldum jörðum auk Hvassahraunskots sem skráðar voru vegna breikkunar Reykjanesbrautar árið 2000. Langflestar fornleifar í landi Hvassahrauns neðan Reykjanesbrautar og nokkrar ofan hennar voru skráðar árið 2000 vegna breikkunar Reykjanesbrautar og árið 2002 í tengslum við skipulagningu sumarhúsabyggðar á jörðinni. Í skýrslunni eru einnig birtar upplýsingar um fornleifar sem ná yfir fleiri en eina jörð og eru það í öllum tilvikum fornar leiðir um Vatnsleysustrandarhrepp. Í skýrslunni eru birtar upplýsingar um allar leiðirnar en áður höfðu birst upplýsingar um sjö þeirra í Áfangaskýrslu I (FS460-07251).

Hvassahraun og Hvassahraunskot eru norðaustast í sveitarfélaginu, á hreppamörkum. Hvassahraunskot er farið í eyði fyrir löngu og nákvæm staðsetning þess býlis er ekki þekkt. Hvassahraun er einnig komið í eyði en innan jarðarinnar hefur myndast vísir að byggðahverfi. Brunnastaðahverfi er nærri suðvesturenda sveitarfélagsins og er einnig orðið nokkuð þéttbýlt þar. Búið er á öllum lögbýlunum í hverfinu að undanskildu Naustakoti sem er nýtt til sumardvalar og Skjaldarkoti en sú jörð er nytjuð af ábúendum á Efri-Brunnastöðum. Sjósókn er hvergi stunduð lengur en tómstundabúskapur með sauðfé er á Efri-Brunnastöðum, Suðurkoti (Sætúni) og Halakoti. Í skýrslunni birtast upplýsingar um 364 fornleifar sem ekki hefur verið fjallað um áður í áfangaskýrslum og miðast tölfræðiútreikningar við þá tölu. Að auki eru birtar aftur upplýsingar um sjö leiðir sem ná yfir fleiri en eina jörð og fimm aðrar fornleifar innan Minni-Voga sem birtust fyrst í Áfangaskýrslu I. Skráning fornleifanna í Minni-Vogum var endurskoðuð og aukin. Innan lögbýlanna níu voru skráð 24 býli og bústaðir og eru þeir allir komnir í eyði og sumir horfnir með öllu.

Kristborg Þórsdóttir gerði fornleifaskráninguna 2013 og 2014. Elín Ósk Hreiðarsdóttir vann deiliskráningu vegna breikkunar Reykjanesbrautar árið 2000 og vegna sumarbústaðalóða í landi Hvassahrauns árið 2002. Kristborg Þórsdóttir sá um skýrsluskrif og kortagerð. Rætt var við ýmsa heimildamenn um fornleifar á svæðinu og er þeim þökkuð aðstoðin. Sem fyrr reyndist ómetanlegt að hafa hnit á ýmsum minjum og örnefnum sem hjónin Viktor Guðmundsson og Jóhanna Guðmundsdóttir hafa safnað.

Efnisskipan í þessari skýrslu er með þeim hætti að á eftir inngangi eru tveir kaflar um fornleifaskráningu þar sem m.a. er gefið yfirlit um löggjöf (2. kafli) og aðferðir við fornleifaskráningu (3. kafli). Í fjórða kafla er svo sjálf fornleifaskráin. Í henni er skrá yfir allar þekktar fornleifar á skráningarsvæðinu. Í 5. kafla er samantekt um helstu minjaflokka á svæðinu. Í 6. kafla er svo fjallað um minjavernd og settar fram tillögur um kynningu fornminja og frekari rannsóknir á þeim.

II. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein þjóðminjalaga (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir

veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

III. SKÝRINGAR

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi:GK-123:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um

„heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

IV. FORNLEIFASKRÁ

GK-128 Minni-Vogar - viðbætur

GK-128:026 tóft 65°59.501N 22°23.027V



Tóft 026, horft til norðurs



Tóft 026

Þessi minjastaður var fyrst skráður vorið 2006. Um 75 m ASA af Vatnsskersbúðum, 028, eru mjög ógreinilega hleðsluleifar. Aftur var farið á vettvang árið 2013 og þá sáust hleðsluleifar á stærra svæði. Hleðslan er uppi á grónu lágu holti. Umverfis er mosagróið hraun.
Skráning 2006: Tvískipt tóft sem snýr norður-suður, og er alls 15 x 5 m á stærð. Að norðanverðu er stórt grjóthlaðið hólf. Op hefur verið á því syðst á vesturvegg. Beint suður þessu hólfi eru ógreinilegar leifar af hleðslum, annars vegar er þar 2 m langur veggstubbur (norður-suður) og hins vegar, suður af honum, annar veggstubbur nokkuð lengri. Hann snýr austur-vestur og er um 5 m langur. Hleðsluhæð er mest 1 umfar, eða 0,2 metrar. Þessi ummerki eru fremur óljós en afar líklegt verður að telja að þarna séu leifar einhvers konar mannvirki, þó óljós séu þau. Þegar farið var á vettvang árið 2013 sáust hleðsluleifar á svæði sem er um 80x60 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hleðslurnar eru mjóar og jarðlægar og er líklegt að þarna séu leifar af gömlum herslugörðum en svo virðist sem talsvert hafi verið tekið af grjótinu sem í þeim var.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-128:028 *Vatnsskersbúðir* tóftir verbúð 63°59.546N 22°23.099V



Minjar í Vatnsskersbúðum 028

"Yst í Djúpaós er Dýpstiós. Nokkru innar er Vatnasker, þar upp af er Vatnsskersbúðir og Vatnsskersbúðarvör [031]. Einnig Djúpavogsvör [030]," segir í örnefnaskrá Voga. Farið var á vettvang árið 2006 og fundust ekki minjar um Vatnsskersbúðir þá. Aftur var farið á vettvang þegar verið var að skrá Brunnastaði GK-130 árið 2013 og fundust þá tóftir á Vatnsskeri. Vatnsskersbúðir eru merktar inn á kort af býlum, götum, slóðum og hliðum sem fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Þar sjást signar tóftir um 320 m SSV við Hvamm 130:020A og 780 m NNA við Minni-Voga 001. Ein tóftin er líklega af herslubyrgi 029.
Vatnssker er lítið sker með jarðvegstorfu ofaná. Það flæðir sjór allt í kringum það á flóði.
Á svæði sem er um 20x12 m að stærð og snýr ASA-VNV eru tvær tóftir og náttúruleg sprunga sem óljósar hleðsluleifar eru á. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er í VSV-enda svæðisins. Hún er líklega af Vatnsskersbúðum. Tóftin er um 10x12 m að stærð og snýr ASA-VNV. Hún skiptist í fjögur hólf og er torf- og grjóthlaðin en er sigin og gróin. Hleðslur eru jarðlægar, ekki hærri en 0,3 m og fjöldi umfara sést ekki. Meint byrgistóft 029 er í ASA-enda tóftar A og sker sig frá henni vegna þess að í henni eru veggir mun hærri og

greinilegar grjóthleðslur í þeim. Veggirnir í tóftinni eru 0,5 m á hæð og sjást 2-3 umför. Byrgistóftin er einföld og snýr NNA-SSV. Óljóst op er á því til SSV. Syðst í eldri tóftinni er hólf I. Það er 0,5x1,5m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Hólf III er samsíða byrgistóft 029 og er VNV við það. Það er um 3x3 m að innanmáli úr SSA-horni þess gengur hólf II til SSV. Það er um 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Hólf IV er svo í VNV-enda tóftarinnar og er það 1,5x1 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Op er á því í SSV-enda. Ekki sjást op á hólfum II og III. Ætla má að grjótið í byrgistóftinni sé að miklu leyti fengið úr eldri tóft A. Um 5 m austan við tóft A er sprunga B sem snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 5 m á lengd og rúmur 1 m á breidd, innanmáls. Óljósar hleðslur eru á suðausturbrún sprungunnar og er líklegt að hún hafi verið nýtt í einhvers konar hús eða byrgi. Ekki sjást fleiri greinanleg mannvirki á svæðinu en þau kunna að leynast undir sverði. Minjunum stafar mikil hætta af landbroti.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Vogar, 13; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir, hlið



Á vinstri mynd er horft til norðvesturs yfir minjasvæðið í Vatnsskersbúðum 028. Á hægri mynd er meint byrgistóft 029, horft til norðurs

GK-128:029 heimild um herslubyrgi 63°59.545N 22°23.103V
"Fjörumörk Minni-Voga byrja við gamalt Byrgi á Vatnsskeri í Djúpavog ..." segir í örnefnaskrá. Þessi minjastaður var fyrst skráður 2006: Staðsetning minja númer 028-032 er óljós enda hafa deilur verið innan sveitarfélagsins um staðsetningu þessara örnefna. Heimildarmaður, Ása Árnadóttir, kannaðist ekki við þessi örnefni gat þó aðstoð við að staðsetja örnefnin gróflega út frá staðsetningu annarra þekktra örnefna. Herslubyrgið var líklega um 20 m VSV af Djúpavogsvör 030. Aftur var farið á vettvang þegar verið var að skrá Brunnastaði GK-130 árið 2013 og fundust þá minjar á Vatnsskeri, líklega Vatnsskersbúðir 028. Greinileg tóft er ofan á eldri og ógreinilegri minjum á Vatnsskeri. Hún er mjög líklega af herslubyrgi og má ætla að það sé byrgið sem nefnt er í örnefnaskrá við fjörumörk Minni-Voga. Tóftinni er lýst með öðrum minjum í Vatnsskersbúðum 028.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Vogar, 4

GK-128:030 *Djúpavogsvör* renna lending 63°59.555N 22°23.091V
"Yst í Djúpaós er Dýpstiós. Nokkru innar er Vatnasker, þar upp af er Vatnsskersbúðir [028] og Vatnsskersbúðarvör [031]. Einnig Djúpavogsvör." segir í örnefnaskrá. Vörin var fyrst skráð 2006 en aftur var farið á vettvang 2013 og vörin skoðuð á fjöru. Djúpavogsvör er um 20 m NNA við Vatnsskersbúðir 028.
Vatnssker er lítið sker með jarðvegstorfu ofaná. Það flæðir sjór allt í kringum það á flóði.
Vörin er norðaustanvert við Vatnssker. Hún er 15x6 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hún er þakin



Djúpavogsvör 030, horft til NNV

þangi og þara og grjót er í henni en ekki mikið. Vörin kann að hafa verið rudd en klappir eru beggja vegna við hana og ekki sjást hleðslur við hana.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Vogar, 13

GK-128:031 *Vatnsskersbúðarvör* renna lending 63°59.525N 22°23.094V
"Yst í Djúpaós er Dýpstiós. Nokkru innar er Vatnasker, þar upp af er Vatnsskersbúðir [028] og Vatnsskersbúðarvör. Einnig Djúpavogsvör [030]." segir í örnefnaskrá. Vörin var fyrst skráð 2006 en aftur var farið á vettvang 2013 og vörin skoðuð á fjöru. Vatnsskersbúðarvör er um 40 m sunnan við Vatnsskersbúðir 028.
Vatnssker er lítið sker með jarðvegstorfu ofaná. Það flæðir sjór allt í kringum það á flóði.
Meint Vatnskersbúðarvör er SSA undir Vatnsskeri og er um 20x4 m að innanmáli, snýr VSV/ANA. Svo virðist sem að vörin hafi verið rudd og grjóti hlaðið meðfram SSA hlið. Vörin er um 1 m á dýpt. Eitthvað af grjóti hefur hrunið ofan í vörina eða borist þangað en í botni hennar er klöpp og sandur.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Vogar, 13



Vatnsskersbúðarvör 031, horft til VSV

GK-130 Brunnastaðir

Jarðadýrleiki óviss 1703, konungseign. JÁM III, 123. 1395 er Brunnastaða getið í eignaskrá Viðeyjarklausturs. Þá eru hálfir Brunnastaðir metnir á 30 hdr. DI III, 597-598. 1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. DI XII, 124. 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs 1 hdr. Í fríðu og 2 vættir fiska. Árni Óla: Strönd og Vogar, 26.

Hjáleigur í byggð 1703, Halakot GK-131, Brunnastaðakot 091, Stöðlakot 092, Tangabúð 022, Skjaldarkot GK-135. Í eyði Traðarkot GK-136, Vesturhús 094, Naustakot GK-134, Austurhús (að öllum líkindum sama og Austurkot GK-133) og Suðurhús (að öllum líkindum sama og Suðurkot GK-132). JÁM III, 125-127. Hjáleigur í byggð 1847: Halakot, Suðurkot, Austurkot, Naustakot, Skjaldarkot og Traðarkot. JJ, 90. Á Bieringstanga voru nokkrir bæir sem fóru í eyði á árunum 1920-1925. Þeir voru þessir: Grund eða Trumba 016, Vorhúsabæirnir, Austurbær eða Bjarnabær 017 og Vesturbær eða Guðjónsbær 018, Hausthús 019 og Hvammur 020. Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 31. Tvíbýli var um tíma á Efri-Brunnastöðum. Guðmundur Jónsson. Mannlíf og mannvirki, 224-33.

1703: "Tún jarðarinnar spillast af sjáfar og sands ágángi meir og meir. Engjar eru öngvar. Útihagarnir um sumur í lakasta máta, um vetur nær enginn nema fjaran." JÁM III, 124-5. 1919: Tún alls 5,9 teigar, garðar 2300m2.

GK-130:001 *Efri-Brunnastaðir* bæjarhóll bústaður 64°00.267N 22°22.232V



Horft til NNA yfir að bæjarstæði Efri-Brunnastaða 001

"Neðri-Brunnastaðir [003] eru allnærri sjávarkampinum, en Efri-Brunnastaðir eru talsvert fjær og standa á allháum hól. Ekki ber hverfisingum saman um hvort býlanna séu hinir upphaflegu Brunnastaðir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1923-1924 [skrifuð 1703], er getið Brunnastaða og Brunnastaðakots [091], en hvort kotið sé annað hvort núverandi býla skal ósagt látið. Sigurjón Sigurðsson í Traðarkoti [GK-136] telur Neðri-Brunnastaði upphaflega býlið, án þess þó að slá neinu föstu um það. Ályktun sína dregur hann af því, að ýmis býli á Vatnsleysuströnd hafi fyrrum verið byggð alveg niðri við sjávarkampinn, en síðan verið færð fjær sjó, eftir því sem landbrot jókst," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Í sama riti segir: "Bæjarhóll heitir sá sem Efri-Brunnastaðir standa á. Hlaðið, eða Brunnstaðahlað er hluti af Bæjarhól." Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru íbúðarhús á bæjarhólnum og samtengt margskipt útihús sem skráð er með bæjarhúsum á bæjarhólnum. Af afstöðu Bænhúshóls 002 að dæma verður að teljast líklegt að bænhús á honum hafi tilheyrt Efri-Brunnastöðum. Það bendir þá til þess að Efri-Brunnastaðir séu elsta bæjarstæði Brunnastaða.

Efri-Brunnastaðir eru á háum hól um 120 m suðvestan við Brunnastaðatjörn. Tún er í kringum bæjarstæðið sem er enn slegið að hluta og að hluta nýtt til beitar.

Í greininni "Suður með sjó" eftir Björn Þorsteinsson sagnfræðing segir að Jón Breiðfjörð Jónsson sem fluttist að Brunnastöðum um 1870 hafi rekið þar verslun. Að sögn Jóns Hauks Aðalsteinssonar, heimildamanns, sást grunnur verslunarinnar til skamms tíma norðan við íbúðarhúsið á Efri-Brunnastöðum og veginn sem liggur niður að Neðri-Brunnastöðum. Hóllinn sem gamli bærinn var á er um 100 m í þvermál og virðist að mestu leyti náttúrulegur en öruggt má telja að hann sé einnig að stórum hluta uppsöfnuð mannvistarlög. Hóllinn er hæstur um 2 m. Það hús sem nú er á bæjarstæðinu var byggt 1930 og er með niðurgröfnum kjallara. Það er fast suðaustan við eldra íbúðarhús á bæjarstæðinu en það var rifið fyrir fáum árum. Enn sést móta fyrir hleðslum úr grunni þess.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 26-27, 50; Túnakort 1919, Björn Þorsteinsson: Suður með sjó, 881

GK-130:002 *Bænhúshóll* heimild um bænhús 64°00.260N 22°22.306V



Bænhúshóll/Kirkjuhóll 002, horft til suðausturs

"Bænhúshóll eða Kirkjuhóll heitir svo því þar á að hafa verið bænhús í kaþólskri tíð," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Bænhúshóll er í landi Neðri-Brunnastaða 003 en virðist hafa tilheyrt Efri-Brunnastöðum 001 ef tekið er tillit til afstöðu hólsins og bæjanna. Hóllinn er um 60 m VSV við Efri-Brunnastaði 001 og um 115 m suðaustan við Neðri-Brunnastaði 003.
Afgerandi hóll er í túni nærri merkjum milli Efri- og Neðri-Brunnastaða. Túnið hefur verið slegið til skamms tíma en var nýtt til hrossabeitar þegar skráningarmaður var á ferð haustið 2013.
Að sögn Jóhanns Sævars Símonarsonar, heimildamanns, komu upp mannabein og legsteinn við túnrækt á hólnum í kringum 1950. Sléttað var yfir staðinn og beinin látin hvíla áfram á sama stað. Bænhúshóllinn er um 28x24 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er um 2 m á hæð og er kúptur að ofan. Ekki sést til minja um kirkjugarð eða kirkju á yfirborði hólsins en á loftmyndum á GoogleEarth frá 2002 má óljóst greina gerði umhverfis hólinn og dökkan blett á miðjum hólnum þar sem líklegt er að bænhúsið hafi staðið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 50; GoogleEarth

GK-130:003 *Neðri-Brunnastaðir* bæjarstæði býli 64°00.290N 22°22.435V



Horft til norðausturs yfir bæjarstæði Neðri-Brunnastaða 001. Vinstra megin við gamla íbúðarhúsið sést hlaðinn veggur í fjárhúsum 006

"Neðri-Brunnastaðir eru allnærri sjávarkampinum, en Efri-Brunnastaðir [001] eru talsvert fjær og standa á allháum hól. Ekki ber hverfisingum saman um hvort býlanna séu hinir upphaflegu Brunnastaðir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1923-1924 [skrifuð 1703], er getið Brunnastaða og Brunnastaðakots [091], en hvort kotið sé annað hvort núverandi býla skal ósagt látið. Sigurjón Sigurðsson í Traðarkoti [GK-136] telur Neðri-Brunnastaði upphaflega býlið, án þess þó að slá neinu föstu um það. Ályktun sína dregur hann af því, að ýmis býli á Vatnsleysuströnd hafi fyrrum verið byggð alveg niðri við sjávarkampinn, en síðan verið færð fjær sjó, eftir því sem landbrot jókst," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Þar segir einnig: "Neðri-Brunnastaðir, gömlu, var oft nefnt Húsið í daglegu tali, vegna þess, að það þótti stórglæsilegt timburhús á sinni tíð, er þar var reist, skömmu eftir síðustu aldamót (1907-8). Stendur þetta hús enn ásamt áföstum útihúsum, hvorttveggja hrörlegt mjög. ... Núverandi íbúðarhús á Neðri-Brunnastöðum var reist 1957, töluvert fjær sjó en hið gamla." Neðri-Brunnastaðir eru niður við sjó, um 175 m VNV við Efri-Brunnastaði 001.
Bæjarstæði Neðri-Brunnastaða er á lágri hæð í túni sem nýtt er til beitar.
Ekki sést afgerandi bæjarhóll en allmiklar breytingar hafa orðið í kringum bæinn vegna húsbygginga, vegagerðar og sjóvarnargarðs. Gamla húsið A sem sýnt er á túnakorti frá 1919 stendur enn. Húsið er bárujárnsklætt timburhús með hlöðnum kjallara, ein hæð og ris. Það er um 8x7 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Áður var sambyggð hlaða og fjós til suðausturs. Hlaðan fauk og þá byggði Símon Kristjánsson (1916-2012) sjóhús á

milli fjóss og íbúðarhúss. Fjósið sem enn stendur er steypt og verður ekki lýst nánar hér. Jóhann Sævar hefur eftir Símoni Kristjánssyni, föður sínum, að eldra íbúðarhús B í Neðri-Brunnastöðum hafi verið fast norðaustan við fjárhús 006 og um 10 m vestan við húsið sem reist var 1906 og enn stendur. Þar sjást hins vegar engin ummerki um byggingar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 26-30; Túnakort 1919

GK-130:004 heimild 64°00.288N 22°22.474V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró áföst kálgarði um 30 m vestan við Neðri-Brunnastaði 003.
Þróin var í óræktarbletti fast suðaustan við nýlegan sjóvarnargarð.
Ekki sést til minja um þróna eða kálgarðinn og hefur hún að líkindum horfið þegar sjóvarnargarðurinn var reistur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919

GK-130:005 heimild um útihús 64°00.286N 22°22.466V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús 20-25 m vestan við Neðri-Brunnastaði 003. Útihúsið var að líkindum fast suðvestan við hleðslu 006.
Útihúsið var á óræktarbletti á milli vegar og sjóvarnargarðs.
Ekki sest til minja um útihúsið og hefur það verið rifið eða sléttað yfir það.
Heimildir: Túnakort 1919

GK-130:006 hleðsla fjárhús 64°00.288N 22°22.458V



Hlaðinn veggur í fjárhúsum 006, horft til suðvesturs



Hleðsla í fjárhúsum 006

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihúsasamstæða um 10 m vestan við bæ Neðri-Brunnastaða 003. Þar sést einn hlaðinn veggur.
Minjarnar eru á milli Neðri-Brunnastaða 003 og nýlegs sjóvarnargarðs. Vestan við þær er grasi gróin lægð.
Veggurinn er um 11 m á lengd, snýr norðaustur-suðvestur. Hann er um 1 m á breidd og 1,5 m á hæð. Í utanverðum hleðslum sjást 8 umför Steypt hefur verið ofan á vegginn og steypan lekið niður eftir utanverðri hleðslunni. Þarna voru fjárhús að sögn Jóhanns Sævars Símonarsonar, heimildamanns. Leifar af steyptu gólfi sjást við suðvesturenda veggjarins. Ekki er ljóst hversu stór fjárhúsin voru en um 9 m suðaustan við vegginn er grasi gróinn halli innan við sjóvarnargarð sem kann að gefa til kynna hvar hinn langveggur húsanna var.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-130:007 *Neðri-Brunnastaðabrunnur gamli* heimild um brunn 64°00.299N 22°22.461V
"Eftir Sigurjóni Sigurðssyni í Traðarkoti [GK-136] er haft, að fram undir 1908 hafi aðeins verið fjórir brunnar í Brunnastaðahverfi, innangarðs, þ.e. í Halakoti [131:008], Neðri-Brunnastöðum, Skjaldarkoti [135:003] og Suðurkoti [132:011]. Utangarðs voru brunnar í Grund [016C/016I] og Vorhúsum [018C/018I]. ... Í (Neðri-) Brunnastaðabrunni gamla, sem af Hverfisingum er talinn elsti brunnurinn, voru steintröppur, og sömuleiðis í gamla Halakotsbrunni [131:009]," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Samkvæmt túnakorti frá 1919

var brunnurinn um 20 m norðvestan við Neðri-Brunnastaði 003.
Brunnurinn var þar sem malarflöt er á milli nýlegs sjóvarnargarðs og heimreiðar að bænum.
Búið er að hylja brunninn og er ástand hans því ekki þekkt. Að sögn Jóhanns Sævars Símonarsonar, heimildarmanns, var brunnurinn um 4 m á dýpt og saltbragð var að vatninu í honum. Engin ummerki um brunninn sjást lengur á yfirborði en ætla má að hann sé nokkuð heillegur undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 41-42; Túnakort 1919

GK-130:008 heimild 64°00.248N 22°22.447V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tvær þrær saman um 70 m sunnan við Neðri-Brunnastaði 003.
Þrærnar voru líklega fast austan við veg sem er rétt austan við nýlegan sjóvarnargarð. Þar er grasræma og austan við hana er girðing í kringum gamalt tún sem nýtt er til beitar. Lítil tjörn er vestast í hólfinu.
Jóhann Sævar Símonarson, heimildamaður, man eftir tveimur hlöðnum tóftum á þessum stað og var bátur sem gerður var út í hans minni geymdur við þær. Engin ummerki sjást um tóftirnar og hafa þær að líkindum horfið vegna vegagerðar. Þrærnar hafa verið slorþrær þar sem fiskúrgangi var safnað og hann notaður sem áburður á tún.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-130:009 heimild 64°00.270N 22°22.200V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 20 m austan við bæinn á Efri-Brunnastöðum 001 en um 5 m austan við þau útihús sem voru sambyggð bænum.
Búið er að slétta yfir minjarnar og hafa þær mögulega lent undir eða verið við veg að Efri- og Neðri-Brunnastöðum.
Ekki sést til minja um útihúsið vegna sléttunar eða vegagerðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-130:010 *Markhóll* varða landamerki
63°56.798N 22°17.581V
Á heimasíðu FERLIR segir: "Milli Brunnastaðasels [095] og Gamla-Vogasels [123:080] er Markhóll, sem skiptir löndum Brunnastaða og Voga. Um tvo hóla er að ræða. Sennilega er sá efri (með vörðu á) endamörk, en sá neðri hinn eiginlegi Markhóll." Varðan sem nefnd er í textanum er um 570 m suðvestan við Brunnastaðasel 095 og um 7,5 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001.
Hóllinn sem varðan er á er nokkuð áberandi og er hann fast suðaustan við Brunnastaðaselsgjá í mosagrónu hrauni.
Varðan er ungleg og er að líkindum ekki nógu gömul til að teljast til fornminja en til þess þyrfti hún að hafa náð 100 ára aldri. Hún er um 0,6x0,6 m að stærð og 1,3 m á hæð. Í henni sjást 5 umför. Varðan er ekki skófum vaxin. Ekki er útilokað að gömul varða hafi verið endurhlaðin á þessum stað. Fleiri unglegar hleðslur eru á hólnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: http://www.ferlir.is/?id=4607


Varða 010, horft til norðvesturs

GK-130:011 heimild um brunn 64°00.271N 22°22.184V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 40 m austan við Efri-Brunnastaði 001. "Eftir Sigurjóni Sigurðssyni í Traðarkoti [GK-136] er haft, að fram undir 1908 hafi aðeins verið fjórir brunnar í Brunnastaðahverfi, innangarðs, þ.e. í Halakoti [131:008], Neðri-Brunnastöðum [007], Skjaldarkoti [135:003] og Suðurkoti [132:011]. Utangarðs voru brunnar í Grund [016C/016I] og Vorhúsum [018C eða 018I]," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi.
Brunnurinn er í túni á sléttuðum hól við vegarslóða sem liggur að Skjaldarkoti GK-135.
Búið er að fylla upp í brunninn en að sögn heimildamanns, Virgils Scheving Einarssonar, var hann grjóthlaðinn og mjög djúpur. Þar sem brunnurinn er sést aðeins lítil dæld sem er um 0,5 m í þvermál og 0,1-0,2 m á dýpt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 41

GK-130:012 heimild um útihús 64°00.265N 22°22.156V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískipt útihús um 60 m austan við Efri-Brunnastaði 001.
Útihúsið var á sama náttúrulega hól og Efri-Brunnastaðir, þar sem nú er sléttað tún.
Ekki sjást minjar um útihúsið á yfirborði og hefur það verið rifið eða sléttað í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-130:013 garðlag útihús 64°00.264N 22°22.150V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús sambyggt garði sem afmarkaði kálgarða til austurs og suðurs, mögulega sami og Heygarðskálgarður 034. Útihúsið var fast austan við útihús 012 og 65-70 m austan við Efri-Brunnastaði 001. Engar minjar sjást um útihúsið en leifar af garðinum sem afmarkaði kálgarðana sjást á stuttum kafla.
Útihúsið og kálgarðurinn voru á sama hól og bærinn Efri-Brunnastaðir 001, á merkjum milli Traðarkots GK-136 og Efri-Brunnastaða. Búið er að slétta yfir svæðið og er það grasi vaxið.
Garðurinn sem enn sést er grjóthlaðinn og er um 26 m á lengd, liggur nálega norður-suður. Hann er um 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Garðurinn er algróinn og hruninn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919


Garðlag sem var hluti af kálgarði 013, horft til norðurs

GK-130:014 heimild um útihús 64°00.365N 22°22.327V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 200 m NNV við Efri-Brunnastaði 001. Líklegt er að útihúsið hafi verið notað í tengslum við útgerð en það var niður við sjó.
Búið er að hlaða mikinn sjóvarnargarð þar sem útihúsið var.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði og hefur það að öllum líkindum horfið undir sjóvarnargarðinn en ekki er útilokað að það hafi verið horfið eða illa farið af landbroti áður en sjóvarnargarðurinn var byggður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919

GK-130:015 *Sjávarhúsið* heimild 64°00.331N 22°22.437V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 80 m norðan við Neðri-Brunnastaði. Það var niður við sjó og hefur að líkindum verið notað í tengslum við útgerð. Kort fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi og sýnir hlaðin mannvirki í túnum. Inn á það er merkt Sjávarhús á sama eða svipuðum stað og útihúsið á túnakortinu. Þar er líka merkt inn Skipanaust 025. Minjarnar voru 75-80 m norðan við Neðri-Brunnastaði 003.
Búið er að hlaða mikinn sjóvarnargarð þar sem Sjávarhúsið var.
Engin ummerki um Sjávarhúsið sjást á yfirborði og hefur það að öllum líkindum horfið undir sjóvarnargarðinn en ekki er útilokað að það hafi verið horfið eða illa farið af landbroti áður en sjóvarnargarðurinn var byggður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-130:016 *Grund* bæjarstæði býli 63°59.957N 22°22.976V
"Á Bieringstanga voru nokkrir bæir sem fóru í eyði á árunum 1920-1925. Þeir voru þessir: Grund eða Trumba," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Þar kemur fram að tún hafi verið umgirt grjótgörðum og að brunnur hafi verið utan túns. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum kemur fram að húsið í Grund hafi verið byggt upp þegar nýir ábúendur fluttu þangað 1912 en það svo rifið 1920. Það nýtilegasta úr húsinu var notað í nýtt íbúðarhús, Suðurkot 2, sjá 132:001. Jón Haukur Aðalsteinsson, heimildamaður, hefur grúskað talsvert í ítarheimildum um Bieringstanga og Brunnastaðahverfið á Þjóðskjalasafni Íslands. Hann hefur fundið heimild um byggð á Grund í Sóknarmannatali Kálfatjarnarkirkju frá 1883. Býlið Grund er um 835 m suðvestan við Efri-Brunnastaði 001. Sumarhús Magnúsar Ágústssonar frá Halakoti GK-131 er fast vestan við bæjartóftina og liggur vegur að honum. Á túnakort frá 1919 eru eftirtalin mannvirki teiknuð: bæjarhús, útihús, brunnur, túngarður, kálgarður og fiskreitir.

Tún býlisins er hæðótt og er það komið í órækt og orðið þýft. Utan túns er grónir hraunmóar til austurs.



Húsgrunnur A á bæjarstæði Grundar 016

1919: Tún 0,29 teigar, garðar 540m2. Minjar um býlið sjást á svæði sem er um 95x75 m að stærð og snýr NNA-SSV. Innan þess eru húsgrunnur, tóft, tveir brunnar, brunngata, sjávargata, kálgarður, garðlag, heimild um fiskreit og þúst. Allar minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Lýsingin hefst á húsgrunni A þar sem bærinn Grund stóð. Grunnurinn er á lágum klapparhól, um 20 m suðaustan við norðvesturjaðar túnsins og 30 m norðaustan við suðvesturjaðar þess. Húsið sem stóð á grunninum var rifið 1920. Alls eru sýnlegar leifar hússins á svæði sem er um 6,5x6 m að stærð og snýr norður-suður. Grunnur hússins er um 4x6 m að stærð og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,6 m á þykkt, grjóthlaðnir úr tilhöggnu grjóti og er sementslím í hleðslunni. Norðurveggurinn er þykkastur eða 1,5 m. Hleðslur ná ekki upp fyrir klöppina en eru hæstar um 1 m og sjást mest 3-4 umför. Kjallari er undir grunninum sem er fullur af grjóti og drasli. Svo virðist sem kjallarinn hafi verið hlaðinn ofan í klapparhólinn þar sem hola eða sprunga var fyrir. Hún hefur ef til vill verið víkkuð og svo hlaðin með grjóti að innanverðu. Meira er hrunið úr vesturvegg kjallarans en úr öðrum veggjum og er mögulegt að inngangur í kjallarann hafi verið á honum. Fast austan við húsgrunninn er gróinn, hlaðinn kantur meðfram svæði sem er um 2x5 m að stærð. Hann er hæstur í norðurenda þar sem hann er um 0,3 m á hæð. Líklegt er að forstofa og inngangur í húsið hafi verið þar. Fast norðan við húsgrunninn er ferköntuð dæld, 0,2 m á dýpt og 2x1 m að innanmáli, snýr austur-vestur Þar norðan við er mögulega framhald af hólnum en einnig kunna mannvistarleifar að leynast þar undir sverði. Um 9 m norðvestan við húsgrunn A er tvískipt tóft B sem er á öðrum litlum klapparhól. Tóftin er um 7x3,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún virðist að mestu grjóthlaðin. Hólf I er við hliðina á hólnum og er um 1x2 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til suðausturs. Fast suðvestan við það er grjóthlaðið hólf II sem er uppi á hólnum og er um 2x2 m að innanmáli. Ekki er hlaðið fyrir norðvesturhlið þess. Í hólfi II er aðeins eitt umfar grjóthleðslu í veggjum sem virðast einhlaðnir. Suðaustan við hólf II er grjóthlaðið horn sem kann að vera leifar af þriðja hólfinu. Það er um 1x2,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hleðsluhæð í tóftinni er 0,5 m og mest sjást 2 umför. Brunnur C er um 45 m austan við húsgrunn A. Hann stendur lágt á milli hæða í túninu. Brunnurinn er grjóthlaðinn og er um 2x1,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Hrunið hefur ofan í hann, aðallega úr vestur- og suðurhliðum. Hann er nánast fullur af grjóti og er um 0,5 m á dýpt. Vatn stendur í brunninum (maí 2013). Á korti sem fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi og sýnir hlaðin mannvirki er merktur inn brunnur á öðrum stað en þessi brunnur er, eða norðan við bæ A. Í örnefnaskrá fyrir Bieringstanga segir einnig að Grundarbrunnur hafi verið í norður frá bænum. Svo virðist sem um tvo brunna sé að ræða. Brunn C sem merktur er inn á túnakort austan við bæinn og brunn I sem var norðan við bæinn, á svipuðum slóðum og tóft B. Á annað kort sem fylgir sömu ritgerð en sýnir býli, götur, slóðir og hlið er merkt brunngata H sem liggur frá bæ að brunni I til norðurs. Hvorki sáust ummerki um brunn I eða brunngötu H á vettvangi og ekki tókst að staðsetja brunn I. Sjávargata J er einnig merkt inn á kort með örnefnaskrá og lá hún frá brunni I að Grundarvör/Tangabúðarvör 064. Engin ummerki um leiðina sjást á vettvangi. Mögulegt er að hún hafi legið um hlið á túngarði D en þar er um 1 m breitt bil á milli steina. Ekki er hægt að fullyrða um það því túngarðurinn er nokkuð brotakenndur og víðar eru skörð í hann.



Útihúsatóft 016B



Á myndinni til vinstri er húsgrunnur 016A, horft til norðurs. Á myndinni til hægri er brunnur 016C, horft til norðvesturs

Túngarður D hefur að mestu leyti verið rifinn og grjótið úr honum notað í sjóvarnargarð. Hann sést þó á stöku stað þar sem einföld grjótröð hefur verið skilin eftir. Garðurinn afmarkaði svæði sem er um 85x75 m að stærð og snýr NNA-SSV. Mest sjást 2 umför hleðslu og hæstur er garðurinn 0,5 m. Kálgarður E hefur líka verið rifinn að mestu leyti en sést þó enn í SSA-horni túnsins. Hann er um 50x28 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur, breiðastur í norðvesturenda. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og sjást 2 umför. Kálgarðsveggirnir eru um 1 m á breidd.
Fiskreitur F sem sýndur er á túnakorti er á harðlendu en grasi grónu svæði. Þar eru engin mannaverk sýnileg. Þúst G er við suðvestanvert horn Grundartúns, e.t.v. utan þess. Þar er stór grjótþúst sem er um 3x3 m að stærð. Hún er gróin og er grjótið mosavaxið. Engar hleðslur sjást í þústinni og er hún hæst um 0,3 m. Fast vestan við þústina er gróin dæld sem er um 1 m í þvermál. Ekki er útilokað að þústin sé eftir grjóthreinsun í túninu en gæti verið leifar af mannvirki.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 31, 41, 46, Kort-Hlaðin mannvirki, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið; GJ: Mannlíf og mannvirki, 196; Túnakort 1919; Ö-Bieringstangi, 1

GK-130:017 *Vorhúsabæir (Austurbær)* bæjarstæði býli 63°59.856N 22°23.056V
"Á Bieringstanga voru nokkrir bæir sem fóru í eyði á árunum 1920-1925. ... Vorhúsabæirnir, Austurbær eða Bjarnabær og Vesturbær eða Guðjónsbær [018] voru nefndir mannsnöfnum eftir síðustu ábúendum þar," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Þar kemur einnig fram að tún hafi verið umgirt grjótgörðum. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Austurbær greiddi landskuld til Suðurkots [GK-132], Naustakots [GK-134] og Traðarkots [GK-136]." Jón Haukur Aðalsteinsson,



Á vinstri myndinni er bæjartóft 017A, horft til suðausturs. Á hægri myndinni sjást leifar af túngarði 017C, horft til norðvesturs

heimildamaður, hefur grúskað talsvert í ítarheimildum um Bieringstanga og Brunnastaðahverfið á Þjóðskjalasafni íslands. Hann hefur fundið heimild um byggð í Vorhúsum í Sóknarmannatali Kálfatjarnarkirkju frá 1845 og var tvíbýli þar frá 1877. Austurbærinn eða Bjarnabær var um 200 m SSV við Grund 016 og um 1 km suðvestan við Efri-Brunnastaði 001. Austurbænum tilheyrir bæjartóft, kálgarður og túngarður og eru það sömu mannvirki og teiknuð eru á túnakort frá 1919.
Vorhúsabæirnir eru á mjórri graslendisræmu á milli sjávar og gróinna lágra klappa.



Minjar í Vorhúsabæjum 017 (Austurbæ) og 018 (Vesturbæ)

1919: Tún 0,45 teigar, garðar 780m2. Minjarnar eru á svæði sem er um 76x28m að stærð og snýr nálega norður-suður. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Bæjartóftin A er austast í miðju túninu og eru kálgarður B og túngarður C samtengdir tóftinni. Tóftin er tvískipt og er um 9x5,5 m að stærð, snýr norður-suður. Suðurhlutinn er torf- og grjóthlaðinn en norðurhlutinn grjóthlaðinn. Hólf I er í suðurenda tóftarinnar. Það er um 2x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op var inn í hólfið og tóftina í suðurenda en hrunið hefur ofan í það. Í norðurenda tóftarinnar er hólf II. Það er um 2,5x2,5 m að innanmáli. Hólf II hefur líklega verið hjallur en veggir þess eru fremur mjóir, 0,5 m á breidd. Ekki sést op inn í hólfið. Timburleifar sjást innan þess. Lágur veggur er á milli hólfa en óvíst er að hafi verið op á honum. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 1,1 m og mest sjást 5 umför. Hleðslur í norðvesturhorni eru hrundar. Mikið grjót hefur hrunið inn í tóftina, aðallega hólf I. Kálgarður B er fast vestan við bæjartóft A. Hann er um 21x42 m að stærð og snýr norður-suður. Kálgarðurinn er gróinn og siginn. Mesta hæð veggja er víðast um 0,3 m á norður- og vesturhliðum. Hann lendir á kafla undir grjóti sem sjórinn ber á land en mikið land hefur brotnað í sjó síðan túnakortið var gert. Greinilegar beðasléttur eru í miðjum kálgarðinum sem liggja annars vegar norður-suður og hins vegar austur-vestur. Túngarður C afmarkar tún sem er um 76x28 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hann hefur verið rifinn að miklu leyti og komið er rof í hann á nokkrum stöðum að austan- og norðanverðu. Hann er víðast 0,5-1 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Við norðausturhorn hans er grjóthrúga sem er um 1 m á hæð. Sá hluti túngarðsins sem skilur á milli túna og kálgarða Austurbæjarins og Vesturbæjarins er mun umfangsmeiri en aðrir hlutar garðsins. Sá hluti garðsins er um 1,5 m á breidd og um 1 m á hæð. Hann er gróinn en í honum sjást 2-3 umför. Um 8 m sunnan við bæjartóft A, fast austan við kálgarð B og utan hans, er unglegt mannvirki úr grjóti. Það myndar hálfhringlaga hólf sem er um 3x2 m að

stærð og snýr austur-vestur. Mannvirkið er einhlaðið og er 0,2-0,3 m á hæð. Í því sjást 2 umför. Hlutverk þess er óljóst.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 31, 46; GJ: Mannlíf og

GK-130:018 *Vorhúsabæir (Vesturbær)* bæjarstæði býli 63°59.841N 22°23.055V



Bæjartóft 018A, horft til suðvesturs



Nýi-Vorhúsabrunnur 018C, horft til norðurs

"Á Bieringstanga voru nokkrir bæir sem fóru í eyði á árunum 1920-1925. ... Vorhúsabæirnir, Austurbær eða Bjarnabær [017] og Vesturbær eða Guðjónsbær voru nefndir mannsnöfnum eftir síðustu ábúendum þar," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Þar kemur fram að tún hafi verið umgirt grjótgörðum. Í ritgerðinni segir einnig: "Eftir Sigurjóni Sigurðssyni í Traðarkoti er haft, að fram undir 1908 hafi aðeins verið fjórir brunnar í Brunnastaðahverfi, innangarðs, þ.e. í Halakoti [131:008/131:009], Neðri-Brunnastöðum [130:007], Skjaldarkoti [135:003] og Suðurkoti [132:011]. Utangarðs voru brunnar í Grund [016C/016I] og Vorhúsum." Á kort sem fylgja örnefnaritgerðinni er merkt inn gata niður að sjó, Vorhúsabrunngata, Vorhúsabrunnur nýi og Vorhúsabrunnur gamli. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "... Vesturbærinn greiddi [landskuld] til Efri-Brunnastaða [001]." Jón Haukur Aðalsteinsson, heimildamaður, hefur grúskað talsvert í ítarheimildum um Bieringstanga og Brunnastaðahverfið á Þjóðskjalasafni íslands. Hann hefur fundið heimild um byggð í Vorhúsum í Sóknarmannatali Kálfatjarnarkirkju frá 1845 og var tvíbýli þar frá 1877. Vesturbærinn er um 25 m sunnan við Austurbæinn og um 1 km suðvestan við Efri-Brunnastaði 001. Á túnakort frá 1919 eru eftirtalin mannvirki teiknuð: bær, útihús, brunnur, kálgarður og túngarður. Allar minjar í túni Vesturbæjarins eru skráðar undir einu númeri. Vesturbænum tilheyra bæjartóft, útihúsatóft, óljós tóft, tveir brunnar, túngarður, tveir kálgarðar, upphlaðin brunngata og sjávargata.

Vorhúsabæirnir eru á mjórri graslendisræmu á milli sjávar og gróinna lágra klappa.
1919: Tún 0,45 teigar, garðar 780m2. Minjarnar eru á svæði sem er um 65x48 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Bæjartóftin A er nyrst í miðju túni. Hún tengist túngarði D í austurenda og túngarði Austurbæjar 017C í norðvesturhorni. Tóftin er nokkuð stór og er torf- og grjóthlaðin. Hún er um 17,5x13 m að stærð, snýr austur-vestur, og skiptist í 5 greinileg hólf. Mesta hleðsluhæð er um 1,5 m og sjást mest 7 umför í hleðslum. Hólf I er í suðvesturhorni tóftarinnar Það er um 2x4 m að innanmáli snýr norður-suður. Ekki er hlaðinn veggur fyrir suðurhlið þess og hefur þar verið þil með dyrum. Austan við hólf I er hólf II sem er um 4,5x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður.



Útihúsatóft 018B og samtengdur túngarður 018D, horft til suðvesturs

Gangur liggur úr því til vesturs inn í hólf I en hrun er við vesturenda hans og því er ekki opið á milli hólfanna. Gangurinn er 1 m á breidd innanmáls. Hólf III er í suðausturhorni tóftar. Op er inn í það á suðurhlið en það er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólf IV er norðan við hólf I. Það er um 5x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op var úr því til norðurs í hólf V en það sést illa. Vesturveggur í hólfinu er hruninn og óskýr. E.t.v. hafa verið gerðar breytingar á húsinu og kann að hafa verið op á þeirri hlið sem hefur verið fyllt upp í. Hólf V er um 7x3 m að innanmáli og snýr það austur-vestur. Í því eru leifar af skorsteini. Ekki er hlaðinn veggur í austurenda þar sem hefur verið þil með dyrum. Fast upp við norðvesturhorn tóftar er mögulega enn eitt hólfið VI en gæti líka verið hluti af túngarði Austurbæjarins 017C. Miklu grjóti hefur verið hrúgað þar upp og í hrúgunni er dæld í miðju sem er 3x1 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Útihúsatóft B er um 30 m suðaustan við bæjartóft A og er hún sambyggð túngarði D. Hún er tvískipt og er torf- og grjóthlaðin. Tóftin er um 8x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf I er í suðvesturenda. Það er um 2x2 m að innanmáli og op er á suðvesturvegg. Hólf II er í norðausturenda tóftarinnar. Það er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Óljós veggur er á norðvesturhlið og þar hefur líklega verið op. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og mest sjást 3 umför hleðslu. Samkvæmt túnakorti frá 1919 afmarkaði túngarður D svæði sem var um 80x50 m að stærð og sneri austur-vestur. Leifar af honum sjást enn austast í túninu, fjærst sjó og afmarkar hann þar svæði sem er 50x30 m að stærð og snýr norður-suður. Túngarðurinn hefur verið rifinn að miklu leyti en heillegastur er hann um 3 m SSV við tóft B þar sem hann stendur á um 14 m löngum kafla. Þar er hann 1 m á breidd, 1,1 m á hæð, og sjást 6 umför hleðslu. Hann er breiðari í báða enda þar sem hlaðið hefur verið í hann því sem rifið var úr honum annarsstaðar. Kálgarður E er fast suðvestan við bæjartóft A, fast sunnan við túngarð Austurbæjar 017C sem einnig skilur á milli túna Austur- og Vesturbæjarins. Kálgarðurinn er um 23x16 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Á túnakorti frá 1919 kemur fram að í vesturhluta hans hafi verið tún. Austurveggur kálgarðsins er grjóthlaðinn og greinilegur. Hann er 1,5-2 m á breidd og 1 m á hæð. Hleðslur í honum eru hrundar en þó sjást 3 umför á stöku stað. Suðurveggur kálgarðs er alveg grasi gróinn og er 1-1,5 m á breidd 0,3 m á hæð. Vesturveggur sést ekki og er horfinn undir grjót sem sjórinn ber á land. Bílslóði liggur yfir kálgarðinn. Afar sigin og ógreinileg tóft G er við utanvert suðausturhorn kálgarðs E. Tóftin er um 9,5x3,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún skiptist í tvö hólf sem snúa eins og tóftin. Tóftin er gróin og sigin og því ekki hægt að sjá hvort grjót er í veggjum. Í SSV-enda hennar er hólf I sem er um 5x1,5 m að innanmáli. Óljóst op er úr því til NNA í hólf II. Það hólf er um 2x1,5 m að innanmáli og er op úr því til austurs. Í norðausturhorni túnsins er ógreinilegur garður sem myndar gerði F með túngarði D. Á túnakort frá 1919 er merktur kálgarður í norðausturhorni túnsins en þar eru ekki sýndir garðar í kringum hann að frátöldum túngarðinum. Gerðið er um 16x9 m að stærð og snýr austur-vestur. Það skiptist í tvö hólf. Það vestara er um 5x8 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það austara er um 11x8 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Fast sunnan við vestara hólfið er hálfhringlaga dæld sem er um 3x2 m að innanmáli, snýr austur-vestur, og er um 0,3 m á dýpt. Þýft er í kring og óljóst hvort hlaðið hafi verið meðfram henni. Nýi-Vorhúsabrunnur C er um 20 m sunnan við bæjartóft A og er sá sem sýndur er á túnakorti. Hann er hringlaga, um 4 m í þvermál og 1 m í þvermál innanmáls. Brunnurinn virðist vera grafinn ofan í klöpp en hann hefur verið byrgður og því sést ekki ofan í hann. Brunnurinn (eða klöppin) stendur 0,5-0,6 m upp úr túninu.

Gata H, Vorhúsabrunngata, liggur til suðurs framhjá Nýja-Vorhúsabrunni C að Gamla-Vorhúsabrunni I í dálitlum sveig frá norðvesturhorni bæjartóftar A. Hún er upphlaðin og er um 22 m á lengd, 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Ekki sést í grjóthleðslur. Gamli Vorhúsabrunnur I er við endann á Vorhúsabrunngötu H. Hann sést sem hringlaga gróin þúst sem er um 4 m í þvermál. Þústin er flöt að ofan og er hæst um 0,5 m á hæð. Sjávargata J lá frá brunni I til vesturs í Vorhúsavörina 065. Engin ummerki um hana sjást.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 31, 41, 46, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið, Kort-Hlaðin mannvirki; GJ: Mannlíf og mannvirki, 195; Túnakort 1919

GK-130:019 *Hausthús* bæjarstæði býli
63°59.740N 22°23.042V

"Á Bieringstanga voru nokkrir bæir sem fóru í eyði á árunum 1920-1925. ...Auk þessara voru í Bieringstanga Hausthús og Hvammur [020]," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Þar kemur einnig fram að tún hafi verið umgirt grjótgörðum. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum



Bæjartóft 019A, horft til austurs

segir: "Hausthús var á leigulandi frá Neðri-Brunnastöðum [003]. ... Hausthús fór í eyði um 1923." Jón Haukur Aðalsteinsson, heimildamaður, hefur grúskað talsvert í ítarheimildum um Bieringstanga og Brunnastaðahverfið á Þjóðskjalasafni íslands. Hann hefur fundið heimild um byggð í Hausthúsum í Sóknarmannatali Kálfatjarnarkirkju frá 1842. Hausthús eru um 65 m norðvestan við Hvamm 020A, 190 m sunnan við Vesturbæ Vorhúsa 018A og 1,2 km suðvestan við bæ 001. Býlinu tilheyrir bæjartóft, byrgi, þúst, túngarður, dæld og meintur brunnur. Á túnakort frá 1919 eru eftirtalin mannvirki teiknuð: bær og túngarður.
Býlið er norðan við grösugan hól í grónum klapparmóa.
1919: Tún 0,06 teigar, garðar 550m2. Minjarnar eru á svæði sem um 45x37 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar.



Minjar sem tilheyra Hausthúsum 019

Bæjartóftin A er norðvestast fyrir miðju túni. Hún er torf- og grjóthlaðin, 10x6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Tóftin er tvískipt og eru op á miðjum langveggjum inn í tóftina. Meðfram innanverðum langveggjum eru mjóar hleðslur 0,2-0,5 m á breidd, litlu lægri en veggirnir. Þessar hleðslur eru að miklu leyti hrundar, aðallega meðfram VSV-langvegg. Hólf I er í suðurhluta tóftarinnar. Það er um 2,5x4 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hólf II er að hluta niðurgrafið og er lægra en hólf I. Í heild er hólfið 3x2 m að innanmáli og snýr eins og hólf I en niðurgrafni hlutinn er um 1x1 m að innanmáli. Ekki er veggur sem skilur á milli hólfa en nokkurt grjót er í gólfi á mörkum milli hólfanna. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1,2 m og mest sjást 7 umför í utanverðum hleðslum. Tóftin er gróin. Túngarður F er sambyggður bæjartóft A og liggur til norðausturs frá NNA-horni og til suðvesturs frá SSV-horni. Hann afmarkar svæði sem er um 35x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Á túnakorti frá 1919 afmarkar túngarður Hausthúsa svæði sem er um 40x40 m að stærð. Norðaustan við bæjartóftina eru hleðslur í garðinum hrundar og hann hefur verið rifinn á kafla. Næst tóftinni er hann mjög breiður eða 3,5 m á breidd. Innri brún hans er gróin en hrundar grjóthleðslur eru á ytri brún. Ekki er útilokað að mannvirki hafi verið næst tóft A þar sem garðurinn er breiðastur. Mesta hæð garðsins norðaustan við tóftina er 0,5 m, ekki sést fjöldi umfara. Suðvestan við bæjartóftina eru hleðslur í túngarðinum greinilegar og standa á um 18 m löngum kafla. Þær eru 1-1,5 m á breidd og hæstar um 1 m. Mest sjást 4 umför. Meðfram sjónum er suðvesturhliðin nánast horfin vegna landbrots en enn má óljóst greina hana.



Hausthúsabyrgi 019B, horft til norðurs

Hausthúsabyrgi B er utan túns, um 18 m suðvestan við bæjartóft A. Það er í flæðarmálinu og hefur hluti þess brotnað í sjó. Byrgið er um 3,5x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er veggur fyrir suðvesturhlið en hann kann að hafa horfið vegna landbrots. Tóftin er grjóthlaðin og einföld. Mesta veggjahæð er um 0,3 m mest sjást 2 umför. Um 4 m norðvestan við byrgi B er ógreinileg tóft E á sjávarbakkanum. Hún er um 2,5x3 m að stærð,

snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og gróin en líklega er grjót í veggjahleðslum. Ekki er veggur á vesturhlið en hann kann að hafa horfið vegna landbrots. Veggir eru mjóir og óljósir, mesta hæð 0,2 m. Ekki sjást hleðslur upp úr sverði í austurenda tóftarinnar. Hlutverk hennar er ekki þekkt.
Þúst C er um 9 m SSA við bæjartóft A, fast norðan undir hól sem skilur á milli túna Hausthúsa og Hvamms. Þústin er um 7x4 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er flöt að ofan, grasi gróin og er um 0,5 m á hæð. Um 35 m suðaustan við tóft A er gryfja D í hólnum sem skilur býlin að. Hún er um 2 m í þvermál og svo virðist sem hleðslur hafi verið meðfram gryfjunni að norðanverðu en þær hafa hrunið ofan í hana. Hún virðist vera um 1 m á dýpt en óvíst er hversu djúp hún var áður en hún fylltist af grjóti. Mögulega hefur hér verið vatnsstæði eða brunnur en einnig getur verið að gryfjan sé náttúruleg og hafi verið fyllt til að forða slysum á skepnum
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 31, 46; GJ: Mannlíf og mannvirki, 195; Túnakort 1919

GK-130:020 *Hvammur* bæjarstæði býli 63°59.711N 22°22.992V



Minjar í norðurhluta túnsins í Hvammi 020

"Á Bieringstanga voru nokkrir bæir sem fóru í eyði á árunum 1920-1925. ... Auk þessara voru í Bieringstanga Hausthús [019] og Hvammur," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Í örnefnalýsingu fyrir Bieringstanga segir: "Hvammsblettur er afgirtur með grjótgörðum og gaddavír. Bærinn [A] stendur austarlega í blettinum. Rétt norðaustan við bæinn er brunnur, Hvammsbrunnur [B]. Norðan við hann er hár, alllangur hóll, Hvammshóllinn. Eftir honum endilöngum er túngarðurinn [E], sem er á milli Hausthúsa [019] og Hvamms. Á honum er hlið, Hvammshliðið. Í því liggur gatan [sjá 023] sem er á milli bæjanna. Frá bænum liggur gata að brunninum, Brunngatan [J], og Sjávargatan [K] í vestur í hlið, sem er á sjávargarðinum [sjá E], Hvammssjávarhliðið. Beint niður af hliðinu er Hvammsvörin [067]. Sunnan við hliðið voru Skipanaust [sjá H], og sunnan við þau stóð Sjávarhúsið [sjá H]." Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Syðsti bær í Brunnastaðahverfi var Hvammur. Nú er þar eingöngu rústir að sjá og grjótgarð umhverfis túnið. Þetta var lítið grasbýli á leigulandi og greiddi afgjald til Neðri-Brunnastaða [003], en var úr óskiptu landi Brunnastaðahverfis." Jón Haukur Aðalsteinsson, heimildamaður, hefur grúskað talsvert í ítarheimildum um Bieringstanga og Brunnastaðahverfið á Þjóðskjalasafni Íslands. Hann hefur fundið heimild um byggð í Hvammi í Sóknarmannatali Kálfatjarnarkirkju frá 1883. Hvammur er um 1,2 km suðvestan við bæ 001 og um 70 m suðaustan við Hausthús 019. Býlinu tilheyrir bæjartóft, brunnur, gryfja, túngarður, brunngata, sjávargata, tvær tóftir, tvö mannvirki og þúst. Á túnakort frá 1919 eru eftirtalin mannvirki teiknuð: bær, þró, útihús og túngarður.
Býlið er sunnan við grösuga hæð í grónum klapparmóa.



Á vinstri mynd er horft til SSA yfir bæjartóft Hvamms 020A. Á hægri mynd er tóft af þró 020G, horft til austurs

1919: Tún 0,8 teigar, garðar 800m2. Minjarnar eru á svæði sem er um 200x90 m að stærð og snýr norður-suður. Þær fá bókstafi til aðgreiningar. Bæjartóftin A er norðarlega í miðju túninu. Hún er torf- og grjóthlaðin og skiptist í 5 hólf. Tóftin er um 13,5x10 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í tvo hluta, annars vegar grjóthlaðinn grunn sem skiptist í tvö hólf og hins vegar í torf- og grjóthlaðinn hluta sem skiptist í þrjú hólf. Grjóthlaðni grunnurinn skiptist í hólf I og II. Hann er 7,5x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hólf I er í suðurhluta grunnsins. Það er um 5x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur Hleðslurnar í þeim hluta grunnsins eru hæstar um 0,6 m og sjást 2 umför. Steinlím er í hleðslum. Hólfið er fullt af grjóti. Fast norðan við hólf I er hólf II. Ekki er steinlím í hleðslum í því hólfi. Hólf II er um 5x2 m að innanmáli. Mikið grjót er í því og norðan við það. Torf- og grjóthlaðni hluti tóftarinnar er norðaustan við hólf II og er 10x6 m að stærð. Hólf III er austan við hólf II. Það er um 2,5x2,5 m að innanmáli. Op er á því til suðurs meðfram hólfi I. Hólf IV er nyrsta hólfið. Það er um 2x2 m að innanmáli. Op er á því í suðvesturhorni og er þar op út úr tóftinni. Hólf V er við utanvert suðausturhorn á hólfi VI en það er lítil gryfja sem er um 1 m í þvermál innanmáls og 0,2 m á dýpt. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1,5 m og mest sjást 5 umför. Brunnur B er um 7 m austan við bæinn A. Hann er grjóthlaðinn og er um 4 m í þvermál utanmáls og hefur fallið saman að miklu leyti. Hleðslurnar eru grónar og eru um 0,3 m á hæð þar sem þær eru hæstar. Rof er komið í hleðslurnar á tveimur stöðum. Innanmáls er brunnurinn um 1,5 m í þvermál.



Þúst 020C og tóft 020D



Þúst 020C, horft til norðurs. Á myndinni sést hvernig sjórinn brýtur af minjunum

Hann er 1,5 m djúpur og er grjót í botni. Ekki sést vatn í brunninum. Gryfja I er um 6 m sunnan við brunn B og um 11 m austan við bæ A. Hún er ferköntuð og er um 3x3 m að innanmáli. Dálítill stallur er í henni í norðvesturhorni sem er um 2x1 m að stærð og snýr austur-vestur. Að öðru leyti er gryfjan full af grjóti og hlutverk hennar er óljóst. Engin ummerki sjást um brunngötu J sem sýnd er á korti yfir býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi.

Ummerki um upphlaðna sjávargötu K sem sýnd er á sama korti sjást um 5 m suðvestan við bæ A. Hún liggur suðvestur-norðaustur og stefnir að tóft G og mannvirki H. Hún sést á um 14 m löngum kafla og er um 1 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Hleðslurnar eru grónar. Þær eru á sama stað og suðurveggur kálgarðs vestan við bæinn sem sýndur er á túnakorti frá 1919. Ekki er ólíklegt að garðurinn hafi bæði afmarkað kálgarðinn til suðurs og verið göngugarður á leið niður að sjó að vör 067. Tóft G

er um 30 m suðvestan við tóft A. Hún er torf- og grjóthlaðin. Tóftin er sýnd sem þró á túnakorti frá 1919 og kann að hafa verið niðurgrafin að hluta. Hún er um 3x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Vesturveggur tóftarinnar er nánast horfinn og gólfi hennar hallar til austurs. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Mest sjást 4 umför innanmáls. Tóftin er gróin. Ekki sést skýrt op á henni. Um 4 m norðvestan við tóft G eru leifar af mannvirki H. Þar er dálítil dæld innan um hrundar og grónar grjóthleðslur. Dældin er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hún mjókkar í vesturenda. Norðan við dældina er grjótþúst sem er um 0,5 m á hæð. Í henni sjást 2-3 umför. Mannvirki H er á sama stað og útihús úr timbri sem sýnt er á túnakorti. Líklega var útihúsið Sjávarhús sem merkt er inn á kort sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Þar er einnig merkt inn Skipanaust á sama eða svipuðum stað. Mannvirki H er fast við túngarð E sem gegndi einnig hlutverki sjóvarnargarðs. Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 185x90 m að stærð og snýr norður-suður. Á túnakorti frá 1919 afmarkar túngarður sama svæði og nyrst voru kálgarðar sunnan undir hólnum sem skilur á milli túna Hvamms og Hausthúsa. Túngarðurinn/sjóvarnargarðurinn sést mjög slitrótt á 35 m löngum kafla á vesturhlið túnsins, við fjöruna. Við innanvert garðbrotið á vesturhliðinni eru óljós ummerki um mannvirki F. Þar er grunn lægð sem er 3x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Túngarðurinn stendur enn á norðurhlið túnsins og þar sést enn hlið á honum miðjum. Hann hefur verið endurhlaðinn að hluta á austurhlið og hefur verið girt þar ofan á hann því staurar sjást upp úr hleðslum. Garðurinn sést slitrótt í suðurenda túnsins. Þar sem garðurinn stendur best er hann um 1,1 m á hæð, 0,6 m á breidd og sjást 6 umför.
Syðst í túni Hvamms, utan þess túns sem sýnt er á túnakorti, er gróin þúst C við fjöruborðið. Hún er að brotna í sjó og sjást hleðsluleifar í suðvesturhorni hennar í rofi. Ekki er skýrt tóftarlag á þústinni en mögulega eru veggjaleifar í öllum hornum nema suðausturhorni þar sem brýtur af henni. Þústin er 0,5 m á hæð þar sem hún er hæst. Stór viðarraftur er í grassverðinum í þústinni. Ekki er ljóst um hvers konar mannvirki er að ræða. Ungleg tóft D er um 20 m norðaustan við þúst C og virðist hún einnig vera utan gamla heimatúnsins eða í suðurjaðri þess. Hún er gróin og er líklega torfhlaðin. Tóftin einföld, um 4x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki er hlaðinn veggur á austurhlið og vesturveggur er óskýr. Mesta hleðsluhæð 0,3 m. Hlutverk tóftar er ekki þekkt. Viðarleifar eru í tóftinni

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 31, Kort-Hlaðin mannvirki; GJ: Mannlíf og mannvirki, 194; Ö-Bieringstangi 4-5; Túnakort 1919

GK-130:021 *Klapparholt* tóft verbúð 63°59.800N 22°23.003V



Verbúðartóft 021A og hleðsla 021B í Klapparholti

"Er þar til að nefna verbúðirnar Klapparholt og Bieringstangabúðir eða Tangabúðir [022]. Ber mest á svokölluðu Tangaeldhúsi," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. "Önnur verbúð var á sama tíma á Bieringstanganum. Hét hún Klapparholt og tilheyrði henni Klapparholtsvörin [065], sem er í Austurkotsfjörum," segir í örnefnaskrá fyrir Bieringstanga. Jón Haukur Aðalsteinsson, heimildamaður, hefur grúskað talsvert í ítarheimildum um Bieringstanga og Brunnstaðahverfið á Þjóðskjalasafni Íslands. Hann hefur fundið heimild um byggð í Klapparholti í Sóknarmannatali Kálfatjarnarkirkju frá 1861. Meðal þess sem hann hefur komist að um Klapparholt er að í Afsals- og veðmálabók 147 frá árabilinu 1861-1868 í sýslusafni Gullbringu- og Kjósarsýslu kemur fram að Klapparholtsbærinn var keyptur af Knudtzon-verslun og þar var eftir það verbúð til 1898 þegar verslunin hætti rekstri. Í Afsals- og veðmálabók 177 kemur fram að eignir Knudtzon-verslunarinnar á Hólmabúð og í Klapparholti hafi verið seldar. Enginn er talinn til heimilis í Klapparholti í Sóknarmannatali árin 1862-1871 en þar er skráð búseta 1872-1887 og virðist því bæði hafa verið föst búseta og verbúð á tímabili í Klapparholti. Minjar í Klapparholti eru um 160 m norðan við Hvamm 020 og 1,1 km suðvestan við bæ 001.
Minjarnar eru á svæði þar sem sléttir túnblettir eru inn á milli klapparhóla. Á nokkrum stöðum eru stórar grjóthrúgur sem hlaðnar hafa verið upp úr grjóti sem tínt hefur verið úr túninu við ræktun. Í stærstu grjóthrúgunni vestast á svæðinu er einnig talsvert af timbri.



Á vinstri mynd er verbúðartóft 021A, horft til suðausturs. Á hægri mynd er hleðsla 021B, horft til suðurs

Í bókinni Þættir eftir Ágúst Guðmundsson frá Halakoti er mannvirkjum á Klapparholti lýst: "Þarna suður með sjónum var lítil byggð, nema þessi útgerð, og svo salthúsin, bæði á Klapparholti og á Tanganum [022]. Í Klapparholti var stór bær eða búð, hlaðin úr torfi og grjóti, með timburþaki og hálfgafli úr timbri, einnig var eldhús áfast við bæinn, úr torfi og grjóti. Þarna lágu árlega við fjögur skip. Einnig var þar lítið timburhús, sem saltmælingarmaðurinn lá í og einn maður hjá honum." Þar segir einnig: "Lendingin [065] er sunnar, beint þar fyrir neðan, sem salthúsið stóð, en þar fyrir ofan var sjóbúðin á Klapparholti og sézt þar enn fyrir veggjum. Brunnur var þar skammt fyrir sunnan salthúsið ..." Auk þeirra mannvirkja á Klapparholti sem þegar hafa verið nefnd voru að sögn Ágústs grjótbyrgi þar sem fiskurinn var saltaður í en þau voru komin í sjó. Árið 1878 var lagt mat á eignir verslunarinnar í Klapparholti vegna nýrra laga um húsaskatt. Þá var þar salthús, timburhjallur og torfbær sem skiptist í baðstofu bæjardyr og eldhús. Salthúsið er að öllum líkindum horfið og sjáust engin skýr ummerki um það á vettvangi. Eins fannst ekki brunnur, sem Ágúst nefnir, í nágrenni við verbúðina. Sýnilegar minjar sem tilheyra verbúð á Klapparholti eru á svæði sem er um 90x40 m að stærð og snýr austur-vestur. Innan þess er verbúðartóft, hleðsla og gerði og fá mannvirkin bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Verbúðartóft A er á syðst á miðju svæðinu. Hún er torf- og grjóthlaðin og er um 11x10 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Tóftin er tvískipt. Í norðvesturhlutanum er stórt hólf sem er um 7x3,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er inn í það á miðjum suðaustur-langvegg og talsvert grjóthrun er framan við opið til suðausturs. Hólf II er í austurhorni tóftarinnar. Það er um 2x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því á suðvesturhlið. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er í austurhorninu þar sem veggir eru 1,5 m á hæð utanmáls. Í hólfi II sjást 6 umför í veggjum. Veggir í hólfi I eru lægri, eða 1 m á hæð. Í því sjást 3-4 umför í veggjum. Steyptur grunnur sumarhúss er um 11 m norðvestan við tóft A. Hleðsla B er um 5 m vestan við grunninn, meðfram vestanverðri klapparbrún. Alls er hleðslan um 17x6 m að stærð og snýr norður-suður. Henni má skipta upp í þrjá hluta. Nyrst er aflíðandi brekka, lægð (I), sem ber þess merki að þar hafi staðið mannvirki sem búið er að rífa. Það svæði er 3x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Nyrst í því er lítil mosavaxin grjóthrúga með timbri í. Grjóthleðslur eru í innanverðri suðurhlið svæðisins. Næsti hluti er um 4 m langur hlaðinn veggur eða kantur (II) úr torfi og grjóti sem snýr norður-suður. Hann er um 1,1 á hæð en fjöldi umfara sést ekki. Syðst er svo L laga grjóthleðsla (III) sem myndar austur- og suðurvegg í mannvirki sem hefur að öðru leyti verið rifið. Hún er 5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hleðslur eru um 1,1 m á hæð og sjást tvö umför. Á milli hleðslna II og III er lítil gryfja sem er full af grjóti. Vestan við gryfjuna er stór steinn. Unglegt grjóthlaðið gerði C er um 25 m austan við tóft A. Það er um 40x25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er breiðast um miðbik og mjókkar til beggja enda. Megnið af grjótinu í gerðinu hefur verið fjarlægt. Hleðslurnar eru breiðastar 0,5 m og hæstar 0,4 m. Ekki sést fjöldi umfara vegna gróðurs. Grjóthrúgur eftir túnahreinsun eru innan og utan gerðis. Líklegast er að hér hafi verið kálgarður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 32; Ö-Bieringstangi, 1; Ágúst Guðmundsson: Þættir, 18

GK-130:022 *Tangabúð* tóftir verbúð 63°59.952N 22°23.037V



Minjar í Tangabúð 022

Tangabúð var hjáleiga Brunnastaða árið 1703. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá sama ári segir: "Húsmaður kvartar að sjór og sandur spilli túnum sínum." Jón Haukur Aðalsteinsson, heimildamaður, hefur grúskað talsvert í ítarheimildum um Bieringstanga og Brunnstaðahverfið á Þjóðskjalasafni Íslands. Meðal þess sem hann hefur komist að er að hjáleigan Tangabúð var í byggð 1751 þegar jarðaskoðun var gerð og er að finna í skjölum Rentukammersins í Þjóðskjalasafni íslands. Í jarðaskoðun sem gerð var 1779 er hennar ekki getið og hefur hún því farið í eyði á því tímabili. Í grein Björns Þorsteinssonar "Suður með sjó" segir um Tangabúð: "Um 1840 er þar risin fisktökustöð, salthús og fisktökuhús, sennilega frá Flensborgarversluninni í Keflavík." Þar koma einnig fram upplýsingar um reimleika: "Á Bieringstanga var reimt eins og á fleiri verstöðvum. Draugurinn var erlendur að uppruna, gekk með hvíta húfu, en ekki mórauða og var því nefndur Tanga-Hvítingur." Starfsemi í Tangabúð lauk laust fyrir aldamótin 1900. og telur Jón Haukur allar líkur á að Tangabúðarhúsin hafi þá verið rifin og timbur úr þeim nýtt í aðrar byggingar. Því til stuðnings hefur hann strandskjöl frá því að skonnortan Málfríður strandaði í nóvember 1899 framan við Bieringstanga. Þar er þess getið að ekki hafi verið nein hús nálægt strandstaðnum. "Er þar til að nefna verbúðirnar Klapparholt [021] og Bieringstangabúðir eða Tangabúðir. Ber mest á svokölluðu Tangaeldhúsi," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Þar segir einnig: "Þar voru einnig byrgi tengd útgerðinni, í Tangabúðum, en þau eru fyrir löngu fallin í sjávarkampinn og staðsetning þeirra gleymd." Tangabúð (Tangabúðir) er um 50 m vestan við Grund 016A, 40 m suðaustan við Tangavör syðri 064 og 875 m suðvestan við bæ 001. Þar eru tvær tóftir og grunnur sjóbúðar.

Minjarnar eru fast austan við grýtta klapparfjöru í gömlu túni sem komið er í órækt og orðið þýft. Sumarbústaður er á milli Tangabúðar og Grundar.

"Í Tangabúðum voru leigðar verbúðir. Þar voru sjómenn úr nærliggjandi sveitum, sem gerðu út á tanganum," segir í örnefnaskrá Bieringstanga. "Þá [1844] hafa verið komin þar [í Tangabúðir] salthús og fisktökuhús. Seinna fékk þessi útgerðarstöð nafnið Bieringstangi ... Er því líklegast, að sú verzlun hafi látið reisa salthúsin tvö, sem á Tanganum voru. Þau voru smíðuð úr 1 1/4 þml. borðum með síum milli samskeyta, og var það gamalt byggingarlag. Á loftum þeirra voru verbúðir. ... Umhverfis þessa stöð risu svo tómthúsmannabýlin Vorhús [017, 018], Hausthús [019], Töðugerði [131:011, 131:012] og Grund [016]," segir í bók Árna Óla, Strönd og vogar. Í bókinni Þættir eftir Ágúst Guðmundsson frá Halakoti er greinargóð lýsing á mannvirkjum á Bieringstanga: "Á Béringstanga voru tvö stór hús, annað var sjóbúðin, sem svo var kölluð, hitt var salthúsið, þar sem verkaði fiskurinn var geymdur, þangað til að hann var fluttur í burtu. Upp á loftinu var afþiljað "verelsi" í suðurendanum. Í því bjó saltmælingamaðurinn, en salt var geymt undir loftinu. Þetta hús mun hafa verið



Tangaeldhús 022A, horft til norðurs



Tóft 022B í forgrunni og fjær er gróinn húsgrunnur 022C, horft til norðvesturs

nálægt 40 álna langt, allt úr timbri, en ekki byggt allt í einu, heldur aukið við það eftir þörfum. Það stóð fyrir norðan lendinguna á Tanganum ... Sjóbúðin stóð fyrir sunnan lendinguna, 30 föðmum sunnar en salthúsið, á hárri grasklöpp. Eldhúsið var ofurlítið sunnar. Það var hlaðið úr torfi og grjóti, en gert yfir með timburskarsúð. Veggirnir á því sjást lengi, en öll grjótbyrgin, sem þorskurinn var saltaður í, eru komin í sjó ..." Minjarnar sem enn sjást eru á svæði sem er um 28x10 m að stærð og snýr norður-suður. Þær fá bókstafi til aðgreiningar og hefst lýsingin syðst á svæðinu. Þar er tóft A, Tangaeldhús. Tóftin er tvískipt og er hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er um 7x6 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á henni á miðri vesturhlið. Úr því er komið inn í hólf I sem er í suðurenda tóftarinnar. Það er um 3x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er úr því miðju til norðurs inn í hólf II. Það er um 2x1,2 m að innanmáli og snýr einnig austur-vestur. Mesta hæð veggja í tóftinni er um 1,5 m og sjást mest 6 umför. Tóftin er gróin en hleðslur eru skýrar og standa víðast. Tóft B er um 2 m norðan við Tangaeldhús. Hún er tvískipt og er um 6,5x6,5 m að stærð. Hólfin eru ekki samsíða heldur tengist norðvesturhorn á hólfi I við suðausturhorn á hólfi II. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti. Bæði hólfin snúa austur-vestur og er op á þeim báðum í suðausturhornum. Hólf I er suðvestast í tóftinni. Það er um 2x1,2 m að innanmáli. Hólf II er norðvestan við hólf I og er um 2x1,4 m að innanmáli. Mesta hæð veggja er um 1 m og mest sjást 3 umför. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Fast norðan við tóft B eru leifar af húsgrunni C en þar sést allstór þúst sem er um 12x4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 0,3 m á hæð og er að mestu gróin en þó sést í stöku stein í hleðslum. Grunnurinn er leifar af sjóbúðinni sem nefnd er hjá Ágústi Guðmundssyni. Leifar af salthúsinu voru norðan við Tangavör syðri 064 en þær eru horfnar undir sjóvarnargarð. Á heimasíðu FERLIR segir að áletranir séu á klöpp neðan salthúsgrunnsins (185?). Áletrun þessi sjást ekki þegar skráningarmaður var á vettvangi (vor 2013).
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: JÁM III, 126; Björn Þorsteinsson: "Suður með sjó", 881; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 32, 48; Ö-Bieringstangi, 1; Árni Óla: Strönd og vogar, 170-171; Ágúst Guðmundsson: Þættir, 24; http://www.ferlir.is/?id=4380

GK-130:023 *Grundarstígur* heimild um leið 63°59.857N 22°23.054V
Á korti sem fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi og sýnir býli, götur, slóðir og hlið er merktur stígur sem lá á milli bæja á Bieringstanga. Heitir hann Grundarstígur á milli Grundar 016 og Vorhúsabæja 017/018 en Vorhúsastígur á milli Vorhúsabæja og Hausthúsa 019 og Hvamms 020.
Leiðin lá um allgróinn klapparmóa.
Engin ummerki um leiðina sáust á vettvangi en víða eru nýlegar kindagötur á milli Grundar og Vorhúsa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið

GK-130:024 heimild um leið
Nokkuð fyrir innan Heljarstíg [101] er önnur gata yfir [Hrafna]gjána sem gæti heitið Kúastígur og þá Kúastígur í Brunnastaðalandi til aðgreiningar frá Kúastíg Vogamanna [123:066] [...]," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Ekki tókst að staðsetja þessa götu á vettvangi en hún er á milli Heljarstígs og Kúastígs Vogamanna.
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 78

GK-130:025 *Skipanaust* heimild um uppsátur 64°00.326N 22°22.444V
Kort fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi sem sýnir hlaðin mannvirki í túnum. Inn á það er merkt Skipanaust og Sjávarhúsið 015 þétt saman. Minjarnar voru um 75 m norðan við Neðri-Brunnastaði 003.
Búið er að hlaða mikinn sjóvarnargarð þar sem naustið var.
Engin ummerki um Skipanaust sjást á yfirborði og hefur það að öllum líkindum horfið undir sjóvarnargarðinn en ekki er útilokað að það hafi verið horfið eða illa farið af landbroti áður en sjóvarnargarðurinn var byggður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-130:026 tóft 63°59.999N 22°22.880V



Tóft 026



Tóft 026, horft til norðausturs

Lítil tóft er á grónum hól um 15 m norðan við malarveg sem liggur að sumarhúsi innan túns Grundar 016.
Tóftin er um 110 m norðaustan við Grund 016A og um 700 m suðvestan við bæ 001.
Gróinn hraunmói með rofblettum.
Tóftin er einföld, er 5x4,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti. Op er á henni á suðvesturhlið. Hleðslur í tóftinni virðast hafa verið rifnar nema í suðaustur-langvegg. Þar er veggurinn 0,4 m á hæð og sjást 2-3 umför. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.
Hættumat: engin hætta

GK-130:027 frásögn mógrafir 64°00.341N 22°22.088V
Að sögn Margrétar Stefánsdóttur, heimildamanns, voru mógrafir í eða við Brunnastaðatjörn, en tjörnin er um 110 m norðaustan við Efri-Brunnastaði 001. Símon Georg Kristjánsson frá Neðri-Brunnastöðum, afi Margrétar, sagði henni frá því að mógrafirnar hefðu verið notaðar af öllum bæjum í hverfinu og að menn hafi náð allt að 16 stungum úr hverri gröf.
Tjörnin er nærri sjó, á milli Skjaldarkots GK-135 og Traðarkots GK-136. Ræktuð tún eru í kringum tjörnina nema að suðaustanverðu.
Ekki sjást skýr ummerki um mógrafirnar og má ætla að þær séu hluti af tjörninni.
Hættumat: engin hætta

GK-130:028 heimild um leið 64°00.293N 22°22.467V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 og korti sem sýnir býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi lá leið frá Neðri-Brunnastöðum 003 til sjávar.
Malarplan og sjóvarnargarður eru þar sem leiðin lá.
Engin ummerki eru um leiðina og hefur hún horfið vegna rask við gerð sjóvarnargarðs og annarra framkvæmda.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið

GK-130:029 varða
63°59.963N 22°21.911V
Varða er í grónum hraunmóa ofan við Strandarveg, 118 m suðaustan við hleðslu 030 og um 615 m SSA við Efri-Brunnastaði 001.
Varðan er á grónum klapparhól og er grasi vaxin gróðurtorfa í kringum hana.
Varðan er um 1 m á hæð og 0,7 m í þvermál. Hún er ungleg og grjótið í henni lítið skófum vaxið. Varðan hefur mögulega verið endurhlaðin eða hlaðin upp úr öðru mannvirki sem hefur hrunið.
Hættumat: engin hætta



Varða 029, horft til norðvesturs

GK-130:030 hleðsla
63°59.982N 22°22.047V
Lítilfjörleg grjóthleðsla er í hraunmóa ofan við Strandarveg, um 120 m norðvestan við vörðu 029 og 550 m SSA við Efri-Brunnastaði 001.
Hraunmóinn er að miklu leyti gróinn en grýtt og ógróin flög eru hér og hvar.
Hleðslan er á mosaþembu og stendur lágt. Hún er hlaðin í L og er um 2,2x2 m að stærð. Hleðslan er einföld á breiddina. Hún er hæst á norðausturhlið en þar er hún 0,3 m á hæð og þar sjást 2 umför. Ekkert virðist hafa hrunið úr henni og hefur hún að líkindum ekki verið hærri. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hleðslan gegndi.
Hættumat: engin hætta



Hleðsla 030, horft til norðvesturs

GK-130:031 tóft
63°59.536N 22°22.981V



Byrgi 031

Grjóthlaðið byrgi er niður við sjó nærri merkjum á milli Brunnastaðahverfis og lands Minni-Voga GK-128. Byrgið er um 325 m sunnan við Hvamm 020A og um 100 m austan við tóft á Vatnsskeri 128:028A.
Byrgistóftin er á lágri gróinni klöpp á jafnlendu svæði um 70 m norðvestan við fjöruborðið en það virðist flæða að tóftinni á flóði.
Tóftin er hlaðin ofan á sprungu í klöpp sem snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru hlaðnir ofan á sprunguveggina og í norðausturenda sprungunnar. Hún er því dýpri en umhverfið og þarf að ganga niður í hana eitt skref um op í suðvesturenda. Tóftin er einföld, 3x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.
Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m utanmáls en innanmáls er hún 1 m og þar sjást 3 umför. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt og kemur ýmislegt til greina. Viktor Guðmundsson, heimildamaður, hefur oft séð vatn standa í tóftinni og hefur leitt getum að því að þarna gæti hafa verið íshús eða jafnvel brunnur. Einnig má hugsa sér að þarna hafi verið þurrkhjallur eða slorfor.
Hættumat: hætta, vegna landbrots



Byrgi 031, horft til norðausturs

GK-130:032 *Suðurkotsnaust* heimild um naust 64°00.193N 22°22.431V
Suðurkotsnaust er merkt inn á kort sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Það er ekki merkt inn á túnakort frá 1919 og hefur að öllum líkindum verið utan túns, í eða við fjöruna við Suðurkotsvör 062 og um 160 m vestan við Suðurkot 132:001.
Grýtt klapparfjara er utan túns við Suðurkotsvör en á mörkum túns og fjöru er nýlegur sjóvarnargarður.
Ekki sáust minjar um naustið á vettvangi og er líklegt að þær hafi horfið vegna ágangs sjávar eða vegna byggingar sjóvarnargarðsins.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-130:033 *Fornistekkur* tóft stekkur 63°59.879N 22°20.893V



Fornistekkur 033



Fornistekkur 033, horft til suðausturs

"Nú snúum við aðeins til baka og förum niður og vestur fyrir Arnarbæli en þar er stekkur í lágri grasbrekku sem snýr í norðvestur og heitir Fornistekkur. Stekkurinn er milli Skjaldarkotslága sem lýst var hér að framan og Arnarbælis," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Fornistekkur er um 1,3 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001. Stekkurinn er um 50 m norðaustan við núverandi landamerki á móti Hlöðunesi og kann því að hafa tilheyrt þeirri jörð.
Stekkurinn er í aflíðandi brekku í norðvestanverðu holti. Uppgræddur mói er til norðvesturs.
Tóftin er um 10x5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í tvö hólf og er sigin og gróin. Hólf I er í norðausturhluta tóftarinnar. Það er um 2x1,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést op á því. Hólf II er í suðvesturenda tóftar. Það er um 4 m á lengd og 2-3 m á breidd, breiðast í suðausturenda. Op er á hólfi II í norðurhorni. Tóftin er að mestu leyti grjóthlaðin en torf hefur líklega einnig verið í hleðslum í hólfi I í norðausturhlutanum. Mesta hleðsluhæð er 0,3 m, ekki sést fjöldi umfara í hleðslum sem eru allar hrundar. Um 4 m suðaustan við tóftina og ofar í brekkunni er þýfð þúst sem er um 3x3 m að stærð og 0,3 m á hæð. Þar kunna frekari mannvirki að leynast undir sverði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 50

GK-130:034 *Heygarðskálgarður* heimild um kálgarð 64°00.262N 22°22.157V
"Eitt sinn var á Efri-Brunnastöðum heygarður, þar sem Heygarðskálgarður er nú," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Heygarðskálgarður er merktur inn kort sem sýnir tún og kálgarða og fylgir með ritgerðinni. Þar er hann sýndur þar sem seinni tíma útihús stóðu, um 60 m austan við bæ 001. Mögulega er hann sami kálgarður og skráður er með útihúsi 013.
Kálgarðurinn var í túni, á sama hól og bærinn. Búið er að rífa öll útihúsin sem voru á þessum stað og þar er nú (2013) slétt grasflöt.
Engin ummerki um kálgarðinn eða heygarðinn sjást vegna byggingaframkvæmda og sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 39, Kort-Tún og kálgarðar

GK-130:035 *Vesturgarður* heimild um kálgarð
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1919 fast vestan við Efri-Brunnastaði 001. Hann er nefndur Vesturgarður á korti sem sýnir tún og kálgarða og fylgir með ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi.
Kálgarðurinn var í túni á sama hól og bærinn en búið er að slétta yfir svæðið þar sem hann var.
Engar minjar sjást um kálgarðinn vegna sléttunar. Þó sést í grjót í grassverði sem gæti verið úr kálgarðshleðslum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Tún og kálgarðar

GK-130:036 heimild um leið 64°00.269N 22°22.458V
Leið sem frá Neðri-Brunnastöðum 003 til suðvesturs að Gömlu-Brunnastaðavör 097 er merkt inn á kort sem sýnir býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Malarvegur er á sama stað og leiðin.
Mikið rask hefur orðið á svæðinu á milli Neðri-Brunnastaða og sjávar vegna vegagerðar, bygginga og annarra

framkvæmda.
Engin ummerki um leiðina sáust á vettvangi og hefur hún horfið undir malarveginn eða vegna annars rasks á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið



Hleðsla 037, horft til NNV

GK-130:037 hleðsla
63°59.549N 22°21.176V
Grjóthleðsla er á flatri hraunhellu um 95 m austan við vörðu 070A á Neðri-Presthóli og um 300 m sunnan við vatnsstæði 075 í Brunnhólum.
Hleðslan er í hraunmóa innan um hæðir og hóla þar sem er nokkuð um jarðvegsrof.
Grjóthleðslan er um 3x4 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hleðslan er hrunin og úr lagi gengin. Hæst er hún um 0,3 m. Hlutverk hleðslunnar er ekki þekkt.
Hættumat: engin hætta

GK-130:038 *Sjávargata* heimild um leið 64°00.250N 22°22.272V
Sjávargata sem lá frá Efri-Brunnastöðum 001 að vör 096 er á korti sem sýnir býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Leiðin hefur líklega legið sunnan við Vesturgarð 035 og niður aflíðandi brekku í túni til VSV.
Sléttað tún.
Engin ummerki um leiðina sjást vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið

GK-130:039 *Merkisgarður* heimild um landamerki 64°00.359N 22°22.149V
"Aðeins er nafngreindur einn þeirra [grjótgarða sem afmörkuðu túnin], og stendur hann enn, Merkisgarður, en um hann liggja fjörumörk Efri-Brunnastaða [001] og Skjaldarkots [GK-135]," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Líklega hefur Merkisgarður skipt löndum milli býlanna og var hann á milli fjöru og Neðri-Brunnastaðatjarnar um 200 m suðvestan við Skjaldarkot 135:001 og um 180 m norðaustan við Efri-Brunnastaði 001.
Sjóvarnargarður er í fjörunni og á milli hans og tjarnarinnar er skemma og vegarslóði í gömlu sléttuðu túni.
Engin ummerki um garðinn sjást á yfirborði og hefur hann verið rifinn eða sléttað hefur verið yfir hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 42-43

GK-130:040 *Sjávargarður* hleðsla varnargarður 64°00.294N 22°22.473V
"Eftir sjávarkampinum lágu sjávargarðar miklir allt frá Skjaldarkoti [GK-135] og út að Töðugerði [131:011/131:012]. Víða var þykkt þeirra á annan metra, til þess að þeir gætu sem best gegnt því hlutverki sínu að verja tún bænda fyrir ágangi sjávar. Þar sem sjávarnargarðar voru svo þykkir sem sagt er, t.d. í Skjaldarkoti voru þurrkaðir á þeim fiskhausar með góðum árangri. Þeir Sjávargarðar sem Sigurjón Sigurðsson man eftir voru framan við túnin í Skjaldarkoti [GK-135], Efri-[001] og Neðri-Brunnastöðum [003] og Naustakoti [GK-134]. Reyndar var gaflinn á Gamla-Naustakotsbænum [134:001] hluti af Sjávargarði," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Á túnakorti frá 1919 sést að kálgarður sem líklega hefur tilheyrt býlinu Miðgarði 098 var sambyggður Sjávargarðinum í landi Brunnastaða. Hann var um 110 m norðan við Neðri-Brunnastaði 003. Á túnakortinu er garðurinn sýndur heill meðfram túnum allra þeirra jarða sem áttu land að sjó nema í Skjaldarkoti þar sem hann var horfinn á löngum kafla vegna landbrots á lágum og sendnum sjávarbakka. Til hægðarauka er þessi



Leifar af Sjávargarði 040 í landi Halakots, horft til suðausturs

garður skráður undir einu númeri í landi Brunnastaða. Hann sést hvergi nema í landi Halakots þar sem hann sést á stuttum kafla í sjávarkampinum um 10 m suðvestan við hleðslur á elsta bæjarstæði Halakots 131:001 og 15 m austan við Sjávarhús 131:016.
Garðurinn lá meðfram ströndinni, víðast á mörkum grjót- eða klapparfjöru og túns.
Búið er að reisa mikinn sjóvarnargarð meðfram ströndinni á sama eða svipuðum stað og gamli garðurinn var. Af þeim sökum og vegna landbrots sést garðurinn nánast hvergi. Hleðslan í Halakoti er um 8 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 1 m á breidd en mjókkar til norðausturs þar sem hún verður ógreinileg. Hleðslan er um 0,5 m á hæð og mest sjást 4 umför. Norðvestan við hleðsluna er mikið af lausu grjóti.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 42-43

GK-130:041 heimild um kálgarð 64°00.284N 22°22.457V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast suðaustan við fjárhús 006 og fast suðvestan við Neðri-Brunnastaði 003. Hlaðinn garður var meðfram norðaustur- og suðausturhliðum hans.
Kálgarðurinn var á röskuðu svæði í lægð norðvestan við malarveg sem liggur frá Neðri-Brunnastöðum að Naustakoti GK-134, meðfram ströndinni, og suðaustan við hlaðinn vegg í fjárhúsum 006.
Engin ummerki sjást á yfirborði um hlaðna garða umhverfis kálgarðinn. Þeir hafa líklega horfið vegna túnasléttunar eða efni úr þeim verið notað í önnur mannvirki.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-130:042 heimild um landamerki 64°00.281N 22°22.145V
"Eftir 1930 var því grjótgarðinum milli túna Traðarkots [GK-136] og Efri-Brunnastaða [001] ekið fram í skarðið [Sandskarðið] til þess að fyrirbyggja frekara landbrot. Eftir þessa aðgerð fylltist skarðið af sandi og möl og er nú hluti af Norðurtúni á Efri-Brunnastöðum, en nafnið, Sandskarð, heldur sér," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Garðurinn var á sama eða svipuðum stað og vegarslóði sem hann liggur niður af hólnum sem Efri-Brunnastaðir eru á og að Brunnastaðatjörn, um 80 m norðaustan við Efri-Brunnastaði 001.
Sléttað tún.
Engin ummerki sjást um garðinn vegna niðurrifs og sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 46

GK-130:043 *Tangarétt* heimild um rétt 64°00.024N 22°22.864V
"Getið er einnar fjárréttar sem nú er fallin í sjávarkampinn. Hún var á Bieringstanga og tilheyrði Grund eða Trumbu [016]. Hét hún Tangarétt eða Tangafjárrétt," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Réttin var að líkindum um 150 m norðaustan við Grund 016A ef marka má merkingu á kort sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir örnefnaritgerðinni.
Réttin var þar sem er gróðurlaus og grýtt klapparfjara.
Engin ummerki sjást um réttina og er hún horfin vegna landbrots.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 46, Kort-Hlaðin mannvirki



Kristmundarvarða 044, horft til suðvesturs

GK-130:044 *Kristmundarvarða* varða
63°59.727N 22°22.665V
"Tvær vörður eru í Djúpavogsheiði ofan við Bieringstanga og heitir önnur þeirra Kristmundarvarða, kennd við Kristmund Magnússon sem varð úti á heiðinni þar sem varðan er, svo til beint austur af svonefndum Voghól. Þessi atburður gerðist 1907 eða 1908 er verið var að smala fé," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Varðan er um 360 m sunnan við Töðugerðisvörðu 045 og um 1,1 km suðvestan við Efri-Brunnastaði 001.
Varðan stendur lágt í hraunmóa sem er að hluta uppblásinn.
Varðan stendur vel. Hún er um 1 m í þvermál og 1,1 m á hæð. Í henni sjást 6 umför. Fast norðaustan undir vörðunni er minningarskjöldur um Kristmund. Ekki er vitað hvenær varðan var upphaflega hlaðin en hún var endurhlaðin árið 1993 af Ragnari Ágústssyni frá Halakoti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 46

GK-130:045 *Töðugerðisvarða* varða 63°59.906N 22°22.505V



Töðugerðisvarða 045, horft til norðurs

"Hin varðan, Töðugerðisvarða eða Halakotsvarða stendur rétt ofan eða sunnan við Skipholt. Þar hjá er reiðgata sem notuð var sem þjóðbraut fram til 1912 og heitir Gamlivegur," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Reiðgatan sem nefnd er Gamlivegur í tilvísun hér að framan er að öllum líkindum leið 641:001 sem lá á milli bæja og til kirkju í Kálfatjörn eftir að hún varð sóknarkirkja fyrir hreppinn. Varðan er um 395 m austan við Grund 016A og um 230 m suðaustan við Töðugerðisbæina 131:011/131:012.
Varðan stendur allhátt á hól í hraunmóa.
Varðan er stæðileg, ferköntuð og vandlega hlaðin. Hún er um 1x1 m að grunnfleti og 1,3 m áhæð. Í henni sjást 8 umför. Hún virðist ekki mjög gömul en getur hafa verið endurhlaðin. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en hún gæti verið siglingamerki eða varðað Kirkjugötu 641:001.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 46-47

GK-130:046 *Íshús* heimild 64°00.365N 22°22.329V
"Svonefnt Íshús stóð niðri við sjóinn," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Staðsetning þess er sýnd á korti sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerðinni. Íshúsið var um 200 m NNV við Efri-Brunnastaði 001, á sama eða svipuðum stað og útihús 014. Ekki er útilokað að íshúsið og útihús 014 séu sama mannvirkið.
Búið er að hlaða mikinn sjóvarnargarð þar sem Íshúsið var.
"Var það notað á seinni hluta síðustu aldar [19. aldar] til geymslu á beitu fyrir útgerðina. Ís var tekinn í það af Brunnastaðatjörn. Íshúsið var gert af tilhöggnu grjóti og veggirnir vandlega hlaðnir, en torfþak yfir. Stóð það að mestu uppi fram til ársins 1967," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Engin ummerki um Íshúsið sjást á yfirborði og hefur það að öllum líkindum horfið undir sjóvarnargarðinn en ekki er útilokað að það hafi verið horfið eða illa farið af landbroti áður en sjóvarnargarðurinn var reistur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 48, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-130:047 varða samgöngubót
63°59.772N 22°21.063V
Varða er um 90 m norðaustan við stekk 076 og um 80 m norðan við grjótbyrgi 048.
Varðan stendur allhátt á mosagrónu holti í uppgræddum móa sem nýttur er til sauðfjárbeitar.
Varðan er hrunin. Hún er um 1,5x1,5 m að grunnfleti. Neðst er hún gróin og grjótið skófum vaxið. Hún er um 0,4 m á hæð og sjást 2-3 umför en hleðslan er orðin mjög aflöguð og óskýr. Mögulega hefur varðan vísað á stekkinn.
Hættumat: engin hætta



Varða 047, horft til norðausturs

GK-130:048 tóft skotbyrgi 63°59.728N 22°21.077V
Grjótbyrgi er um 35 m austan við stekk 076 og um 80 m sunnan við vörðu 047.
Tóftin er hlaðin ofarlega á mosagróið holt í móa sem hefur verið græddur upp.



Byrgistóft 048



Byrgistóft 048, horft til norðvesturs

Tóftin er grjóthlaðin og einföld. Hún er hringlaga, er um 2,5 m í þvermál. Hún er hlaðin suðvestan undir lágan hraunvegg og einnig er hlaðið ofan á hann. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m og sjást 4 umför en hleðslan er ekki mjög vönduð. Veggir eru þykkastir um 0,5 m. Op er á tóft til suðausturs. Líklegt er að þetta sé skotbyrgi eða smalakofi.
Hættumat: engin hætta

GK-130:049 *Björnsbyrgi* heimild um herslubyrgi 64°00.271N 22°22.492V
Í örnefnalýsingu Traðarkots segir: "Skammt suðvestan við Stóruklappir stóð byrgi, Björnsbyrgi, kennt við Björn, sem bjó í Traðarkoti á seinni hluta átjándu aldar." Björnsbyrgi er merkt inn á kort vestur af Neðri-Brunnastöðum 003. Kortið sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Jóhann Sævar Símonarson, heimildamaður, kannaðist ekki við mannvirki á þeim stað eða örnefnið. Að líkindum var byrgið um 60 m suðvestan við Neðri-Brunnastaði 003 og 215 m vestan við Efri-Brunnastaði 001.
Klapparfjara.
Af kortinu að dæma er byrgið líklega horfið vegna landbrots eða komið undir sjóvarnargarð sem hlaðinn er meðfram ströndinni. Engin ummerki um byrgið sáust á vettvangi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Traðarkot, 4; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-130:050 *Hemphóll* varða áfangastaður 63°56.654N 22°16.002V
Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Í Brúnum ofan og austan við Brunnastaðasel [095] stendur Hemphóll eða Hemphólar en þar áðu smalarnir úr Brunnastaðahverfi um leið og skipt var í leitir. Smalaleiðin [088] lá skammt norðan við Brunnastaðasel og á Hemphól." Á heimasíðu FERLIR segir: "Talsvert ofan við selið [Brunnastaðasel 095] er hinn sögufrægi Hemphóll, á honum er varða." Hemphóll er um 1 km suðaustan við Brunnastaðasel 095 og stendur enn varða á honum.
Varðan er á hól í mosavaxinni hraunheiði. Stendur hóllinn mjög hátt í heiðinni og víðsýnt er af honum til allra átta.
Efst á hólnum er stór varða úr stóru grjóti. Var mögulega holrými í henni neðst en varðan hefur fallið saman. Hún er um 1,2x1,2 m að grunnfleti og 1,2 m á hæð. Í henni sjást enn 5 umför. Í holrýminu neðst eru gamlar brotnar gosflöskur.



Varða 050 á Hemphól, horft til austurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 85; ferlir.is/?id=3811

GK-130:051 *Háabyrgi* heimild um herslubyrgi 64°00.051N 22°22.148V
Háabyrgi eða Arnoddarbyrgi er merkt inn á kort sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerð um örnefni í

Brunnastaðahverfi. Það var fast við Strandarveginn, við afleggjara að nýbýlinu Borg, um 400 m sunnan við Efri-Brunnastaði 001.
Hár, ílangur og gróinn hraunhóll er fast vestan við Strandarveginn þar sem líklegt er að byrgið hafi verið.
Engar minjar sjást um byrgi á eða við hólinn. Mögulegt er að það hafi farið undir veg eða verið rifið og notað í veginn.
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-130:052 varða samgöngubót 63°59.603N 22°22.858V
Varða er um 630 m suðvestan við Töðugerðisvörðu 045 og um 20 m suðaustan við Kirkjugötu 641:001.
Varðan er á lágum hól í hraunmóa sem er uppblásinn á köflum. Varðan stendur ekki ýkja hátt en sést nokkuð víða að vegna þess hversu jafnlent er í kringum hana.
Varðan er ferköntuð og er um 0,9x0,9 m að grunnfleti. Hún er um 1,2 m á hæð og sjást 6 umför í henni. Aðeins hefur hrunið úr henni til norðvesturs. Ætla má að hún hafi varðað Kirkjugötu 641:001.
Hættumat: engin hætta



Varða 052, horft til vesturs

GK-130:053 heimild
"Á hæð sunnan við Hemphól [050] komum við að Hellishól sem er allstór, í honum er smáskúti með opi til austurs og við það liggur einföld grjóthleðslurönd," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Mynd af Hellishól er í sömu bók. Upplýsingar um hleðsluna lágu ekki fyrir þegar farið var á vettvang og var hún því ekki skoðuð. Hellishóll er 500-550 m SSV við Hemphól 050.
Hóllinn er í mosavaxinni hraunheiði.
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 85, 86



Varða 054, horft til norðurs

GK-130:054 varða
63°59.637N 22°22.050V
Varða er um 180 m norðan við Lúsaborg 085 og um 215 m suðvestan við vörðu 068 á hól fast austan við Strandarveg.
Varðan er á gróðurlitlum hól í hraunmóa.
Varðan er sigin og gróin. Hún er um 1,1x1,1 m að stærð og 0,6 m á hæð. Í henni sjást 2-3 umför. Hlutverk hennar er ekki þekkt.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-130:055 *Grænhóll* þúst fjárskýli 63°59.772N 22°22.200V



Þúst 055 á Grænhól, horft til austurs

Þúst er uppi á Grænhóli, um 280 m norðvestan við vörðu 054 og um 450 m norðan við Lúsaborg 085.
Grænhóll er stór og hár hóll fast vestan við Strandarveg sem liggur austur-vestur. Hóllinn er mjög grasi gróinn og sker sig að því leyti frá umhverfinu sem einkennist af hrauni og mosa. Þó er einnig vel gróið sunnan og norðan við hólinn.
Austast á Grænhól, þar sem hann er hæstur, er þúst þar sem ætla má að hafi verið tóft, líklega af fjárskýli, og getur það skýrt gróðurfarið á hólnum. Þústin er hlaupin í þúfur og er algróin svo ekki sést í hleðslur eða innanmál. Breið og grunn sprunga er eftir hólnum endilöngum. Er grösugt og þýft í henni. Þústin er um 4x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er um 0,3 m áhæð. Hundaþúfa er ofan á henni. Hátt og bratt er niður af hólnum til austurs, líklega um 8 m.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-130:056 *Húshóll* þúst útihús 64°00.282N 22°22.334V



Húshóll 056, horft til ANA

"Austan við íbúðarhúsið á Neðri-Brunnastöðum [003] er smá hóll nefndur Húshóll," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Húshóll er fast austan við yngsta íbúðarhúsið á bæjarstæði Neðri-Brunnastaða, um 80 m austan við gamla bæinn 003.
Hóllinn er í gömlu sléttuðu túni norðan við malarveg að Neðri-Brunnastöðum.
Hóllinn er hringlaga og reglulegur. Hann er um 18x15 m að stærð og snýr austur-vestur. Hóllinn er flatur að ofan og er hæstur um 1,5 m. Lögun hólsins og nafnið bendir til þess að þar hafi staðið hús, líklega útihús, og þar er líklegt að undir sverði séu mannvistarleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 51

GK-130:057 heimild um uppsátur 64°00.253N 22°22.481V
Í örnefnalýsingu Traðarkots [GK-136] segir: "Sjávargatan liggur eftir [Traðarkotsstígnum 136:008], síðan eftir Brunnastaðaafleggjaranum niður á sjávarkampinn við Brunnastaðasund þar sem Traðarkot á uppsátur." Þar segir ennfremur "Uppsátur á Traðarkotið ofan við sjávarkampinn beint upp af Háuklöppum, lendingu í Brunnastaðavörinni gömlu [097] fyrir ofan sjávarkampinn." Háuklappir eru merktar inn á kort af örnefnum í fjörunni og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Þær eru á svipuðum stað og Björnsbyrgi 049. Ekki er vitað nákvæmlega hvar uppsátrið var en líklega var það um 20 m norðan við Gömlu-Brunnastaðavörina og 80 m suðvestan við Neðri-Brunnastaði 003.
Klapparfjara er á þessu svæði neðan við nýlegan sjóvarnargarð.
Ekki sjást ummerki um uppsátur Traðarkots í fjörunni og má ætla að öll mannvirki á þessu svæði séu horfin vegna ágangs sjávar eða farin undir sjóvarnargarðinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Traðarkot, 3, 4

GK-130:058 *Hjallanes* örnefni hjallur 64°00.270N 22°22.561V
"Framan við þann bæ [Neðri-Brunnstaði 003] er Hjallanes. Sagnir herma, að þar hafi fyrr á öldum skagað nes útfrá landi. Á því áttu að hafa verið fiskihjallar. Nes þetta, sem nú er ekki annað en berar klappir í fjörunni heldur eftir sem áður nafni sínu," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Hjallanes er suðvestur af Neðri-Brunnastöðum og vestan við Björnsbyrgi.
Klappir í fjörunni sem eru þaktar þara.
Ekki sjást minjar á Hjallanesi en það var gróið í æsku Jóhanns Sævars Símonarsonar, heimildamanns.
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 55

GK-130:059 *Áttæringsvör* heimild um lendingu 64°00.370N 22°22.244V
"Sigurjón í Traðarkoti [GK-136] segist aldrei hafa heyrt, að í Áttæringavör eða Áttahringsvör hafi verið uppsátur fyrir áttahring, né heldur að þar hafi verið skipanaust eða sjávarhús. Hins vegar segir hann smáum fleytum, tveggja manna förum, hafi verið lent þar af og til á sumrin," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Vörin er merkt inn á kort af örnefnum í fjörunni og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Samkvæmt því var hún litlu austan við Íshúsið 046. Vörin er um 215 m ANA við Neðri-Brunnastaði 003 og um 200 m norðan við Efri-Brunnastaði 001.
Vörin var líklega í allbreiðri skeljasandsfjöru.
Vörin var skoðuð á flóði og sáust engin ummerki um hana. Ekki er víst að um mikið mannvirki hafi verið að ræða þar sem lent var í sandfjöru.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 61, Kort-Fjaran

GK-130:060 *Helgavör* heimild um lendingu 64°00.321N 22°22.461V
Á korti sem sýnir örnefni í fjörunni og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi er Helgavör sýnd við

Helgaklappir í Neðri-Brunnastaðafjöru. Jóhann Sævar Símonarson, heimildamaður, kannaðist ekki við nafnið á vörinni og hélt að Helgaklappir væru sunnar, hjá Háuklöppum.
Vörin var líklega norðvestan við stóra en lága klöpp í fjörunni.
Vörin var skoðuð á flóði. Hún sést ekki vel og engin mannaverk sjáanleg þó að þau kunni að leynast á staðnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Fjaran



Varða 061, horft til suðvesturs

GK-130:061 varða samgöngubót
63°58.009N 22°18.470V
Vörðubrot er á stórum sprungnum hól í mosagrónu hrauni. Það er um 1,2 km norðvestan við Gjásel 082. Gata sem er líklega á Brunnastaðaselsstíg 087 liggur að hólnum úr norðvestri þar sem þær greinast og liggja sitthvoru megin við hólinn. Vestari gatan fjarar út en sú austari heldur áfram áleiðis að Gjáseli 082 og Brunnastaðaseli 095.
Mosavaxið hraun.
Aðeins eru 3 steinar saman á hólnum sem mynda vörðuna. Þeir eru skófum vaxnir og mosagrónir og liggja í röð en ekki er steinn yfir steini. Á þessum hluta hólsins er ekki laust grjót þannig að þessir þrír steinar skera sig úr.
Hættumat: engin hætta



Suðurkotsvör 062, horft til vesturs

GK-130:062 *Suðurkotsvör* renna lending
64°00.185N 22°22.459V
Suðurkotsvör er sýnd á örnefnakorti af fjörunni sem fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Vörin er um 160 m vestan við Suðurkot 132:001 og 40 m suðvestan við Naustakot 134:001.
Grýtt klapparfjara. Sjóvarnargarður er ofan og austan við vörina.
Vörin er rudd renna sem er um 8 m á breidd og 20-30 m á lengd og liggur austur-vestur.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Fjaran

GK-130:063 *Tangavör nyrðri* renna lending 64°00.008N 22°22.972V



Tangavör nyrðri, horft til norðvesturs

Tangavör nyrðri er sýnd á örnefnakorti sem sýnir fjöruna og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi, rétt austur af Svartakletti. Vörin er um 85 m norðan við Grund 016A og um 115 m norðaustan við Tangabúðir 022.
Vörin er í grýttri klapparfjöru þar sem mjög mikið er af þangi. Beint suðaustur af vörinni er gróðurlaus klapparhóll á mörkum gróðurleysis og gróðurs.
Vörin er full af þangi en nokkuð greinileg. Hún hefur verið rudd og er um 15x25 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Vörin er ekki djúp, um 0,3 m í suðvesturenda en um 1 m í norðausturenda, þar sem ekki er klöpp undir.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Fjaran

GK-130:064 *Tangavör syðri* renna lending 63°59.968N 22°23.071V

Tangavör syðri, einnig nefnd Grundarvör, er sýnd á örnefnakorti sem sýnir fjöruna og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi, við Halakotsfjöru. Syðri vörin er um 110 m suðvestan við þá nyrðri 063, um 40 m norðvestan við Tangabúðir 022 og um 80 m vestan við Grund 016A. Um þessa vör segir Árni Óla í bókinni Strönd og vogar: "Vörin [á Bieringstanga] var hin stærsta á Ströndinni og hlaðnir kampar beggja vegna við hana fram í sjó. Var norðurkampurinn meiri og mátti lenda við hann bátum til uppskipunar."
Vörin er í grýttri klapparfjöru þar sem mikið er af þara. Allbratt er úr fjörunni upp á land. Ljós sandur er í fjörunni innan um klappir og grjót.
Vörin er greinanleg og er um 15x35 m að innanmáli. Hún snýr austur-vestur. Vörin sveigist örlítið til norðurs í austurenda þar sem hún mjókkar vegna klappar í fjörunni.



Tangavör syðri 064, horft til vesturs

Vörin er rudd og er 1-1,5 m á dýpt. Leifar af grjóthlöðnum kampi eru greinanlegar norðan megin í vörinni. Þar má sjá 1-2 umför hleðslu. Óljós ummerki eru um hleðslu sunnan megin í vörinni. Að sögn Jóns Hauks Aðalsteinssonar, heimildamanns, nær vörin lengra til austurs en hér er lýst.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Fjaran; Árni Óla: Strönd og vogar, 170

GK-130:065 *Vorhúsavör* hleðsla lending 63°59.796N 20°23.120V
Í örnefnalýsingu fyrir Bieringstanga segir: "Önnur verbúð var á sama tíma á Bieringstanganum. Hét hún Klapparholt [021] og tilheyrði henni Klapparholtsvörin, sem er í Austurkotsfjörum." Á sama stað segir: "Einnig liggur sjávargatan úr hliðinu í vestur í Vorhúsavörina, sem er beint niður af gamla brunninum [018I]." Vorhúsavör og Klapparholtsvör eru sýndar saman á örnefnakorti sem sýnir fjöruna og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi, á mörkum Grundarfjöru og Austurkotsfjöru. Gert er ráð fyrir að varirnar hafi verið þétt saman eða á sama stað þó að það sé ekki tekið fram í örnefnalýsingu. Varirnar hafa að öllum líkindum verið þar sem er hleðsla í fjörunni um 80 m suðvestan við Vorhús austari 018 og um 70 m vestan við Klapparholt 021A.
Hleðslan er suðaustan við klappartanga í fjörunni. Þar er gróðurmikill þari. Suðaustan við hleðsluna er sléttlent og sést ekki í sand, klappir eða grjót fyrir þaranum.
Hleðslan er um 25 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur en sveigir dálítið til suðurs í suðvesturenda. Ekki sjást önnur mannaverk á vörinni og ekki er augljóslega gott að leggja hér vegna skerja til suðvesturs en vörin var skoðuð á fjöru og aðstæður breytast eflaust mikið á flóði. Hleðslan er þakin þara en er 0,3-0,6 m á hæð og í henni sjást 1-2 umför.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Fjaran; Ö-Bieringstangi, 1, 3



Hleðsla í Vorhúsavör 065, horft til suðvesturs

GK-130:066 *Hausthúsavör* renna lending 63°59.722N 22°23.100V
Hausthúsavör er sýnd á örnefnakorti sem sýnir fjöruna og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi, rétt norður af Hvammslóni. "Beint vestur af bænum [019A]



Hausthúsavör 066, horft til suðvesturs

var fiskbyrgi ofan við sjávarkampinn, Hausthúsabyrgið [019B]. Fyrir neðan það er Hausthúsavörin," segir í örnefnalýsingu. Vörin er um líklega um 60 m suðvestan við Hausthús 019A og um 40 m suðvestan við Hausthúsbyrgi 019B.
Vörin er í grýttri klapparfjöru, fremur jafnlendri og lágri. Ekki virðist auðvelt að lenda hér vegna þess að klöpp er skammt suðvestan við opið inn í hana. Ekki er útilokað að vörin sé skráð á röngum stað en kort og aðstæður benda helst á þennan stað.
Vörin er um 20x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún virðist hafa verið rudd en hefur fyllst aftur af grjóti að nokkru leyti. Neðst í vörinni er slétt klöpp en hún er þakin þara og þangi. Grjót sem hefur verið rutt úr vörinni sést meðfram suðausturhlið hennar. Vörin er grunn, í mesta lagi 0,5 m á dýpt í suðvesturenda, fjærst landi.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Fjaran; Ö-Bieringstangi, 4

GK-130:067 *Hvammsvör* hleðsla lending 63°59.710N 22°23.055V
"Beint niður af [Hvammssjávar]]hliðinu er Hvammsvörin," segir í örnefnalýsingu Bieringstanga. Hvammsvör er á örnefnakorti sem sýnir fjöruna og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi, við Hvammslón. Vörin er um 50 m vestan við bæ 020A, nyrst í Hvammslóni.
Hvammslón er lítil vík full af smáu grjóti og þangi og austur af henni er hár sjávarkampur. Hleðsla er syðst í víkinni/lóninu þar sem bátum var lent.
Hleðslan er um 12 m löng og snýr austur-vestur. Hún er um 1,5 m á breidd og er víðast um 0,5 m á hæð en er hæst um 1 m. Í hleðslunni er stórt grjót og eru mest 2 umför sýnileg. Lítillega hefur hrunið úr hleðslunni til suðurs.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Fjaran; Ö-Bieringstangi, 5



Hleðsla í Hvammsvör, horft til vesturs

GK-130:068 *Tvívörðulágar* varða 63°59.687N 22°21.808V



Vörðubrot 068, horft til norðurs

"Um nafngiftina Tvívölulágar er ekki vitað, en Ragnar Ágústsson í Halakoti kallar sama svæði, sem er grasivaxin lægð, Tvívörðulágar, eftir tveimur vörðum sem standa sitthvoru megin við þessa graslægð," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Tvívörðulágar eða Tvívölulágar eru suðvestur af Skjaldarkotslágum og aðeins neðan við Gamlaveg [Strandarveg 641:011], þar er smávörðubrot á hól." Vörðubrotið er um 320 m norðaustan við Lúsaborg 085 og fast neðan (norðvestan) við Gamlaveg.
Varðan er á mosavöxnum hraunhelluhól innan skógræktar sveitarfélagsins. Hóllinn er algróinn og víðihríslur vaxa fast norðan við hann.
Varðan er hrunin og gróin og hefur myndast hundaþúfa ofan á henni. Hún er um 0,3 m á hæð. Fast vestan við hana er mælingabóla og gulur tréstaur. Varðan er um 45 m norðaustan við annan hól sem er með hundaþúfu á en engin ummerki um hlaðna vörðu eru á honum og ekki sjást ummerki um aðra vörðu í næsta nágrenni.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 66; SG: Örnefni og gönguleiðir, 45

GK-130:069 *Guðmundarstekkur* tóft stekkur 63°59.563N 22°21.418V
"Þar sem lömbum var í eina tíð stíað frá ánum heitir Guðmundarstekkur, en Ragnar Ágústsson nefnir hann aðeins Stekk," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. "Stuttu austur af Þúfuhól er svo Guðmundarstekkur norðan undir Stekkholti," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Stekkjartóftin er um 130 m norðvestan við vörðu 070A á Neðri-Presthól og 390 m suðvestan stekk 076. Stekkurinn er um 1,72 km sunnan við bæ 001.

Stekkurinn er norðan undir hlíðum lágs hóls eða holts sem er norðvestur af Presthólum 070. Umhverfis stekkinn er allgróið en annars er hraunmóinn í kring gróðurlítill.
Stekkurinn er grjóthlaðinn og skiptist í þrjú hólf. Hann er um 11x9 m að stærð og snýr norður-suður. Hólf I er um 4x7 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því í norðurenda. Innan þess er lítið hólf II sem er um 2x2 m að stærð og snýr NNV-SSA. NNV-endi þess er óskýr og kann það að hafa náð lengra í þá átt. Ekki er veggur fyrir þeim enda. Mögulega var op úr hólfi II til austurs inn í hólf III sem er um 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og sjást mest 3 umför. Suðvesturhornið er mjög gróið og óskýrt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 66; SG: Örnefni og gönguleiðir, 51



Guðmundarstekkur 069


Guðmundarstekkur 069, horft til suðurs

GK-130:070 *Presthóll* hleðsla huldufólksbústaður 63°59.530N 22°21.286V


Á vinstri mynd er varða 070A á Neðri-Presthól, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er hleðsla 070B á Efri-Presthól, horft til suðausturs

"Ekki fjarri stekknum [069] eru Neðri- og Efri-Presthóll, sem oft eru aðeins nefndir Presthólar. Sagt er, að eitt sinn hafi annar hvor hóllinn staðið opinn eða jafnvel báðir og prestur sést standa þar fyrir altari í fullum skrúða. Af þessum atburði eiga nöfnin að vera dregin, " segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Presthólar eru 1,6 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001 og 100 m suðaustan við Guðmundarstekk 069.
Presthólar eru allháir hraunhólar í móa sem er að nokkru leyti uppblásinn.
Varða er á Neðri-Presthól og hleðsla er á Efri-Presthól. Minjarnar eru á svæði sem er um 145x2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Varðan A á Neðri-Presthóli er norðvestast á svæðinu. Hún er um 1,2x1,2 að grunnfleti. Varðan er nokkuð ferköntuð að lögun og eru hleðslur hennar hrundar. Hún er um 0,5 m á hæð og sjást 3 umför í henni en þau eru illgreinanleg. Ekki er vitað í hvaða tilgangi

varðan var hlaðin en hún kann að hafa vísað á Almenningsleið/Alfaraleið 641:003 sem lá á milli Presthólanna. Hleðsla B á Efri-Presthól er suðaustast á svæðinu. Hún er á háhólnum í grunnri sprungu sem liggur eftir hólnum. Hleðslan er útflött og gróin. Hún er um 1,5x2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hæð hleðslunnar er 0,3 m og 2 umför sjást á einum stað. Hlutverk hleðslunnar er ekki þekkt en þarna kann að hafa verið vatnsstæði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 66

GK-130:071 *Nyrðri-Brunnastaðalangholtsvarða* varða 63°59.330N 22°20.850V



Horft til norðvesturs

"Skammt frá [Einingavegi 641:010] er langt og fremur mjótt klapparholt, Brunnastaðalangholt. Á holtinu eru tvær vörður, Nyrðri- og Syðri- [072] Brunnastaðalangholtsvörður ...," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Nyrst á Langholti, um 340 m norður af Syðri-Brunnastaðalangholtsvörðu 072 er sver varða. Hún er um 2,1 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001.
Varðan stendur á mosagrónum smáhól á holtinu, sem annars er grýtt og ógróið.
Varðan er um 2x2 m að utanmáli og um 0,5 m á hæð og virðist ekki hafa verið hærri áður. Hún er hringlaga hlaðin úr fremur stóru grjóti. Varðan mun hafa þjónað sem fiskimið en fram kemur í samtali við Ragnar Ágústsson (1916-2012) sem Sesselja Guðmundsdóttir skrásetti að Langholtsvarða á Brunnastaðalangholti hafi verið mið. Ekki er ljóst hvort það var Nyrðri- eða Syðri-Brunnastaðalangholtsvarða 072.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 67; Sesselja Guðmundsdóttir: Fiskimið við Strönd og Voga og fl. markvert

GK-130:072 *Syðri-Brunnastaðalangholtsvarða* varða samgöngubót 63°59.171N 22°21.056V



Syðri-Brunnastaðalangholtsvarða 072A og hleðslur 072B-C



Syðri-Brunnastaðalangholtsvarða 072A með sambyggðri kró, horft til norðurs

"Skammt frá [Einingavegi 641:010] er langt og fremur mjótt klapparholt, Brunnastaðalangholt. Á holtinu eru tvær vörður, Nyrðri- [071] og Syðri-Brunnastaðalangholtsvörður ...," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Langholtið er hár malarhryggur skammt frá merkjum Voga og Brunnastaða. Á holtinu er áberandi varða sem sést langt að. Hún er um 340 m sunnan við Nyrðri-Brunnastaðalangholtsvörðu 071 og 2,2 km SSA við Efri-Brunnastaði 001.
Holtið er hálfgróið en umhverfis vörðuna, hæst á holtinu, er ógróinn melur.
Á Langholtinu eru auk vörðunnar tvö önnur mannvirki á svæði sem er um 30x30 m. Í lýsingunni verður hverju þeirra gefinn bókstafur til aðgreiningar. Varðan (A) er um 1,5x1,5 m að utanmáli en hol að innan og því um 1 x 1 m að innanmáli. Hleðslan er einföld og um 1,2 m á hæð. Allt að 6 umför grjóts standa en eitthvað virðist hrunið

úr hleðslunni. Upp við vörðuna sunnanverða er einföld grjóthleðsla sem myndar einskonar kró við hana. Króin er um 1x1 m að innanmáli en hleðsluhæð um 0,3 m. Umför eru tvö, en virðast hafa verið a.m.k. þrjú í vesturhluta. Um 15 m norðaustan við vörðuna er grjóthleðsla (B) sem myndar gleiða skeifu, um 2,5 m langa frá norðri til suðurs. Hleðslan er tvö umför, um 0,2 m á hæð og 0,3 m á breidd. Um 15 m suðvestan við vörðuna er önnur hleðsla (C) sambærileg áðurnefndri hleðslu. Hleðslan er um 2,5 m á lengd í norður-suður og myndar gleiða skeifu. Hún er um 0,4 á hæð, 0,5 á breidd og umför eru allt þrjú til fjögur. Varðan mun sennilega hafa þjónað sem fiskimið en fram kemur í samtali við Ragnar Ágústsson (1916-2012) sem Sesselja Guðmundsdóttir skrásetti að Langholtsvarða á Brunnastaðalangholti hafi verið mið. Ekki er ljóst hvort það var Syðri- eða Nyrðri-Brunnastaðalangholtsvarða 071.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 67; Sesselja Guðmundsdóttir: Fiskimið við Strönd og Voga og fl. markvert

GK-130:073 *Hringurinn* tóft fjárskýli 63°59.198N 22°20.701V



Hringurinn, fjárskýli 073


Hringurinn, fjárskýli 073, horft til norðurs

"Hringurinn heitir hringlaga grjótbyrgi, sem notað var fyrir fé, síðast á seinni hluta 19. aldar," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Grjóthlaðin (fjár)borg eða rétt er í grónum slakka austan við Langholtið, um 290 m austur af Syðri-Brunnastaðalangholtsvörðu 072 og 2,3 km suðaustan við Efri-Brunn astaði 001.
Réttin stendur í grasi grónum dal á milli hraunholta.
Réttin er tæplega 10x10 m að utanmáli og er ekki hringmynduð eins og fjárborgir eru gjarnan. Innanmál hennar er um 6x6 m. Hleðslur eru að mestu hrundar út en hafa verið miklar og háar og líklega allt að 2 m breiðar. Hæð þeirra er nú mest um 1,5 m og um 6 umför. Op er á suður-, eða suðausturhlið. Það er um 0,5-0,7 m breitt en breikkar inn á við. Yfir opinu hefur verið hella/hellur en er nú hrunin og er opið hálffullt af hruni. Einfaldar grjóthleðslur, 1 umfar, liggja út frá opinu og mynda einskonar rennu að því. Mikið hrun er innan réttarinnar og erfitt að greina hvort þar hafi verið um hólf eða skilrúm að ræða. Þó er greinilegt mannvirki við innanverðan norðurvegg, þar sem mögulega hefur verið einhverskonar kró eða garði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 67

GK-130:074 *Smalaskáli* þúst smalakofi
63°59.069N 22°20.624V
"Stutt þaðan [frá vörðu 072] eru Smalaskáli, sem er Klapparhóll, en hvorki er þar byrgi eða hús og minnist Sigurjón Sigurðsson þess ekki að hafa heyrt um slíkt," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. "Stuttu fyrir ofan Hringinn [073] er klapparhryggur sem heitir Smalaskáli og á eystri enda hans er Smalaskálavarða," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Grjótþúst er á háum hraunhól um 250 m suður af Hringnum 073 og 2,6 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001.
Þústin er á háum hraunhól grónum í toppinn.
Kofinn er hruninn að mestu, en eftir standa um 2-3 umför grjóts. Hæð grjóthrúgunnar er 0,5 m og utanmál um 1x1


Leifar af Smalaskála 074, horft til norðurs

m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 67; SG: Örnefni og gönguleiðir, 52

GK-130:075 *Brunnhóll* náttúrumin brunnur 63°59.708N 22°21.105V



Vatnsstæði 075, horft til suðurs

Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Brunnhóll heitir hóll með vörðu á og er hann suðvestur af Fornastekk [033] en suður af Skjaldarkotslágum, u.þ.b. 200 m fyrir ofan Gamlaveg [sjá Strandarveg/Gamlaveg 641:011]. Neðan og norðan við hólinn, rétt fyrir ofan fjárgirðinguna, er lítið vatnsstæði í klöpp og annað ofar og aðeins vestan við hólinn. Heimildir eru til um tvo Brunnhóla á þessum slóðum, Efri-Brunnhóll og Neðri-Brunnhóll og það gæti verið að þessi tvö vatnsstæði tengdust umræddum hólum. Vestan undir Brunnhóli er gamall nafnlaus stekkur [076]." Aðeins sást eitt vatnsstæði á svæðinu og engin varða. Vatnsstæðið er um 40 m sunnan við stekk 076 og um 1,4 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001. Það virðist vera náttúrulegt.
Vatnsstæðið er á holti í móa sem búið er að rækta að hluta.
Vatnsstæðið er um 2,5x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er um 0,2 m á dýpt, dýpst syðst en grynnist til norðurs. Smátt grjót og mold eru í botni. Vatnsbólið ætti að halda rigningarvatni nokkuð vel ef það er klöpp undir jarðveginum í botni. Ekki er útilokað að minjarnar séu manngerðar en engin mannaverk sjást.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 50

GK-130:076 tóft stekkur 63°59.728N 22°21.115V



Stekkur 076, horft til suðausturs



Stekkjartóft 076

Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Vestan undir Brunnhóli [075] er gamall nafnlaus stekkur." Stekkurinn er um 1,43 km sunnan við Efri-Brunnastaði 001.
Stekkurinn er í grasi gróinni, aflíðandi brekku til norðvesturs. Allstórt, flatlent og grösugt svæði er norðvestan við stekkinn í annars fremur hrjóstrugum hraunmóa.
Stekkjartóftin er grjóthlaðin og skiptist í 3 hólf. Hún er um 6x6 m að stærð. Hólf I er í suðvesturhluta tóftarinnar. Það er um 0,5x1,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til norðvesturs. Hólf II er í austurhorni tóftar og er um 1x1 m að innanmáli. Ekki sést skýrt op á því. Hólf III er fast norðvestan við hólf II og er um 2x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er veggur fyrir norðvesturhlið hólfsins og það því opið til þeirrar áttar. Frá norðurhorni tóftarinnar liggur aðrekstrargarður til suðvesturs og er um 6 m að lengd og 0,5 m á breidd. Tóftin er gróin í suðvesturhluta. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m og mest sjást 3 umför.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 50

GK-130:077 *Nyrðri-Fögrubrekkuvarða* varða 63°59.115N 22°19.884V

Um 400-500 m norðan við Reykjanesbraut, í næstum beina stefnu frá Kánabyrgi (079) er mjög greinileg varða um 250 m norðan við girðingu sem á þessum slóðum girðir af heiðina norðan við Reykjanesbraut.
Beggja vegna hæðarinnar eru grýttir dalir en hæðin er mynduð úr bylgjóttri klöpp sem að hluta er vaxin mosa.
Varðan er um 1,5 m á hæð og steinarnir í henni eru vaxnir mosa. Hún er um 1 m í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Neðri hluti Strandarheiðar


Nyrðri-Fögrubrekkuvarða 077, horft til norðurs

GK-130:078 *Syðri-Fögrubrekkuvarða* varða 63°58.998N 22°19.859V
Um 150-200 m norðan við Reykjanesbrautina og um 220 m suðvestan við 077 er hæð og á henni nokkur steinadreif, líkt og um hrunda vörðu væri að ræða.
Varðan sést ekki úr fjarlægð og er varla hægt að tala um steinahrúguna sem vörðu lengur. Ekki er annar staður líklegri fyrir Syðri-Fögrubrekkuvörðu. Umhverfis eru klappir og melar að mestu gróðurlaust en þar er þó nokkur mosagróður.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Neðri hluti Strandarheiðar

GK-130:079 *Gangnabyrgi* tóft áfangastaður 63°58.738N 22°19.468V
"Þá koma Strákar eða Strákavörður [123:025] sem eru þrjár og greinast í Austurvörðu, Miðvörðu og Syðstuvörðu. Þá er Viðaukur og Kánabyrgi enn réttu nöfnin munu vera Viðuggur og Gangnabyrgi," segir í örnefnaskrá Voga. Gangnabyrgi er norðan við línuveg, um 220 m suðaustan við vörðu 102 og um 180 m norðan við línuveg.



Gangnabyrgi 079

Byrgið er uppi á háum hraunhelluhól og er mosa- og lyngi vaxið í kringum það. Frá þessum hól sést vel til allra átta. Allt í kring eru hraunhólar og mosavaxinn mói á milli þeirra.
Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Á Kánabyrgi komu leitarmenn úr Brunnastaðahverfi saman áður en lagt var á heiðina og þar átti hver karl sinn stein til að tylla sér á. Rétt neðan við hólinn er svo lítil vatnshola í klöpp en holan var gerð af mannahöndum svo hægt yrði að svala þorstanum á meðan áð var á hólnum." Tóft byrgisins er um 3,5x3 m og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslur eru almennt signar, um 0,4 m á hæð en í vesturhluta tóftar er grjóthrúga, um 2x1 m að stærð og um 0,6 m á hæð. Mögulega er það hrunin varða sem hlaðin hefur verið ofan í tóftina. Grjótið í hrúgunni er stórt og vaxið skófum og mosa. Að öðru leyti er tóftin vel gróin, grjóthlaðin, en op ekki greinilegt. Skrásetjari kom ekki auga á manngerðu vatnsholuna sem nefnd er í heimild hér að ofan.


Gangnabyrgi 079, horft til suðurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vogar, 14; SG: Örnefni og gönguleiðir, 76-78

GK-130:080 varða 63°59.353N 22°21.283V
Varða er um 355 m vestan við vörðu 071, 250 m suðvestan við hleðslu 070B á Efri-Presthól og 1,9 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001. Staðsetning hennar er sýnd á korti af Neðri hluta Strandarheiðar sem fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi.
Varðan er á hæð í hraunmóa sem er mikið uppblásinn.
Varðan er um 1x0,7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Grunnflötur hennar er ferkantaður. Hún er um 0,4 m á hæð og sjást 2-3 umför í henni. Ekki sést mikið hrun úr vörðunni. Líklegt er að hún hafi vísað á

Almenningsleið/Alfaraleið 641:003 sem er fast austan við hana en þar sést fjárgata sem ætla má að sé á sama stað og gamla leiðin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Neðri hluti Strandarheiðar

GK-130:081 *Brunnastaðaselsvarða* varða samgöngubót
63°57.044N 22°16.926V
"Á efri gjárbarmi [Brunnastaðaselsgjár (Grindavíkurgjár)] fyrir ofan selið [095] er Brunnastaðaselsvarða," segir í Örnefni og gönguleiðir. Brunnastaðasel 095 er norðvestan undir Brunnastaðaselsgjá, um 7,4 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001. Fjórar vörður raða sér í sveig austan eða suðaustan við selstæðið og ekki er augljóst við hvaða vörðu nafnið á við.
Vörðurnar eru á eða nærri norðvestari gjárbrúninni í hraunmóa. Talsverð jarðvegseyðing er á svæðinu.



Á vinstri mynd er varða 081A, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er varða 081C, norðvesturs

Vörðurnar eru á svæði sem er um 160x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Varða A er norðaustast á svæðinu. Hún er um 1x0,6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Varðan er um 0,5 m á hæð og í henni sjást 3 umför. Varða B er um 30 m sunnan við vörðu A. Hún er hrunin og er um 0,7 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Í henni sjást enn 3 umför þrátt fyrir hrun. Vörður A og B eru vaxnar mosa og skófum og virðast nokkuð gamlar. Varða C er um 50 m sunnan við vörðu B. Hún er sigin og gróin og ber hæst því hún stendur á gjárbrúninni þar sem hún er hæst við selið. Ef til vill er hún elsta varðan við selið. Varðan er um 1 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Í henni sjást 3 umför. Varða D er um 80 m suðvestan við vörðu C. Hún er um 0,5x0,6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Varðan er um 0,5 m á hæð og í henni sjást 3-4 umför. Holrými er undir vörðu og op inn í það úr norðaustri. Hún er einnig vaxin mosa og skófum. Enn ein varðan sem er þó augljóslega nýlega hlaðin er norðaustan við vörðu D. Hún er hlaðin úr smáu grjóti en henni verður ekki lýst nánar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 84



Minjar í Gjáseli 082

GK-130:082 *Gjásel* tóftir sel
63°57.530N 22°17.470V
"Í Gjáseli, en svo heita gamlar selstöður, má nú sjá átta til níu tóttarbrot. Lítið seltún mun hafa verið þar

framanvið. Ofan við selið er Gjáselsgjá, sem sagt var um að í væri óþrjótandi vatn, en erfiðleikum bundið að ná því," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. "Af Einiberjahólum sjáum við vel til Gjásels sem kúrir undir næstu gjá fyrir ofan Klifgjá. Óvíst er frá hvaða bæ var haft í seli þarna því selstæðið er sagt í eða alveg við austurmörk Brunnastaðalands. Gjásel er ekki nefnt í Jarðabókinni [Árna Magnússonar og Páls Vídalín] 1703 og virðast tóftirnar þar vera með þeim yngstu í heiðinni. Heimildir nefna bæði Hlöðunesmenn og Brunnastaðamenn en líklega hafa Hlöðunesmenn haft þarna í seli því árið 1703 er selstaða þeirra ofar í heiðinni [sjá 137:017] aflögð vegna uppblásturs en Brunnastaðir höfðu þá enn nothæfa selstöðu. Tóftir af átta húsum standa þétt hlið við hlið í beinni röð undir gjárveggnum sem bendir til þess að nokkrir bæir hafi haft þarna í seli eins og reyndar annarsstaðar. Skipulag húsa á þessu selstæði er gjörólíkt því sem er á öllum hinum stöðunum í heiðinni en þar eru tveggja húsa samstæður á víð og dreif á grasblettinum en í Gjáseli er eins konar raðhúsalengja. ... Heimildir geta um gott og mikið vatn í gjánni við Gjásel og sagt er að vatnið hafi bunað út úr berginu en jarðskjálftar á fyrri hluta 20. aldar hafi eytt þessum eina "fossi" í hreppnum," segir í Örnefni og gönguleiðir. Gjásel er um 6,4 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001 og 6,4 km suðaustan við Hlöðunes 137:001. Þar eru tvær tóftir og varða.
Selið er undir gjárvegg og gjá sem er að miklu leyti gróin og full af grjóti austan við seljatóftirnar. Seltúnið er ekki ýkja stórt en er að mestu gróið.



Seltóft 082A, horft til SSV



Stekkjartóft 082B í Gjáseli, horft til suðausturs

Minjar í Gjáseli eru á svæði sem er 80x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Seltóft A er um 30x8 m að stærð og skiptist í átta hólf. Þau liggja í röð sem snýr norðaustur-suðvestur og sveigir lítillega út til suðausturs í átt að gjánni. Op eru á öllum hólfunum og eru þau öll á norðvesturhlið tóftarinnar. Lýsingin hefst á hólfi I í norðausturenda. Það hólf er 2,5x2 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Hólf II er 4x1 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Það er samansigið og mjókkar fyrir miðju. Hólf III er 3x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf IV er um 3x1,5 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Hólf V er um 2x1,5 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Hólf VI er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf VII er um 3x1 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Samansigið op er úr því til suðvesturs í hólf VIII og eru það einu hólfin í tóftinni sem virðist hafa tengst með þessum hætti. Hólf VIII er aflagað, er um 2x1 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Op er einnig á því til NNV. Veggir tóftarinnar eru lægstir í báðum endum þar sem þeir eru um 0,5 m á hæð en annarsstaðar eru veggir allt að 1 m á hæð. Tóftin er gróin en þó sést í grjót hér og hvar, t.d. í opum inn í hólf V-VII. Stekkjartóft B er um 20 m suðvestan við seltóft A. Hún er við suðvesturenda gjárinnar undir stórgrýtisurð. Tóftin er um 7,5x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er grjóthlaðin og þrískipt. Tóftin er mjög sigin og gróin. Suðausturhluti tóftarinnar er óljós vegna grjóthruns en sá hluti er hlaðinn undir stórgrýtisurð og grjót úr henni nýtt í veggi. Hólf I er í norðausturenda og er um 4x2 m að innanmáli. Það snýr norðvestur-suðaustur og er op á því í norðvesturenda. Út frá því gengur innrekstrargarður í sveig til suðvesturs. Ekki er hægt að sjá hvort gengt var úr hólfi I til suðvesturs í hólf II vegna hruns. Hólf II er 1x1 m að innanmáli. Suðvestan við það er hólf III. Það er um 2x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sjást op á þessum hólfum. Veggir tóftarinnar eru fremur mjóir eða 0,5-1 m á breidd. Hæstir eru þeir um 0,4 m og mest sjást 2 umför. Gömul og gróin varða C sem er að hverfa undir mosa er um 30 m austan við selið þar sem gjárbarmurinn er hæstur. Varðan er hrunin. Einn steinn stendur upp úr mosanum. Hún er um 1,2x1 m að stærð, snýr NNV-SSA. Hún er um 0,4 m á hæð. Tvær aðrar unglegar vörður eru uppi á gjárbrún um 15 m sunnan við seltóft A. Þeim er ekki lýst frekar.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 73, Kort-Efri hluti Strandarheiðar; SG: Örnefni og gönguleiðir, 80



Ólafsvarða 083, horft til norðausturs

GK-130:083 *Ólafsvarða* varða 63°57.680N 22°18.861V
"Nokkurn veg norðaustur frá Arahnúk er Ólafsgjá og Ólafsvarða. ... Um síðustu aldamót hrapaði í sprunguna Ólafur Þorleifsson úr Hlöðuneshverfi þegar hann var að gá að fé rétt fyrir jól árið 1900. ... Árið 1931 eða um 30 árum seinna fundust svo bein hans í gjánni," segir í Örnefni og gönguleiðir. Ólafsvarða er við Ólafsgjá um 1,2 km VNV af Gjáseli 082 og um 5,4 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001. Varðan er ekki nógu gömul til að geta talist til fornleifa en hún er skráð engu að síður því auk þess að vera minnisvarði um Ólaf Þorleifsson þá er hún einnig minnisvarði um fjárrekstur í Vogaheiði og Strandarheiði og hætturnar sem því fylgdu.
Varðan er við norðvesturbrún lítillar og mjórrar gjár í mosavaxinni hraunheiði.
Varðan er um 1,5 m á hæð og um 1 m í þvermál. Grunnflötur hennar er hringlaga. Hún er vandlega hlaðin úr meðalstóru grjóti sem er orðið skófum vaxið. Lítið sem ekkert hefur hrunið úr hleðslum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 69-70



Varða 084, horft til norðvesturs

GK-130:084 varða samgöngubót
Varða er í Strandarheiði um 260 m sunnan við Gjásel 082 og um 200 m norðaustan við Stapaþúfuhól. Mögulega var varðan við leið á milli Gjásels og Brunnastaðasels 095.
Varðan er hlaðin á grýttan, sprunginn hól, sem er ekki ýkja hár.
Varðan er um 0,7 m í þvermál og 0,7 m á hæð. Hún er skófum vaxin en stendur enn og virðist ekki mjög forn. Í henni eru 4 umför greinanleg.
Hættumat: engin hætta

GK-130:085 *Lúsaborg* tóft fjárskýli 63°59.540N 22°22.018V
"Syðst við Slysabeygju að ofanverðu er hóll sem heitir Lúsaborg. Heimild er til um Lúsaborgarvörðu en engar hleðslur eru sjáanlegar þarna og engar sagnir til um borg á þessum stað," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Ógreinileg tóft af fjárskýli er á sunnanverðum hól um 20 m SSA við beygju á malbikaða Strandarveginum þar sem Strandavegur/Gamlivegur 641:011 liggur á hann. Tóftin er um 1,4 km sunnan við Efri-Brunnastaði 001.
Hóllinn sem tóftin er á er í hraunmóa og er hann gróinn en ekki hár eða mikill um sig. Netagirðing liggur yfir suðaustanverða tóftina.



Leifar af Lúsaborg 085



Lúsaborg 085, horft til norðvesturs

Tóftin sést mjög illa vegna þess að búið er að taka megnið af grjótinu úr henni. Það hefur sennilega verið notað í vegagerð. Hún er um 10x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Rof er komið í veggina þar sem grjótið var tekið en þar sem hún er gróin sést enn stöku steinn upp úr sverði. Innanmál tóftarinnar er um 6x3 m en hún hefur aflagast mikið og má ætla að hún hafi verið því sem næst hringlaga eins og algengt er með fjárborgir. Mesta hæð veggja er um 0,5 m en víðast eru þeir 0,2-0,3 m á hæð. Ekki sést hvar op hefur verið á tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 50-51

GK-130:086 hleðsla 63°59.146N 22°21.491V
Lítil hleðsla er í Strandarheiði neðan við Reykjanesbraut, á sama hól og varða 105. Hleðslan er um 30 m norðan við vörðuna og um 2,2 km sunnan við Efri-Brunnastaði 001.
Hleðslan er nyrst á hraunhól í heiðinni. Grasi gróið dalverpi er austan við hana.
Hleðslan er um 2x1 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 0,5 m á hæð og í henni má greina 2 umför. Frá suðurenda hennar liggur 2 m löng grjótröð til suðurs og er hún sennilega hluti af hleðslunni. Hleðslan er mosa og skófum vaxin en virðist ekki mjög gömul. Hlutverk hennar er ekki þekkt.



Hleðsla 086, horft til vesturs



Hleðsla 086

Hættumat: engin hætta

GK-130:087 *Brunnastaðaselsstígur* gata leið 63°58.752N 22°19.435V
"Þegar farið var í selin frá Brunnastaða- og Hlöðuneshverfi og eins til smölunar var farið um einstigi eða klif á Klifgjá og líklega dregur gjáin nafn sitt af því. Klifið var á gjánni í stefnu frá Kánabyrgi [Gangnabyrgi 079] á Gjásel [082] ... En fyrir nokkrum árum hrundi úr gjárveggnum yfir einstigið svo nú þarf að ganga yfir gjána hægra megin við það. Rétt neðan og norðan Klifsins eru þrjú greni sem kölluð eru Selstígsgrenin," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Í sama riti segir: "Brunnastaðaselsstígur lá frá bæ í selið og þá líklega sami stígur og lýst var sem smalaleiðinni hér á undan [sjá 101], þ.e. leiðin um Kánabyrgi [Gangnabyrgi 079] Einiberjahóla, Gjásel [082] og Brunnastaðasel [095]." Leið 101 er skráð frá Hrafnagjá á nokkuð löngum kafla til SSA. Óvíst er að sú leið sé sama leið og Brunnastaðaselsstígur en þær gætu hafa tengst. Brunnastaðaselsstígur sést að öllum

líkindum um 300 m norðan við Gjásel 082 og 1,3 km NNV við Brunnastaðasel 095. Leiðarinnar var fyrst leitað árið 2000 í sambandi við breikkun Reykjanesbrautarinnar sem þá stóð fyrir dyrum. Minjar um leiðina fundust ekki næst brautinni.

Leiðin liggur um hraun sem er víða gróið mosa og sumstaðar grasi.

Við aðalskráningu fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum árið 2013 sást selsstígurinn á talsvert löngum kafla í Strandarheiði, frá Klifgjá og áleiðis að Gjáseli 082 og Brunnastaðaseli 095. Leiðinni var fylgt á um 1 km löngum kafla þar sem hún sést slitrótt. Hún stefnir norðvestur-suðaustur og sést víðast sem fjárgata. Leiðin er hvað greinilegust á kaflanum sem skoðaður var norðvestan við Klifgjá þar sem götur liggja sitt hvorumegin við hól. Uppi á hólnum er vörðubrot 061. Hóllinn er 200 m norðvestan við gjána og er gróið í kringum hann. Þar sjást tvær mjóar götur saman. Göturnar sem liggja vestan við hólinn hverfa fljótlega til suðurs en göturnar sem liggja austan við hólinn halda áfram til suðvesturs yfir Klifgjá. Þar hverfa þær á 300 m löngum kafla og sjást svo aftur slitrótt á um 400 m löngum kafla. Ekki virðist líklegt að leiðin hafi greinst við hólinn því óvíða var hægt að komast yfir gjána.



Götur á Brunnastaðaselsstíg 087 austan við hól, horft til suðausturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 79-80, 84

GK-130:088 gata leið
63°56.739N 22°16.343V

"Í Brúnum ofan og austan við Brunnastaðasel [095] stendur Hemphóll [050] eða Hemphólar en þar áðu smalarnir úr Brunnastaðahverfi um leið og skipt var í leitir. Smalaleiðin lá skammt norðan við Brunnastaðasel og á Hemphól," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Götur sem tilheyra leiðinni sjást á stuttum kafla um 600 m suðaustan við Brunnastaðasel 095 og þar er einnig varða við leiðina.



Varða við leið 088, horft til norðvesturs

Leiðin liggur um mosavaxna hraunheiði. Gras vex upp úr mosanum þar sem leiðin var skoðuð.

Leiðinni var fylgt á um 100 m löngum kafla þar sem hún liggur norður-suður. Þar sem leiðin var skoðuð sjást 2-3 götur á um 5 m breiðu svæði. Göturnar eru grónar og eru 0,1 m á breidd og dýpt. 40 m ofar eða sunnan við suðurenda gatnanna er varða. Hún er á klöpp í heiðinni suðaustan við stóran dal eða laut. Varðan er skófum vaxin og er um 0,7 m í þvermál og 0,6 m á hæð. Í henni sjást 3 umför.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 85

GK-130:089 *Stapahóll* heimild um legstað
63°57.318N 22°17.686V

Í ritinu Frásögur um fornaldarleifar segir: "Í Búfjárhögum Brunnastada er Haugur sem þeckjanleg gömul Mannaverk eru á, Stapa Hóll /nefndur/." Hóllinn er um 430 m suðvestan við Gjásel 082 og um 6,6 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001. Hóllinn er einnig nefndur Stapaþúfa eða Stapaþúfuhóll eins og fram kemur í bókinni Örnefni og gönguleiðir.

Hóllinn er í mosagróinni hraunheiði og stendur hátt í henni. Grónir flekkir er í kring og grjótbreiður. Mjó hraunsprunga er fáum metrum suðaustan við hann.



Stapahóll 089, horft til suðvesturs

"Hann er krínglottur, 14 Fadmar ummhverfis ad nedan, 3ia Fadma hár, 2ia Fadma umhverfis ad efra, með

grióthledslulogum hér og þar nærfelldt í Kríng." Hóllinn er um 6 m í þvermál og 2-2,5 m á hæð. Hann er strýtulaga og er gróinn efst en þar er hundaþúfa. Mögulega er varða þar undir gróðrinum en engin sýnileg mannaverk eru á hólnum og minnir hóllinn ekki á haug.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: FF, 240; SG: Örnefni og gönguleiðir, 82

GK-130:090 *Brunnastaðaselsvatnsstæði* heimild um vatnsból
"Heimildir eru til um Brunnastaðaselsvatnsstæði ofan og sunnan selsins [095]," segir í Örnefni og gönguleiðir. Ekki er vitað hvar vatnsstæðið er og fannst það ekki við leit í hrauninu sunnan við selið.
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 84

GK-130:091 *Brunnastaðakot* bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 kemur fram að Brunnastaðakot hafi verið hjáleiga Brunnastaða. Þar var tvíbýli árið 1703. Ekki fengust upplýsingar um það hvar Brunnastaðakot stóð og því reyndist ekki unnt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju. Jón Haukur Aðalsteinsson, heimildamaður, hefur skoðað búnaðarskýrslur fyrir Vatnsleysuströnd og í þeim er Brunnastaðakots getið 1779 og 1780 en ekki eftir það. Má ætla að kotið hafi þá lagst í eyði. Að sögn Jóns Hauks er Suðurkots fyrst getið í búnaðarskýrslu 1781 og eru ábúendur þar þeir sömu og voru árið áður ábúendur í Brunnastaðakoti. Það gæti bent til þess að nafni Brunnastaðakots hafi verið breytt í Suðurkot 1781. Hins vegar er Brunnastaðakots og Suðurhúsa beggja getið í Jarðabókinni 1703 og er afar líklegt að Suðurkot sé sama býli og Suðurhús. Mælir það gegn því að Brunnastaðakot sé sama býli og Suðurkot.
Heimildir: JÁM III, 125

GK-130:092 *Stöðlakot* bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 kemur fram að Stöðlakot hafi verið hjáleiga Brunnastaða. Ekki fengust upplýsingar um það hvar Stöðlakot stóð og því reyndist ekki unnt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju.
Heimildir: JÁM III, 125-126

GK-130:093 hleðsla 63°59.258N 22°21.307V
Hleðsla er í Strandarheiði neðan við Reykjanesbrautina um 30 m norðan við tóft 110 og um 2 km SSA við Efri-Brunnastaði 001.
Hleðslan er í hraunmóa sem er illa farinn af gróðureyðingu og uppblæstri.
Hleðslan er úr grjóti og er L-laga. Hún er um 2x2 m að stærð og 0,3 m á hæð. Í henni sjást 2 umför. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi mannvirkið var hlaðið en ef til vill hefur það verið notað sem skotbyrgi. Það virðist ekki vera mjög gamalt en aldur þess er ekki þekktur.
Hættumat: engin hætta



Hleðsla 093, horft til norðausturs

GK-130:094 *Vesturhús* bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Vesturhus, kölluð af sumum Stephanarkot, hefur í eyði legið í tvö ár ..." Ekki fengust upplýsingar um það hvar Vesturhús stóðu og því reyndist ekki unnt að staðsetja býlið með innan við 50 m skekkju.
Heimildir: JÁM III, 127

GK-130:095 *Brunnastaðasel* tóftaþyrping sel 63°56.998N 22°17.014V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Selstöðu hefur jörðin við fjallgarð, eru þar hagar litlir, en vatnsskortur að miklu meini, þegar þerrar gánga." Í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi segir: "Brunnastaðasel heita gamlar selstöður frá Brunnastöðum. Þar má sjá allmörg tóttarbrot." Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Frá Gamla-Vogaseli höldum við austur af Vogaholtinu og að Brunnastaðaseli undir Brunnastaðaselsgjá ... Á efri gjárbarminum fyrir ofan selið er Brunnastaðaselsvarða. Heimildir eru til um Brunnastaðaselsvatnsstæði [090] ofan og sunnan selsins. Selstæðið er stórt og fallegt, snýr í norðvestur, og blasir við af Reykjanesbrautinni þegar ekið er um Stapann og inn úr. Af seljunum í heiðinni er Brunnastaðasel fjærst

byggðinni. Upp undir gjánni eru nokkrar gamalgrónar tóftir en aðeins norðar og neðar í grasblettinum eru tvær til þrjár nýrri. Í þröngri gjánni sjáum við litla kví óskemmda með öllu og hafa gjárveggirnir verið notaðir sem aðhald þegar ærnar voru reknar inn á mjaltatíma." Brunnastaðasel er um 1 km suðaustan við Gjásel 082 og 7,4 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001. Í selinu eru að líkindum tvö selstæði.

Selið er norðan undir gróinni brekku í litlu selstæði. Jarðvegsrof umhverfis selstæðið ógnar minjunum.



Tóftir á selstæði I í Brunnastaðaseli 095

Minjarnar eru á svæði sem er um 170x55 m að stærð og snýr norður-suður. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu hér á eftir. Svæðið skiptist í tvö selstæði. Selstæði I sem er umfangsminna og virðist vera yngra er nyrst á svæðinu en þar eru tóftir E og F. Selstæði II er á suðurhluta svæðisins, þar eru tóftir A-D og G. Það hefur tilheyrt Efri-Brunnastöðum. Selstæði I er um 110x110 m að stærð. Á því eru sem fyrr segir tvær tóftir á svæði sem er 20x10 m að stærð og snýr. Tóft E er á miðju selstæði I, um 130 m norðan við tóft A á selstæði II og 15 m VSV við tóft F. Hún er 11x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er sigin en hún vaxin miklu grænu grasi og útlínur hennar er enn greinilegar þó að innanmál hólfa sé orðið ógreinilegt. Hún skiptist í þrjú greinileg hólf og mögulega er fjórða hólfið í norðvesturendanum en þar sést óljóst móta fyrir innanmáli hólfs sem er 2x1 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er torf- og grjóthlaðin en ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Hólf I er í suðausturenda. Það er um 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Norðaustan við það er hólf II sem er um 2x1 m að innanmáli og snýr eins og hólf I. Op eru á þessum báðum hólfum til suðvesturs. Hólf III er eingöngu grjóthlaðið og eru veggir þess mjög signir. Það er norðaustan við hólf I og er um 4x1 m að innanmáli. Það snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést op á því. Ógreinileg tóft F er um 15 m ANA við tóft E. Hún er einföld og er um 5x2,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hún er hlaðin norðvestan í gróinn hól og er að mestu úr stórgrýti. Óljóst op er á henni í norðurhorni. Mesta hæð veggja er um 0,3 m.



Tóftir á selstæði II í Brunnastaðaseli 095



Selstæði I: Á vinstri mynd er seltóft 095E, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er óljós tóft 095F, horft til suðausturs

Selstæði II er um 120x130 m og snýr austur-vestur. Á því eru fimm tóftir á svæði sem er um 70x50 að stærð og snýr norður-suður. Tóft A er stór og stæðileg á grænum hól sunnarlega á selstæðinu. Mikill gróður er í tóftinni og í kringum hana og utanmál tóftar og innanmál hólfa er nokkuð skýrt sem gefur til kynna að hún sé ekki mjög forn. Tóftin er 13x9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er L laga og skiptist í þrjú hólf. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og sést grjót lítillega í innanverðum veggjum en fjöldi umfara sést ekki vegna gróðurs. Mesta hæð veggja er um 1 m. Hólf I er í suðurhorni tóftar. Það er um 2x1,5 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því til norðvesturs. Hólf II er í austurhorni tóftar, norðaustan við hólf I. Það er um 3x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til suðvesturs. Hólf III er norðvestan við hólf II. Það er um 1x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur eins og hólf II. Op er einnig á því til suðvesturs. Ekki eru sýnileg op á milli hólfa í tóftinni. Tóft B er fast sunnan við tóft A. Hún er sigin en innanmál og op eru enn vel greinileg. Tóftin virðist vera þrískipt og er torf- og grjóthlaðin. Hún er um 9x6 m að stærð og snýr ANA-VSV. Grjót sést í innanverðum veggjum en ekki sést fjöldi umfara. Mesta hæð veggja er um 0,5 m. Hólf I er í ANA enda tóftarinnar. Það er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Vestan við það er hólf II. Það er um 1x1 m að innanmáli. Op er á þessum báðum hólfum til NNV. Óljóst hólf III er VSV við hólf II og er það um3,5x1,5 m að



Selstæði II: Á vinstri mynd er tóft 095D í forgrunni en tóft 095A er litlu fjær, horft til suðausturs. Á hægri mynd er kvíatóft 095G í gjá, horft til ANA

innanmáli og snýr SSA-NNV. Op á því er til norðurs.
Lítil tóft C er hlaðin utan í aflíðandi brekku 10 m VSV við tóft B. Hún er einföld og virðist hún vera torfhlaðin. Tóftin er 3x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Ekki sést skýrt op á henni en veggir eru mjög signir í suðurhluta tóftarinnar þar sem kann að hafa verið op.
Tóft G er grjóthlaðin kví í gjánni ofan við selið, um 40 m suðaustan við tóft A. Hún er einföld og er gróin að utan. Op er á henni til suðvesturs. Hún er um 4x2,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m og mest sjást 3 umför í hleðslum. Tóft D er á lágum hól um 30 m NNV við tóft A. Hún er einföld og er 5x7 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í norðvesturenda. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og

grasi gróin. Hún er hæst í suðausturenda þar sem hún er um 0,6 m á hæð en lækkar til suðausturs. Óljóst má greina eldra mannvirki undir tóftinni og virðist vera hólf sem tilheyrir því suðvestan við tóftina sem er 2x2 m að innanmáli og er op á því til norðvesturs.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: JÁM III, 124; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 73; SG: Örnefni og gönguleiðir, 84; http://www.ferlir.is/?s=selfjarborgir&naid=1848



Efri-Brunnastaðavör 096, horft til suðvesturs

GK-130:096 *Efri-Brunnastaðavör* renna lending 64°00.220N 22°22.463V
"Bærinn [Naustakot GK-134] var í upphafi reistur í grennd við (Yngri-) eða Efri-Brunnastaðavör og Gömlu- (eða Neðri-) Brunnastaðavör [097], sem er steinsnar norðar," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Efri-Brunnastaðavör er um 200 m VSV við Efri-Brunnastaði 001 og 50 m sunnan við Gömlu-Brunnastaðavör 097.
Sendin klapparfjara.
Vörin er grunn renna sem er um 30 m að lengd og 5-8 m á breidd. Hún liggur norðaustur-suðvestur. Grjóti úr vörinni virðist hafa verið hlaðið meðfram norðaustur-langhlið rennunnar. Rennan er full af þangi.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 28

GK-130:097 *Gamla-Brunnastaðavör* renna lending 64°00.244N 22°22.474V
"Bærinn [Naustakot GK-134] var í upphafi reistur í grennd við (Yngri-) eða Efri-Brunnastaðavör [096] og Gömlu- (eða Neðri-) Brunnastaðavör, sem er steinsnar norðar," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Í örnefnalýsingu Traðarkots GK-136 segir: "Uppsátur [057] á Traðarkotið ofan við sjávarkampinn beint upp af Háuklöppum, lendingu í Brunnastaðavörinni gömlu fyrir ofan sjávarkampinn."Vörin er um 90 m sunnan við Neðri-Brunnastaði 003, 330 m vestan við Traðarkot og um 50 m norðan við Neðri-Brunnastaðavör 096.
Er í sendinni klapparfjöru.
Vörin er rudd og var hlaðið meðfram henni að norðvestanverðu. Hún er 20-30 m á lengd, 5 m á breidd, og snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi 28; Ö-Traðarkot, 4



Gamla-Brunnastaðavör 097, horft til suðvesturs

GK-130:098 *Miðgarður* bæjarstæði bústaður 64°00.342N 22°22.421V
"Við sjávarkampinn neðst í neðri-Brunnastaðatúni (Norðurtúni) stóð Miðgarður, sem fór úr byggð á seinustu árum 19. aldar. Bæjarstæðið sjálft er horfið í kampinn og sést ekki," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Grófleg staðsetning býlisins og kálgarður sem hefur sennilega tilheyrt því er merkt inn á túnakort frá 1919 Jóhann Sævar Símonarson, heimildamaður, man eftir því að beðaslétturnar sæjust í kálgarðinum en ekki gerði í kringum hann því svæðið var komið í tún í hans minni.
Mikill sjóvarnargarður er á mörkum túna og klapparfjöru þar sem býlið var.
Minjar um býlið eru horfnar vegna landbrots.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 31; Túnakort 1919

GK-130:099 *Neðri-Brunnastaðabrunngata* heimild um leið 64°00.293N 22°22.451V
Á kort sem sýnir býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi er merkt Neðri-Brunnastaðabrunngata. Leiðin lá um tún frá Neðri-Brunnastöðum 003 að brunni 007.
Mikið rask hefur orðið á svæðinu vegna byggingaframkvæmda og sjóvarnargarðs.
Engin ummerki sjást um brunngötuna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið

GK-130:100 *Heiðargata* heimild um leið 64°00.260N 22°22.183V
Á kort sem sýnir býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi er merkt Heiðargata. Heiðargatan er undir malarvegi sem liggur að Brunnastaðabæjunum 001 og 003, Austurkoti GK-133 og Traðarkoti GK-136. Sjávargata Traðarkots lá um Heiðargötu en í örnefnaskrá Traðarkots segir: "Sjávargatan liggur eftir [Traðarkotsstígnum 136:008], síðan eftir Brunnastaðaafleggjaranum niður á sjávarkampinn við Brunnastaðasund þar sem Traðarkot á uppsátur [057]."Heiðargatan og Sjávargata Traðarkots eru skráðar saman undir einu númeri.
Mishæðótt tún.
Engin ummerki sjást um Heiðargötuna eða Sjávargötuna í túninu vegna vegagerðar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið; Ö-Traðarkot, 2

GK-130:101 *Heljarstígur* gata leið 63°58.585N 22°19.585V



Heljarstígur 101, horft til norðvesturs

"Heljarstígur heitir einstigi yfir Hrafnagjá spölkorn suðvestan við Kánabyrgi [Gangnabyrgi 079] og rétt suðaustan Viðauka, þar er tæp gata og djúpar gjár til beggja handa. Nokkuð fyrir innan Heljarstíg er önnur gata yfir gjána [sjá 024] sem gæti heitið Kúastígur og þá Kúastígur í Brunnastaðalandi til aðgreiningar frá Kúastíg Vogamanna [...]," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Heljarstígur yfir Hrafnagjá er um 300 m sunnan við Kánabyrgi/Gangnabyrgi 079 og um 3,8 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001.
Sýnilegur hluti leiðarinnar liggur að mestu í grasi grónum móa innan um hraunhóla og yfir Hrafnagjá. Línuvegur er um 10 m norðvestan við leiðina og liggur að líkindum yfir hana.
Leiðinni var fylgt þaðan sem hún sést fyrst, skammt suðaustan við línuveg. Þaðan liggur ógreinileg gata á um 30 m löngum kafla til austurs en svo beygir gatan lítillega til suðausturs og liggur um grasigróna laut niður að Hrafnagjá. Þegar yfir gjána er komið er óljósum troðningi fylgt til suðurs yfir hraunhellur þar sem ekki er mosagróið, að grasi vaxinni laut undir hraunkambi. Þegar komið er upp á þann hraunkamb er óljóst hvert leiðin stefnir. Leiðin sést á um 140 m löngum kafla á þessu svæði og er gatan breiðust um 0,5 m og dýpst um 0,3 m. Að líkindum sést þessi leið aftur fast við vörðubrot 106 sem ógreinileg gata í mosavöxnu hrauni. Leiðin stefnir þar til SSA og heldur áfram yfir móa og gjá í Huldum (næstu sunnan við Hrafnagjá). Leiðinni var fylgt á um 600 m löngum kafla á þessu svæði en hún sést halda áfram suður á heiðina. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir að farið hafi verið frá Kánabyrgi 079 til smölunar upp heiðina og um Huldur og kann þetta að vera leiðin (eða ein af leiðunum) sem farin var í þeim tilgangi. Heljarstígur er skammt frá Kánabyrgi og leiðin sem rakin var á vettvangi liggur svo um Huldur. Í sömu bók segir einnig að Brunnastaðaselsstígur 087 sé líklega sami stígur og þessi smalaleið en það er óvíst.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 78, 84

GK-130:102 varða
63°58.768N 27°19.726V
Stór varða er í Strandarheiði ofan við Reykjanesbraut. Hún er um 220 m norðvestan við Gangnabyrgi/Kánabyrgi 079 og um 3,4 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001.
Varðan stendur lágt á helluhrauni, norðan við rofabarð. Frá þessum stað sést vel til vesturs og suðvesturs en varðan sjálf sést ekki vel úr fjarlægð. Lágur hólakragi er í kringum vörðuna nema til vesturs.



Varða 102, horft til norðurs

Varðan er mikil um sig, um 1,4x1,2 m, snýr austur-vestur, og er um 1,2 m á hæð. Í henni er stórt og meðalstórt grjót, skófum og mosa vaxið. Hleðslan er ekki vönduð. Hægt er að sjá 5 umför. Varðan er hringlaga í botninn og mjókkar upp. Nokkuð hefur hrunið úr henni. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: engin hætta



Varða 103, horft til suðvesturs

GK-130:103 varða
63°58.632N 22°19.495V
Varða er í Strandarheiði, ofan við Reykjanesbrautina. Hún er fast norðan við línuveginn, um 200 m sunnan við Gangnabyrgi/Kánabyrgi 079 og um 3,8 suðaustan við Efri-Brunnastaði 001.
Varðan stendur á lágum klapparhól, alveg við línuveginn og því líkur til þess að hún sé ekki ýkja gömul. Frá þessum stað er gott útsýni til suðurs og austurs. Norðan og norðvestan við vörðuna er gróinn hraunmói en að öðru leyti eru hraunhólar og grónir móar á milli þeirra umhverfis vörðuna.
Varðan er ferköntuð, um 0,6 m á kant og um 1 m á hæð. Í vörðunni eru stórir og meðalstórir steinar, skófum og mosa vaxnir. Í henni sjást 5 umför. Nokkuð hefur hrunið úr vörðunni að norðan- og norðvestanverðu. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: engin hætta



Varða 104, horft til suðurs

GK-130:104 varða
63°58.617N 22°19.724V
Varða er í Strandarheiði, ofan við Reykjanesbrautina. Hún er um 300 m suðvestan við Gangnabyrgi 079, um 15 m norðvestan við línuveg og um 3,7 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001.
Varðan stendur á lágum hraunhelluhól, ekki hátt yfir umhverfinu. Gott útsýni er af þessum stað til allra átta. Hraunhelluhólar og grónir móar á milli þeirra.
Varðan er hringlaga, um 1,3 m í þvermál, og um 1 m á hæð. Grjótið í henni er meðalstórt og skófum vaxið. Hleðslan er óvönduð, 4 umför eru sýnileg. Varðan er breið og mjókkar lítið upp. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: engin hætta



Varða 105, horft til norðausturs

GK-130:105 varða
63°59.128N 22°21.500V
Hrunin varða er í Strandarheiði, neðan Reykjanesbrautar, um 70 norðan við vörðubrot 109 og 2,2 km sunnan við Efri-Brunnastaði 001.
Varðan er á mosagrónum hraunhól í heiðinni.
Varðan er 1,5x1,5 m að stærð og 1 m á hæð. Þó að hleðslurnar séu að nokkru leyti hrundar má greina 4-5 umför í henni enn. Grjótið í henni er meðalstórt og skófum vaxið. Varðan virðist ekki mjög forn. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin.
Hættumat: engin hætta

GK-130:106 varða 63°58.428N 22°19.359V
Vörðubrot er í Strandarheiði ofan við Reykjanesbraut. Það er um 600 m suður af Gangnabyrgi 079 og um 4,1 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001.



Vörðubrot 106, horft til suðvesturs

Vörðubrotið er á sléttri hraunhellu sem er mosagróin á jöðrunum. Hellan stendur nær ekkert upp úr umhverfinu og varðan hefur ekki sést víða að. Í kring er mosavaxið og hraunhólar á allar hliðar en landið lækkar lítillega til suðausturs.
Vörðubrotið er í raun aðeins 7 steinar sem liggja saman á jaðri hraunhellunnar. 6 steinar eru neðst og einn stór steinn ofan á þeim. Vörðubrotið er um 1 x 0,6 m, snýr suðaustur-norðvestur og er um 0,3 m á hæð. Neðstu steinarnir eru grónir við hraunhelluna með mosa og þeir eru skófum vaxnir, stórir steinar og meðalstórir. Mögulega hefur varðan verið við leið 101 og varðað hana.
Hættumat: engin hætta

GK-130:107 varða
63°68.158N 22°19.308V
Varða er í Strandarheiði ofan við Reykjanesbrautina. Hún er um 500 m sunnan við vörðu 106 og um 4,6 km SSA við Efri-Brunnastaði 001.
Varðan stendur á krosssprungnum hraunhelluhól, líklega vestan við austustu Huldugjá (óvíst). Milli hraunhóla er gróið, varðan stendur ekki hátt.
Varðan er um 1 m í þvermál og er um 0,5 m á hæð. Hleðslan er sigin en 3 umför sjást. Grjót í vörðunni er skófum og mosa vaxið. Varðan er hringlaga í botninn. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: engin hætta



Varða 107, horft til norðvesturs

GK-130:108 náma rista
63°59.308N 22°20.807V



Meint torfristusvæði 108, horft til norðausturs

Norðaustan í Langholti, um 55 m suðaustan við Nyrðri-Brunnastaðalangholtsvörðu 071, er grasi gróinn bolli í annars lítt grónu og berangurslegu holtinu. Þar mótar fyrir ristu. Meint torfristusvæði er um 2,1 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001.
Bollinn er grasi gróinn en umhverfis er blásið hraun.
Bollinn er um 25 m í þvermál og hringmyndaður. Á tveimur stöðum mótar fyrir ristu, á öðrum staðnum eru opin ógróin og köntuð sár í svörðinn en á hinum gróinn kantaður skurður. Skurðirnir eru um 5x6 m. Mögulegt er að um rof sé að ræða, en virðist þó tilkomið af manna völdum.
Hættumat: engin hætta

GK-130:109 varða
63°59.089N 22°21.504V
Um 390 m VSV við Syðri-Brunnastaðalangholtsvörðu 072 og 2,2 km sunnan við Efri-Brunnastaði 001 eru vörðubrot og hleðslur á háu, skeifulaga hraunholti.
Umhverfis er hálfgróið hraun.



Vörðubrot og hleðslur 109

Vörðubrotin og hleðslurnar eru austast á holtinu. Um er að ræða þrjár aðskildar grjóthrúgur eða hleðslur á svæði sem er um 7x1,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Austast er vörðubrot, um 1x1 m að stærð og kantað. Hæð þess er mest um og 0,3 m. Um 2,5 m vestan við brotið er grjóthrúga, mögulega einnig vörðubrot, en hrunið út. Hún er um 1x1 að stærð og 0,3 á hæð. Um 1 m vestan við grjóthrúguna er fjórum köntuðum steinum raðað saman í stokk.
Hættumat: engin hætta



Horft til norðurs yfir vörðubrot og hleðslur 109

GK-130:110 tóft
63°59.242N 22°21.306V



Tóft 110

Lítil grjóthlaðin tóft er í Strandarheiði neðan við Reykjanesbraut um 240 m norðvestan við Syðri-Brunnastaðalangholtsvörðu 072 og um 2 km SSA við Efri-Brunnastaði 001.
Tóftin er á norðvesturbrún lítils holts í hraunmóa. Hann er illa farinn af gróðureyðingu og uppblæstri en grösug laut er norðvestan undir holtsbrúninni.
Tóftin er einföld og eru hleðslur í veggjum hrundar. Tóftin er egglaga og er um 3x2 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést op á tóftinni. Veggir hennar eru 0,6 m á hæð og mest sjást 4 umför. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en mögulega er hér um smalakofa að ræða.
Hættumat: engin hætta



Tóft 110, horft til norðausturs

GK-130:111 náma mógrafir
63°59.215N 22°21.174V
Lítið mógrafasvæði er í Strandarheiði neðan við Reykjanesbraut um 115 m suðaustan við tóft 110 og 120 m norðvestan við Syðri-Brunnastaðalangholtsvörðu 072. Svæðið er um 2,2 km SSA við Efri-Brunnastaði 001.
Grasi gróinn blettur í hraunmóa sem er illa farinn af gróðureyðingu og uppblæstri.
Mógrafasvæðið er um 9x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mógrafirnar eru grónar og þurrar og eru þær dýpstar um 1 m.
Hættumat: engin hætta



Mógrafir 111, horft til norðausturs

GK-130:112 varða
63°59.843N 22°20.921V
Hrunin varða er suðaustan við Skjaldarkotslágar, um 70 m SSV við Fornastekk 033 og 1,3 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001.
Varðan er á hól í hraunmóa sem hefur verið græddur upp og sléttaður á köflum. Svæðið er nýtt til fjárbeitar.
Varðan er ílöng, 1,5x1 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 0,6 m á hæð og má greina í henni 2-3 umför. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en hún er á núverandi merkjum á móti Hlöðunesi og kann að vera landamekjavarða.
Hættumat: engin hætta



Varða 112, horft til austurs

GK-130:113 tóft 63°59.932N 22°21.233V



Tóft 113



Tóft 113, horft til norðvesturs

Lítil tóft er fast norðvestan við/neðan við Strandarveg/Gamlaveg 641:011 og 1 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 001. Er hún af kofa frá þeim tíma þegar mjólk sem framleidd var á Vatnsleysuströnd var sótt á mjólkurbíla og hún seld í Hafnarfirði og Reykjavík. Mjólkurbrúsarnir voru geymdir í litlum kofum við veginn þangað sem þeir voru sóttir.
Tóftin er í hraunmóa.
Tóftin er um 4x4 m að stærð og er op á henni á suðvesturhlið. Grjót úr veggjum tóftarinnar virðist hafa verið rifið og kann að hafa verið notað í vegabætur. Í miðri tóftinni er gróin bunga sem sýnir innanmál hennar og utan við hana er jarðlægt grjót úr neðstu hleðslum veggja. Í bókinni Strönd og vogar eftir Árna Óla kemur fram að mjólkursala af Vatnsleysuströnd hafi hafist upp úr því að vegarsambandi var komið á milli Keflavíkur og Reykjavíkur 1912. Í bók Guðmundar Jónssonar, Mannlíf og mannvirki, er kafli um Mjólkurfélag Vatnsleysustrandarhrepps sem var stofnað formlega árið 1921. Stofnendur félagsins voru 14 bændur frá Auðnum að Hvassahrauni. Fyrstu árin var mjólkin flutt á hestvagni til Hafnarfjarðar en keyptur var vörubíll til flutninganna seinna sama ár. Mjólkursala frá Vatnsleysuströnd lagðist af árið 1959.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Árni Óla: Strönd og vogar, 165; GJ: Mannlíf og mannvirki, 391-394

GK-130:114 *Skjaldarkotslágarvarða* varða 64°00.004N 22°21.442V



Skjaldarkotslágarvarða 114, horft til vesturs

Fornleg varða er um 205 m vestan við vörðu 115 og um 830 m suðaustan við Efri-Brunnastaði 001. Staðsetning hennar er sýnd á korti af neðri hluta Strandarheiðar sem fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Á úrvinnslustigi benti Jón Haukur Aðalsteinsson, heimildamaður, á að í jarðaskoðun sem gerð var árið 1751 og má finna í skjölum Rentukammersins í Þjóðskjalasafni Íslands sé getið um afgirt haglendi í Skjaldarkotslágum. Jón Haukur hefur tekið eftir leifum af hlöðnum garði sem endar við Skjaldarkotslágarvörðu og má vera að þar sé kominn garðurinn sem hlaðinn var umhverfis hagann.
Á grónum hól í hraunmóa sem er gróinn á köflum. Tún er sunnan við vörðuna.
Varðan er sigin og gróin og grjót hefur verið tekið úr henni og raðað undir girðingu. Hún er um 1,5 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara. Ekki er ljóst hvaða hlutverki varðan gegndi. Jón Haukur, heimildamaður, greindi leifar af garði á 40-50 m löngum kafla þar sem hann liggur til austurs frá vörðunni. Hann er 1,2 á breidd en jarðlægur þannig að hann stendur lítið sem ekkert upp úr sverði. Ekki er hægt að slá því föstu að garðurinn sé sá sami og girti af hagann sem nefndur er

1751 án frekari rannsókna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Neðri hluti Strandarheiðar

GK-130:115 varða
64°00.027N 22°21.194V
Varða er um 205 m austan við vörðu 114 og um 960 m suðaustan við Efri-Brunnastaði 001.
Varðan er á hól í hraunmóa. Á köflum eru holmóar. Tún er suðvestan við vörðuna og gamalt girðingarstæði er um 10 m norðaustan við hana.
Varðan er ferköntuð. Hún er um 1,2 m á kant og 1,2 m á hæð. Í henni sjást 4-5 umför og er grjótið í henni skófum vaxið. Varðan stendur enn vel en grjót er farið að hrynja úr henni til austurs. Hlutverk hennar er ekki þekkt en hún er á núverandi merkjum á móti Hlöðunesi og kann að vera landamerkjavarða.
Hættumat: engin hætta



Varða 115, horft til suðurs

GK-130:116 *Hausabyrgi* gerði herslubyrgi



Hausabyrgi 116A og minni herslubyrgi 116B-D

63°59.965N 22°22.541V
"Inni á landi var einnig svonefnt Hausabyrgi er hlaut nafn sitt af fiskhausum sem í því voru þurrkaðir. Ragnar Ágústsson í Halakoti segir það hafa staðið umhverfis slétta klöpp miðja vegu milli Töðugerðis [131:011/012] og Töðugerðisvörðu eða Halakotsvörðu [045]," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Hausabyrgi og þrjú önnur sambærileg herslubyrgi eru 112 m suðaustan við Töðugerðisbæina 131:011 og 131:012 og 60 m norðan við Töðugerðisvörðu 045.
Byrgin eru í allgrónum hraunmóa litlu sunnan við veg sem liggur að sumarbústað í túni Grundar 016.
"Segir Ragnar, að inn í sjálfu byrginu, sem og öðrum álíka, hafi verið einfaldir grjótgarðar sem vel gustaði um til þess að flýta fyrir þurrkun fiskhausa sem á þá voru settir. Í þessum byrgjum, sem sum hver voru opin, en fjárheld, fékkst skjót og góð þurrkun þess fiskjar sem í þau var lagður," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Fjögur byrgi eru á svæði sem er um 68x42 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Byrgin fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu hér á eftir. Almennt má segja um þau að þau eru grjóthlaðin og eru hleðslurnar í þeim hvergi breiðari en 0,5 m og hæð þeirra 0,2-0,5 m. Í þeim sjást 1-3 umför. Stærsta byrgið A er það sem talað er um í heimildum sem Hausabyrgi. Það er nyrst á svæðinu, er 18x16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Byrgi A er nokkuð hringlaga en hleðslur meðfram norðausturhlið eru horfnar. Innan gerðisins eru grjótgarðar sem eru jarðlægir og hvergi breiðari en 0,5 m. Í suðurhluta gerðisins liggja garðarnir norðvestur-suðaustur en í norðurhlutanum liggja þeir austur-vestur. Gerði B er um 24 m SSA við gerði A. Það afmarkaði svæði sem er um 13x8 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hleðslur eru horfnar í ANA-enda og að miklu leyti meðfram NNV-hlið. Varða eða grjóthrúga er innan gerðis B, nærri VSV-enda þess. Hún er um 1,5 m í þvermál og 1 m á hæð. Jarðlæg grjótdreif er á miðju svæðinu sem gerðið afmarkaði. Gerði C er syðst á svæðinu, um 42 m sunnan við gerði A. Það er um 13x11 m að stærð og snýr VNV-ASA. Ekki eru hleðslur fyrir ASA-enda. Jarðlægt grjót er innan gerðisins, sér í lagi í ASA-hluta þess og þar er

jarðlæg grjóthleðsla sem er 2,5x2,5 m að stærð. Hún er ferköntuð en ekki er hlaðið meðfram suðausturhlið. Að lokum er gerði D sem er 24 m suðvestan við gerði A. Það er á sléttri klöpp. Gerðið er 10x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Það mjókkar lítillega í vesturenda. Ekki eru grjótgarðar sýnilegir innan þess en þar er smátt grjót sem gróið hefur yfir.
Hættumat: engin hætta



Á vinstri mynd er herslubyrgi 116B í forgrunni og Hausabyrgi 116A aftan við það, horft til NNV. Á hægri mynd er herslubyrgi D í forgrunni, horft til norðurs

Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 48

GK-131 Halakot

Hjáleiga Brunnastaða 1703. JÁM III, 125. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Halakot var ekki sérstök jörð fyrr en á fyrsta tug þessarar aldar. Mætti ætla að í upphafi hafi verið þarna tómthús frá Brunnastöðum og þá að Efri-Brunnastaðir [130:001] séu móðurjörð Brunnastaðahverfisins. Í lok 16. aldar, eru aðeins nefndir einir Brunnastaðir, einnig um 1700, en þá er talað um Brunnastaðakot [130:091] og Halakot sem hjáleigu. .... Hefur Halakot verið tómthús á suðurenda aðaljarðarinnar og þá leiguliða leyft að rækta út sem uppbót á landskuld." "Töðugerðisbæirnir svokölluðu, Suðurbær [012] og Norðurbær [011] (eða Grímsbær) syðst í Halakotstúninu, í Töðugerði, fóru í eyði á síðustu árum 19. aldar." Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 31.
1919: Tún 2 teigar, garðar 870m2.

GK-131:001 *Halakot* bæjarhóll bústaður 64°00.081N 22°22.436V

"Að sögn heimamanna hefur Halakotsbærinn verið fluttur þrisvar sinnum. Fyrsta húsið stóð rétt við (eða ofan við) sjávarkampinn, skammt norðan við núverandi sjávarhús," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Halakot hefur verið byggt upp að minnsta kosti fjórum sinnum (ný íbúðarhús) og það á fjórum stöðum. Fyrst var Halakot niðri við sjó norðaustur af uppsátrinu [sjá 015] og síðan var byggt annað [002] sunnan við sjávargötuna [007], um það bil mitt á milli uppsátursins og núverandi Halakots." Elsti þekkti bærinn í Halakoti er um 60 m norðan við bæjarstæði 002. Að sögn Magnúsar Ágústssonar, heimildamanns, er baðstofugaflinn af elsta bænum í sjávarkampinum rétt innan við nýlegan sjóvarnargarð í norðvesturjaðri túnsins. Þar sjást hleðslur á tveimur stöðum.
Grýttur sjávarkampur á milli sjóvarnargarðs og túns.



Hleðslur á bæjarstæði Halakots 001


Hleðsla á elsta bæjarstæði Halakots 001, horft til norðvesturs

Bæjarhóll er ekki sýnilegur. Hleðslurnar sem sjást eru á svæði sem er um 25x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Norðaustast á svæðinu er hlaðinn veggur A. Hann er um 9 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Veggurinn er um 1,5 m á breidd og sést ytri brún hans mót norðvestri aðeins um 0,2 m upp úr sverði en að suðaustan er hann um 0,7 m á hæð og sjást 4-5 umför. Um 7 m suðvestar er 7 m löng grjóthleðsla B á sjávarkampinum og þúst suðaustan og upp við hana. Kunna þetta að vera útihúsaleifar eða leifar af uppsátri. Hleðslan/veggurinn er um 7 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur og er um 1,1 m á breidd. Hún er um 1,3 m á hæð og er gróin. Ekki sést fjöldi umfara. Suðaustan við hana er þúst í halla, um 6x7 m að stærð en mjög óljós. Ekki er útilokað að um náttúrulega þúst sé að ræða. Fast suðvestan við suðvesturenda hleðslunnar er laust grjót sem líklega hefur tilheyrt Sjávargarði 130:040 og sést á um 2 m löngum kafla. Enn á eftir að nefna grjóthleðslu sem er um 10 m suðvestan við veggjahleðslur A og B. Hún er líklega einnig hluti af Sjávargarði 130:040 og er nánar lýst þar. Enginn bæjarhóll er sýnilegur og það hallar undan veggjum til suðausturs. Líklegt verður að teljast að megnið af þessu elsta þekkta bæjarstæði Halakots sé horfið vegna landbrots.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 29; GJ: Mannlíf og mannvirki, 197; Túnakort 1919

GK-131:002 *Halakot* bæjarstæði býli 64°00.050N 22°22.434V
"Að sögn heimamanna hefur Halakotsbærinn verið fluttur þrisvar sinnum. Fyrsta húsið [001] stóð rétt við (eða ofan við) sjávarkampinn, skammt norðan við núverandi sjávarhús," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Halakot hefur verið byggt upp að minnsta kosti fjórum sinnum (ný íbúðarhús) og það á fjórum stöðum. Fyrst var Halakot niðri við sjó [001] norðaustur af uppsátrinu [015] og síðan var byggt annað sunnan við sjávargötuna [007], um það bil mitt á milli uppsátursins og núverandi Halakots."Annað bæjarstæði Halakots er sýnt á túnakorti frá 1919 en þá er líka búið að reisa þriðja bæinn 003 sem einnig er sýndur á túnakortinu. Annað bæjarstæði var um 60 m sunnan við elsta bæinn 001 og 32 m vestan við þriðja bæjarstæðið 003.
Bærinn var í túni þar sem hefur verið byggð stór skemma og allt sléttað í kring.
Bærinn var torf- og grjóthlaðinn gangabær. Magnús Ágústsson, heimildamaður, man eftir hlóðaeldhúsi þar sem ullin var þvegin eftir að hætt var að búa í bænum. Í bókinni Mannlíf og mannvirki kemur fram að árið 1910 hafi þessi bær þótt svo hrörlegur að hann hafi þótt óíbúðarhæfur. Bæjartóftinni var rutt um í kringum 1963 eða 1964 og skemma byggð á sama stað. Engin ummerki eru sýnileg um bæinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 29; GJ: Mannlíf og mannvirki, 197; Túnakort 1919

GK-131:003 *Halakot* bæjarstæði býli 64°00.052N 22°22.394V



Bæjarstæði Halakots 003


Bæjarstæði Halakots 003, horft til vesturs

"Að sögn heimamanna hefur Halakotsbærinn verið fluttur þrisvar sinnum. Fyrsta húsið [001] stóð rétt við (eða ofan við) sjávarkampinn, skammt norðan við núverandi sjávarhús," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Halakot hefur verið byggt upp að minnsta kosti fjórum sinnum (ný íbúðarhús) og það á fjórum stöðum. Fyrst var Halakot niðri við sjó [001] norðaustur af uppsátrinu [015] og síðan var byggt annað [002] sunnan við sjávargötuna [007], um það bil mitt á milli uppsátursins og núverandi Halakots." Í sama riti kemur fram að þegar Ágúst Andrés Þorkell Guðmundsson og kona hans Þuríður Kristín Halldórsdóttir fluttu að Halakoti hafi Ágúst byggt timburhús, hæð og ris og tók hann við af bæ 002 sem þá var orðinn óíbúðarhæfur. Timburbærinn sem byggður var 1910 var um 32 m austan við bæ 002 og 65 m suðaustan við bæ 001.
Bærinn var þar sem nú er grasflöt sunnan við veg að skemmu og nýbýlinu Sunnuhvoli og norðan við fjárhús.
Þar sem bærinn stóð er þúst sem er um 8x5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Í NNV-jaðri sést móta fyrir grjóti og í miðri þústinni er steypt plata sem sést í að litlum hluta. Þústin er um 0,4 m á hæð. Á henni eru geymd gömul akkeri. Þústin mjókkar til SSA. Um 3 m vestan við þústina eru leifar af steyptri hlandfor frá því að fjós var þar á sama stað. Forin er 4x3 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Hún hefur verið fyllt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 29; GJ: Mannlíf og mannvirki, 197, 199

GK-131:004 heimild um útihús 64°00.049N 22°22.424V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús fast austan við bæjarstæði 002 og samfast kálgarði.
Útihúsið var þar sem nú er stór skemma.
Útihúsið er horfið vegna sléttunar 1963 eða 1964 engin ummerki sjást lengur og seinna var byggt á reitnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-131:005 heimild um þró 64°00.046N 22°22.411V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 20 m austan við bæ 001 og um 30 m norðan við brunn 008.
Þróin var í túnjaðri þar sem komið er malarplan suðaustan við stóra skemmu.
Engin ummerki um þróna sjást og hefur líklega verið sléttað yfir hana á sama tíma og hinar minjarnar á bæjarstæði 002.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-131:006 heimild um útihús 64°00.042N 22°22.417V
Samkvæmt túnakorti var tvískipt útihús um 20 m suðaustan við bæ 002 og um 30 m sunnan við brunn 008.
Útihúsið var í túnjaðri, líklega fast norðvestan undir lágri klöpp en eftir henni er nú vegarslóði að Sunnuflöt.
Engin ummerki sjást um útihúsið og er búið að slétta það í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-131:007 gata leið 64°00.049N 22°22.453V
Á túnakorti frá 1919 er gata sem liggur frá bæ 002 að Halakotsvör 020. Ógreinilegar minjar um götuna sjást í túni fast norðvestan við enda kálgarðshleðslu 010.
Leiðin liggur um tún sem er í rækt og upp á brún í túninu sem lækkar niður af til suðvesturs.
Samkvæmt Magnúsi Ágústsyni, heimildarmanni, var gatan hlaðin eða hellulögð og sjást steinar á dreif í túninu þar sem gatan lá og má sjá óljós ummerki um hana á svæði sem er um 20x1 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-131:008 brunnur brunnur 64°00.060N 22°22.417V



Brunnur 008, horft til norðurs

"Eftir Sigurjóni Sigurðssyni í Traðarkoti [GK-136] er haft, að fram undir 1908 hafi aðeins verið fjórir brunnar í Brunnastaðahverfi, innangarðs, þ.e. í Halakoti [sjá einnig 009], Neðri-Brunnastöðum [130:007], Skjaldarkoti [135:003] og Suðurkoti [132:011]. Utangarðs voru brunnar í Grund [130:016C/130:016I] og Vorhúsum [130:018C/130:018I]. ...Í (Neðri-) Brunnastaðabrunni gamla [130:007], sem af Hverfisingum er talinn elsti brunnurinn, voru steintröppur, og sömuleiðis í gamla Halakotsbrunni [009]," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Brunnur er um 20 m norðan við bæ 002 og um 30 m norðvestan við bæjarstæði 003.
Brunnurinn er í túni, fast norðaustan við malarveg sem liggur að fjöru og gömlu sjóhúsi sem byggt var 1930 eða 1940 og hefur verið endurgert. Brunnurinn er við brún í túni og lækkar það NNA við hann.
Þar sem brunnurinn er hefur verið steyptur upp ferkantaður stokkur og er hleri ofan á honum svo ekki sést ofan í hann. Ætla má að brunnurinn sé grjóthlaðinn og nokkuð heillegur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 41-42; Kort-Hlaðin mannvirki; Túnakort 1919

GK-131:009 *Gamli-Halakotsbrunnur* gryfja brunnur 64°00.070N 22°22.413V



Ógreinileg ummerki um Gamla-Halakotsbrunn 009, horft til VNV

"Eftir Sigurjóni Sigurðssyni í Traðarkoti [GK-136] er haft, að fram undir 1908 hafi aðeins verið fjórir brunnar í Brunnastaðahverfi, innangarðs, þ.e. Í Halakoti [sjá einnig 008], Neðri-Brunnastöðum [130:007], Skjaldarkoti [135:003] og Suðurkoti [132:011]. Utangarðs voru brunnar í Grund [130:016C/130:016I] og Vorhúsum [130:018C/130:018I]. ...Í (Neðri-) Brunnastaðabrunni gamla [130:007], sem af Hverfisingum er talinn elsti brunnurinn, voru steintröppur, og sömuleiðis í gamla Halakotsbrunni," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Gamli-Halakotsbrunnur er sýndur á korti sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir með ritgerðinni. Ummerki um brunninn eru um 24 m NNV við brunn 008 og 20 m suðaustan við bæ 001.
Í túni fast ANA við aflíðandi hæð.
Afgerandi lægð er í túninu þar sem ætla má að Gamli-Halakotsbrunnur sé undir sverði. Hún er um 1,5 m í þvermál og 0,2-0,4 m djúp. Fyllt hefur verið upp í brunninn eða hann fallið saman og svo hefur verið sléttað yfir hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 41, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-131:010 *Grímugarður* garðlag kálgarður 64°00.028N 22°22.439V



Grímugarður 010, horft til suðurs

"Að sögn heimamanna hefur Halakotsbærinn verið fluttur þrisvar sinnum. Fyrsta húsið [001] stóð rétt við (eða ofan við) sjávarkampinn, skammt norðan við núverandi sjávarhús. Næst var byggt [sjá 002] við svokallaðan Grímugarð, allfjarri sjó," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Þar segir einnig: "... Grímugarður, eftir Grímu sem var vinnukona í Halakoti, en bjó þar ekki að staðaldri, heldur hefur hún verið vertíðar- eða kaupakona." Kálgarðurinn er merktur inn á kort sem sýnir tún og kálgarða og fylgir ritgerðinni. Hann er einnig sýndur á túnakorti frá 1919. Leifar af kálgarðinum sjást um 10 m suðvestan við bæjarstæði 002.
Garðurinn er í sléttuðu túni sem er nýtt og er í rækt. Hann liggur frá litlu húsi og að bæjarstæði 002 og sést sem óslegin rönd í túninu.
Aðeins sést vesturveggur kálgarðsins en aðrir hlutar hans hafa verið rifnir. Veggurinn sem enn sést er um 30 m langur og liggur í dálítinn sveig frá norðri til suðurs. Megnið af grjótinu hefur verið tekið úr veggnum en enn sést steinn á stöku stað en ekki er steinn yfir steini. Garðurinn sést sem 1 m breiður ósleginn hryggur í túninu. Mesta hæð er um 0,2 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 29, 40, Kort-Tún og kálgarðar; Túnakort 1919

GK-131:011 *Töðugerðisbæir* bæjarstæði bústaður 64°00.007N 22°22.048V
(Norðurbær)

"Töðugerðisbæirnir svokölluðu, Suðurbær [012] og Norðurbær (eða Grímsbær) syðst í Halakotstúninu, í Töðugerði, fóru í eyði á síðustu árum 19. aldar," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Í bókinni Mannlíf og mannvirki segir að Töðugerði hafi lagst í eyði rétt eftir aldamótin 1900 en ekki er tiltekið hvor bærinn það var eða hvort það voru báðir bæirnir. Bæjartóft Norðurbæjarins er um 20 m norðaustan við Suðurbæinn 012 og um 220 m suðvestan við bæ 001.
Bærinn er fast sunnan við klapparfjöru og eru sjóvarnargarðar sitthvoru megin við hana. Tóftin er í túnjaðri Halakotstúns til norðurs.



Töðugerði, Norðurbær 011

Tóftin er þrískipt og snýr austur-vestur. Hún er torf- og grjóthlaðin og er um 10,5x10 m að stærð. Vesturhluti tóftarinnar er vel greinilegur og í honum eru þrjú hólf. Nyrst í henni er hólf I. Það er 3x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Í norðvesturhorni þess er op en hrunið hefur ofan í það. Einnig kann að hugsast að hlaðið hafið verið í opið til að verja tóftina fyrir landbroti. Grjóthlaðinn veggur er á milli hólfa I og II. Hólf II er sunnan við hólf I. Það er um 3x2 m að innanmáli og snýr eins og hólf I. Ekki sést op á milli hólfa. Hólf III er sunnan við hólf II og er fremur óljóst. Það er 3x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki sést op á því og er það vel gróið. Í austurhluta tóftarinnar er hólf IV sem er um 1x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki sést op inn í það og er það allt ógreinilegra en vesturhlutinn vegna hruns og sjóvarnargarðs austan við tóftina. Mesta hæð veggja í tóftinni er um 1 m og sjást 5-6 umför. Fast suðaustan við tóftina er allstór en lág og gróin klöpp. Ekki er hægt að útiloka að mannvistarleifar leynist þar undir sverði en engin skýr ummerki um þau sjást. Klöppin er 8x7 m að stærð og snýr ANA-VSV.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 31; GJ: Mannlíf og mannvirki, 196



Hólf I og II í tóft Norðurbæjar Töðugerðis 011, horft til norðurs

GK-131:012 *Töðugerðisbæir (Suðurbær)* bæjarstæði bústaður 63°59.999N 22°22.668V



Töðugerði, Suðurbær 012



Tóft Suðurbæjar Töðugerðis 012, horft til suðvesturs

"Töðugerðisbæirnir svokölluðu, Suðurbær og Norðurbær (eða Grímsbær) [011] syðst í Halakotstúninu, í Töðugerði, fóru í eyði á síðustu árum 19. aldar," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Í bókinni Mannlíf og mannvirki segir að Töðugerði hafi lagst í eyði rétt eftir aldamótin 1900 en ekki er tiltekið hvor bærinn það var eða hvort það voru báðir bæirnir. Bæjartóft Suðurbæjarins er um 20 m suðvestan við

Norðurbæinn 011 og um 240 m suðvestan við bæ 001.
Bæjartóftin er á milli sjóvarnargarðs og ræktaðs túns. Fjárgata liggur þvert yfir tóftina.
Tóftin er um 12x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í henni sést eitt hólf sem er 7x2,5 m að innanmáli en það mjókkar til norðvesturs og er þar 2 m á breidd. Tóftin er úr torfi og grjóti. Hún er yfirgróin en það sést vel í grjóthleðslur í báðum göflum. Mesta hleðsluhæð er 1,2 m og sjást 5 umför. Út frá suðurhorni gengur veggur til suðvesturs sem er 4 m á lengd. Veggurinn er gróinn og lágur og óvíst er hvort hann er hluti af öðru hólfi í tóftinni eða hvaða tilgangi hann þjónaði. Ekki er skýr inngangur eða op á tóftinni en hefur mögulega verið í vesturhorni hennar. Kálgarður 013 er fast suðvestan við tóftina.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 31; GJ: Mannlíf og mannvirki, 196

GK-131:013 *Töðugerðiskálgarður* gerði kálgarður 63°59.985N 22°22.673V
Töðugerðiskálgarður er merktur inn á kort sem sýnir tún og kálgarða og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Kálgarðurinn sést enn fast sunnan við Suðurbæ Töðugerðis 012.
Kálgarðurinn er á sléttu svæði milli lágra klapparhóla á milli fjörunnar og malarvegar sem liggur að sumarbústað í túni Grundar 130:016.
Umfangsmestu hleðslurnar eru fast suðvestan við bæjartóftina 012 en þar eru þær allt að 0,6 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Þær eru hrundar og ekki sést fjöldi umfara. Annarsstaðar er gisin röð af steinum, einföld röð. Grjótið afmarkar svæði sem er um 40x10 m og snýr norðvestur-suðaustur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Tún og kálgarðar


Leifar af Töðugerðiskálgarði 013, horft til norðvesturs

GK-131:014 *Brynjólfsbyrgi* heimild um herslubyrgi
64°00.077N 22°22.492V
Á korti sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi eru Brynjólfsbyrgi, Sjávarhús [016], Skipanaust [015] og Símonarbyrgi [017] sýnd fast við ströndina. Samkvæmt örnefnakorti sem fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi var Brynjólfsbyrgi fast norðan við sjávarhús sem enn stendur.
Öflugur sjóvarnargarður er á milli Brynjólfsklappar og sjávarhússins.
Líklegt er að byrgið hafi verið þar sem sjóvarnargarðurinn er en Magnús Ágústsson, heimildarmaður, sagði að það hefði farið í sjóinn. Engin ummerki um byrgið sjást.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-131:015 *Skipanaustin* heimild um naust 64°00.069N 22°22.499V
"Skipanaustin eru sunnan við [Sjávarhúsið 016]. Beint niður af Skipanaustunum er Halakotsvörin [020]," segir í örnefnalýsingu. Á korti sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi eru Brynjólfsbyrgi [014], Sjávarhús [016], Skipanaust og Símonarbyrgi [017] sýnd fast við ströndina. Naustið er líklega það sama og Skipanaustin. Naustin voru líklega um 55 m suðvestan við bæ 001 og um 65 m norðvestan við bæ 002.
Malarplan er suðvestan við sjóhús og þar á milli plans og fjöru til vesturs er öflugur sjóvarnargarður.
Samkvæmt Magnúsi Ágústssyni, heimildarmanni, er naustið horfið vegna landbrots og engar minjar um það sjást lengur á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Halakot, 2; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-131:016 *Sjávarhús* heimild 64°00.070N 22°22.494V
Á korti sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi eru Brynjólfsbyrgi [014], Sjávarhús, Skipanaust [015] og Símonarbyrgi [017] sýnd fast við ströndina. Líklegt er að sjávarhús sem sýnt er á túnakorti frá 1919 sé á sama stað og sjávarhús sem byggt var 1930-1940 og hefur verið gert upp. Það er um 45 m suðvestan við bæ 001 og um 60 m norðvestan við bæ 002.
Húsið er fast suðaustan við sjóvarnargarð og er malarplan í kringum það.

Engin ummerki um gamla húsið sjást og ætla má að það hafi verið rifið því húsið sem stendur á sama stað er steinsteypt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki; Túnakort 1919

GK-131:017 *Símonarbyrgi* heimild um herslubyrgi 64°00.064N 22°22.493V
Á korti sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi eru Brynjólfsbyrgi [014], Sjávarhús [016], Skipanaust [015] og Símonarbyrgi sýnd fast við ströndina. Símonarbyrgi var að líkindum 12 m sunnan við Sjávarhús 016 og 55 m norðvestan við bæjarstæði 002.
Malarplan er suðvestan við sjóhús og þar á milli plans og fjöru til vesturs er öflugur sjóvarnargarður.
Samkvæmt Magnúsi Ágústssyni, heimildarmanni, er Símonarbyrgi horfið vegna landbrots og engar um minjar um það sjást lengur á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-131:018 renna lending 64°00.022N 22°22.646V
Vör er um 30 m norðan við Norðurbæinn í Töðugerði 011.
Vörin er í grýttri klapparfjöru, nokkuð jafnlendri og lágri. Nyrst í vörinni er ljós skeljasandur.
Vörin er nokkuð greinileg. Hún er um 20x5-8 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Vestan við hana virðist grjóti hafa verið rutt upp á klappir. Hún er um 0,5 m á dýpt. Hún virðist breikka til norðurs en var skoðuð þegar var að flæða að þannig að hún sást ekki sem best. Leifar af keðju sem steypt er föst við klöpp sést litlu sunnan við vörina.
Hættumat: hætta, vegna landbrots



Lending 018, horft til NNV

GK-131:019 *Töðugerðisnaust* heimild um naust
63°59.993N 22°22.689V
Töðugerðisnaust er sýnt á korti sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Meint staðsetning Töðugerðisnausts er um 20 m suðvestan við Suðurbæ Töðugerðis 012.
Graslendi og sandur á milli tveggja sjóvarnargarða.
Ekki sést til minja um naustið og er það horfið vegna landbrots.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-131:020 *Halakotsvör* renna lending 64°00.085N 22°22.509V



Halakotsvör 020, horft til norðurs

Halakotsvör er við Brynjólfsklöpp og er sýnd á korti sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Gróf staðsetning hennar er einnig sýnd á túnakorti frá 1919. Vörin er um 60 m vestan við bæ 001 og um 90 m norðvestan við bæ 002.
Vörin er í grýttri klapparfjöru. Aflíðandi en há klöpp er suðaustan við hana og svo hár sjóvarnargarður sunnan við hana.
Vörin er enn vel greinileg. Hún er 5-6x20 m að innanmáli og snýr norður-suður. Vörin er rudd og sést hleðsla í henni austanverðri sem er um 1 m á hæð. Í henni virðast vera tvö umför stórra steina en hún er þakin þara. Magnús Ágústsson, heimildamaður, sagði að kjalfar sæist í klöppinni í vörinni eða upp af henni. Kjalfarið sást ekki á vettvangi vegna þaragróðurs. Sjórinn hefur borið grjót inn í vörina en ekki er það mikið.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki; Túnakort 1919

GK-131:021 *Töðugerðisvör* heimild um lendingu
64°00.007N 22°22.695V
Töðugerðisvör er við Töðugerðissand og er sýnd á korti sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi.
Töðugerðissandur er sandfjara með ljósum skeljasandi. Utan við hann eru lágar og grýttar klappir sem ganga fram í sjó. Sjóvarnargarður er á mótum fjöru og graslendis.
Ekki sjást skýr ummerki um vör en líklegt er að lent hafi verið sem næst Suðurbæ Töðugerðis 012. Þar er ungleg hleðsla og í hana hafa verið settir járnhólkar en hlutverk þeirra er ekki ljóst. Hleðslan er einföld röð stórra steina sem er 15-20 m á lengd og 0,3-0,6 m á hæð. Liggur norðvestur-suðaustur.
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki



Hleðsla við Töðugerðisvör 021, horft til norðvesturs

GK-131:022 garðlag túngarður 64°00.076N 22°22.270V



Leifar af túngarði 022, horft til norðausturs

Ógreinilegt garðlag er fast norðaustan við nýbýlið Smáratún og 140 m austan við bæ 001.
Garðurinn liggur niður af hæð þeirri sem Smáratún er á, á mörkum móa og gamals túns sem ekki er lengur slegið. Hann endar við lóðamörk nýbýlanna Smáratúns og Borgar.
Garðurinn er um 30 m á lengd og snýr ANA-VSV. Hann er víðast 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Neðstu steinarnir í garðinum eru eftir í garðinum en annað grjót hefur verið tekið og nýtt í önnur mannvirki. Um 10 m vestan við ANA-enda hefur skurður verið grafinn í gegnum garðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-131:023 heimild um samgöngubót 64°00.075N 22°22.307V
"Norðan við [Smáratún], á sama balanum sem húsið stendur á, eru Sundmerkin, sem segja til, þá farið er inn á Brunnastaðasund," segir í örnefnalýsingu. Sundmerkin voru tvær vörður (sjá einnig 024). Efri varðan var rifin en hún stóð neðan við eldhúsgluggann í Smáratúni, um 32 m suðaustan við neðri vörðuna 024 og 106 m ASA við bæ 001.
Sléttuð flöt er norðvestan við Smáratún þar sem varðan stóð.
Engin ummerki um vörðuna sjást lengur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Halakot, 1



Varða 024, horft til norðurs

GK-131:024 varða samgöngubót
64°00.084N 22°22.341V
"Norðan við það, á sama balanum sem húsið (Smáratún) stendur á, eru Sundmerkin, sem segja til, þá farið er inn á Brunnastaðasund," segir í örnefnalýsingu. Sundmerkin voru tvær vörður (sjá einnig 023). Neðri varðan er enn á sínum stað, um 32 m norðvestan við efri vörðuna 023 og 78 m austan við bæ 001.

Varðan er á allháum klapparhól í túni. Hóllinn er ekki sleginn. Hann er nokkuð flatur að ofan.
Varðan er mikil um sig en er hrunin. Hún er um 2,5 m í þvermál og 1,2 m á hæð. Þar sem hún er hæst stendur upp úr henni innsiglingarmerki úr tré; spýta með þríhyrningi á endanum. Mest sjást 4 umför í vörðunni þar sem hleðslur eru ekki alveg hrundar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Halakot, 1

GK-131:025 þúst útihús
64°00.070N 22°22.392V
Tvær þústir eru í gamla heimatúninu í Halakoti um 38 m suðaustan við bæ 001 og um 45 m norðaustan við bæ 002. Magnús Ágústsson, heimildamaður, taldi þær geta verið leifar af útihúsum.
Þústirnar eru í túni og hallar undan þeim til norðurs í átt að Halakotstjörn.
Þústirnar eru á svæði sem er um 11x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Þúst A er austast á svæðinu. Hún er um 4 m í þvermál. Í sverði sést í klöpp eða grjót. Þústin er um 0,4 m á hæð. Þúst B er 5 m vestan við þúst A. Hún er 2 m í þvermál og er 0,3 m á hæð. Í sverði sést einnig í klöpp eða grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þústir 025, horft til vesturs

GK-132 Suðurkot

Hjáleiga Brunnastaða 1703, sennilega sama og Suðurhús þá, í eyði frá því fyrir 1683. JÁM III, 127. Skólajörðin var upphaflega jörð Vesturbæjarins í Suðurkoti. Þar var reistur einn fyrsti barnaskólinn í landinu 1872, sjá 003. Kothús 012 stóðu í Skólatúni og fóru í eyði skömmu fyrir 1900. Suðaustan við nýja skólahúsið voru Fögruvellir 013. Þar var búið fram yfir 1920. Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 27. Tvíbýli var a jörðinni frá 1920 og búskap var hætt 1942. Guðmundur Jónsson: Mannlíf og mannvirki, 214.
1919: Tún alls 2,99 teigar, garðar 1420 m2.

GK-132:001 *Suðurkot* bæjarhóll bústaður 64°00.181N 22°22.240V



Minjar á bæjarstæði Suðurkots 001



Horft til SSA yfir bæjarstæði Suðurkots 001. Á myndinni sést einnig uppgert íbúðarhús frá 1930 auk fleiri minja

Í bókinni Mannlíf og mannvirki eftir Guðmund Jónsson segir: "Árið 1871 var Suðurkotsjörðin tvær hálflendur og átti Hafliði nokkur Þorsteinsson ... annan hlutann. Þann part [sjá 004] seldi Hafliði undir Suðurkotsskólann [003], eins og Brunnastaðaskólinn var þá kallaður." Að sögn Jóns Hauks Aðalsteinssonar, heimildamanns, er Suðurkots fyrst getið í búnaðarskýrslu árið 1781 og er þá þegar tvíbýli þar. Bæirnir í Suðurkoti virðast ekki hafa staðið saman og er líklegt að vestari bærinn 004 hafi verið þar sem þrískipt útihús með sambyggðum kálgarði er merkt inn á túnakort frá 1919, 20-25 m vestan við austari bæinn sem hér er skráður.
Í bókinni Mannlíf og mannvirki kemur fram að timburhús hafi verið byggt á austara bæjarstæðinu árið 1920 sem leysti gamla torfbæinn af hólmi. Sama ár flutti Kristján Hannesson að Suðurkoti og byggði Suðurkot 2 um 30 m suðaustan við gamla bæjarstæðið. Þar var gamli Grundarbærinn 130:016A settur upp árið 1922 og búið var í honum þar til nýtt hús var reist á sama stað árið 1930. Það hús stendur enn og hefur verið gert upp á smekklegan hátt. Búskap var hætt á austurbæ Suðurkots árið 1942 þegar hreppurinn keypti jörðina. Suðurkot 2 hélst áfram í byggð en var eftir þetta aðeins kallað Suðurkot. Gamla bæjarstæði Suðurkots er fáum metrum norðaustan við malarveg sem liggur að Naustakoti GK-134, um 160 m sunnan við Efri-Brunnastaði 130:001.
Bærinn var á hæð í gömlu túni sem komið er í órækt að hluta til.
Ekki sést afgerandi bæjarhóll en bæjarstæðið nær yfir svæði sem er um 20x20 m að stærð. Á því eru minjar um síðustu húsin sem stóðu þar á svæði sem er um 14x12 m að stærð og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Í norðvesturenda er hlaðinn grunnur I með sementslími í hleðslum. Hann er um 7x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. 0,4 m breitt op er á honum á suðvesturgafli. Þar sem hleðslur standa enn eru þær 0,5-0,7 m á hæð og sjást 4 umför. Hleðslur á norðausturgafli grunnsins hafa hrunið undan halla og er ekki nema ein röð af grjóti á suðausturhlið. Hólf II er suðaustan við grunn I. Það er um 2x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Líklega var op á því til suðausturs þar sem aðeins eru óljós ummerki um vegg. Suðaustan við hólf II er hlaðinn stallur eða grunnur III. Hann um 5x5 m að stærð og hæstur 0,4 m. Hrunið hefur úr hleðslum á norðausturhlið undan halla. Framan við byggingaleifar á bæjarstæðinu til suðvesturs er kantur eða leifar af stétt sem liggur frá grunni I úr norðvestri að kálgarði 006B til suðausturs. Hann er um 13 m langur og 0,2 m á hæð. Í honum sést í grjót á stöku stað en er að mestu gróinn. Lág þúst er um 8 m suðvestan við grunn III. Hún er um 1,5x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þústin er gróin en það sést í grjót í norðausturenda. Sá endi tengist óljóst kálgarði 006C. Girt er yfir suðvesturenda þústarinnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 30; Túnakort 1919; GJ: Mannlíf og mannvirki, 214-216

GK-132:002 þúst útihús 64°00.180N 22°22.281V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var allstór þró sambyggð litlu útihúsi 20-25 m vestan við bæ 001, innan Skólakálgarða 004B. Það hefur tilheyrt vestari bænum í Suðurkoti 004. Ekki er ljóst hvaða hlutverki það gegndi. Minjarnar voru líklega þar sem malarvegur liggur í gegnum Skólakálgarða að Naustakoti GK-134 eða fast suðvestan við hann. Órækt er innan kálgarðsins, beggja vegna við veginn.
Ekki sjást skýr ummerki um minjarnar en fast suðvestan við veginn er gróin þúst sem kann að vera leifar af útihúsinu. Hún er 4x2 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur, og er 0,6 m á hæð
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-132:003 *Suðurkotsskóli* hleðsla 64°00.168N 22°22.304V
Í bókinni Mannlíf og mannvirki eftir Guðmund Jónsson segir: "Árið 1871 var Suðurkotsjörðin tvær hálflendur [sjá 001 og 004] og átti Hafliði nokkur Þorsteinsson ... annan hlutann. Þann part [004] seldi Hafliði undir Suðurkotsskólann [003], eins og Brunnastaðaskólinn var þá kallaður." "Fyrsta Brunnastaðaskólahúsið var byggt árið 1872 og var þá með íbúð í risi, er ætluð var kennurum eða starfsfólki skólans. Skólanum fylgdi jarðnæði sem lítið var notað af skólaíbúum, en mest leigt til nytjar. ... Sami háttur var á þegar nýtt skólahús var reist árið 1907, en þar var íbúð í vesturenda hússins," segir í bókinni Mannlíf og mannvirki. Þar kemur einnig fram að skólinn var ýmist kallaður Suðurkotsskóli eða Brunnastaðaskóli. Árið 1886 var byggt við skólahúsið frá 1872. Nýr skóli var reistur skammt frá árið 1944 og var hann kallaður Brunnastaðaskóli. Skólinn er nú íbúðarhús sem ber nafnið Skólatún. Grunnur Suðurkotsskóla sést enn um 50 m VSV við bæ 001 og fast suðvestan við Skólakálgarða 004B.



Grunnur Suðurkotsskóla 003


Hlaðinn grunnur Suðurkotsskóla 003, horft til vesturs

Skólahússgrunnurinn er í gömlu túni sem komið er í órækt.
Í grein sem birtist í Þjóðólfi 21. janúar 1873 er stofnun og gerð fyrsta skólahúss Suðurkotsskóla lýst: "Upptök skólans eru þessi: Prestrinn síra St. Thorarensen lét ganga boðsbréf um sóknir sínar haustið 1870 um samskot til barnaskóla; gáfust þá innan sóknanna loforð um nálega 700 rd. á einní viku. Árið 1871 var tekið megnið af timbrinu til skólans, en byggingunni var frestað til næsta árs, sökum þess að nokkra máttarviði vantaði til hússins, er þá fengust hvergi. Sama ár (1871) var keyptr jarðarpartr í Brunnastaðahverfi, undir skólann til ábúðar fyrir skólahaldara (framvegis). Sumarið 1872 var húsið bygt af smiðum, er allir eiga heima í hreppnum ; það er 10 álnir á breidd, 14 álnir á lengd og 5 áln. rúmar undir loft; sakir vanefna er húsið hvergi nærri fullbygt; kenslustofan er í öðrum enda hússins, og nær yfir það þvert (10 áln. á lengd og hérum 7 áln. á breidd); í hinum endanum eru tvö herbergi fyrir kennarann; eldhús er í skólanum með eldavél; uppi á lopti er stórt herbergi, einkum ætlað Thorchilliibörnum, og fyrir setulopt sér í lagi, þá börnum er kend handvinna; að öðru leyti er annað óbygt uppi, en í áformi að gjöra í öðrum enda kenslustofu, ef þörf gjörist síðar meir." Húsgrunnur gamla barnaskólans er um 7x13 m að stærð og snýr hann norðvestur-suðaustur. Á miðri norðausturhlið eru tröppur og tvö lítil hólf sitthvoru megin við þær. Þar hefur verið anddyri. Alls er því

húsgrunnurinn 10x13 m að stærð. Hleðslan í grunninum er hæst í suðausturenda þar sem hún er 0,7 m á hæð. Þar sjást 3-4 umför og er múrlím í hleðslunni. Grunnurinn er gróinn. Hólfin tvö sem er á norðausturhlið grunnsins eru hvort um sig um 2x1 m að innanmáli og snúa norðvestur-suðaustur. Á milli þeirra er um 1 m. Ekki sjást op inn í þau. Á milli þeirra og norðaustan við þau er steypt stétt og grjóthröngl þar norðaustan við.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; GJ: Mannlíf og mannvirki, 209, 375-376; Oddgeir Guðmundsen, 'Barnaskólinn á Vatnsleysuströnd', Þjóðólfur, 25. árg. 21. jan. 1873, 48-49

GK-132:004 *Suðurkot* tóft+garðlag býli 64°00.184N 22°22.268V



Útihúsatóft á bæjarstæði vestari bæjarins í Suðurkoti 004, horft til norðausturs



Útihúsatóft á bæjarstæði vestari bæjarins í Suðurkoti 004 og hluti af sambyggðum kálgarði

Í bókinni Mannlíf og mannvirki eftir Guðmund Jónsson segir: "Árið 1871 var Suðurkotsjörðin tvær hálflendur og átti Hafliði nokkur Þorsteinsson ... annan hlutann. Þann part seldi Hafliði undir Suðurkotsskólann [003], eins og Brunnastaðaskólinn var þá kallaður." Að sögn Jóns Hauks Aðalsteinssonar, heimildamanns, er Suðurkots fyrst getið í búnaðarskýrslu árið 1781 og er þá þegar tvíbýli þar. Bæirnir í Suðurkoti virðast ekki hafa staðið saman og er líklegt að vestari bærinn hafi verið þar sem þrískipt útihús með sambyggðum kálgarði er merkt inn á túnakort frá 1919, 20-25 m vestan við austari bæinn 001. Kálgarðurinn var nefndur Skólakálgarðar eins og sést á korti sem sýnir tún og kálgarða og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Tóft útihússins sést enn, sem og stór hluti kálgarðsins en þó liggur malarvegur í gegnum hann að Naustakoti GK-134.
Minjarnar eru á hæð innan gamals túns sem komið er í órækt á þessu svæði.
Til er úttekt á vesturparti Suðurkots frá 1873 í úttektabók Vatnsleysustrandarhrepps. Baðstofan var fallin að viðum og nokkuð að veggjum. Baðstofugöngin voru fallin. Eldhús var stæðilegt en eldhúsgöng voru fallin. Fjós fyrir tvær kýr var fallið. Túngarður fyrir sunnan túnið var víða fallinn. Árið 1873 er ástand mannvirkja sem tilheyra vesturbæ Suðurkots því heldur bágborið. Í úttekt sem fram fór 1887 voru húsin sem tilheyrðu vesturbænum seld nýjum ábúanda á austurbænum 001. Þá má ætla að bæjarhús vesturbæjarins hafi fengið nýtt hlutverk. Bæjarstæði vesturbæjarins er innan Skólakálgarða sem eru innan gerðis B. Það afmarkar svæði sem er um 38x50 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er sambyggð kálgarðinum á innanverðri norðvesturhlið, fast norðaustan við veginn að Naustakoti. Kálgarðurinn er grjóthlaðinn og eru hleðslur í honum hrundar en þær sjást víðast enn. Hæstar eru þær um 0,6 m á hæð. Í innanverðu vesturhorni kálgarðs er lítið þríhyrningslaga hólf sem er 1,5x1,5 m að innanmáli. Tóft A er torf- og grjóthlaðin og skiptist í tvö hólf. Tóftin er 10x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð er um 1 m en ekki sést fjöldi umfara því tóftin er vel gróin. Op er á báðum hólfum á suðvesturhlið. Hólf I er í suðausturenda tóftarinnar. Það er um 2,5x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf II er í norðvesturenda tóftarinnar. Það er 3x5 m að innanmáli og snýr eins og hólf I. Lágir og mjóir veggir skipta því upp í fjögur lítil hólf meðfram norðaustur- og norðvesturveggjum og eitt stærra hólf sem er innan við op inn í hólfið. Lágu veggjahleðslurnar í hólfi II virðast ekki gamlar. Lítil sem engin uppsöfnun er undir eða í kringum tóftina.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: GJ: Mannlíf og mannvirki, 214; Túnakort 1919; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Tún og kálgarðar;

GK-132:005 heimild um smiðju 64°00.169N 22°22.240V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var lítið útihús 10-15 m sunnan við bæ 001 við utanvert vesturhorn á kálgarði

006C. Engar minjar sjást um útihúsið. Um aldamótin 1900 bjó Hannes Hannesson eldsmiður í austurbænum í Suðurkoti 001 og að sögn Jóns Hauks Aðalsteinssonar, heimildamanns, var smiðja hans á sléttum bala neðan við Suðurgarðinn 006C að mörkum vesturhlutans. Lengi sáust ummerki um grunn smiðjunnar í grassverðinum. Líklegt er að smiðjan hafi verið á sama stað og úthúsið á túnakorti en ekki sáust leifar hennar á vettvangi (2013). Útihúsið var að öllum líkindum í túni uppi á hæð þar sem malarvegur liggur að Naustakoti GK-134.
Ekki er vitað hvort útihúsið hafi horfið undir veginn eða hvort búið var að rífa það eða jafna yfir það áður enn vegurinn var lagður.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-132:006 *Suðurgarður* garðlag kálgarður 64°00.179N 22°22.209V



Leifar af hlöðu og fjósi sem eru sambyggðar Suðurgarði 006, horft til ASA



Ungar minjar um útihús sem tengjast Suðurgarði 006C

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þrískipt útihús sambyggt kálgarði um 20 m suðaustan við bæ 001. Þar sjást enn leifar af tveimur ungum úthúsum og kálgarðurinn sést á litlum kafla á norðvesturhlið. Kálgarðurinn nefndist Suðurgarður eins og kemur fram á korti sem sýnir tún og kálgarða og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Þarna var fjós og hlaða að sögn Grétars Hannessonar, heimildamanns.
Minjarnar eru á hæð í gömlu túni en tóftin er í lægð á milli gamla bæjarstæðisins 001 og yngra bæjarstæðisins.
Minjarnar sjást á svæði sem er um 30x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þau fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Í norðausturenda eru leifar af tveimur ungum mannvirkjum, annars vegar leifar af húsi með hlaðna og steypta veggi A (hlaða?) og hins vegar húsgrunn með steyptri gólfplötu B (fjós?). Þessi mannvirki eru á sama stað og útihúsið á túnakorti en ekki er vitað hvaða hlutverki þau gegndu. Tóft A er um 6x6 m að stærð og sést engin merki um hólfaskiptingu í henni. SSV-veggur er grjóthlaðinn og innanverður VSV-veggur. Ekki er veggur á NNA-hlið og aðrir veggir eru steyptir eða úr holsteini. SSV-veggur er 1,3 m á hæð og í honum sjást 7 umför. Grunnur B er litlu vestan við tóft A. Hann er um 12x5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hann er frammi á hólbrún og er hlaðið undir NNA-enda hans til að gólfið sé nokkurn veginn lárétt. Grunnurinn er hæstur í NNV-enda þar sem hleðslur eru 1,2 m á hæð. Mest sjást 5 umför. Kálgarður C liggur frá grunni B í sveig til suðvesturs á um 20 m löngum kafla. Hann er 1-2 á breidd. Innri brún hans er allskýr og er hæst 0,7 m. Kálgarðurinn er grjóthlaðinn en hann er gróinn og ekki sést fjöldi umfara.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Tún og kálgarðar



Leifar af Norðurgarði og niðurgrafinni þró 007, horft til vesturs

GK-132:007 *Norðurgarður* tóft+garðlag kálgarður
64°00.182N 22°22.224V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var lítil þró fast austan við bæ 001 og var hún áföst garði sem afmarkaði kálgarð norðan við bæinn. Kálgarðurinn nefndist Norðurgarður eins og fram kemur á korti sem sýnir tún og kálgarða og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi.
Minjarnar eru í mishæðóttu túni.
Minjarnar eru á svæði sem er um 30x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er í suðausturenda svæðisins. Hún er grjóthlaðin og að nokkru leyti niðurgrafin. Tóftin er 2,5x2,5 m að innanmáli. Ekki sést ytri brún veggja nema á norðurhlið en þar eru hleðslur hrundar undan halla og eru hæstar 0,2 m. Ekki sést skýrt op inn í tóftina og er hún óljós. Kálgarður B liggur frá tóftinni til norðurs á 10 m löngum kafla og beygir svo til VNV á 30 m löngum kafla þar sem hann tengist Skólakálgörðum 004B. Kálgarðsveggirnir eru grónir og útflattir og sjást víðast sem kantur. Mesta hæð þeirra er 0,4 m og ekki sést fjöldi umfara.



Tóft af niðurgrafinni þró 007

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Tún og kálgarðar

GK-132:008 heimild um útihús 64°00.165N 22°22.185V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús 45-50 m suðaustan við bæ 001 og um 60 m norðvestan við útihúsatóft 009.
Útihúsið var í túni um 5 m suðaustan við íbúðarhúsið í Suðurkoti á yngra bæjarstæðinu og fast norðaustan við gamlan malarveg að því húsi.
Búið er að sléttað yfir útihúsið en í túninu er dálítil bunga þar sem leifar af því kunna að leynast undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-132:009 hús fjárhús 64°00.152N 22°22.125V



Fjárhús 009


Fjárhús 009, horft til norðausturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískipt útihús um 110 m suðaustan við bæ 001. Útihúsið stendur enn og var sennilega lengst af notað sem fjárhús. Það er grjóthlaðið en yngri hús úr timbri og bárujárni eru byggð við það.
Húsið stendur á lágri hæð í fremur flatlendu túni. Stór og allhár hóll er norðvestan við það.
Hlaðna húsið er um 7x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Dyr eru á vesturgafli þess. Veggir eru 1,4 m á hæð og mest eru 9 umför í hleðslum. Húsið er undir þaki úr bárujárni. Húsasamstæðan öll er 8x9 m að stærð og snýr norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-132:010 tóft hlaða 64°00.144N 22°22.096V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús áfast túngarði 130-140 m suðaustan við bæ 001. Að sögn Jóns Hauks Aðalsteinssonar, heimildamanns, var hlaða úr timbri og bárujárni á þessum stað um miðja 20. öld. Kálgarður var einnig áfastur túngarðinum 20 m austan við útihúsið. Útihúsið, kálgarðurinn og túngarðurinn eru skráð saman undir einu númeri en fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Mjög lítið sést af túngarðinum A og ekkert af



Hlöðutóft 010B



Hlöðutóft 010B, horft til NNA

kálgarðinum C en leifar af útihúsinu, hlöðu B sjást enn.

Flatlent tún með grónum hraunhólum.

Túngarðurinn A afmarkarkaði svæði sem er 130x150 m að stærð og er suðaustan við bæ 001. Aðeins sjást óljós ummerki um hann á litlu svæði um 26 m austan við minjar um útihús B og 170 m suðaustan við bæ 001. Þar er jarðlægt og gróið grjót á lágum og grónum hraunhól. Tóft af hlöðu B er tvískipt og grjóthlaðin. Hún er um 6x4 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hér er aðeins um að ræða undirstöður eða grunn en ekki þykka hlaðna veggi. Hólf I er í VNV-hluta og er 3x2 m að innanmáli. Op er á VNV-hlið milli tveggja stórra steina. Hólf II er líka 3x2 m að innanmáli og snúa þau bæði eins, NNA-SSV. Op er á SSV hlið. Mesta hæð veggja er 0,3 m og sjást 2 umför í hleðslum. Múrlím er í hleðslum. Hólf I er mun minna gróið en hólf II.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-132:011 *Suðurkotsbrunnur gamli* þúst brunnur 64°00.199N 22°22.166V



Suðurkotsbrunnur gamli 011



Suðurkotsbrunnur gamli 011, horft til vesturs

"Eftir Sigurjóni Sigurðssyni í Traðarkoti [GK-136] er haft, að fram undir 1908 hafi aðeins verið fjórir brunnar í Brunnastaðahverfi, innangarðs, þ.e. í Halakoti [sjá einnig 008], Neðri-Brunnastöðum [130:007], Skjaldarkoti [135:003] og Suðurkoti [132:011]. Utangarðs voru brunnar í Grund [130:016C/130:016I] og Vorhúsum [130:018C/130:018I]," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Á korti sem fylgir ritgerðinni er nafnið Suðurkotsbrunnur gamli. Er það sami brunnur og merktur er inn á túnakort frá 1919. Brunnurinn var 70-75 m ANA við bæ 001. Hann sést en hefur verið byrgður og er þúst ofan á honum. Brunnurinn er í flatlendum hluta túnsins. Votlent er í túninu sunnan og vestan við brunninn.

Þar sem brunnurinn er sést gróin grjótþúst á yfirborði. Hún er um 3 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Ekki var hægt að sjá ofan í brunninn og ekki fengust lýsingar af honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 31, Kort-Hlaðin mannvirki; Túnakort 1919

GK-132:012 *Kothús* bæjarstæði bústaður 64°00.107N 22°22.281V



Kothúsakálgarður 012D og þústir 012A-C



Horft til austurs yfir Kothúsakálgarð 012D og þúst 012A

"Kothús stóðu í Skólatúni og fóru í eyði skömmu fyrir seinustu aldamót," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. "Ofan við hana [Móaflöt] var fram á síðustu ár átjándu aldar tómthúsið Kothús. Suðvestan við bæinn var kálgarður, Kothúsakálgarður, afgirtur með grjótgörðum, sem nú eru að mestu fallnir," segir í örnefnaskrá fyrir skólann. Kothúsakálgarður sést enn og er hann 130 m sunnan við Suðurkot 001. Þrjár þústir eru við kálgarðinn.
Minjarnar eru í gömlu túni sem komið er í órækt. Trjágróður er í hluta kálgarðsins.
Minjarnar eru á svæði sem er um 26x26 m að stærð og fá þær bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Kálgarður D er fyrirferðarmestur. Hann er grjóthlaðinn en gróinn, er 26x16 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Búið er að taka grjót úr hleðslum að því er virðist og eru þær 0,3-0,4 m á hæð en ekki sést fjöldi umfara. Kothúsakálgarður tengist Sveitakálgarði 018 í austurhorni. Tvær þústir eru við utanvert vesturhorn kálgarðsins sem kunna að tengjast býlinu. Þúst A er næst kálgarðinum Hún er um 3x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Á milli hennar og kálgarðsins er grjóthröngl á 2 m breiðu svæði. Þústin er 0,4 m á hæð. Þúst B er um 3 m norðvestan við þúst A. Hún er 2x1,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,2 m á hæð. Þúst C er um 5 m suðaustan við kálgarðinn. Hún er um 3 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Hún er gróin og það sést ekki hleðslugrjót í henni. Óvíst er að hún sé manngerð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 31; Ö-Skólinn, 2

GK-132:013 *Fögruvellir* bæjarstæði bústaður 64°00.110N 22°22.178V
"Suðaustan við nýja skólahúsið voru Fögruvellir, kot sem byggt var yfir gömul hjón á fyrstu árum þessarar aldar. Þar var búið fram yfir 1920," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Býlið var þar sem húsið Sunnuhlíð stendur nú (2013).
Malarplan á milli hússins Sunnuhlíðar og malarvegar sem liggur að nýbýlum og áfram að Naustakoti GK-134
Engar minjar um býlið sjást vegna byggingaframkvæmda og vegagerðar.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 31

GK-132:014 *Suðurkotsbrunngata* heimild um leið 64°00.193N 22°22.170V
Suðurkotsbrunngata er sýnd á korti sem sýnir býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Þar er hún sýnd liggja frá yngsta bænum en áður en hann var fluttur hefur leiðin legið frá gamla bænum 001.
Leiðin lá um tún sem er í rækt og er sléttað en í því eru grónir hraunhólar.
Engin ummerki um leiðina sjást vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið

GK-132:015 *Sjávargata* heimild um leið 64°00.173N 22°22.312V
Sjávargata er merkt inn á kort sem sýnir býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Á túnakorti frá 1919 sést hvernig sjávargatan frá Suðurkoti lá úr vesturhorni kálgarðs 004B til norðvesturs.
Leiðin lá um mishæðótt tún sem er að hluta komið í órækt.
Engin ummerki um götuna sjást í túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið; Túnakort 1919

GK-132:016 *Suðurkotsstígur* hleðsla leið 64°00.208N 22°22.142V



Hleðsla á Suðurkotsstíg 016, horft til norðurs

Á korti sem sýnir býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi er sýndur Suðurkotsstígur sem lá frá brunni 011 og Suðurkotsbrunngötu að Austurkoti GK-133. Í örnefnaskrá Austurkots segir: "Gata liggur frá bænum [133:001] í suðvestur í Suðurkotshlið, sem er við grjótstíginn í Suðurkoti." Ætla má að grjótstígurinn sé á sama stað og Suðurkotsstígur. Óljós ummerki um hann sjást um 80 m norðaustan við bæ 001 og um 15 m norðaustan við Suðurkotsbrunn 011.
Leiðin lá um tún á milli bæjanna.
Út við merki á móti Austurkoti GK-133 sést útflött hleðsla á 23 m löngum kafla og liggur hún norðaustur-suðvestur. Hún er 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hleðslan er algróinn en laust grjót er í suðvesturenda. Mögulegt er einnig að þessi hleðsla hafi verið undir girðingu en staðsetning og lega hennar kemur vel heim og saman við túnaskipti á milli Austurkots og Suðurkots á túnakorti frá 1919.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið; Ö-Austurkot, 1; Túnakort 1919

GK-132:017 *Hlöðuhóll* heimild um hlöðu 64°00.171N 22°22.210V
"Hlöðuhóll heitir sá sem Suðurkotsbærinn nýrri stendur á. Áður en bærinn var fluttur þangað upp, stóð þar hlaða

sem tilheyrði gamla Suðurkotsbænum. Dregur hóllin nafn sitt af þessari hlöðu," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Ekki er ólíklegt að hlaðan sem Hlöðuhóll dregur nafn sitt af hafi verið þar sem hleðslur 006 eru. Ekki er þó hægt að segja til um það með vissu og er hún því skráð sérstaklega.
Hlöðuhóll er allhár hóll í gömlu túni sem er enn að hluta í rækt. Vegur að yngsta Suðukotsbænum liggur upp á hólinn úr suðaustri.
Engin ummerki sjást um mannvirki á hólnum önnur en þau sem lýst er á spjaldi 006. Af tilvísuninni hér að ofan að dæma var hlaðan á hólnum fram að því að bærinn var fluttur á hann. Hún kann að hafa verið rifin við byggingu nýja bæjarins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 50

GK-132:018 *Sveitakálgarður* garðlag kálgarður
64°00.098N 22°22.221V
"Auk þessara nefnist hér Sveitakálgarður eða Sveitagarður, kálgarður sem Hverfisingar segja sveitina hafa átt og gefið jarðnæðislausum íbúum tækifæri til þess að rækta kartöflur og kál," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Slitróttar leifar af kálgarðinum sjást í kverkinni aftan við nýbýlin Borg og Sunnuhlíð, fast austan við Kothúsakálgarð 012D og 130 m sunnan við bæ 001.
Kálgarðurinn var í túnjaðri á jafnlendu svæði. Leifar af kálgarðinum sjást á svæði sem er um 10x45 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þar sem hleðslurnar sjást best eru þær 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara. Búið er að rífa kálgarðinn á köflum og raska honum við byggingaframkvæmdir.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 31; Kort-Tún og kálgarðar



Sveitakálgarður 018, horft til norðausturs

GK-132:019 tóft
64°00.107N 22°22.099V



Tóft 019



Tóft 019, horft til suðurs

Grjóthlaðin tóft er um 180 m suðaustan við bæ 001.
Tóftin er á lágri hæð í hraunmóa sem kann að hafa verið ræktaður í tún en er nú hluti af húsagarði sem tilheyrir nýbýlinu Sætúni. Búið er að girða í kringum garðinn og planta trjám innan hans.
Tóftin er um 4x3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er sennilega einföld en innanmál hennar sést ekki því hún hefur fyllst af efni úr þekju eða verið fyllt af jarðvegi. Mesta hæð veggja er 1,3 m og sjást 4-5 umför. Búið er að gera blómabeð í norðanverðri tóftinni og hylja suðurhlutann með jarðvegi. Mögulega var op í suðurenda

tóftarinnar því þar er geil inn í hana. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að um einhvers konar útihús sé að ræða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-132:020 *Þerrir* álagablettur huldufólksbústaður 64°00.196N 22°22.246V
"Einn hóll í Brunnastaðahverfi er sagður hafa álagablett í kolli sínum. Hann heitir Þerrir," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Hóllinn er um 130 m sunnan við Efri-Brunnastaði 130:001 og um 40 m norðan við Suðurkot 001.
Hóllinn er hár og sést vítt um af honum. Hann er gróinn klapparhóll, sprunginn efst. Vestan við hann er sumarbústaðarlóð. Austan og norðan við hann er tún en sunnan við gamli bærinn í Suðurkoti. Ath.
Engin mannaverk eru á hólnum. Frásögn um hólinn og álögin sem honum fylgja má finna í bók Árna Óla, Strönd og vogar: "Í túni eystri hálflendunnar í Suðurkoti í Brunnastaðahverfi er stór hóll, sem kallaður er Þerrir. Honum fylgdi sú sögn að þar ætti álfar heima, og þess vegna mætti aldrei slá hólkollinn. Ef það var gert, átti bóndinn að verða fyrir einhverju óhappi. Munu flestir bændur hafa virt þessi álög, því engin dæmi vissu menn þess að hólkollurinn hefði verið sleginn. Um 1890 flytur á þennan part maður, sem Hannes Hannesson hét, og tók hann þar við einu kúgildi. Fyrsta sumarið, sem hann var þarna, mun grasspretta hafa verið lítil. Þóttist hann því nauðbeygður til þess að slá hólinn og gerði það. [...] Seint um sumarið var að venju verið að reka kýrnar, en sá, sem rak þær, tekur þá eftir því, að kýr Hannesar í Suðurkoti er eitthvað undarleg. Og allt í einu tekur hún sig bölvandi út úr hópnum og ræðst á þúfu nokkra, eins og hún væri blótneyti. Reif hún og tætti alla þúfuna sundur með hornunum, en féll því næst niður seindauð. Ýmsir settu þetta í samband við það, að álögin á Þerri höfðu verið lítilsvirt, og aldrei sló Hannes hólinn upp frá því. (B.H.)"
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 51; Árni Óla, Strönd og vogar, 262

GK-133 Austurkot

Hjáleiga Brunnastaða 1703, þá nefnd Austurhús, í eyði frá 1683. JÁM III, 127. Byggt upp fyrir 1847. JJ, 90. 1919: Tún 1,3 teigar, garðar 520 m2.

GK-133:001 *Austurkot* bæjarhóll bústaður 64°00.220N 22°22.078V



Bæjarstæði Austurkots 001, horft til norðurs



Mannvirki á bæjarstæði Austurkots 001

"Gamli bærinn í Austurkoti stóð þar sem útihúsin eru nú, sunnan við bæinn sem byggður var 1930," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Gamli Austurkotsbærinn var 130 m suðaustan við Efri-Brunnastaði 130:001 og 70 m suðvestan við Traðarkot 136:001. Á túnakorti frá 1919 er hann samtengdur kálgarði sem liggur nánast í kringum allan bæinn. Kálgarðurinn skiptist í Suðurgarð og Vesturgarð eins og fram kemur í örnefnalýsingu og var upphlaðinn stígur á milli þeirra. Kálgarðarnir og stígurinn eru skráðir með bænum.
Þar sem bærinn stóð eru enn gömul útihús sem kunna að hafa tilheyrt gömlu bæjarröðinni eða tekið við af eldri húsum. Aftan við (VNV við) húsin er mikið búið að raska með því að ýta jarðvegi upp í mön. Vegur að Brunnastaðabæjunum 130:001/003, Austurkoti og Traðarkoti 136:001 liggur fast NNA við bæjarstæðið.
Ekki er bæjarhóll sýnilegur á bæjarstæði Austurkots en ummerki um bæinn eru á svæði sem er um 24x12 m að stærð og snýr NNA-SSV. Engin ummerki sjást um kálgarðana eða upphlaðna stíginn á milli þeirra.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 29; Túnakort 1919, Ö- Austurkot, 1

GK-133:002 heimild um útihús 64°00.228N 22°22.088V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús fast norðan við bæ 001 og um 20 m sunnan við brunn 005.
Mikið rask hefur orðið norðan við bæjarstæðið en þar er slétt plan þar sem bílar og ýmislegt rusl er geymt.
Ekki sést til minja um útihúsið og er líklegt að það hafi verið rifið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-133:003 heimild um útihús 64°00.231N 22°22.085V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískipt útihús um 5 m norðan við bæ 001 og fast norðaustan við úthús 002.
Útihúsið var líklega þar sem vegur að Brunnastaðabæjum 130:001/003, Austurkoti og Traðarkoti 136:001 liggur á milli gamla bæjarstæðisins og þess nýja.
Engin ummerki sjást um útihúsið og má ætla að það hafi horfið vegna vegagerðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-133:004 heimild 64°00.233N 22°22.090V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró 15-20 m norðan við bæ 001 og 5-10 m sunnan við brunn 005.
Þróin var líklega þar sem vegur að Brunnastaðabæjum 130:001/003, Austurkoti og Traðarkoti 136:001 liggur á

milli gamla bæjarstæðisins og þess nýja.
Engin ummerki sjást um þróna og má ætla að hún hafi horfið vegna vegagerðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919



Hús yfir brunni 005, horft til norðurs

GK-133:005 brunnur brunnur
64°00.238N 22°22.094V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 25 m norðan við bæ 001. Búið er að byggja lítið brunnhús yfir brunninn og er hann enn notaður fyrir íbúðarhúsið í Austurkoti.
Brunnurinn er í lægð í horni milli vegar að Traðarkoti 136:001 og vegar að Brunnastaðabæjunum 130.001/003.
Húsið sem er yfir brunninum var læst og því ekki hægt að sjá brunninn sjálfan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-133:006 tóft útihús 64°00.188N 22°21.994V



Tóft 006



Útihúsatóft 006, horft til norðvesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús ásamt áföstum kálgarði um 80 m suðaustan við bæ 001. Tóft útihússins sést enn en ekki sjást leifar af kálgarðsveggjum.
Tóftin er á suðaustanverðum hól í túni sem er í rækt.
Tóftin er tvískipt og er torf- og grjóthlaðin. Hún er um 6x6 m að stærð. Í suðvesturenda tóftarinnar er hólf I sem er 2x4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf er II í norðausturenda tóftarinnar og er samsíða hólfi I. Það er um 1x4 m að innanmáli. Op eru á báðum hólfum á suðausturhlið tóftarinnar. Norðausturveggur tóftarinnar er ógreinilegur í suðausturenda. Ekki sést í grjóthleðslur í hólfi II. Mesta hleðsluhæð er 0,6 m og mest sjást 2-3 umför.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919



Þúst 007, horft til suðurs

GK-133:007 þúst
64°00.196N 22°21.977V
Lítil þúst er í túni um 20 m norðaustan við tóft 006 og 95 m suðaustan við bæ 001.
Sléttað flatlent tún með lágum og grónum

hraunhólum.
Þústin er 2x1,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Grjót er í gróinni þústinni. Er hún 0,3 m á hæð. Ekki er ljóst hvort um leifar af mannvirki er að ræða eða hvort grjóti sem hreinsað var úr túninu hafi verið safnað þarna saman.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-133:008 *Austurkotsbrunngata* heimild um leið 64°00.235N 22°22.085V
Austurkotsbrunngata er merkt inn á kort sem sem sýnir býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Hún lá á milli bæjar 001 og brunns 005.
Vegur að Brunnastaðabæjum 130:001/003, Traðarkoti 136:001 og Austurkoti liggur yfir leiðina og frekara rask hefur orðið á svæðinu sem leiðin lá um vegna bygginga.
Engin ummerki sjást um brunngötuna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið

GK-133:009 heimild um túngarð 64°00.187N 22°21.968V
Í örnefnalýsingu segir: "Austurkotstúnið. Afgirt með vírneti og gaddavír. Áður var það afgirt með grjótgörðum og gaddavír. Grjótgarðar voru austan og suðaustan við túnið."
Tún sem nýtt er til beitar.
Engin ummerki sjást um grjóthlaðna túngarða í Austurkoti og hafa þeir verið rifnir og sléttað yfir þá.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Austurkot, 1

GK-133:010 garðlag kálgarður 64°00.179N 22°22.009V



Kálgarður 010, horft til suðvesturs

Kálgarður er merktur inn á kort sem sýnir tún og kálgarða og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Leifar af kálgarðinum sjást enn um 100 m suðaustan við bæ 001 og um 17 m sunnan við tóft 006. Kálgarðurinn er utan þess svæðis sem var innan túns þegar túnakortið frá 1919 var gert. Aldur hans er ekki þekktur og kann hann að vera of ungur til að teljast til fornleifa.
Sléttað tún sem nýtt er til beitar.
Kálgarðurinn er á merkjum á milli Suðurkots GK-132 og Austurkots. Aðeins sést innanmál garðsins sem er 35x12 m og snýr suðaustur-norðvestur. Frá austurhorni kálgarðsins er útflattur garður sem liggur til norðvesturs á 12 m löngum kafla og beygir svo til VSV á 6 m löngum kafla að netagirðingu á merkjum. Garðurinn er 0,2 m á hæð en er allt að 0,4 m á hæð þar sem hann beygir. Mögulega er hann leifar af túngarði 009.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Tún og kálgarðar

GK-134 Naustakot

Hjáleiga Brunnastaða, í eyði 1703. JÁM III, 127. Í eyði frá 1965 en tún nytjuð frá Neðri-Bunnastöðum. Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 27.
1919: Tún 1 teigur, garðar 320 m2.

GK-134:001 *Naustakot* bæjarhóll bústaður 64°00.209N 22°22.415V
"Í Naustakoti var gamla bæjarstæðið alveg í sjávarkampinum og einn veggur bæjarins hluti af sjávargarðinum [sjá 130:040] sem þar var. Telur Sigurjón Sigurðsson, að þar hafi bærinn margoft verið byggður upp, og síðast 1905. Í honum var búið fram til 1924, en þá var bærinn fluttur 10-15 metra ofar í túnið. Það hús fór úr byggð 1965," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum kemur fram að Naustakot hafi ekki verið í ábúð um aldamótin 1900. Á túnakorti frá 1919 er kálgarður sýndur sambyggður bæjarhúsunum að norðanverðu og er hann skráður með bænum. Hann hét Norðurgarður samkvæmt korti sem sýnir tún og kálgarða og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Bærinn í Naustakoti var um 180 m suðvestan við Efri-Brunnastaði 130:001 og 150 m sunnan við Neðri-Brunnastaði 130:003.



Norðurgarður 001B

Mikið rask hefur orðið á gamla bæjarstæði Naustakots vegna landbrots, vegagerðar og byggingar sjóvarnargarðs.
Ekki sést bæjarhóll á bæjarstæði Naustakots. Þar sjást hins vegar leifar af Norðurgarði, hleðsla og húsgrunnur. Þessar minjar eru á svæði sem er um 20x20 m að stærð og fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Ætla má að bæjarstæði Naustakots A hafi verið 40x30 m að stærð og sneri nálega norður-suður. Leifar af Norðurgarði B eru norðaustast á svæðinu. Þar afmarkar grjóthlaðið garðlag svæði sem er 3x8 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Það er 0,6 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Mest sjást 2 umför í hleðslum utanmáls. Stór hluti kálgarðsins er kominn undir malarveg sem liggur meðfram ströndinni á milli Naustakots og Brunnastaðabæjanna. Hleðsla C er 7 m suðvestan við Norðurgarð B og er hún á milli nýlegs sjóvarnargarðs og malarvegar. Hún sést á 11 m löngum kafla og liggur NNV-SSA. Tveir hlykkir eru á hleðslunni sem er úr grjóti og er múrlím á milli steina. Viðarstaur stendur upp úr henni á einum stað. Hleðslan er 0,3-0,5 m á hæð og mest sjást 3 umför í henni. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hleðslan gegndi en hún stendur hærra en kálgarðurinn og virðist ekki líklegt að hún sé hluti af honum. Mögulega er hleðslan hluti af Sjávargarði 130:040. Húsgrunnur D er um 12 m suðaustan við Norðurgarð B. Hann er fast suðaustan við stutta heimreið að íbúðarhúsi í Naustakoti og fast norðaustan við malarveginn á milli Naustakots og Brunnastaðabæjanna. Grunnurinn er steyptur og er 5x3 m að stærð, snýr nálega austur-vestur. Veggir grunnsins standa 0,1-0,2 m upp úr jörðinni. Grjótröð er í austurvegg grunnsins. Að sögn Jóhanns Sævars Símonarsonar, heimildamanns, er grunnurinn hluti af fjósi og hinum megin við malarveginn, á bæjarstæðinu, voru fjárhús og hlaða.


Horft til suðurs yfir bæjarstæði Naustakots 001, í forgrunni eru leifar af Norðurgarði 001B

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 29, Kort-Tún og kálgarðar; GJ: Mannlíf og mannvirki, 220; Túnakort 1919

GK-134:002 *Suðurgarður* garðlag kálgarður 64°00.198N 22°22.409V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stór kálgarður fast sunnan við bæ 001 og innan hans var lítið útihús. Þessar minjar eru skráðar saman. Á korti sem sýnir tún og kálgarða og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi sést

að kálgarðurinn bar nafnið Suðurgarður. Enn sjást leifar af



Suðurgarður 002, horft til NNA



Suðurgarður 002

kálgarðinum.
Leifar af kálgarðinum sjást á milli nýlegs sjóvarnargarðs og malarvegar sem liggur að Naustakoti og áfram að Neðri-Brunnastöðum 130:003 meðfram sjónum. Þessi mannvirki hafa valdið skemmdum á kálgarðinum. Lítil tjörn er fast suðaustan við kálgarðinn.
Grjóthlaðnir veggir í kringum kálgarðinn mynda L og afmarka svæði sem er um 12x7 m að stærð og snýr norður-suður. Hleðslurnar eru víðast 0,2-0,3 m á hæð og sjást 2 umför í þeim. Nyrsti hluti austurveggjar er grónari og hærri en aðrir hlutar hleðslnanna, allt að 0,5 m á hæð. Stuttur veggbútur liggur til vesturs frá innanverðum austurvegg þar sem hann er grónari og hærri. Sunnan við veggbútinn er ógreinileg ferköntuð dæld sem er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hún er 0,1 m á dýpt. Þar hefur eflaust verið ungt mannvirki sem nú er að mestu horfið. Engin ummerki sjást um útihúsið sem var innan kálgarðsins og sést á túnakorti. Það kann að hafa verið rifið eða farið undir sjóvarnargarðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Tún og kálgarðar

GK-134:003 heimild um útihús 64°00.220N 22°22.357V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þrískipt útihús um 50 m austan við bæ 001 og um 20 m vestan við brunn 005.
Útihúsið var líklega á hæð í túni þar sem sést glitta í klöpp í grassverði.
Engin ummerki um útihúsið sjást en mögulega eru leifar af því enn undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-134:004 heimild um útihús 64°00.225N 22°22.442V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús úr timbri 25-30 m NNV við bæ. Líklegt er að það hafi verið sjóhús og gæti verið það sama og Sjávarhús 010.
Húsið var líklega á milli malarvegar og nýlegs sjóvarnargarðs ef ekki undir sjóvarnargarðinum.
Engin ummerki sjást um húsið vegna vegagerðar og byggingar sjóvarnargarðs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-134:005 brunnur brunnur 64°00.219N 22°22.383V
Brunnur er merktur inn á túnakort frá 1919, um 30 m norðaustan við bæ 001. Brunnurinn sést enn.
Brunnurinn er í óræktarbletti innan túns litlu norðan við íbúðarhúsið í Naustkoti.
Brunnurinn er byrgður og er hlemmur yfir honum sem er um 1,5 m í þvermál. Ekki sést ofan í brunninn en það heyrist vatnsgutl í honum. Ætla má að hann sé um 3 m í þvermál utanmáls og 1 m í þvermál innanmáls. Hann er grjóthlaðinn en ekki er vitað hversu djúpur hann er.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-134:006 *Naustakotsvör* renna lending 64°00.203N 22°22.463V

"Bærinn [Naustakot] var í upphafi reistur í grennd við (Yngri-) eða Efri-Brunnastaðavör [130:096] og Gömlu- (eða Neðri-) Brunnastaðavör [130:097], sem er steinsnar norðar. Síðan hefur verið farið að lenda bátum í Naustakotsvör, væntanlega eftir að bærinn byggðist," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Naustakotsvör er í Naustakotsfjöru, suður af Brunnastaðavörunum og um 40 m vestan við bæ 001.

Vörin er í grýttri klapparfjöru sem er þakin þara.

Dálítil renna er hér í fjörunni sem ætla má að sé Naustakotsvör. Hún er um 20 m á lengd og 2-6 m á breidd. Rennan snýr austur-vestur og breikkar eftir því sem nær dregur landi til austurs. Klöpp er í botni rennunnar. Vörin virðist hafa verið rudd en talsvert grjót hefur borist inn í hana eftir að hætt var að nota hana.



Naustakotsvör 006, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 28

GK-134:007 *Naustakotsgata* heimild um leið 64°00.222N 22°22.375V

Á túnakorti frá 1919 er merkt leið frá Naustakotsbænum 001 að brunni 005, sjá leið 012, og áfram til norðausturs að Efri-Brunnastöðum 130:001. Sá hluti leiðarinnar sem lá að Efri-Brunnastöðum hét Naustakotsgata. Leiðin er einnig merkt inn á kort sem sýnir býli, götur, slóða og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi.

Sléttað tún.

Engin ummerki sjást um götuna vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 28, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið

GK-134:008 *Heiðargata* heimild um leið 64°00.202N 22°22.353V

Á korti sem sýnir býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi sést Heiðargata sem lá frá íbúðarhúsinu í Naustakoti en hefur að líkindum áður legið frá gamla bæjarstæðinu 001. Leiðin lá á Sjávargötu Suðurkots 132:015.

Sléttað tún sem komið er í órækt sunnan við malarveg að Naustakoti.

Engin ummerki sjást um leiðina vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið

GK-134:009 *Sjávargata* heimild um leið 64°00.203N 22°22.435V

Á korti sem sýnir býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi sést Sjávargata sem lá frá íbúðarhúsinu í Naustakoti, framhjá gamla bæjarstæðinu 001 og í fjöruna. Áður en bærinn var fluttur hefur sjávargatan verið stutt þar sem gamli bærinn var nánast í fjöruborðinu.

Raskað svæði vegna landbrots, vegagerðar og byggingar sjóvarnargarðs.

Engin ummerki sjást um leiðina vegna ofantalinna framkvæmda.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið

GK-134:010 *Sjávarhús* heimild 64°00.227N 22°22.450V

Inn á kort sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi eru merkt örnefnin Skipanaustin 014, Sjávarhúsið 013, Skipanaust 011 og Sjávarhús. Tvö fyrstnefndu örnefnin eru þétt saman ANA við Naustakotsvör 006 og tvö síðastnefndu örnefnin eru þétt saman ANA við Efri-Brunnastaðavör 130:097. Skipanaust 011 og Sjávarhús voru að líkindum um 40 m norðvestan við bæ 001. Mögulega er Sjávarhús það sama og útihús 004.

Sendin klapparfjara.

Engin ummerki sjást um sjávarhús í fjörunni ANA við Efri-Brunnastaðavör. Líklegt er að það hafi horfið vegna landbrots eða farið undir nýlegan sjóvarnargarð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-134:011 *Skipanaust* heimild um naust 64°00.225N 22°22.449V
Inn á kort sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi eru merkt örnefnin Skipanaustin 014, Sjávarhúsið 013, Skipanaust og Sjávarhús 010. Tvö fyrstnefndu örnefnin eru þétt saman ANA við Naustakotsvör 006 og tvö síðastnefndu örnefnin eru þétt saman ANA við Efri-Brunnastaðavör 130:097. Skipanaust og Sjávarhús 010 voru að líkindum um 40 m norðvestan við bæ 001.
Sendin klapparfjara.
Engin ummerki sjást um sjávarhús í fjörunni ANA við Efri-Brunnastaðavör. Líklegt er að það hafi horfið vegna landbrots eða farið undir nýlegan sjóvarnargarð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-134:012 *Brunngata* heimild um leið 64°00.212N 22°22.413V
Á korti sem sýnir býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi er merkt inn Brunngata sem lá á milli brunns 005 og bæjar 001. Sama leið er sýnd á túnakorti frá 1919 og er hún þar samtengd Naustakotsgötu 007.
Sléttað tún.
Engin ummerki sjást um götuna, annars vegar vegna byggingaframkvæmda og vegagerðar á milli bæjar 001 og brunns og hins vegar vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið; Túnakort 1919

GK-134:013 *Sjávarhúsið* heimild 64°00.207N 22°22.437V
Inn á kort sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi eru merkt örnefnin Skipanaustin 014, Sjávarhúsið, Skipanaust 011 og Sjávarhús 010. Tvö fyrstnefndu örnefnin eru þétt saman ANA við Naustakotsvör 006 og tvö síðastnefndu örnefnin eru þétt saman ANA við Efri-Brunnastaðavör 130:097. Skipanaustin 014 og Sjávarhúsið voru að líkindum fáum metrum vestan við bæ 001.
Grýtt klapparfjara.
Engin ummerki sjást um sjávarhús í fjörunni vestan við gamla bæjarstæðið. Líklegt er að það hafi horfið vegna landbrots eða farið undir nýlegan sjóvarnargarð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-134:014 *Skipanaustin* heimild um naust 64°00.208N 22°22.437V
Inn á kort sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi eru merkt örnefnin Skipanaustin, Sjávarhúsið 013, Skipanaust 011 og Sjávarhús 010. Tvö fyrstnefndu örnefnin eru þétt saman ANA við Naustakotsvör 006 og tvö síðastnefndu örnefnin eru þétt saman ANA við Efri-Brunnastaðavör 130:097. Skipanaustin og Sjávarhúsið 013 voru að líkindum fáum metrum vestan við bæ 001.
Grýtt klapparfjara.
Engin ummerki sjást um skipanaust í fjörunni vestan við gamla bæjarstæðið. Líklegt er að það hafi horfið vegna landbrots eða farið undir nýlegan sjóvarnargarð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-135 Skjaldarkot

Hjáleiga Brunnastaða 1703. JÁM III, 126-7. Í eyði frá 1958, tún í eigu Efri Brunnastaða og nytjuð þaðan. Gerði 008 var norðaustast í Skjaldarkotslandi. Féll Gerði úr byggð 1905. Tjörn 017 var einnig í Skjaldarkotslandi, að suðaustanverðu. Fór Tjörn í eyði 1918. Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 30-31.
1919: Tún 2,8 teigar, garðar 1000 m2.

GK-135:001 *Skjaldarkot* bæjarhóll bústaður 64°00.449N 22°22.021V



Bæjarhóll Skjaldarkots 001, horft til norðurs



Minjar á bæjarhóli Skjaldarkots 001

Bæjarhóllinn í Skjaldarkoti er norðvestarlega í túni, fast suðvestan við nýlegan sjóvarnargarð. Skjaldarkot var um 400 m norðaustan við Efri-Brunnastaði 130:001 og um 150 m suðvestan við býlið Gerði 008. Á túnakorti frá 1919 eru sýnd nokkur útihús auk bæjar á bæjarhólnum og tveir samtengdir kálgarðar. Allar þær minjar eru skráðar saman undir númeri bæjarhólsins. Íbúðarhúsið í Skjaldarkoti var selt og flutt í heilu lagi til Reykjavíkur á síðari hluta 20. aldar.
Sléttað tún sem enn er nytjað af Efri-Brunnastöðum.
Vegur, líklega gömul heimreið, liggur yfir bæjarhólinn að suðvestanverðu að sjóvarnargarði. Talsvert rask hefur orðið á og í kringum bæjarstæðið vegna niðurrifs gamalla bygginga og byggingar sjóvarnargarðs.
Bæjarhóllinn er um 24x11 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er um 1,5 m á hæð þar sem hann er hæstur. Hóllinn er gróinn en á stöku stað sést glitta í grjót. Meðfram hólnum að norðaustan og suðaustanverðu en leifar af kálgarði sem eru um 26x25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Grjóthleðslur sjást í austurhorni á norðausturhlið en garðurinn sést aðeins sem kantur. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m og sjást 2 umför. Suðaustast í bæjarhólnum mótar fyrir litlu hólfi sem er um 1,2x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Í suðurhorni þess sést grjót úr hleðslum. Líklega eru þetta leifar af niðurgrafinni þró sem var fast suðaustan við bæinn og sýnd er á túnakorti. Stutt er niður á yngstu minjar á hólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-135:002 heimild 64°00.455N 22°22.033V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tvær þrær saman um 5 m norðvestan við bæ 001.
Þar sem minjarnar voru er malarplan innan við sjóvarnargarð.
Ekki sést til minja vegna byggingar sjóvarnargarðs en ekki er ólíklegt að landbrot hafi verið búið að raska minjunum áður en sjóvarnargarðurinn var reistur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919

GK-135:003 brunnur brunnur 64°00.434N 22°22.030V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur 20-30 m sunnan við bæ 001. "Eftir Sigurjóni Sigurðssyni í Traðarkoti [GK-136] er haft, að fram undir 1908 hafi aðeins verið fjórir brunnar í Brunnastaðahverfi, innangarðs, þ.e. Í Halakoti [131:008/131:09], Neðri-Brunnastöðum [130:007], Skjaldarkoti og Suðurkoti [132:011]. Utangarðs voru brunnar í Grund [130:016C/130:016I] og Vorhúsum [130:018C/130:018I]."

Brunnurinn er í túni, um 50 m suðaustan við sjóvarnargarð. Túnið er í rækt.

Lítið hús með steyptum grunni hefur verið byggt yfir brunninn. Húsið var læst þegar skráningarmaður var á vettvangi vorið 2013 og var því ekki hægt að skoða hann. Ætla má að brunnurinn sé heillegur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1919; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 41



Hús yfir brunni 003, horft til norðausturs

GK-135:004 *Skiparétt* heimild um naust 64°00.404N 22°22.098V

"Svokölluð Skiparétt var fornt uppsátur í Skjaldarkotsfjöru, en Gestsrétt [021] var ofan við Gestvör [020], einnig fornt uppsátur," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Skiparéttin er merkt inn á kort sem fylgir ritgerðinni og sýnir hlaðin mannvirki. Hún var líklega um 100 m suðvestan við bæ 001, upp af/suðaustur af Suðurvör 015.

Búið er að byggja sjóvarnargarð á sjávarkampinum í Skjaldarkoti þar sem skiparéttin var.

Engin ummerki sjást um skiparéttina en óvíst er hvort hún hafi farið undir sjóvarnargarðinn eða verið horfin vegna landbrots áður. Virgill Scheving Einarsson, heimildamaður, mundi eftir skiparétt á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 48-49, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-135:005 heimild um útihús 64°00.482N 22°21.948V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 90 m norðaustan við bæ 001. Það var um 20 m norðan við tóft 006. Þar sem útihúsið var mætast tún og klapparhóll, Hesthúshóll 006, en stutt er þaðan til norðvesturs að sjóvarnargarði.

Engin ummerki sjást um útihúsið en gróin þúst, mögulega klöpp, er á þeim stað sem útihúsið var á. Hún er um 5x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Minjar um útihúsið hafa líklega verið sléttaðar í tún en leifar af því kunna að hafa varðveist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-135:006 *Hesthúshóll* tóft+garðlag hesthús 64°00.471N 22°21.947V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús og kálgarður um 80 m austan við bæ 001. Á korti sem sýnir tún og kálgarða og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi sést að kálgarðurinn heitir Hesthúshólsgarður og má því ætla að hesthús hafi verið á hólnum sem heitir Hesthúshóll og getið er í örnefnaskrá jarðarinnar. Grjóthlaðinn kálgarður og sambyggð tóft sjást enn á þessum stað.

Á stórum hól í túni.

Minjarnar eru á svæði sem er um 20x19 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er í vesturhorni svæðisins en áfast henni er ferkantað, hlaðið gerði B. Tóftin er aðallega grjóthlaðin en einnig má sjá torf í hleðslum. Hún er 5x5 m að stærð og er einföld. Op er á henni á VNV-hlið. Gerðið er um 20x19 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Gerðið er grjóthlaðið en grjót hefur verið tekið úr hleðslum í suðausturhluta þess. Mesta hæð veggja er 1 m en víðast 0,3-0,5 m á hæð. Hleðslur virðast signar en þar sem þær standa sjást 2-3 umför. Gróið og sigið hólf er utanvert við norðaustanvert gerðið. Það er um 4x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést skýrt op á því.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Tún og kálgarðar; Ö-Skjaldarkot, 1



Hesthústóft og kálgarður 006



Hesthústóft 006A, horft til ASA

GK-135:007 *Sjávarhús* heimild um naust 64°00.508N 22°21.931V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var margskipt útihús, um 120 m NNA við bæ 001. Á korti sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi er merkt Sjávarhús á þessum stað. Af túnakortinu að dæma hafa sjóhús og skiparétt verið sambyggð á þessum stað.
Sjóvarnargarður er þar sem minjarnar voru.
Engin ummerki um minjarnar sjást á vettvangi vegna byggingar sjóvarnargarðs. Það er hins vegar líklegt að minjarnar hafi verið skemmdar eða horfnar af völdum landbrots áður en sjóvarnargarðurinn var reistur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Hlaðin mannvirki

GK-135:008 *Gerði* bæjarstæði býli 64°00.497N 22°21.875V



Hluti af minjum í Gerði 008; býlistóft A og útflattur garður C



Horft til suðurs yfir bæjarstæði Gerðis, í forgrunni er kálgarður B

Samkvæmt túnkorti frá 1919 var útihús og kálgarður um 150 m norðaustan við bæ 001. Þar var býlið Gerði.

"Fyrstan er að nefna tómthúsbæinn Gerði sem var norðaustast í Skjaldarkotslandi. Féll Gerði úr byggð 1905, en við hann eru kenndir Gerðiskálgarðar," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Á kort sem fylgir ritgerðinni er merktur brunnur hjá býlinu og er hann skráður með því. Enn sjást kálgarðarnir, allstór tóft og ummerki um brunninn.
Minjarnar eru á og við hóla í túnjaðri nærri mörkum móti Hlöðunesi GK-137. Til austurs eru fjárhús og annað hús.
Minjarnar eru á svæði sem er um 50x50 m að stærð og snýr norður-suður. Innan þess er tóft, kálgarður, garðlag og leifar af brunni. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er nokkuð miðsvæðis. Hún er um 18x9 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er að mestu grjóthlaðin en einnig er torf í hleðslum. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást 6 umför. Tóftin skiptist í þrjú hólf. Hólf I er í norðurenda. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til norðurs út úr tóftinni. Hólf II er sunnan við hólf I. Það er um 6x7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Mikið hefur hrunið úr austur- og vesturveggjum þess. Breitt op er á suðurvegg inn í hólf III sem er 5x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því til austurs, út úr tóftinni. Kálgarður B er samtengdur tóft A. Hann er um 48x17 m að stærð og snýr NNV-SSA. Þvergarður skiptir honum í tvö hólf sunnan við miðju. Kálgarðurinn er grjóthlaðinn en hleðslurnar í honum eru víða hrundar. Þær eru 1-1,5 m á breidd, 0,3-0,5 m á hæð. 3 umför sjást þar sem hleðslur standa að hluta enn. Jarðlægar grjóthleðslur liggja samhliða kálgarðinum frá miðri ANA-hlið. Þær sjást á 50 m löngum kafla og liggja SSA-NNV. Hleðslurnar virðast ungar og voru undir girðingu, þær teljast því líklega ekki til fornleifa. Útflattur garður C liggur til suðurs frá tóft A á 4 m löngum kafla. Þar beygir hann til suðvesturs en við beygjuna er 4 m breitt rof. Suðvestan við það sést garðurinn á 12 m löngum kafla. Hann er 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Brunnur D er að öllum líkindum um 12 m norðaustan við tóft A og hefur verið fyllt upp í hann. Þar er grjótþúst á og við litla klöpp. Þústin er 2x1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,2-0,3 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 30-31: Kort- Hlaðin mannvirki

GK-135:009 heimild um útihús 64°00.438N 22°21.878V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús og sambyggður kálgarður um 120 m austan við bæ 001.
Minjarnar voru í túnjaðri þar sem hæðir og lægðir eru í túninu.
Ekki sést til minja vegna sléttunar. Mögulega eru enn leifar af mannvirkjunum undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-135:010 *Þórðargerði* gerði túngarður 64°00.477N 22°21.871V
"Austan við Gerðisbæinn [008] er Þórðargerði. Sá sem ræktaði það, hét Þórður Erlendsson," segir í örnefnalýsingu. Þórðargerði er merkt sem tún á túnakorti frá 1919. Það sést enn.
Á flatlendi í túnjaðri. Hólar eru í kring.
Gerðið afmarkar svæði sem er 55x13 m að stærð og snýr norður-suður. Það er grjóthlaðið en búið er að rífa grjót úr því á 10 m löngum kafla á austurhlið og í norðurenda. Þar sem hleðslur sjást enn eru þær 1-1,5 m á breidd og hæstar eru þær 0,6 m en víðast eru þær aðeins 0,3 á hæð. Ekki sést fjöldi umfara vegna hruns og gróðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Skjaldarkot, 1; Túnakort 1919


Þórðargerði 010, horft til suðurs

GK-135:011 heimild um leið 64°00.489N 20°21.830V
"Milli Hlöðuness [GK-137:001] og Gerðis 008 var einnig troðin slóð um klappir og hraunbolla þar sem best þótti að ganga," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi.
Leiðin lá um gróinn móa og grónar klappir.
Ekki sjást lengur ummerki um leiðina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 34

GK-135:012 *Skjaldarkotsgata* heimild um leið 64°00.427N 22°22.036V

Á kort sem sýnir býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi er merkt gata sem liggur að Skjaldarkoti úr ANA og á milli Skjaldarkots og Efri-Brunnastaða 130:001. Hún heitir Skjaldarkotsgata í landi Skjaldarkots að Merkisgarðshliði (sjá 130:039) og þaðan að Efri-Brunnastöðum heitir gatan Brunnastaðagata.
Leiðin liggur að mestu leyti um sléttað tún.
Engin ummerki um leiðina sjást í túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið

GK-135:013 *Sjávargata* heimild um leið 64°00.436N 22°22.050V
Sjávargata er merkt inn á kort sem sýnir býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Hún lá til suðvesturs frá Brunngötu 014.
Gatan lá um tún og er komin undir sjóvarnargarð að hluta.
Ekki sjást ummerki um leiðina og er hún horfin vegna sléttunar og framkvæmda við sjóvarnargarðinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið

GK-135:014 *Brunngata* heimild um leið 64°00.438N 22°22.024V
Brunngata er merkt inn á kort sem sýnir býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Hún lá á milli bæjar 001 og brunns 003.
Leiðin lá um tún og er að hluta komin undir malarveg, gömlu heimreiðina að Skjaldarkoti.
Ekki sjást ummerki um leiðina og er hún horfin vegna sléttunar og vegagerðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið

GK-135:015 *Suðurvör* heimild um lendingu 64°00.407N 22°22.114V
"Suðurvörin liggur á milli Markhellu að suðvestan, en nokkuð hárra þangfjara að norðaustanverðu. Tveir smátangar ganga úr þangfjörunni svolítið suður í vörina með dálitlu millibili. Eru þeir kallaðir Ytranefið og Innranefið. Í botninum á vörinni er sandur og nær hann upp undir sjávarbakkann og Skiparéttina [004], Skjaldarkotssandur," segir í örnefnaskrá. Vörin er sýnd á korti sem sýnir örnefni í fjörunni og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Vörin er um 100 m suðvestan við bæ 001, fast norðvestan við Skiparétt 004.
Vörin var í dálítilli sendinni vík á milli kletta.
Staðurinn var skoðaður á flóði og því sáust aðstæður ekki vel í fjörunni. Lendingin virðist hafa verið náttúruleg og engin mannaverk eru sýnileg við hana.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skjaldarkot, 4-5; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Fjaran

GK-135:016 *Heiðargata* vegur leið 64°00.403N 22°21.929V



Heiðarvegur 016, horft til norðvesturs

Heiðargata er sýnd á korti sem sýnir býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Hún lá frá bæ 001 til suðausturs fast sunnan við býlið Tjörn 017, upp í heiðina. Ekki sjást ummerki um götuna en gróinn upphlaðinn vegur er á sömu leið og sést hann enn á kafla. Vegurinn liggur litlu suðvestar en gatan, fast norðaustan við garðlag 023.
Vegurinn liggur um flatlent og gróið mýrlendi á mörkum túns og Brunnastaðatjarnar.
Vegurinn sést slitrótt á 140 m löngum kafla og liggur hann norðvestur-suðaustur. Hann er um 4 m á breidd og 0,2-0,3 má hæð. Grjóti er hlaðið í vegkantana og fyllt með minna grjóti á milli hleðslnanna. Virgill Scheving Einarsson, heimildamaður, taldi veginn vera frá því um 1930. Þegar vegurinn var skráður haustið 2013 var verið að bera efni í norðvesturenda hans.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið

GK-135:017 *Tjörn* bæjarstæði býli 64°00.419N 22°21.879V



Útflattur garður á bæjarstæði Tjarnar 017, horft til austurs

"Tjörn var einnig í Skjaldarkotslandi, að suðaustanverðu. Fór Tjörn í eyði 1918," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Í Skjaldarkotslandi nokkru ofan við Skjaldarkot, nálægt tjörninni Gráhellu, var byggður bærinn Tjörn nokkru fyrir aldamótin 1900." Þar segir að Tjörn hafi farið í eyði 1920. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var býlið um 130 m suðaustan við bæ 001. Því tilheyrðu tvískipt hús og afgirtur blettur sem skiptist í tún og kálgarð. Að sögn Virgils Scheving Einarssonar, heimildamanns, var íbúðarhúsið í Tjörn flutt að Efri-Brunnastöðum 2 á sínum tíma en það er ekki lengur þar. Gamla heimreiðin að Skjaldarkoti liggur yfir bæjarstæðið en enn sést móta fyrir grunni íbúðarhússins og garðhleðslum.
Minjarnar eru í túnjaðri fast norðan við Brunnastaðatjörn/Gráhellu.
1919: Tún 0,09 teigar, garðar 560m2. Ummerki um býlið Tjörn sjást á svæði sem er um 30x30 m að stærð. Norðvestast á því sjást óljóst ummerki um húsgrunn. Útflattur og gróinn garður sést syðst á svæðinu. Garðurinn afmarkar svæði sem er 15x30 m að stærð og snýr ASA-VNV. Garðurinn er 1,5-2 m á breidd og 0,3 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: GJ: Mannlíf og mannvirki, 242; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 31; Túnakort 1919

GK-135:018 garðlag túngarður
64°00.516N 22°21.891V
Stæðilegur túngarður liggur frá fjöru að Gerðiskálgörðum, sjá 008. Hann er sýnilega yngri en kálgarðarnir eða hefur verið endurhlaðinn. Garðurinn er um 165 m norðaustan við bæ 001.
Garðurinn er á mörkum túns og móa og liggur um hóla og lægðir.
Garðurinn er um 35 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Hann er um 1 m á breidd og stendur enn víðast hvar. Hæstur er hann um 1,2 m og mest sjást 6 umför. Um 2 m norðvestan við suðausturenda garðsins er 0,5 m breitt skarð í hann sem kann að vera gamalt hlið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Túngarður 018, horft til suðvesturs

GK-135:019 *Norðurvör* náttúrumin lending
64°00.511N 22°21.945V
"Nokkru sunnar í fjörunni [en Fiskreitir 022] er Norðurvörin, sem kemur þar efst í fjörunni á milli klappa, Norðurklapparinnar, sem er hryggmynduð klöpp óslétt, og Suðurklappanna, Efri- og Neðriklapparinnar. Hægt er að lenda þarna um smástraumsflóð og með hálfföllnum sjó í stórstraum. Aflanum var fleygt á syðri klappirnar, sem eru nokkuð sléttar. Var gert að þar. Í Neðriklöppinni er lón, sem fiskurinn var þveginn upp úr, áður en hann



Norðurvör 019, horft til vesturs

fór í saltið," segir í örnefnalýsingu. Vörin er merkt inn á kort sem sýnir örnefni í fjörunni og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Norðurvör er um 130 m norðaustan við bæ 001.
Grýtt klapparfjara með skeljasandi. Nýlegur sjóvarnargarður gnæfir yfir.
Vörin er náttúruleg renna á milli tveggja klappa. Hún var skoðuð á flóði og virðist vera 6 m á breidd og 20 m á lengd, snýr austur-vestur. Engin mannaverk eru sýnileg á henni eða við hana.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Skjaldarkot, 3-4; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Fjaran

GK-135:020 *Gestsvör* náttúrumin lending 64°00.560N 22°21.929V
"Svokölluð Skiparétt [004] var fornt uppsátur í Skjaldarkotsfjöru, en Gestsrétt [021] var ofan við Gestvör, einnig fornt uppsátur," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Gestsvör var líklega um 200 m norðaustan við bæ 001 og 35 m NNV við Gestsrétt 021.
Grýtt klapparfjara sem er þakin þara.
Ekki sjást skýr ummerki um rudda vör í fjörunni en mögulega var lendingin suðaustan við klöpp í flæðarmálinu. Þar er renna sem virðist vera náttúruleg. Ekki eru aðrir líklegir staðir á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 48-49; Ö-Fjaran


Gestsvör 020, horft til norðausturs

GK-135:021 *Gestsrétt* heimild um naust
64°00.540N 22°21.909V
"Svokölluð Skiparétt [004] var fornt uppsátur í Skjaldarkotsfjöru, en Gestsrétt var ofan við Gestvör [020], einnig fornt uppsátur," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Af korti sem sýnir hlaðin mannvirki og fylgir ritgerðinni að dæma var Gestsrétt um 60 m norðan við útihús 007 og um 190 m norðaustan við bæ 001.
Í fjörunni er grjótkampur. Innan við hann er grösugur mói en utan við hann eru grýttar klappir.
Ekki sést til minja um Gestsrétt og hefur hún líklega brotnað í sjó eða er hulin grjóti í kampinum.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 48-49: Kort-Hlaðin mannvirki


Fiskreitir 022, horft til norðausturs

GK-135:022 *Fiskreitir* mannvirki fiskreitur
64°00.533N 22°21.909V
"Ofan við [Sjávar-]kampinn sunnan við Gestsréttina [021] voru Fiskreitir," segir í örnefnalýsingu. Fiskreitir eru um 180 m norðaustur af bæ 001.
Flatlent graslendi á milli Sjávarkamps og túngarðs 018.
Minjar um Fiskreiti eru á svæði sem er 15x15 m að stærð. Þar eru mosavaxnar grjótbreiður og líklegt að fiskur hafi verið breiddur út þar. Svæðið kann að hafa verið stærra en Sjávarkampurinn er kominn fast að svæðinu og sjórinn ber með sér grjót yfir það.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Skjaldarkot, 3


Vörslugarður 023, horft til suðurs

GK-135:023 garðlag vörslugarður
64°00.379N 22°21.859V
Grjóthlaðinn garður er við norðausturenda Brunnastaðatjarnar/Gráhellu um 185 m suðaustan við bæ 001 og fast suðaustan við veg á Heiðargötu 016.

Garðurinn er í grösugu flatlendi á mörkum móa og tjarnar.
Garðurinn liggur í L og er 30x22 m að stærð, snýr norður-suður. Grjóthleðslur í honum eru hrundar og eru víðast 0,3-0,4 m á hæð en hæstar eru þær 0,6 m á hæð. Mest sjást 3 umför. Garðurinn er utan þess svæðis sem sýnt er á túnakorti frá 1919 og er líklega vörslugarður en gæti einnig verið túngarður. Óljósar hleðsluleifar eru austan við garðinn, mögulega leifar af litlu gerði. Svo virðist sem að grjót úr garðinum hafi verið notað í veg á Heiðargötu 016.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-135:024 *Bæjarlón* heimild um þvottastað 64°00.454N 22°22.062V
"Bæjarlón er neðan við Skjaldarkotsbæinn. Í því var á sínum tíma þveginn ytri fatnaður, dallar og kirnur," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Bæjarlón er að líkindum um 30 m norðvestan við bæ 001 en þar er dálítil tjörn á milli klappa í fjörunni en sjór flæðir inn í hana á flóði. Hins vegar er ekki útilokað að lónið hafi farið undir nýlegan sjóvarnargarð sem er á sjávarkampinum.
Engin mannaverk sjást í Bæjarlóni.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 60

GK-135:025 *Þvottalón* heimild um þvottastað 64°00.497N 22°21.957V
"Um Þvottalón er svipaða sögu að segja, nema hvað þar voru vettlingar sjómanna þvegnir eftir að gert hafi verið að aflanum," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Líklegt er að Þvottalón sé um 30 m sunnan við Norðurvör 019 og um 100 m norðaustan við bæ 001.
Grýtt klapparfjara með skeljasandi.
Dálítið lón myndast milli fjöru og klappar þar sem líklegt er að hafi verið þvottastaður. Þar er ekki öldurót nema í miklu brimi. Engin ummerki um mannaverk sjást við lónið.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 60

GK-136 Traðarkot

Hjáleiga Brunnastaða 1703, öðru nafni Fjósahjáleiga, byggð í stað Austurhúsa GK-133. Í eyði frá 1693 en byggð aftur fyrir 1847. JÁM III, 127; JJ, 90.
1919: Tún 1,4 teigar, garðar 660 m2.

GK-136:001 *Traðarkot* bæjarhóll bústaður 64°00.261N 22°22.039V



Bæjarstæði Traðarkots 001, horft til vesturs

"Traðarkotsbærinn, gamli, sem byggður var 1904 af Sigurði, föður Sigurjóns, var þar sem nú er hjallur við útihúsin, norðvestan við íbúðarhúsið sem nú er. Það hús byggði Sigurjón 1927. Hvar bærinn stóð áður en faðir Sigurjóns byggði sinn, er ekki gott að segja til um, en nafnið Traðarkot telur Sigurjón vera dregið af heimtröðinni [010] að Efri- og Neðri-Brunnastöðum sem lá þvert yfir þýfðan móa þar sem nú er Gamlatún í Traðarkoti, og áfram upp eftir, í gegnum Tjarnarhlið eða Heiðarhlið sem þá var. Hafi bærinn staðið nálægt slíkum tröðum er ekki ólíklegt að hann hafi fengið nafn sitt af þeim," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Í örnefnalýsingu segir: "Bærinn stendur á nokkuð háum bala, sem endar með lágum hól suðvestan við bæinn, Bæjarhólnum." Bæjarstæðið í Traðarkoti er uppi á grónum hraunhól í sléttuðu túni 20-30 m suðaustan við brunn 005. Á túnakorti frá 1919 má sjá húsaröð á bæjarstæðinu sem var um 15 m á lengd og sneri norðaustur-suðvestur. Hlaðið var suðaustan við húsaröðina.
Talsvert rask hefur orðið á bæjarstæði Traðarkots vegna byggingar nýrra húsa og niðurrifs eldri mannvirkja. Þar stendur eitt íbúðarhús og er búið að slétta allt í kringum það.
Ekki sést afgerandi bæjarhóll í Traðarkoti en hraunhóllinn sem bærinn er á er um 60x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er 2-3 m á hæð. Við norðausturenda hólsins má sjá grjót og steypuleifar sem rutt hefur verið fram af hólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 30; Ö-Traðarkot, 1; Túnakort 1919

GK-136:002 hleðsla kálgarður
64°00.264N 22°22.009V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður suðaustan við bæ 001. Kálgarðurinn er að mestu horfinn en þó sjást hleðslur úr honum á litlu svæði.
Kálgarðurinn var í túni suðaustan undir hólnum sem bærinn er á.
Leifar af kálgarðinum sjást í norðausturenda hólsins sem bærinn er á. Þar er grjóthleðsla sem er 5 m á lengd, 0,5 m á breidd og 0,7 m á hæð. Hún snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslan er hrunin og ekki sést fjöldi umfara.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919



Hleðsluleifar í kálgarði 002, horft til suðvesturs

GK-136:003 heimild um útihús 64°00.270N 22°22.033V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískipt útihús fast NNA við bæ 001 og um 35 m austan við brunn 005.
Útihúsið var á gróinni klöpp í túni sem er nú (2013) innan afgirtrar lóðar í kringum íbúðarhúsið í Traðarkoti. Talsvert rask hefur orðið innan lóðarinnar vegna niðurrifs og sléttunar.
Suðvestast á klöppinni sem útihúsið var á sést grjót og steypuleifar upp úr sverði. Mögulega eru það leifar af útihúsinu sem hefur verið rifið og jafnað við jörðu. Grjótið og steypan eru á svæði sem er 4x2 m að stærð og snýr

norðvestur-suðaustur. Ekki sjást önnur möguleg ummerki um útihúsið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-136:004 heimild 64°00.273N 22°22.039V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 20 m norðan við bæ 001 og 35 m ANA við brunn 005. Hún sést ekki á yfirborði.
Þróin var í túni, í laut sem er umkringd grónum hraunhólum.
Líklegt er að þróin hafi verið fyllt og að hún sjáist ekki af þeim sökum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-136:005 *Traðarkotsbrunnur* brunnur brunnur 64°00.265N 22°22.072V



Traðarkotsbrunnur 005, horft til vesturs

"Brunnlaut dregur nafn sitt af Traðarkotsbrunni ..., " segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Brunnurinn er merktur inn á túnakort frá 1919 og er um 30 m vestan við bæ 001.
Brunnurinn er í hólóttu túni. Dálítil brekka er frá brunninum upp á hólinn þar sem bæjarstæði Traðarkots er.
Brunnurinn er grjóthlaðinn. Hann er 3,5 m í þvermál að utanmáli og 1,5 m í þvermál að innanmáli. Hleðslurnar standa vel og eru 0,5 m á hæð ofan jarðar. Steypt hefur verið ofan á brunninn og sett viðarlok þar ofan á. Gat er á lokinu og hægt að sjá niður um það ofan í brunninn. Hann virðist vera 4-5 m á dýpt og sjást 12-14 umför í innanverðum hleðslum. Ekki sést vatn í brunninum en slanga liggur úr brunninum í fiskikar sem notað er til að brynna skepnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 39; Túnakort 1919; Ö- Traðarkot, 1

GK-136:006 *Traðarkotsstígur* heimild um leið 64°00.246N 22°22.047V
"Upphlaðinn stígur, Traðarkotsstígur, liggur í suðvestur eftir Bæjarhólnum [sjá 001] út á Austurkotshlaðið og kemur þar í samband við Brunnastaðaafleggjarann," segir í örnefnalýsingu. Á korti sem sýnir Býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi er merktur stígur á milli Traðarkots 001 og Austurkots 133:001 og nefnist gatan bæði Traðarkotsstígur og Austurkotsgata.
Leiðin lá um túnið en búið er að byggja íbúðarhús í Austurkoti á milli Traðarkots og gamla bæjarins í Austurkoti og leggja veg að báðum bæjunum.
Engin ummerki sjást um leiðina vegna vegargerðar og bygginga.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Traðarkot, 2; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið

GK-136:007 *Kúatraðir* örnefni traðir 64°00.283N 22°22.048V
"Gata liggur eftir Kúatröðum í Tjarnarhliðið, Tjarnargatan," segir í örnefnalýsingu. Á korti sem sýnir Býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi eru Kúatraðir og Tjarnargata merktar á sama stað og liggur leiðin frá bæ til norðurs á Heimreiðargötu 010.
Leiðin lá um gamalt hólótt tún sem nýtt er til beitar.
Ekki sést móta fyrir leiðinni og hefur hún sennilega horfið vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Traðarkot, 2-3; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið

GK-136:008 *Brunngata* heimild um leið 64°00.258N 22°22.069V
"Brunngatan liggur frá bænum [001] að Brunninum [005]," segir í örnefnalýsingu.
Leiðin lá um gamalt tún sem nýtt er til beitar.
Ekki sést móta fyrir leiðinni vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Traðarkot, 2

GK-136:009 garðlag túngarður 64°00.294N 22°22.081V
Grjóthlaðinn túngarður liggur meðfram Brunnastaðatjörn um 50 m norðan við bæ 001. Þessi hluti túngarðsins er frábrugðinn þeim sem sýndur er á túnakorti frá 1919 og er líklega yngri en það. Garðurinn er engu að síður skráður þar sem hann er til vitnis um forna búskaparhætti.
Túngarðurinn liggur um flatlent svæði á mörkum túns og Brunnastaðatjarnar.
Garðurinn afmarkar svæði sem er 40x80 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann hefur að öllum líkindum tengst túngarði 012. Garðurinn er grjóthlaðinn og fremur siginn. Gömul girðing er ofan á og meðfram garðinum. Hann er hæstur um 0,5 m og mest sjást 4 umför í hleðslum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Túngarður 009, horft til norðvesturs

GK-136:010 *Heimreiðargata* vegur samgöngubót 64°00.301N 22°21.946V



Upphlaðinn vegur á Heimreiðargötu 010, horft til austurs

Á korti sem sýnir Býli, götur, slóðir og hlið og fylgir ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi er merkt inn Heimreiðargata sem liggur úr hraunmóa sunnan við Brunnastaðatjörn og til vesturs að Efri-Brunnastöðum 130:001. Á túnakorti frá 1919 er Heimreiðargata sýnd að hluta þar sem hún liggur um hluta túns Traðarkots að Efri-Brunnastöðum. Leiðin sést ekki lengur í túninu en upphlaðinn vegur á leiðinni er á milli Brunnastaðatjarnar og túngarðs 012, um 60 m norðaustan við Traðarkot 001. Ætla má að Traðarkot dragi nafn sitt af leiðinni sem kann að hafa legið í tröðum áður fyrr.
Vegurinn liggur um deiglendan móa við tjörnina en hverfur í tún til beggja enda. Í hólóttu túni.
Vegurinn sést á 100 m löngum kafla og liggur í sveig frá austri til suðvesturs. Hann er grjóthlaðinn og er um 4 m á breidd og 0,2 m áhæð. Vegurinn er víðast gróinn en þar sem vatn í tjörninni flæðir að honum er hann ógróinn. Þar sést hvernig stóru grjóti er hlaðið yst og minna grjóti pakkað á milli.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, Kort-Býli, götur, slóðir og hlið; Túnakort 1919



Þústir 011, horft til suðvesturs

GK-136:011 *Narfabyrgi* þúst herslubyrgi 64°00.280N 22°21.845V
"Í norðvestur frá [Heiðarhliði nýja] er allhá klöpp. Á henni stóð byrgi, sem hét Narfabyrgi. Í Traðarkoti bjuggu á síðustu öld bændur, sem hétu Narfi og Jóhann - við hann var kenndur Jóhannskálgarður [012], sem nú er uppgróinn, og byrgið kennt við Narfa," segir í örnefnalýsingu. Á grónum klapparhól, fast suðaustan við Jóhannskálgarð eru tvær grjóthrúgur. Mögulega er önnur hrúgan eða þær báðar leifar af Narfabyrgi en ekki er útilokað að grjóthrúgurnar séu eftir túnahreinsun.

Mosagróinn klapparhóll í túnjaðri.
Grjóthrúgurnar eða þústirnar eru á svæði sem er um 10x2 að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í suðvesturenda svæðisins er þúst B sem er um 1,5 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Engar hleðslur sjást í hrúgunni og er grjótið í henni mosavaxið. Í norðausturenda svæðisins er þúst A sem er óreglulegri að lögun. Hún er 2x1 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einnig 0,2 m á hæð. Í þúst A er grjótið mosavaxið og er meðalstórt og smátt grjót í bland. Í þúst B er grjótið nær eingöngu meðalstórt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Traðarkot, 2

GK-136:012 *Jóhannskálgarður* garðlag túngarður 64°00.287N 22°21.852V



Túngarður 012, horft til vesturs

"Í Traðarkoti bjuggu á síðustu öld bændur, sem hétu Narfi og Jóhann - við hann var kenndur Jóhannskálgarður, sem nú er uppgróinn ...," segir í örnefnalýsingu. Kálgarðurinn er sýndur á túnakorti frá 1919. Hann er sambyggður túngarði og eru kálgarðurinn og túngarðurinn skráð saman undir einu númeri. Kálgarðurinn var um 140 m austan við bæ 001. Túngarðurinn afmarkaði Austurtúnið og sést enn á kafla en kálgarðurinn sést ekki.
Garðurinn liggur á mörkum túns og móa annars vegar og mörkum túns og Brunnastaðatjarnar hins vegar.
Túngarðurinn sem enn sést afmarkar svæði sem er um 28x60 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn stendur best í norðausturenda svæðisins þar sem hann er 0,7 m á breidd og 0,5-0,6 m á hæð. Þar sjást 4-5 umför.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Traðarkot, 2

GK-160 Hvassahraun

Jarðadýrleiki óviss 1703, konungseign. JÁM III, 155. Um 1234 segir í máldaga Viðeyjarklausturs að Magnús biskup hafi gefið klaustrinu sjöundahlut úr hvalreka og viðreka í Hvallahraunslandi. (DI I, 507). Um 1284. Þá á klausturið í Viðey sjöunda hluta hvalreka á Hvassahraunslandi. (DI II, 247)1397, vitnisburðarbréf um máldag og reka kirkjunnar í Viðey að Hvassahrauni. (DI III, 341). 1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. (DI XII, 114) 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs 6 vættir fiska. (Árni Óla: Strönd og Vogar, 26)
Hjáleigur í byggð 1703, Þóroddskot 076 og tvær nafnlausar 074, 075. JÁM III, 156-7. Hvassahraunskot GK-161 hjáleiga 1847. JJ, 91 Sönghóll 077 var býli í byggð um 1840. "Við Sjávargötuna [087] voru ýmis kot, einu nafni nefnd Hvassahraunskotin. Þar var Suðurkot [071] og Suðurkotsgerði. Norðurkot [019] með Norðurkotsgerði, líka Þorvaldskot [021] og Þorvaldskotstún. ..." "Vestan Látra tók við Vesturhraun. Þar, er talið, að staðið hafi bær, sem lagðist af við hraunrennslið, nefndist Látur [033]." Ö-Hvassahraun, 3-4, 6. Lengi tvíbýli að Hvassahrauni og fór Hvassahraun 1 í eyði fyrir 1962, Hvassahraun 2 fór fyrr í eyði.
1703: "Engjar eru öngvar. Úthagar, sem áður voru sæmilegir, gánga mjög til þurðar, því hríssrifið eyðist." JÁM III, 156.

GK-160:001 *Hvassahraun* bæjarhóll bústaður 64°01.299N 22°08.584V



Horft til norðurs heim að bæjarstæði Hvassahrauns 001

"Hvassahraunsbær stóð á klapparrana. Þar var oftast í fyrri daga tvíbýli, Austurbær og Vesturbær [007]," segir í örnefnaskrá. Nú stendur bárujárnsklædd timburbygging þar sem gamli bærinn 001 var áður. Guðmundur Sigurðsson, heimildamaður, man eftir eldra húsi (forsköluðu) á nákvæmlega sama stað og það hús sem nú stendur og taldi að þar hefði Vesturbærinn í Hvassahrauni staðið um langa hríð.
Húsið sem nú stendur á þessum stað er með steyptum kjallara. Það er á hæð sem virðist að mestu náttúruleg enda túnið allt í hæðum. Víða sjást hleðslur í og við bæinn.
Engar leifar um torfbyggingar hafa sést á þessum stað um áratugaskeið. Hóllinn er um 200 m norðan við Reykjanesbraut.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 2

GK-160:002 tóft hrútakofi
64°01.297N 22°08.512V
Tæpum 60 m suðaustan við Hvassahraunsbæinn 001 er merkt útihús á túnakorti frá 1919. Á þessum stað má sjá leifar lítils hrútakofa. Leifarnar sem nú má sjá eru um 15 m sunnan við hleðslu 005 og 5 m suðvestan (við suðvesturhorn) útihúsasamstæðu sem stendur sunnan við Hvassahraunsbæinn. Þar eru leifar af steypu og grjót á víð og dreif. Hann er um 200 m norðan við Reykjanesbraut.
Leifar síðasta kofans á þessum stað sjást enn. Þær standa á ávalri hæð sem er grasi gróin (sama hæð og bærinn í Hvassahrauni er á).
Kofinn er 3 X 4,5 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:003 heimild um lambhús 64°01.305N 22°08.510V
Um 50 m suðaustan við Hvassahraunsbæ 001 var áður lambhús. Kofinn hefur verið nálega þar sem suðurjaðar útihúsasamstæðunnar sunnan við Hvassahraun er nú. Á þessum stað hefur verið steypt viðbygging en mikið af grjóti er í nágrenninu og virðist hafa verið rutt úr tóftinni. Útihúsið var tæpum 200 m norðan við Reykjanesbraut. Á svipuðum stað og útihús standa nú, á sömu hæð og bærinn er á.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:004 *Þjófagerði* tóft hrútakofi 64°01.354N 22°08.504V



Tóft af hrútakofa 004, horft til suðurs



Tóft af hrútakofa 004

"Norðan við Langhól voru Leynir og Þjófagerði, kriki á milli hóla. Þegar verið var að verja túnið, gátu kindur oft laumazt þangað án þess að nokkur sæi," segir í örnefnaskrá. Norðvestast við Langhól var byggður hrútakofi og sést tóft hans enn greinilega. Tóftin er um 130 m austan við bæ 001 og rúmum 200 m norðan við Reykjanesbraut.
Tóftin er við langan klettahól og allt umhverfis er grasi vaxið hraun í dældum og hæðum.
Tóftin er einföld. Hún er 6 m á lengd en 5 m á breidd og snýr suðvestur-norðaustur. Op er norðausturvegg. Tóftin hefur verið hlaðin úr grjóti en er nú alveg gróin að utan. Hún er enn nokkuð stæðileg eða um 1,3 m á hæð. Að innan er tóftin grjóthlaðin en aðeins er byrjað að hrynja inn í hana, hún er 2 X 3 m að innanmáli.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919 og Ö-Hvassahraun, 3

GK-160:005 hleðsla útihús 64°01.297N 22°08.532V
Um 40 m suðaustan við Hvassahraunsbæ 001 var hús samkvæmt túnakorti frá 1919. Grunnhleðslur hússins sjást enn fast vestan við útihúsasamstæðuna sunnan við bæinn og tæpum 200 m norðan við Reykjanesbraut.
Hleðslurnar sjást á grasi vaxinni hæð (þeirri sömu og bærinn stendur á).
Greinilegt er hvar húsið hefur staðið og einnig innanmál þess (7 X 7 m). Norður- og austurveggir tóftarinnar eru greinilegir en hinir eru næsta ógreinilegir. Hæð hleðslna er einungis um 0,3 m. Ekki er hægt að greina op á tóftinni en svo virðist sem veggir hennar hafi verið mjög þykkir eða um 1,5 m.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919



Hleðsla 005, horft til norðvesturs

GK-160:006 heimild um útihús 64°01.303N 22°08.552V
Um 10 m norðvestan við hleðslu 005 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1919. Húsið hefur staðið um 30 m suðaustan við bæinn 001. Á þessum stað er nú lítil hæð í hlaðinu en engar leifar af húsinu sjást. Húsið hefur verið um 200 m norðan við Reykjanesbraut
Hlað.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:007 *Hvassahraun 2* bæjarstæði býli 64°01.311N 22°08.557V
"Í Hvassahrauni 2, sem líka var grasbýli ..." Um 30 m suðaustan við 001 er merkt hús inn á túnakort. Guðmundur Sigurðsson telur þetta (eða 008) vera það hús sem kallað var Austurbær eða Hvassahraun 2. Húsið hefur staðið um 200 m norðan við Reykjanesbraut.
Húsið var nokkru suðaustar en bærinn á sömu hæð. Þar er nú hlað.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: GJ: Mannlíf og mannvirki, 368

GK-160:008 heimild um útihús 64°01.308N 22°08.556V
Um 30 m suðaustan við bæ 001 er merkt hús inn á túnakort frá 1919. Það hefur staðið fast (innan við 5 m) vestan við Hvassahraun 2/Austurbæ 007. Engin ummerki sjást nú um húsið en það hefur staðið nálægt 200 m norðan Reykjanesbrautar.
Þar sem húsið hefur staðið er nú hlað. Það hefur staðið á sömu hæð og bærinn.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:009 heimild um útihús 64°01.312N 22°08.559V
Um 40 m suðaustan við bæinn 001 var, samkvæmt túnakorti frá 1919, áburðarþró með salerni. Hún hefur verið um 5 m austan við útihús 010 og nálægt 200 m norðan við Reykjanesbraut.
Á þessum stað er nú hlað og engin merki um mannvistarleifar sjást.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:010 heimild um útihús 64°01.314N 22°08.567V
Tæpum 25 m suðaustan við bæ 001 og tæplega 5 m austan við útihús 011 er merkt hús inn á túnakort frá 1919. Húsið hefur nú verið jafnað við jörðu en var um 200 m neðan við Reykjanesbraut.
Engin merki sjást nú um húsið en það hefur staðið í námunda við grasi vaxinn hól, Fjóshóllinn og er því ekki ólíklegt að það hafi verið fjós.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:011 heimild um útihús 64°01.311N 22°08.576V
Tæpum 20 m austan við 001 og fast suðvestan við útihús 010 var tóft samkvæmt túnakorti frá 1919. Hún hefur staðið um 200 m norðan við Reykjanesbraut.
Tóftin hefur verið í námunda við Fjóshól 080 og er því mögulegt að þar hafi verið fjós. Ekki sjást ummerki um hana lengur.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:012 tóft útihús 64°01.299N 22°08.621V



Tóft 012


Tóft 012, horft til norðausturs

Um 140 m sunnan við gamla bæinn 001 sjást enn leifar útihúss sem merkt er inn á túnakort frá 1919. Útihústóftin er fast norðan við túngarðinn 078 (sem er fremur stæðilegur á þessum slóðum) en 20 m norðan við vírgirðingu sem nú er notuð til að girða af tún. Tóftin er 50-60 m neðan við Reykjanesbraut.
Tóftin er á hæð í grasi grónu hrauni. Allt umhverfis skiptast á hæðir og dældir.
Tóftin er einföld og ferhyrnd, um 6 m á breidd en 6,5 m á lengd. Hún er hlaðin úr grjóti en er alveg gróin að utan. Op er nyrst á vesturhlið tóftarinnar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:013 heimild um útihús 64°01.343N 22°08.410V
Um 90 m suðvestan við við fjárréttina 023 er merkt útihús inn á túnakort frá 1919. Engar leifar þessa húss sjást en það hefur staðið þar sem nú er fremur slétt, afgirt tún. Húsið hefur verið um 155-185 m norðan við Reykjanesbraut.
Hæð er í túni á svipuðum stað og útihúsið var.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:014 heimild um útihús 64°01.386N 22°08.463V
Um 60 m norðnorðaustur af fjárréttinni 023, sem er enn við túngarðinn 078, er merkt inn á túnakort frá 1919 útihús í hringlaga gerði. Útihúsið virðist eiga að vera um 200 norðnorðaustur af Hvassahraunsbænum. Tóftin hefur þá verið 250-300 m norðan við Reykjanesbraut.
Þar sem húsið og garðlagið eiga að hafa verið er mosavaxið hraun með klettadröngum og litlum hólum. Engin ummerki um fornleifar eru merkjanlegar á þessum slóðum og erfitt að ímynda sér að þar hafi verið útihús og gerði í kring.
Utan (austan) við túngarð, en nokkru neðar er hins vegar gerði 088 sem gæti hæglega verið það sama og 014 ef 014 er merkt ónákvæmlega inn á túnakortið. Þar sést hringlaga garðlag en engar leifar útihúss enda virðist garðlagið undir það síðasta hafa verið notað sem kálgarður. Guðmund Sigurðsson rámar í hús á þessum stað. Garðlagið er tæplega 300 m norðaustur af bæ (sjá 088).
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:015 tóft útihús 64°01.393N 22°08.632V
Fast aftan við Norðurkot 019 er sýnt annað hús í Norðurgerði á túnakorti frá 1919 sem snýr þvert á Norðurkot 019. Þetta hús var fast upp við 019 en þó var það ekki sambyggt samkvæmt túnakorti. Nú hafa veggir húsanna hrunið nokkuð og því má telja þau samtengd. Tóftin er 400-450 m norðan við Reykjanesbraut.
Norðurkot er á hæð og allt umhverfis er grasigróið tún, ræktað upp á hraunsvæði. Túnið er allt í hæðum og dældum.
Tóftin er einföld og snýr austur-vestur og er 9 X 6 m að stærð og ekki er veggur fyrir vesturhlið. Hólfin eru grjóthlaðin en gróin að utan. Mikið grjót hefur fallið inn í tóftina. Hleðslur hennar eru um 1,5 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:016 tóft útihús 64°01.406N 22°08.627V



Tóft 016


Tóft 016, horft tiil norðausturs

Í Norðurkoti 019 var útihús um 20-30 m norðnorðaustan við sjálfa bæjartóftina (019). Tóftin er um 5 m innan (vestan) við túngarð 078 og stendur á grasi grónum hól. Hún er tæpa 200 m norðan við bæ (001) en tæpum 400 m neðan við Reykjanesbraut.
Tóftin stendur á grasi grónum hraunhól en túnið umhverfis er í lautum og hæðum.
Tóftin er enn mjög stæðileg. Hún er um 12 m á lengd en um 6,5 m á breidd og einföld. Op er á miðjum vesturvegg. Tóftin er hlaðinn úr grjóti en er vel gróinn að utan. Að innan eru veggir byrjaðir að hrynja ofan í tóftina þannig að innanmál hennar er einungis um 9 X 2 m. Veggir tóftarinnar hafa verið mjög þykkir (1,5 m) en það sést á innganginum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:017 heimild um útihús 64°01.358N 22°08.719V
Fast norðvestan við Niðurkots-tóftina 020 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1919. Tóftin hefur staðið 300-350 m norðan við Reykjanesbraut.
Þar sem húsið stóð er grasi vaxið hraunlendi en engin merki um tóftina sjást.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:018 tóft útihús 64°01.392N 22°08.700V



Tóft 018


Tóft 018, horft til suðausturs

Tæpa 200 m norðnorðvestur af Hvassahraunsbæ 001 er útihús merkt inn á túnakort frá 1919. Óljósar leifar sjást enn af útihúsinu sem er um 55 m vestan við Norðurkot 019 og 55 m norðaustan við Niðurkot 020. Túngarðurinn 078 liggur við tóftina en rof er í garðinn þar sem tóftin er. Tóftin er rúmum 400 m neðan við Reykjanesbraut.
Grasi vaxið hraun. Mikið um hæðir og dældir.
Tóftin er einföld. Hún er 4 m á lengd en 3 m á breidd. Enginn austurveggur er á tóftinni. Í vesturvegg innanverðum má sjá greinilega grjóthleðslu en annars staðar er tóftin gróin og um 0,3 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:019 *Norðurkot* tóft býli 64°01.386N 22°08.632V


Tóft 015 og tóft og kálgarður í Norðurkoti 019


Tóftir 015 og 019, horft til norðausturs

"Á hægri hönd við Sjávargötuna [087] voru ýmis kot, einu nafni nefnd Hvassahraunskotin. Þar var Suðurkot [071] og Suðurkotsgerði. Norðurkot með Norðurkotsgerði ..." segir í örnefnaskrá. Um 185-195 m norðan við Hvassahraunsbæinn 001 var Norðurkot og sjást merki þess enn greinilega. Norðurkot er um 80-90 m norðaustan við Niðurkot 020 og útihús 016 norðaustan við kotið er um 5 m innan við túngarð 078. Tóftin er tæpum 400 m

neðan við Reykjanesbraut.
Norðurkot er á hæð og allt umhverfis er grasigróið tún, ræktað upp á hrauni. Túnið er allt í hæðum og dældum.
Tóftin snýr norðaustursuðvestur. Fast aftan austan við hana er önnur tóft sem snýr þvert á hana og eru þær nú samgrónar (sjá 015) . Tóftin er 12,5 X 8 m að stærð. Enginn suðvesturveggur er á tóftinni. Hólfið er grjóthlaðið en gróið að utan. Mikið grjót hefur fallið inn í það. Norðvestan við bæinn er djúp dæld og hlaðið umhverfis hana. Suðvestan við bæinn má sjá óljósar leifar garðlags sem girt hefur af ræktaðan blett. Suðaustan við bæinn eru einnig nokkrar hleðslur garðlags sem girt hefur af tún.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3-4

GK-160:020 *Niðurkot* tóft býli
64°01.358N 22°08.713V
"Á hægri hönd við Sjávargötuna [087] voru ýmis kot, einu nafni nefnd Hvassahraunskotin. Þar var Suðurkot [071] og Suðurkotsgerði. Norðurkot [019] með Norðurkotsgerði, þá var Niðurkot og Niðurkotstún ..." segir í örnefnaskrá. Rúma 120 m norðvestan við bæ 001 sjást enn leifar Niðurkots. Kotið er um 80 m suðvestan við Norðurkot og 300-350 m neðan við Reykjanesbraut.
Tóftin er á grasi gróinni hraunhæð en allt umhverfis eru dældir og hæðir.
Tóftin er einföld, um 7 m á lengd en 6 m á breidd. Enginn vesturveggur er fyrir tóftinni. Hún hefur verið hlaðin úr grjóti en er alveg gróin að utan. Hæð hleðslna er 1,3 m.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3-4



Tóft í Niðurkoti 020

GK-160:021 *Þorvaldskot* bæjarstæði býli 64°01.439N 22°08.770V


Þorvaldskot 021


Rústir Þorvaldskots 021, horft til NNA

"Á hægri hönd við Sjávargötuna [087] voru ýmis kot, einu nafni nefnd Hvassahraunskotin. Þar var Suðurkot [071] og Suðurkotsgerði. Norðurkot [019] með Norðurkotsgerði, þá var Niðurkot [020] og Niðurkotstún, líka Þorvaldskot og Þorvaldskotstún. Sjást þar alls staðar rústir," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt lýsingu virðist Þorvaldskot hafa verið nyrsta kotið í túni Hvassahrauns, fremur nálægt sjó. Guðmundur Sigurðsson man ekki eftir þessu heiti en taldi að lýsingin gæti helst átt við tóftir um 300 m norðvestan við bæ. Þar er hringlaga túngarður og tóft í miðjunni. Tóftin er um rúmum 500 m norðan Reykjanesbrautar.
Tóftin og garðlagið umhverfis eru á grasi grónu svæði fast ofan við fjöruborðið.
Svæðið samanstendur af einni einfaldri tóft sem er um 16 X 6 m að stærð og er opin til norðurs og túngarði sem liggur umhverfis hana. Tóftin er hlaðinn úr grjóti en er mjög gróinn að utan. Grjóthleðslur eru byrjaðar að falla inn í tóftina og því er hún aðeins 3 X 9 m að innanmáli. Stærð túngarðsins að innan er 35 m X 24 m. Hleðslur tóftarinnar eru mest 1,5 m á hæð en túngarðurinn er 0,3 m á hæð. Tóftin var þaklaus undir það síðasta og var notuð í tengslum við sjósókn.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3-4

GK-160:022 *Kirkjuhóll* heimild um huldufólksbústað 64°01.388N 22°08.541V
"Kirkjuhóll er í Norðurtúni og Kirkjuhólsflöt. Hóllinn er einnig nefndur Álfahóll, því að þar messaði huldufólkið," segir í örnefnaskrá. Skáhallt (suðaustur) af Norðurkoti 019 er aflöng klöpp eða hóll sem liggur norðvestur-suðaustur og var nefndur Kirkjuhóll. Hóllinn er um 300 m norðan Reykjanesbrautar.
Gróinn aflangur hraunhóll í túni (ræktuðu upp á hraunsvæði).
Klöppin er mjög löng og í suðausturenda hennar er fjárréttin 023.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 4

GK-160:023 tóft rétt 64°01.362N 22°08.500V



Rétt 023


Rétt 023, horft til suðausturs

Um 25 m norðaustan við Þjófagerði (sjá 004) er gömul rétt sem hlaðin er upp við túngarðinn 078 og er merkt inn á túnakort frá 1919. Réttin er um 130-140 m norðaustan við bæinn 001 og rúmum 200 m norðan við Reykjanesbraut.
Réttin er byggð utan í klapparhól sem myndar vestur (norðvestur) hlið hennar. Allt umhverfis er gróið hraunlendi.
Réttin samanstendur af einu hólfi. Vesturvegginn myndar klöppin og suðurvegginn myndar túngarðurinn. Aðrir veggir eru sérstaklega hlaðnir. Tóftin er að innanmáli 12-13 m á lengd en um 6 m á breidd. Hæð hleðslna er um 1 m og breidd er svipuð. Réttin er alveg grjóthlaðin.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:024 heimild um rétt 64°01.543N 22°08.778V
"Ofan sjávarkampsins er fjárréttin gamla," segir í örnefnaskrá. Fjárréttin er nú horfin en hún var fast austan við Bæjarvík, um 150 m austan við 103.
Fjárréttin stóð þar sem laut er milli sjávarkampsins og hraunendans.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 4

GK-160:025 vegur leið 64°01.294N 22°08.591V
Heimreiðin að Hvassahraunsbænum 001 er enn á sama stað og hún var merkt inn á túnakort frá 1919. Gatan liggur vestur frá bænum og má sjá hleðslu undir veginum, nálægt bænum og um 200 m norðan við Reykjanesbraut.
Gatan liggur yfir gróin tún.
Vegurinn er mest hlaðinn í um 0,3-0,4 m hæð. Hann er um 2,5 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:026 *Naustið* hleðsla naust 64°01.407N 22°08.983V
"Næst er svo Hvassahraunsvör eða Vörin [072]. Hún er einnig nefnd Lendingin og Víkin stundum kölluð

Lendingarvík. Upp af Vörinni var Naustið." segir í örnefnaskrá. Í fjöruborði Lendingarvíkur, er hlaðið naust og um 10 m vestan er lítil ferhyrnd tóft á hæð ofan við fjöruborðið. Naustið er nálægt því að vera um 380 m norðvestan við bæinn. Hleðslan er 10 m norðan við garðlög 028. Naustið er 510-520 m neðan við Reykjanesbraut.
Hleðslan er í fjöruborðinu en 10 m norðvestar er lítil, ferhyrnd hlaðin tóft á hæð við fjöruborðið.



Tóft og hleðsla við Naustin 026



Tóft 026A, horft til suðurs

Í fjörunni eru hleðslur (A) upp af lendingunni sem mynda V-laga hólf. Hólfið er um 10 m á lengd en um 1 m á breidd innst en tæpir 6 m yst. Hæð hleðslna er 0,8 m og þær eru aðeins greinilegar að innan þar sem þær hafa verið hlaðnar upp í bakkana ofan fjöruborðsins. Steypt hólf (0,8 X 4 m) er í austur hliðinni en þar var grásleppa söltuð. Um 10 m vestan við hleðsluna er lítil ferhyrnd tóft á hæð við fjöruna (B). Tóftin er um 6,5 m á lengd en 4,5 m á breidd og snýr austur vestur. Op virðist hafa verið á austurvegg miðjum. Tóftin er alveg hlaðin úr grjóti og er 0,3 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 4



Stekkur 027A og gerði 028B við skúta

GK-160:027 *Stekkur* tóftir stekkur
64°01.708N 22°08.699V
"Innraland er allt svæðið kallað frá túngarði [078] í Hvassahrauni að landamerkjum móti Lónakoti [GK-162]. Stekkjarnes gengur út í sjó austan túngarðsins, einnig kallað Stekkjarnef. Þar, var álitið, að hefði verið stekkur. Þar upp af er svo Stekkjardalur og er þar Stekkur," segir í örnefnaskrá. "Svo er næst við sjó Stekkjarnef þar er rúst eftir Stekk þar er og Stekkjardalur, niður við sjóinn, stór dalur og byrgi, þar er Stekkjarhóll klofinn grashóll," segir í örnefnalýsingu AG. Ekki er annað að skilja af þessum lýsingum að Stekkjarnef/-nes og Stekkjardalur séu á svipuðum slóðum. Það er því líklegt að báðir þessir staðir dragi nafn sitt af Stekk sem þekktur er í Stekkjardal. Ekki fannst nema einn stekkur á þessu svæði og er hann í Stekkjardal, allstóru og flatlendu viki inn í hraunið sunnan við grýttan sjávarkampinn, um 760 m norðan við bæ 001. Auk stekkjartóftar er gerði og hleðsla framan við skúta í dalnum og ungleg varða er austan við stekkinn.
Flatlent og smáþýft er í Stekkjardal. Grjót berst á land í sjógangi.
Minjarnar eru á svæði sem er um 28x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í norðausturenda þess er ungleg varða C. Hún er uppi á hraunhól um 15 m austan við stekkjartóft A. Hún er um 0,5 m í þvermál og á hæð. Í henni sjást 4 umför en



Á vinstri myndinni er Stekkur 027A, horft til NNA. Á hægri myndinni er byrgi 027B, horft til VSV.

hleðslan er óvönduð. Stekkjartóftin er austast í Stekkjardalnum, vestan undir hraunvegg. Tóftin er mjög sigin og grjóthleðslur jarðlægar en hún er tvískipt. Tóftin er um 5x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er í norðvesturhluta tóftarinnar. Það er um 3x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf II er í suðausturenda tóftarinnar. Það er einnig um 3x1 m að innanmáli og snýr eins og hólf I. Op er á báðum hólfum til suðvesturs. Mesta hæð veggja er 0,2 m og er hvergi steinn yfir steini. Gerði B er um 15 m suðvestan við tóft A. Það er einfalt og virðist vera grjóthlaðið. Gerðið er sporöskjulaga og er um 9x7 m að stærð, snýr VSV-ANA. Skýrir veggir eru til norðurs en ógreinilegir til suðurs þar sem hlaðið er meðfram hraunvegg. Ekki er skýrt op á gerðinu en það kann að hafa verið í norðvesturhorni. Hleðslur í gerðinu eru að mestu hrundar en eru 0,2-0,3 m á hæð og mest sjást 2 umför. Grjót sem sjórinn ber á land er komið fast að gerðinu. Hlutverk gerðisins er óljóst en líklega er það "byrgið" sem nefnt er í örnefnaskrá AG. Fast vestan við gerðið er skúti. Op hans er um 10 m á lengd. Hlaðið er fyrir skútann að mestu leyti. Sumt af grjótinu í opinu hefur hrunið og svo hefur verið hlaðið ofan á hrunið. Mest sjást 2-3 umför hleðslu. Mögulega hefur norðurhluti skútans verið nýttur sem fjárskjól þar sem gólf er tiltölulega slétt og hæst er til lofts. Ekki er að sjá að skýrt op sé inn í hann og samband gerðis og skúta er óljóst.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 5; Ö-Hvassahraun AG, 1

GK-160:028 garðlag 64°01.396N 22°08.985V



Garðlag 028



Garðlag 028, horft til suðurs

Um 300 m norðvestur af Hvassahraunsbæ 001 og upp af Naustinu 026 eru nokkur garðlög. Garðlögin liggja í hálfhring í kring um lítil timburhús í fjöruborðinu. Garðlögin eru um 480-490 m norðan við Reykjanesbraut.
Garðlögin liggja á grasi grónu svæði að mestu umhverfis lítinn timburkofa ofan við fjöruborðið.
Garðlag sem liggur í hálfhring umhverfis kofann er um 65 m langt. Út frá því liggja svo þrír garðar. Til vesturs liggur einn þeirra en beygir svo eilítið til norðurs áður en hann fjarar út (um 40 m á lengd). Annað garðlag liggur frá austurenda garðsins og til suðausturs að timburhúsinu (um 16 m að lengd) og þriðja garðlagið liggur niður úr hálfhringnum til norðvesturs (um 7 m). Garðlögin eru víðast um 1 m á breidd en 0,3 m á breidd og nokkuð

hrunin.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:029 *Stekkjarhólsvarða* heimild um samgöngubót 64°01.693N 22°08.735V
"Þar upp af [Stekkjarnefi/-nesi] er svo Stekkjardalur og er þar Stekkur [027]. Þar upp af Stekkjarhóll og á honum Stekkjarhólsvarða," segir í örnefnaskrá. "... Stekkjardalur [sjá 027], niður við sjóinn, stór dalur og byrgi, þar er Stekkjarhóll, klofinn grashóll," segir í örnefnaskrá AG. Stekkjarhóll er 40 m suðvestan við stekk 027 og 740 m norðan við bæ 001. Varðan á Stekkjarhóli hefur vafalaust vísað veginn að stekknum.
Stekkjarhóll er allhár og afgerandi, klofinn hraunhóll í mosagrónu hrauni niður við sjó.
Ekki er varða lengur á Stekkjarhól. Ekki er ljóst hver örlög hennar hafa orðið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 5; Ö-Hvassahraun AG, 1

GK-160:030 tóft skotbyrgi 64°02.193N 22°07.601V



Tóft 030


Tóft 030, horft til vesturs

"Hraunsnefstjarnir eru upp af Bótinni. Þar er einnig Skollanef og Skollaflatir og eru gömul skotbyrgi þar nálægt," segir í örnefnaskrá. Eitt meint skotbyrgi er um 620 m norðaustan við vörðu 129 og 1,8 km norðaustan við bæ 001.
Byrgið er fast sunnan við Hraunsnefstjarnir og um 10 m austan við stórgrýti á sjávarbakkanum. Hraunhæðir eru til suðurs og austurs.
Byrgið er hálfvegis niðurgrafið eða hlaðið austan í lágan bakka. Það er hlaðið úr lábörðu grjóti og eru hleðslur mosavaxnar og signar. Byrgið er um 1x1 m að stærð og mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Í hleðslum sjást 3 umför.
Ekki er útilokað að mannvirkið hafi haft annað hlutverk en skotbyrgi. Aðeins sást þetta eina byrgi á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 5-6

GK-160:031 varða
64°01.731N 22°08.124V
"Upp af Básum eru Tripphólar og Grýluholt, hæð með vörðu á," segir í örnefnaskrá. Varðan er á allháum, en ekki stórum, hraunhól, um 320 m austan við vörðu 060 og um 890 m norðaustuan við bæ 001.
Mosagróið hraun. Hóllinn sem varðan er á er vaxinn mosa og lyngi.
Varðan er stór en hleðslur í henni eru að miklu leyti hrundar. Hún er kringlótt í grunninn, er um 1,2 m í þvermál og 0,6 m á hæð. Enn sjást í henni 4 umför hleðslu. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 6


Varða 031, horft til vesturs

GK-160:032 *Skæringsvarða* varða 64°01.585N 22°07.870V

"Þarna [í kringum 031] eru Girðishólar og Skæringsvarða," segir í örnefnaskrá. Lítil varða er á sprungubrún á hraunhæð um 190 m suðaustan við vörðu 127, 340 m suðaustan við vörðu 031 og 780 m norðaustan við bæ 001. Þar skammt frá eru tvær lítilfjörlegar og ungar vörður sem skráðar eru með henni.
Mosagróið hraun.
Meint Skæringsvarða er um 0,5 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Í hleðslum sjást 3 umför. Lítillega hefur hrunið úr vörðunni. Ekki er öruggt að þetta sé Skæringsvarða og hlutverk hennar er ekki þekkt. Um 50 m austan við vörðuna eru tvær litlar vörður sem að öllum líkindum teljast ekki til fornleifa vegna ungs aldurs. Þær eru á krosssprungnum hól. Vestari varðan er 0,5 m í þvermál, mjókkar upp og er um 0,7 m á hæð. Í henni sjást 4 umför. Austari varðan er aðeins úr tveimur stórum steinum og er hún 0,3 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 6



Varða 032A, horft til vesturs

GK-160:033 *Látur* bæjarstæði býli 64°01.188N 22°09.570V
"Vestan Látra tók við Vesturhraun. Þar, er talið, að staðið hafi bær, sem lagðist af við hraunrennslið, nefndist Látur," segir í örnefnaskrá. Látur er um 800 m vestan við Hvassahraun 001. Ekki sjást nein merki um bæjarstæði á þessum slóðum. Á svipuðum stað voru hlaðnar 3 tóftir og nokkrar vörður úr grjóti fyrir tökur á kvikmyndinni "Myrkrahöfðinginn". Látur er um 150 m norðan við Reykjanesbraut.
Þröng vík með mörgum skerjum.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 6

GK-160:034 *Markvarða* varða landamerki 64°00.977N 22°10.339V



Markvarða 034, horft til norðurs

"..., þar næst er svo Fagravík sem er norður af Afstapavörðu sem er uppi á brunann um ofan við veginn," segir í örnefnaskrá. Á öðrum stað er sama varða nefnd Markvarða eða Fögruvíkurvarða. Að sögn Guðmundar Sigurðssonar voru öll þessi nöfn notuð um sömu vörðuna sem er 80 m sunnan Reykjanesbrautar. Upp af Fögruvík er enn lítill tjörn. Suður frá austanverðri víkinni er Afstapaþúfa sem er að mestu sunnan Reykjanesbrautar.
Markvarðan var upp á háhól Afstapaþúfu. Afstapaþúfa er klettahæð fast ofan Reykjanesbrautar. Hæðartoppurinn er grasi vaxinn.
Efst á Afstapaþúfu er varða sem þó virðist ekki mjög fornleg, e.t.v. hefur hún verið endurhlaðin. Varðan er um 0,6-0,7 m á hæð. Er nálægt því að vera um 1 m í þvermál. Nafn vörðunnar og staðsetning benda eindregið til þess að hún sé landamerkjavarða.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 7 og Ö-Hvassahraun AG, 2.

GK-160:035 *Þvottagjá* örnefni þvottastaður 64°01.111N 22°09.050V
"Næst veginum er Helguhola. Þá er Þvottagjá og fjærst Ullargjá. Þar var þvegin ull," segir í örnefnaskrá. Um 20-30 m sunnan Reykjanesbrautar er Þvottagjá. Í raun er ekki um gjá að ræða heldur litla tjörn í hraunlendi. Um 5 m norðaustar er Helguhola sem er mun minni pollur. Báðar tjarnirnar sjást frá Reykjanesbraut.
Tjörnin er í grónu hrauni.
Engar mannvistaleifar eru nú merkjanlegar við tjörnina.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 7

GK-160:036 *Ullargjá* heimild um þvottastað 64°01.092N 22°09.100V
"Næst veginum er Helguhola. Þá er Þvottagjá [035] og fjærst Ullargjá. Þar var þvegin ull," segir í örnefnaskrá. Um 50 m suðvestan við Þvottatjörn er Ullargjá, í hvarfi frá Reykjanesbraut. Tjörnin er stærst tjarnanna þriggja og er hún í e.k. jarðsigi. Tjörnin er um 80 m sunnan Reykjanesbrautar.
Tjörnin er í jarðsigi í hraunlendi en engar mannvistarleifar eru í námunda við hana.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 7

GK-160:037 *Hjallhólaskúti* hleðsla fjárskýli 64°01.237N 22°08.386V



Fjárskýli 037 í Hjallhólaskúta, horft til norðausturs

"Hellur eru suður og upp frá Tröðunum [079]. Lítið eitt vestar eru Hjallhólar og Hjallhólaskúti þar í. Hann var fjárbyrgi," segir í örnefnaskrá. Hjallhóll er rétt suðaustan túns en fast neðan Reykjanesbrautar. Hóllinn er 210-220 m suðaustan við bæ 001. Frá Reykjanesbrautinni er opið í hellinn greinilegt enda hellirinn innan við 20 m norðan við Reykjanesbraut.
Hraunhóll með jarðsigi. Gengið er ofan í dældina að sunnan og gefur þá að líta klettaveggi sem slúta inn og mynda þannig skjól. Hellar eða skjól eru bæði á austur- og vesturvegg.
Austari hellirinn er líklega sá sem notaður hefur verið sem fjárskýli. Hann er um 10 m á lengd en 4-5 m á dýpt. Hellinum lokar að hluta náttúruleg upphækkun en ofan á hana hefur að hluta verið hlaðið 5-7 m langur veggur.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 7-8

GK-160:038 *Smalaskáli* örnefni smalakofi
"Suður af þessu svæði [sjá Hjallhólaskúta 037] er Smalaskáli og Smalaskálahæð. Þar á er varða Smalaskálavarða [039]," segir í örnefnaskrá. Á heimasíðu FERLIR segir: "Brennhólar eru suðsuðaustan við Virkishóla, en Smalaskáli sunnan við þá. Utan í Smalaskála er hins vegar fjárskjól, sem ekki er getið um í örnefnalýsingum." Þrátt fyrir ítrekaða leit á og í kringum hólinn sem Smalaskálavarða stendur á fundust ekki leifar af smalakofa og ekki heldur fjárskjólið sem nefnt er hér að framan. Ekki er útilokað að leitað hafi verið á röngum stað og að Smalaskálavarða sé í raun önnur varða, mögulega nafnlaus. Hins vegar er ekki ólíklegt að Smalaskálavarða sé hlaðin úr rústum Smalaskála.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 8; http://ferlir.is/?id=4319



Smalaskálavarða 039, horft til suðurs

GK-160:039 *Smalaskálavarða* varða 64°00.932N 22°07.730V
"Suður af þessu svæði [sjá Hjallhólaskúta 037] er Smalaskáli og Smalaskálahæð. Þar á er varða Smalaskálavarða," segir í örnefnaskrá. Meint Smalaskálavarða er ofan Reykjanesbrautar, um 600 m suðvestan við Virkið 040 og 940 m suðaustan við bæ 001.

Varðan er á mosagrónum, sprungnum hraunhól í grónu hrauni. Hann sker sig ekki mikið úr umhverfinu.
Grunnflötur vörðunnar er 1x0,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Varðan er 0,7 m á hæð og í henni sjást 3-4 umför hleðslu. Grjótið í henni er skófum vaxið en varðan hefur verið endurhlaðin. Ekki er ólíklegt að varðan sé hlaðin upp úr rústurm Smalaskála 038.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 8



Virkið 040, horft til norðurs

GK-160:040 *Virkið* hleðsla fjárskýli 64°01.239N 22°07.453V
"Í suðaustur frá Skyggni eru þrír miklir klapparhólar, sem heita Virkishólar. Virkishóllinn vestasti er stærstur. Mið-Virkishóllinn er minnstur, og þar austur af er Virkishóllinn austasti. Milli þeirra er hringlaga jarðfall í hraunið, tveggja metra djúpt og þrettán metra vítt. Þetta er Virkið. Þarna var hrútum hleypt til ánna um fengitímann," segir í örnefnaskrá. Virkið eru m 950 m suðaustur af Hvassfellsbænum en 330-340 m sunnan við Reykjanesbraut. Virkishólarnir eru þrír. Austasti og vestasti hóllinn standa nokkurn vegin hlið við hlið en á milli þeirra aðeins sunnar er miðhóllinn. Um 50 m sunnar (og eilítið vestar) en miðhóllinn er Virkið, sem er jarðsig.
Virkið er í grónu hraunlendi og er svæði þar sem jarðsig hefur orðið.
Virkið er að mestu náttúrumyndun. Það er hringlaga og gengið hefur verið ofan í það að norðan. Þar, beggja vegna við innganginn, eru 6-8 m langar hleðslur í hvora átt og eru það einu mannaverkin sem sjást á þessum stað. Virkið er um 13 m í þvermál og hallast klettaveggir þess fram og mynda þannig skjól eða skúta. Norðvestarlega í Virkinu er að auki lítill skúti niður í jörðina.
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 8

GK-160:041 *Loftsskúti* hleðsla fjárskýli 64°01.195N 22°06.401V



Fjárskýli 041



Fjárskýli 041 í Loftsskúta, horft til vesturs

"Þar suður og upp af [Virkinu 040] er hólaþyrping, Brennhólar. Loftsskúti er fjárbyrgi milli Smalaskála [038] og Brennhóla," segir í örnefnaskrá. "Á einum hraunhólnum er varða sem heitir Grændalavarða [067] og við þennan hól sunnanverðan er fjárskjól með hleðslum sem heitir Grændalahellir eða Loftsskúti og snýr op þess í suðurátt," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Í síðari heimildinni er Loftsskúta og Grændalahelli slegið saman í eitt en Grændalahellir er 1,2 km norðan við Loftsskúta og er um tvo aðgreinda staði að ræða. Fjárskýli eru á þeim báðum. Loftsskúti er um 860 m austan við Virkið 040 og um 1,8 km austan við bæ 001. Varða 124 er 20 m norðan við skútann.
Fjárskýlið er ofan í hringlaga jarðfalli í grónu hrauni ofan Reykjanesbrautar.
Skútinn er um 13 m á lengd og snýr austur-vestur. Hann er víðast 4 m á breidd og 0,5-1,5 m á hæð. Lofthæðin í skútanum lækkar eftir því sem innar dregur (til norðurs). Hlaðið er fyrir skútann og er hleðslan úr grjóti. Hún liggur frá austri til vesturs og sveigir lítillega til norðurs, inn undir þak skútans, og liggur í mjúkum boga frá austri til vesturs. Hún er 11 m á lengd og 0,5-1 m á breidd. Hæst er hún um 1,5 m og mest sjást 7-8 umför.

Vestast í hleðslunni hefur hraunhellum verið tyllt upp á rönd í hleðslunni og halla þær inn að þaki skútans og ná þannig að loka honum alveg. Op inn í skútann er við austurenda hleðslunnar og er það 1,5 m á breidd.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 8; SG: Örnefni og gönguleiðir, 116

GK-160:042 *Draugadalir* örnefni draugur 64°01.490N 22°07.408V
"Norðaustur af Virkishólum eru Draugadalir," segir í örnefnaskrá. Draugadalir er nefnt hraunsvæði norðan Reykjanesbrautar og um 1 km austan við Hvassahraunsbæ. Vegarslóði liggur norðan Reykjanesbrautar í landi Hvassahrauns og liggur hann um dalina um 200-300 m vestar en þar sem hann sameinast Reykjanesbraut.
Á þessum stað er hæðótt hraunlendi, klettadrangar og dalir.
Mjög skuggsýnt var í dölunum og telur Guðmundur Sigurðsson örnefnið þaðan komið. Ekki kannaðist hann við neinar eiginlegar draugasögur tengdar dölunum.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 8

GK-160:043 *Hvassahraunselsstígur* gata leið 64°01.290N 22°08.429V



Hvassahraunselsstígur 043, horft til norðvesturs

"Hvassahraunselsstígur liggur frá bæ og upp í selið [073] og er nokkuð greinilegur á köflum. ... Selstígurinn liggur áfram langt upp úr, austan við eða yfir Selásinn og fellur þar inn í Skógargötuna [641:005] sem liggur úr Hafnarfirði um Óttarsstaðasel og upp að fjallgarði. ... Gata þessi ber mismunandi nöfn eftir því hvaðan er komið eða hvert er farið. ... Frá Hvassahrauni heitir hún Skógargatan og þegar ofar kemur Mosastígur [641:005]," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Leiðarinnar var fyrst leitað árið 2001 þegar deiliskráning var unnin í tengslum við breikkun Reykjanesbrautar: Ekki sjást greinileg merki Selstígsins fyrr en alllangt ofan við Reykjanesbraut. Gatan hefur legið frá bænum á svipuðum stað og tröðin (079) suðaustur frá bænum. Leiðinni var svo fylgt á kafla frá Hvassahraunsseli 073 haustið 2014 þegar svæðið var aðalskráð.
Stígurinn lá frá Hvassahraunsbæ til suðausturs út túnið (við traðirnar). Síðan lá hann áfram til suðausturs um gróið hraunið sunnan Reykjanesbrautar og að selinu.
Stígurinn er ekki greinanlegur í námunda við Reykjanesbraut. Við selið var leiðinni fylgt nokkuð örugglega á um 500 m löngum kafla þar sem leiðin liggur norðvestur-suðaustur. Á þessum kafla sjást 1-2 mjóar götur á mosagrónu svæði. Sumsstaðar er jarðvegsrof á kaflanum þar sem leiðinni var fylgt. Frá selinu má sjá mjög óljósar götur til SSA við vörðubrot (sjá 044) og óljósar götur til ANA (sjá 121).
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 113-114

GK-160:044 varða samgöngubót
64°00.043N 22°05.063V
Vörðubrot er uppi á umfangsmiklu en lágu holti um 600 m suðaustan við Hvassahraunssel 073 og 780 m norðvestan við skotbyrgi 068.
Gróið hraun.



Vörðubrot 044, horft til suðausturs

Varðan eða hleðslan samanstendur af stórgrýti og minna grjóti sem hefur verið hlaðið ofan á jarðfasta klöpp. Hún er um 1,5 m á lengd og er einföld á hæð og breidd að öllu leyti nema í suðvesturenda. Þar er hleðslan 0,5 m á hæð og 0,4 m á breidd. Þar sjást 2 umför í hleðslu. Gróin lægð er vestan undir holtinu og þar sjást slitróttar, óljósar götur á milli Hvassahraunssels og vörðunnar. Líklegt er að varðan sé við leið sem liggur frá selinu á leið 116 annars vegar og Mosastíg 641:006 hins vegar.
Hættumat: engin hætta



Hleðsla í fjárskýli 045 í Öskjuholtsskúta, horft til norðvesturs

GK-160:045 *Öskjuholtsskúti* hleðsla fjárskýli
64°00.619N 22°07.906V
"Sunnan við Rjúpnahraun tekur við hraunhryggur, er liggur frá vestri til austurs. Heitir það Öskjuholt og nær vestur í Afstapabruna. Þar er að finna Öskjuholtsskúta, Öskjuholtsgjá og Öskjuholtsbruna ofan til," segir í örnefnaskrá. Hleðsla er fyrir Öskjuholtsskúta og hefur hann þjónað sem fjárskýli. Skútinn er um 1,2 km sunnan við Virki 040 og um 1,4 km suðaustan við bæ 001.
Öskjuholtið er afgerandi í landslaginu og er stór sprunga eftir því endilöngu. Holtið er gróið og eru birkirunnar allt í kringum það og uppi á því.
Erfitt er að koma auga á skútann vegna gróðurs en hann er neðst á u.þ.b. miðju sunnanverðu holtinu. Þröngt op er inn í skútann í austurenda sem er 0,5 m á breidd. Skútinn er um 1 m dýpri en umhverfið fyrir utan hann. Grjóthleðsla er við vestanvert opið inn í skútann. Hún er einföld á breiddina en í henni sjást þrjú umför hleðslu og er hún um 1 m á hæð. Skútinn er allstór, 5x10 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Í vesturenda hans má sjá kindabein. Skútinn er hæstur innan við opið inn í hann en þar er hann um 1,2 m á hæð. Hann lækkar skarpt til vesturs. Ekki sjást önnur mannaverk á eða við skútann en áðurnefnd hleðsla.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 9

GK-160:046 *Sauðhólsskúti* örnefni fjárskýli 64°00.254N 22°07.513V
"Þar suður af [045] eru Höfðar, allgott beitiland. Efst í Höfðunum er Sauðhóll, og Sauðhólsskúti eða Sauðhólsbyrgi," segir í örnefnaskrá. "Efst í [Höfðum] er Sauðhóll og Sauðhólsbyrgi með opi til Afstapahrauns," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Líklega er Sauðhóll um 750 m SSA við Öskjuholtsskúta 045. Þar er hár og sprunginn hóll með skútum á vesturhlið móts við Afstapahraun.
Gróið hraun austan við Afstapahraunið.
Engin mannaverk sjást við skútana í Sauðhól og aðstæður eru þannig að ekki er líklegt sé að fé hafi hafst þar við þó að gott skjól sé framan við skútana, vestan við hólinn. Í og við skútana er nokkuð grýtt og mikið af gjótum. Ekki er víst að skútinn sé skráður á réttum stað en stórt svæði í kring var gengið í leit að líklegri stað, án árangurs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 9; SG: Örnefni og gönguleiðir, 110



Jónsvarða 047, horft til norðurs

GK-160:047 *Jónsvarða* varða
64°00.562N 22°07.016V
"Suður af Öskjuholti er svo Jónsvarða og stendur á hraunklöpp," segir í örnefnaskrá. Varðan er um 730 m austan við Öskjuholtsskúta 045 og 1,8 km suðaustan við bæ 001.
Varðan er á lágu holti í grónu hrauni og sést víða að þó að hún standi ekki mjög hátt.

Varðan er um 1 m í þvermál og er nokkuð hringlaga. Hún er um 1,3 m á hæð og mjókkar upp. Í vörðunni er grjót af öllum stærðum og ekki gott að meta fjölda umfara í henni. Grjótið í vörðunni er vaxið skófum en varðan virðist ekki forn. Ekkert er vitað um hlutverk hennar eða tilurð nafnsins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 9

GK-160:048 *Haugarúst* varða
64°00.062N 22°06.920V
"Suður af Sauðhól [sjá 046] er hraunhóll, heitir Haugarúst, og þá Haugarústargjögur," segir í örnefnaskrá "Norðaustur af Geldingahrauni, suður af Jónsvörðu en austur af Sauðhól, er nokkuð mikil en flöt hæð sem heitir Haugrúst, Hugarúst eða Haugarúst og á henni er varða. Í hæðinni, norðaustast, er djúpt jarðfall sem hefur orðið mörgum kindum að fjörtjóni en loks var hlaðin í það uppganga," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Vandlega hlaðin varða er á hólnum Haugarúst sem er um 290 m austan við vörður 111 og 600 m suðaustan við Sauðhólsskúta 046.
Hóllinn er stór og flatur að ofan og í hann miðjan er djúp lægð, grasi gróin. Hóllinn er í grónu hrauni.



Haugarúst 048, horft til vesturs

Varðan er hringhlaðin úr fremur smáu grjóti. Hún er um 1 m í þvermál og 0,8 m á hæð. Í henni sjást 7-8 umför hleðslu. Lítillega hefur hrunið úr henni til vesturs. Ekki er ljóst hvaða hlutverki varðan þjónaði. Um 50 m norðaustan við vörðuna er djúpt jarðfall í lægðinni í hólnum. Í því er mikið grjót en ekki sjást hleðslur í því.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 9; SG: Örnefni og gönguleiðir, 111

GK-160:049 *Markhelluhóll* áletrun landamerki 63°58.674N 22°01.396V
"Sunnan Einihlíða lá landamerkjalína Hvassahrauns og Krýsuvíkur í Markaklett, sem er austur af Búðarvatnsstæði [051]. Hann er nefndur Markhelluhóll í landamerkjalýsingu. Stafirnir Hvassa. - Ótta. - Krv. eru þar markaðir á hellu, sem snýr við norðaustri. Á hólnum er varða, sem mun heita Markhelluhólsvarða," segir í örnefnaskrá. Markhelluhóllinn með vörðu og áletrun er um 800 m suðaustan við Búðarvatnsstæði og 7,6 km suðaustan við bæ 001. Áletrunin hefur einnig verið skráð í landi Krýsuvíkur 001:035 en þar er vörðunni ekki lýst.
Hóllinn er á holti sem er mjög sprungið og margar djúpar gjár eru á því norðvestanverðu. Mosavaxið hraun er allt í kring.
Markhelluhóll er allhár og krossprunginn. Áletrunin er á flatri hellu á norðausturhlið hólsins. Stafirnir er um 5 sm á hæð og nær áletrunin yfir svæði sem er 0,5x0,6 m að stærð. Hún er enn vel greinileg. Varðan er 10 m sunnan við áletrunina, á hæsta punkti hólsins. Hún virðist ungleg eða hefur verið endurhlaðin. Viðarprik stendur upp úr henni. Varðan er um 1 m í þvermál og 1 m á hæð. Hleðslan í henni er óvönduð en í henni má sjá 3 umför.



Áletrun á Markhelluhól 049, horft til suðvesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 10

GK-160:050 varða 63°59.777N 22°03.839V

Lítil varða er á Skógarnefi eða í nágrenni við það, um 460 m austan við byrgi 068 og 2,1 km suðaustan við Skorásvörðu 053 en 4,7 km suðaustan við bæ 001.
Varðan er á krosssprungnum hól í grónu hrauni. Varðan er um 0,5x0,5 m að stærð og 0,5 m á hæð. Í henni sjást 3 umför hleðslu. Ef það er rétt að varðan sé á Skógarnefi kann hún að vera landamerkjavarða en merkin lágu um Skógarnef eins og fram kemur í örnefnaskrá: "Þaðan [Helgulaut] úr Búðarhól liggur línan um Klofningsklett, Skógarnef, Skógarnefsskúta, sem er fjárskjól, og Skógarnefsgren." Þá hefur hún mögulega einnig vísað á fjárskjólið 052 í Skógarnefi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 10



Varða 050, horft til suðurs

63°59.061N 22°01.874V

GK-160:051 *Búðarvatnsstæði* mannvirki vatnsból



Búðarvatnsstæði 051A og meint tóft 051B



Búðarvatnsstæði 051A, horft til norðurs

"Þaðan [frá Markhelluhól 049] liggur landamerkjalínan í norður um mitt Búðarvatnsstæði og Búðarhól, sem er Hraunhóll," segir í örnefnaskrá "Gömul hestagata [069] liggur með fram hrauninu og við fylgjum henni í austurátt fyrir tunguna og að Búðarvatnsstæði. Um vatnsstæðið endilangt liggur gamla sauðfjárveikivarnargirðingin sem hefur vísað okkur veginn hingað til. ... Vatnsstæðið er nokkuð stórt miðað við önnur í hreppnum og virðist hafa verið lagað til af mannahöndum. ... Það er líklegt að þeir sem unnu við kolagerð og hrístöku í Almenningi hafi hafst við tímabundið við Búðarvatnsstæði og af því sé nafnið dregið," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Vatnsstæðið er um 270 m suðaustan við vörðu 120, 3,7 km suðaustur af Hvassahraunsseli 073 og 6,9 km suðaustan við bæ 001.
Vatnsstæðið er á mosavöxnum flata í skeifulöguðu viki inn í úfið, mosavaxið apalhraun. Það er innst/vestast í vikinu, næst hraunbrúninni. Staurar úr gömlu sauðfjárveikivarnargirðingunni sjást enn, sem og hleðsla sem var undir henni. Hún liggur frá hraunjaðri, að vatnsstæðinu og yfir það.
Vatnsstæðið er um 5x9 m að innanmáli og snýr norður-suður. Af bakka og niður á vatnsborð er um 0,5 m og niður í botn eru um 0,8 m. Lögun vatnsstæðisins er fremur regluleg og því líklegt að mannaverk séu á því. Engar aðrar skýrar minjar sjást hér í kring en óljós tóft er þó mögulega við suðvesturhorn vatnsstæðisins. Meint tóft er um 6x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er grjóthlaðin en nánast algróin. Það sést í grjót í suðvesturenda og utanverðum suðaustur-langvegg. Mesta hæð veggja er um 0,2 m. Innst í meintri tóft, í norðausturenda er ferköntuð dæld sem er 0,3x0,4 m að innanmáli, snýr eins og tóft, og er 0,1 m á dýpt. Ýmsar mosaþústir eru hér í kring en engin þeirra hefur tóftarlag og óvíst er að hér séu fleiri minjar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 10; SG: Örnefni og gönguleiðir, 120-121

GK-160:052 *Skógarnefsskúti* heimild um fjárskýli
"Þaðan [Helgulaut] úr Búðarhól liggur línan um Klofningsklett, Skógarnef, Skógarnefsskúta, sem er fjárskjól, og Skógarnefsgren," segir í örnefnaskrá. "Ofan og sunnan við Krossstapana göngum við um kjarri vaxnar hæðir sem heita Skógarnef og þar eru Skógarnefsskúti og Skógarnefsgen. ... Skógarnefnsskúti hefur ekki fundist óyggjandi að því að best er vitað en þar var fjárskjól," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Ekki tókst að staðsetja fjárskjól í Skógarnefsskúta með innan við 50 m skekkju. Mögulega er það í nágrenni við vörðu 050 sem er á eða í nágrenni við Skógarnef.
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 10; SG: Örnefni og gönguleiðir, 120



Skorásvarða 053, horft til norðurs

GK-160:053 *Skorásvarða* varða landamerki
64°00.864N 22°04.600V
"Þá liggur lína um Skorás með Skorásvörðu," segir í örnefnaskrá. Við augum blasir þversprunginn klapparveggur og ber hæðin Skorásnafnið því með sóma. Sunnan til á ásnum er varða sem heitir Skorásvarða en hennar er getið í gömlum merkjalýsingum," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Skorásvarða er fast vestan við Lónakotssel 162:004 og 3,3 km suðaustan við bæ 001.
Varðan er á hárri hæð eða holti og sést víða að. Hæðin er krosssprungin og mosavaxin.
Varðan er um 1,5 m á hæð, hlaðin úr grjóti af ýmsum stærðum. Grunnflötur hennar er um 1x0,5 m að stærð og snýr norður-suður. Í henni sjást 7 umför hleðslu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 10; SG: Örnefni og gönguleiðir, 119

GK-160:054 *Hólbrunnur* heimild um vatnsból
"Þá liggur lína um Skorás með Skorásvörðu [053]. Þar norðan er Hólbrunnur, vatnsból í klöpp, sem heitir Hólbrunnshæð. Á henni er Hólsbrunnsvarða," segir í örnefnaskrá. "Fyrir suðaustan Taglhæð er önnur hæð sem heitir Hólbrunnshæð og samkvæmt landamerkjabréfi frá árinu 1890 er hún talin á hreppamörkum. Í hæðinni er vatnsstæði sem heitir Hólbrunnur og þar er Hólbrunnsvarða," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar er talað um Hólbruna í landi Lónakots GK-162 og Hólbrunavörðu. Vatnsbólið og varðan eru skráð saman undir einu númeri. Ekki fundust ummerki um Hólbrunn á vettvangi, þrátt fyrir umfangsmikla leit norðan við Skorásvörðu. Margar vörður voru skráðar á svæðinu og gæti ein þeirra verið Hólbrunnsvarða. Líklegast er að ein af þremur vörðum sem skráðar eru undir númeri 115 sé Hólbrunnsvarða.
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 10; SG: Örnefni og gönguleiðir, 117; Ö-Hvassahraun AG, 4



Varða 055, horft til norðausturs

GK-160:055 varða landamerki
64°00.254N 22°04.050V
"Fjárgirðingin liggur austan við efri Krossstapann en á honum er varða sem virðist vera nýleg," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Varðan er ekki forn að sjá en ekki er vitað hvenær hún var hlaðin svo hún fær að njóta vafans og er skráð. Krossstapar eru á merkjum milli Hvassahrauns og Lónakots GK-162 og er varðan að öllum

líkindum landamerkjavarða. Hún er um 1,2 km SSA við Skorásvörðu 053 og 1,2 km ASA við Hvassahraunssel 073.
Krossstapar eru í grónu hrauni. Til austurs er flatlend, mosagróin hraunbreiða og til vesturs eru mosavaxnar hraunhæðir.
Varðan stendur hátt en sést þó ekki vel. Hún er hlaðin úr fremur smáu grjóti. Varðan er um 0,5x0,7 m að grunnfleti, snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 0,5 m á hæð og í henni sjást 3 umför hleðslu. Tréhæll er við vörðuna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 119

GK-160:056 *Taglhæðarvarða* varða landamerki
"Þá liggur lína um Skorás með Skorásvörðu [053]. Þar norðan er Hólbrunnur [054], vatnsból í klöpp, sem heitir Hólbrunnshæð. Á henni er Hólsbrunnsvarða [sjá 054]. Þá er Taglhæð með Taglhæðarvörðu," segir í örnefnaskrá. Lýsingin hér að framan er af landamerkjum milli Hvassahrauns og Lónakots GK-162 annarsvegar og Óttarsstaða GK-163 hins vegar, sem einnig eru hreppamörk milli Vatnsleysustrandarhrepps og Garðahrepps. Vörðunnar var leitað á stóru svæði. Á því fundust nokkrar vörður sem koma til greina sem Taglhæðarvarða en ekki var hægt að skera úr um hvort einhver þeirra sé umrædd varða. Líklegast er að varða 641:003S sem er við Alfaraleið sé Taglhæðarvarða eða uppistandandi hleðsla í mannvirki 122. Á milli hleðslu 122 og vörðu 641:003S eru um 40 m.
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 10

GK-160:057 *Markavarða* varða landamerki 64°01.627N 22°05.839V
"Þá liggur lína um Skorás með Skorásvörðu [053]. Þar norðan er Hólbrunnur [054], vatnsból í klöpp, sem heitir Hólbrunnshæð. Á henni er Hólsbrunnsvarða [sjá 054]. Þá er Taglhæð með Taglhæðarvörðu [056]. Þá er Markavarða rétt við þjóðveginn." segir í örnefnaskrá. Austurmerki Hvassahrauns eru um 2 km austan við bæinn. Markavarða var á merkjum þar sem land hækkar ofan Reykjanesbrautar. Neðan Reykjanesbrautar má sjá girðingastaura á merkjum en ofan vegarins eru þeir að mestu horfnir. Varðan hefur verið um 150-250 m sunnan við Reykjanesbraut.
Gróið hraun ofan Reykjanesbrautar.
Guðmundur Sigurðsson segir að þarna hafi staðið varða sem nú er hrunin. Ekki er vitað hversu skýr vörðubrotin eru nú og ekki fundust þau við leit.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 10

GK-160:058 *Skyggnir* varða
64°01.437N 22°07.847V
"Rétt þar austan við bæ, er allhár hóll norðan við veg þar sem vegurinn liggur milli þess hóls og annarra sunnan vegar, þessi hái hóll heitir Skyggnir. Þetta er stór hraunhóll, sundursprunginn með vörðu á þaðan sést vítt um landið ..." segir í örnefnaskrá. Skyggnir er um 660-670 m austan við Hvassahraunsbæ 001, fast norðan við vegarslóða sem liggur samsíða Reykjanesbraut í landi Hvassahrauns en 120-140 m neðan við Reykjanesbraut.
Mjög sprunginn klapparhóll, gróinn mosa og lyngi.
Varða var frá örófi alda á þessum stað. Hún var endurhlaðin á síðari hluta 20. aldar en hefur aftur hrunið. Á þeim stað sem varðan stóð er nú grjótdreif og merki Landmælinga Íslands steypt í klöppina.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun AG, 1

GK-160:059 gerði kálgarður
64°01.353N 22°08.740V
Um 10 m norðvestan við Niðurkot 020 sjást enn greinilegar leifar kálgarðs. Í garðinum stendur nú lítill kofi. Garðurinn er um 310-330 m norðan við Reykjanesbraut.
Garðurinn er á grasi grónu svæði.
Garðurinn er gróinn og alveg hruninn á kafla. Hann er um 45 X 38 m að stærð en rofinn og útflattur á köflum. Hann er um 1 m á breidd en 0,4 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Kálgarður 059, horft til suðausturs

GK-160:060 varða
64°01.699N 22°08.508V
Varða er á stórum, óreglulegum hraunhól sem er sprunginn, um 150 m austan við stekk 027 og 740 m norðan við bæ 001.
Hóllinn sker sig ekki mikið úr umhverfinu og er ekki ýkja hár. Hann er mosa og lyngi vaxinn.
Varðan stendur og er skófum vaxin en ekki mjög fornleg. Nýlega hefur grjóti verið bætt í hana. Hún er um 0,6 m í þvermál og um 1 m á hæð. Í henni sjást 6-7 umför hleðslu en efstu tvö umförin eru mjög nýleg. Ekki er ljóst hvaða hlutverki varðan gegndi.
Hættumat: engin hætta



Varða 060, horft til VNV

GK-160:061 brunnur brunnur
64°01.286N 22°08.607V
"Brunnur er suður af bæ," segir í örnefnaskrá. Um 15 m suðvestan við íbúðarhúsið á Hvassahrauni er brunnurinn enn, að því er virðist óskemmdur. Brunnurinn er fast norðan við heimreiðina að Hvassahrauni og um 200 m norðan Reykjanesbrautar.
Grasi vaxið svæði í námunda við bæinn. Yfir brunninn hafa verið settar bárujárnsplötur og á þær steinar og því er ekki hægt að greina stærð hans eða gerð. Svo virðist þó sem hann hafi verið grjóthlaðinn að innan og fremur stór.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun AG, 2

GK-160:062 heimild um brunn 64°06.256N 22°08.627V
Um 80-90 m suðvestan við bæ 001 er brunnur merktur inn á túnakort frá 1919. Brunnurinn hefur verið nálægt 120 m norðan Reykjanesbrautar.
Á þessu svæði eru nú sléttuð tún.
Brunnurinn sést ekki lengur en þar sem hann mun hafa verið er hringlaga hvompa um 4-5 m í þvermál og eru það líklega síðustu menjar brunnsins.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:063 *Brugghellir* hellir 64°01.024N 22°09.241V



Horft til suðurs ofan í Brugghelli 063

"Fast við Strokkamel að suðvestan er djúpur hellir eða jarðfall og til skamms tíma var girðing umhverfis opið svo kindur féllu ekki þar niður. Í hellinum eru hleðslur en niður í hann er aðeins hægt að komast með því að síga eða nota stiga. Sagt er að hellirinn hafi verið notaður til landasuðu á bannárunum og því oft kallaður Brugghellir," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Hellirinn er um 730 m suðvestan við bæ 001 og 1,5 km VSV við fjárskýli 040 í Virkinu.
Hellirinn er í fremur flatlendu og jafnlendu mosagrónu hrauni. Leifar af girðingu eru í kringum hellisopið sem er beint niður í hraunið og tveir uppistandandi staurar.
Hellisopið er um 2 m í þvermál og eru 4-5 m niður úr því ofan á hellisgólf. Ekki sést vel ofan í hellinn sökum myrkurs. Þó sést að vatn stendur í honum (haust 2014).

Hættumat: engin hætta
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 108-109

GK-160:064 varða 64°00.933N 22°09.154V

Varða er í Rjúpnadalshrauni milli Flatahrauns og Strokkamels, um 180 m suðaustan við Brugghelli 063 og 850 m suðvestan við bæ 001.
Varðan er á mosagrónum hraunhól um 10 m austan við stórt og djúpt jarðfall.
Varðan er hrunin, hún er um 1 m í þvermál og 0,5 m áhæð. 2 umför sjást enn og við hana er lítil spýta eða hæll. Varðan virðist ekki mjög gömul og er hlutverk hennar ekki þekkt.
Hættumat: engin hætta



Varða 064, horft til vesturs

GK-160:065 varða samgöngubót
64°00.325N 22°05.182V
"Austarlega á [Sel]ásnum [sjá 073] er há varða sem sést víða að," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Varðan er um 200 m austan við selið.
Varðan er á vestari brún sprungu sem liggur eftir Selásnum og er alldjúp. Ásinn er grýttur og mosavaxinn.
Varðan er um 0,8x0,5 m að grunnfleti og snýr austur-vestur. Hún er um 1,3 m á hæð. Í henni sjást 9 umför hleðslu. Grjótið í vörðunni er að mestu fremur þunnar hraunhellur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 112



Varða 065 við Hvassahraunssel 073, horft til ANA

GK-160:066 *Grændalahellir* heimild um fjárskýli
64°01.836N 22°06.438V
"Norðaustur af Virkishólum eru Draugadalir [042]. Þar eru einnig Grændalaflatir, Grændalir og Grændalavarða [067]," segir í örnefnaskrá. "Á einum hraunhólnum er varða sem heitir Grændalavarða [067] og við þennan hól sunnanverðan er fjárskjól með hleðslum sem heitir Grændalahellir eða Loftsskúti og snýr op þess í suðurátt," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Í síðari heimildinni er Loftsskúta [041] og Grændalahelli slegið saman í eitt en Loftsskúti er 1,2 km sunnan við Grændalahelli og er um tvo aðgreinda staði að ræða. Fjárskýli eru á þeim báðum. Grændalahellir er norðan í hólnum sem Grændalavarða er á og gengið er inn að norðan til suðurs. Hellirinn er um 100 m suðaustan við steyptan stöpul frá Landmælingum sem sést greinilega frá Reykjanesbraut. Hann er um 2 km ANA við bæ 001.
Gróið hraun.
Fjárskýlið er að mestu náttúrulegt. Hellirinn er 11-12 m á lengd og 3-4 m á breidd. Hæstur er hann 1,6-1,8 m en hallar mikið inn á við. Fyrir framan hellinn er náttúruleg hraunbrún sem afmarkar hann en ofan á henni er grjót og hleðslur á stöku stað. Skarð er í hraunbrúnina á einum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 8; SG: Örnefni og gönguleiðir, 116

GK-160:067 *Grændalavarða* varða landamerki 64°01.832N 22°06.433V
"Norðaustur af Virkishólum eru Draugadalir [042]. Þar eru einnig Grændalaflatir, Grændalir og Grændalavarða," segir í örnefnaskrá. "Á einum hraunhólnum er varða sem heitir Grændalavarða og við þennan hól sunnanverðan er fjárskjól með hleðslum sem heitir Grændalahellir [066] ...," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Grændalavarða er um 100 m suðaustan við steyptan stöpul frá Landmælingum sem sést vel frá Reykjanesbrautinni. Varðan er um 2 km ANA við bæ 001.
Gróið hraun.
Varðan er alveg hrunin og ekki sést steinn yfir steini. Varðan hefur líklega vísað á fjárskýlið í Grændalahelli en hún er líka á eða nærri merkjum og kann að hafa gegnt hlutverki landamerkjavörðu.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 8; SG: Örnefni og gönguleiðir, 116

GK-160:068 tóft skotbyrgi 63°59.744N 22°04.395V



Skotbyrgi 068


Skotbyrgi 068, horft til vesturs

Grjóthlaðið byrgi er langt uppi í heiði um 1,4 km suðaustan við Hvassahraunssel 073 og austan við rudda götu 116.
Byrgið er í mosavöxnu og flatlendu en úfnu hrauni
Byrgið er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Norðurhliðin er hlaðin í boga en hraunhella myndar bogadreginn vegg á móti til suðurs og er byrgið því nokkuð egglega. Í vesturenda er op á miðjum vegg. Einnig er op í austurenda. Veggjahleðslur eru um 1 m á hæð innanmáls og eru 5 umför sýnileg. Þær eru 0,3-0,5 m á breidd. Ætla má að byrgið sé skotbyrgi og er aldur þess ekki þekktur.
Hættumat: engin hætta

GK-160:069 gata leið 63°59.090N 22°01.813V


Gata á leið 069, horft til suðurs

"Gömul hestagata liggur með fram hrauninu og við fylgjum henni í austurátt, fyrir tunguna og að Búðarvatnsstæðinu [051]. Um vatnsstæðið endilangt liggur gamla sauðfjárveikivarnargirðingin sem hefur vísað okkur veginn hingað til," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Leiðinni var fylgt á kafla frá Búðarvatnsstæðinu til norðvesturs.
Leiðin liggur um gróið hraun meðfram austur- og norðausturjaðri mosavaxins apalhrauns.
Leiðinni var fylgt á köflum á um 750 m löngum kafla. Á leiðinni sést yfirleitt ein mjó og gróin gata sem er 0,1-0,2 m á breidd og 0,1 m á dýpt. Ekki er ljóst á hvaða leið gatan er en hún gæti hafa tengst leið 116 sem er 1,6 km norðvestar. Á milli þessara tveggja gatna eru vörður 117, 118 og 119 sem kunna að hafa verið við sömu leið. Varða 120 hefur að öllum líkindum varðað þessa leið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 120

GK-160:070 gerði
64°01.394N 22°08.208V
Grjóthlaðið gerði er 40 m norðvestan við veg að Hvassahrauni, 210 m austan við útihús 014 og 300 m VSV við vörðu 058 á Skyggni. Gerðið sást á loftmynd frá Google Earth á úrvinnslustigi og var ekki skoðað á vettvangi. Minjalýsingin er því takmörkuð.
Gerðið er hlaðið norðaustan undir háan hraunhól í grónu hrauni.

Gerðið er um 15x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það mjókkar lítillega í suðausturenda. Ekki er ljóst hvaða hlutverki gerðið gegndi en líklegt er að þarna hafi verið kálgarður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Google Earth

GK-160:071 *Suðurkot* bæjarstæði býli 64°01.318N 22°08.369V
"Á hægri hönd við Sjávargötuna [087] voru ýmis kot, einu nafni nefnd Hvassahraunskotin. Þar var Suðurkot og Suðurkotsgerði," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar Suðurkot var. Suðaustan við Hvassahraunsbæinn 001 voru tún nefnd Suðurtún og því eðlilegt að álykta að á þeim slóðum hafi Suðurkot verið. Hins vegar ber að hafa í huga að Sjávargata er sögð liggja frá bænum (Hvassahrauni) og niður að sjó og Suðurkot er sagt austan hennar. Samkvæmt því ætti því Suðurkot að vera norðan bæjar! Ef svo hefur verið má vera að hringlaga garðlag sunnan Norðurkots 019 (þar sem einu sinni var tóft inni í gerði 088) gæti hafa kallast Suðurkot. Garðlagið sem enn sést er a.m.k. sunnar en önnur kot sem þekkt eru í túninu. Um þetta verður þó ekkert fullyrt.
Grasi gróið hraunsvæði þar sem skiptast á hæðir og dældir.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3

GK-160:072 *Hvassahraunslending* mannvirki lending 64°01.413N 22°08.967V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 kemur fram að í Hvassahrauni hafi verið heimræði og brimsöm lending. "Næst er svo Hvassahraunsvör eða Vörin. Hún er einnig nefnd Lendingin og Víkin stundum kölluð Lendingarvík," segir í örnefnaskrá. Í Bæjarvík var lending heimamanna og hefur hún vísast verið á svipuðum slóðum um aldanna rás. Enn má sjá rudda braut norðvestur af Nausti 026 og svo virðist sem önnur rudd braut sé í fjörunni rétt suðaustar. Brautirnar eru um 500-550 m norðan Reykjanesbrautar.
Fjaran er fremur grýtt og nokkrir klettar eru þar.
Á þessum stað virðist mega sjá móta fyrir 2 lendingum. Önnur liggur upp fjöruna í átt að Nausti 026 þar sem bátar hafa verið geymdir en hin liggur skáhallt upp í fjöruna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 156 og Ö-Hvassahraun, 4

GK-160:073 *Hvassahraunssel* tóftaþyrping sel 64°00.358N 22°05.411V



Á myndinni til vinstri er seltóft 073A, horft til norðvesturs. Á myndinni til hægri er stekkjartóft 073D í forgrunni og aðrar tóftir fjær, horft til austurs

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Selstöðu á jörðin þar sem heitir Hvassahraunssel; hagar eru þar sæmilegir, en vatnsból brestur til stórmeina." "Upp af Brennhólum er Hálfnaðarhæð. Þar er hálfnuð leið frá bænum í Selið. Þá tekur við sunnan nokkur Selskrínshæð og þar sunnar er Viðunarhóll, skógi eða hrísi vaxinn. Þá er komið í Selið eða Hvassahraunssel, sem er vestan undir Selásnum. Veggir standa enn nokkurn veginn uppi, og gróður er þar í kring. Vatnsbólið er undir skúta, eiginlega beint austur af selinu og er erfitt að finna það," segir í örnefnaskrá." Á heimasíðu FERLIR segir: "Í austurátt frá Haugrúst [048] og langan veg suðaustur af Bennhólum sjáum við Selásinn eða Selhæðirnar og þar norðvestan undir er Hvassahraunssel. Selstæðið er nokkuð stórt og þar eru tveir rústahólar en kvíin er vestarlega í seltúninu," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Hvassahraunssel er um 3,1 km suðaustan við bæ 001 og 215 m VNV við vörðu 065 á Selásnum.

Selið er vestan og norðan við Selás sem er afgerandi í landslaginu og veitir skjól. Selstæðið er fremur flatlent næst ásnum en svo taka lágar hraunhæðir við og lautir á milli enn fjær er mosagróið hraun. Gras vex enn á selstæðinu en mikill mosi er í því.
Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir ennfremur: "Jón Helgason frá Litlabæ segir í sendibréfi árið 1984: "Ég tel að alllangt fram á 19. öldina hafi verið haft í seli frá Hvassahrauni, því móðir Þórunnar, sem þar bjó lengi, Ingibjörg, var þar selráðskona þegar hún var ung að árum en hún lifði líklega fram á annan tug þessarar aldar." ... Trúlega hafa öll sel lagst af í kjölfar fjárkláðans sem hófst árið 1856 en þá var allt fé skorið niður hér um slóðir ... ." Fjórar tóftir eru sýnilegar á selstæðinu sem er um 100x50 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þar eru tvær seltóftir, ein kvíatóft og einn stekkur. Tóftirnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er í norðausturenda svæðisins. Hún er þrískipt og er um 8x8 m að stærð. Tóftin er torf- og grjóthlaðin. Hólf I er norðaustast í tóftinni. Það er um 3x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til suðvesturs inn á mjóan gang. Úr honum er op til norðvesturs inn í hólf II sem er suðvestan við hólf I. Það er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf III er suðaustan við hólf III. Það er 5x2,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á miðri norðvesturhlið. Innanmál hólfa er enn skýrt nema í hólfi III og sést grjót í innanverðum veggjum í hólfum I og II en ekki fjöldi umfara. Mikill grasvöxtur er í og við tóftina. Mesta hæð veggja í tóftinni er um 1 m. Tóftin er suðaustarlega á afgerandi en ekki mjög háum hól sem er um 22x16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Út frá utanverðu hólfi I gengur óljós veggur til norðausturs. Hann er um 4 m á lengd. Ætla má að eldri minjar séu undir sverði og að húsin í selinu hafi verið endurbyggð á notkunartímabilinu.
Tóft B er um 30 m suðvestan við tóft A. Hún er þrískipt og er torf- og grjóthlaðin. Innanmál hólfa er skýrt og grjóthleðslur sjást í innanverðum veggjum en ekki fjöldi umfara. Lítill aldursmunur er greinanlegur á tóftunum tveimur en þó kann tóft B að vera lítillega yngri en tóft A. Tóftin er 8x8,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Öll hólfin snúa norðvestur-suðaustur. Hólf I er norðaustast í tóftinni. Það er 2x1 m að innanmáli og op er á því til norðausturs, út úr tóftinni. Hólf II er suðvestan við hólf I. Það er 4x1 m að innanmáli og óljóst op er á því til norðausturs og annað óljóst op er úr því til suðvesturs inn í hólf III. Það er 3x1 m að innanmáli. op er á því til norðvesturs, út úr tóftinni. Ekki er víst að grjóthleðslur hafi verið í hólfi III.
Tóft C er kvíatóft í aflíðandi halla norðvestan undir Selásnum. Hún er um 20 m SSA við tóft B. Tóftin er um 10x6,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún virðist vera einföld. Tóftin er að miklu leyti niðurgrafin og er um 5x0,5-1 m að innanmáli. Úr norðvesturenda tóftarinnar er op inn í nokkurs konar trekt (mögulega annað hólf) sem leiðir inn í tóftina. Op er svo úr trektinni til norðurs. Þar, við opið, sést móta fyrir veggjahleðslum. Hvergi sést í grjót í tóftinni og er hún að öllum líkindum að mestu torfhlaðin. Þar sem veggir sjást eru þeir 0,2 m á hæð.
Tóft D er grjóthlaðinn stekkur eða rétt sem er um 50 m vestan við tóft B. Hún er hlaðin norðan undir hraunhæð sem notuð er fyrir suðurvegg. Tóftin er einföld og snýr austur-vestur. Hún er um 7,5x9 m að stærð. Innanmál hennar er 8x2,5 m og mjókkar hún lítillega til vestur. Op er austan við miðjan norðurvegg. Í dyraopinu er stór hraunhella sem kann að hafa verið yfir opinu.



Tóftir í Hvassahraunsseli 073

Aðrekstrargarður liggur frá vestanverðu opinu til norðurs og er 3 m á lengd. Hleðslur eru víða signar en hæstar í aðrekstrargarði þar sem þær eru 0,6 m á hæð og mest sjást þar 3 umför hleðslu. Víðast eru veggir 0,5 m á breidd. Þrátt fyrir mikla leit fannst vatnsstæðið í selinu ekki.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 155; Ö-Hvassahraun, 8-9; SG: Örnefni og gönguleiðir, 112, 113

GK-160:074 bæjarstæði býli 64°01.308N 22°08.558V
Hjáleiga í byggð 1703 samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Þar er getið um 4 hjáleigur og aðeins nefnt nafn einnar þeirra (Þóroddskots 076). Ekki er vitað um staðsetningu hjáleignanna en líklegt verður að teljast að a.m.k. einhverjar þeirra hafi verið á svipuðum stað og leifar þeirra býla sem enn sjást (Norðurkot 019, Niðurkot 020, Þorvaldskot 021).
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JÁM III, 156

GK-160:075 bæjarstæði býli 64°01.308N 22°08.556V
Hjáleiga í byggð 1703 samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Þar er getið um 4 hjáleigur og aðeins nefnt nafn einnar þeirra (Þóroddskots 076). Ekki er vitað um staðsetningu hjáleignanna en líklegt verður að teljast að a.m.k. einhverjar þeirra hafi verið á svipuðum stað og leifar þeirra býla sem enn sjást (Norðurkot 019, Niðurkot 020, Þorvaldskot 021).
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JÁM III, 156-157

GK-160:076 *Þóroddskot* bæjarstæði býli 64°01.309N 22°08.554V
Hjáleiga í byggð 1703 samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ekki er vitað hvar Þóroddskot hefur verið. Möguleiki er að býlið Þorvaldskot 021 sé afbökun á nafninu og það hafi áður heitið Þóroddskot. Ekkert er þó hægt að fullyrða um þetta.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JÁM III, 157

GK-160:077 *Saunghóll* bæjarstæði býli 64°01.325N 22°08.585V
Í skýrslu um ábúendur í Kálfatjarnarsókn um 1840 nefnir prestur býlið Saunghól sem hjáleigu frá Hvassahrauni. Þar hafði ekki verið byggð 1803 og virðist búskapur þar hafa verið skammvinnur, ef til vill nokkur ár um 1830. "Sönghóll var í Austurtúni. Hann var álitinn hulduhólksbústaður. Þar var Sönghólsbær, stundum tvíbýli, og man Guðmundur [heimildamaður] eftir görðum þar," segir í örnefnaskrá. Sönghóll var einnig stundum nefndur Einbúi. Hann sést enn 50-70 m norðaustur af bænum 001. Engar leifar býlis sjást á þessum stað sem er um 200 m neðan Reykjanesbrautar.
Lítill klettahóll, nokkuð gróinn er þó má sjá klappir standa upp.
"...á honum var eitt sinn býli þar bjó kona er Margrét hét og átti 10 börn." segir í viðbótum við örnefnalýsingu Hvassahrauns.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JJ, 91; Ö-Hvassahraun, 3; Ö-Hvassahraun, viðb., 158

GK-160:078 garðlag túngarður
64°01.228N 22°08.605V
"Túnið var girt túngarði, aðallega austan og sunnan. ... Á túngarðinum var Traðarhlið [sjá 079]," segir í örnefnaskrá. Túngarðurinn sem liggur umhverfis tún í Hvassahrauni er enn greinilegur víðast hvar. Suðurgarðurinn sést næstum alveg og svipaða sögu er að segja með austurhlutann. Að vestan og norðan er garðurinn slitróttari þó hann sé þar líka greinilegur á löngum köflum. Garðurinn er minnst í um 30-40 m fjarlægð (norðan við) frá Reykjanesbraut.
Garðurinn liggur umhverfis túnið sem er gróið hraunlendi með tilheyrandi dældum og hæðum.
Garðurinn liggur í nokkrum hlykkjum eftir hrauninu. Hann er víða nálægt því að vera 0,6 m



Hluti af túngarði 078, horft til norðausturs

á hæð og nálega 1 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 2-3

GK-160:079 *Hvassahraunstraðir* heimild um traðir
64°01.290N 22°08.420V
"Hvassahraunstraðir lágu í suðaustur frá bænum [001]," segir í örnefnaskrá. Hvassahraunstraðir lágu frá bænum til suðausturs um húsaþyrpinguna (bæjarhólinn) og áfram til suðausturs til enda túnsins minna en 100 m norðan Reykjanesbrautar.
Göturnar lágu um ræktuð tún á hraunsvæði.
Varla má nú greina nokkrar leifar traðanna. Helst er að móti fyrir óljósum slóða í túni suðaustan við bæ.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 2-3

GK-160:080 *Fjóshóll* örnefni fjós 64°01.314N 22°08.572V
"Fjósatunga var hluti túnsins, suður frá bænum. Þar rétt hjá var Fjóshóll og annar hóll, Einbúi [077]," segir í örnefnaskrá. Fjóshóll er 20-30 m norðaustan við bæinn 001, nálægt bæði útihúsi 010 og útihúsi 011. Líklegt er að annað hvort þeirra hafi verið fjós og við það sé hóllinn kenndur en ekki verður fullyrt um það. Hóllinn er um 200 m norðan við Reykjanesbraut.
Hraunhóll vaxinn grasi eins og túnin umhverfis.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3

GK-160:081 tóft útihús 64°01.288N 22°08.599V



Tóft 081


Tóft 081, horft til NNA

Um 2-3 m norðan við brunninn 061 og um 15 m sunnan (suðvestan) við Hvassahraunsbæ 001 er lítil tóft. Tóftin er í brekkurótum bæjarhólsins og fast norðan við heimreiðina. Tóftin er um 200 m norðan við Reykjanesbraut.
Tóftin stendur á grasi vöxnu svæði í brekkurótum.
Tóftin er 2,5 X 2,5 m að stærð. Svo virðist sem op sé á suðurvegg hennar austast. Mikið virðist hrunið inn í hana og þar er einnig talsvert rusl þannig að erfitt er að sjá hana að innan. Þó virðist hún grjóthlaðin og e.t.v.um 1,5 m á hæð, niðurgrafin. Að utan er tóftin gróin.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3

GK-160:082 *Kvíadalur* heimild um kvíar 64°01.303N 22°08.309V
"Kvíadalur er einnig í Suðutúni og Hjallhólar. Í Kvíadal voru ærnar mjólkaðar ..." segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá eftir Ara Gíslason er örnefnið Kvíavöllur á svipuðum slóðum og er líklegt að um sama stað sé að ræða. Örnefnið þekkist nú ekki lengur. Hjallhólar eru hins vegar þekktir og eru þeir rétt sunnan við túngarð 078 en norðan Reykjanesbrautar. Kvíadalur gæti hugsanlega verið dæld eða dalur norðaustan við Hjallhóla. Engar mannvirkjaleifar er að finna neins staðar í Suðurtúni. Kvíarnar voru sennilega þar sem nú stendur rétt og braggi en ekkert verður um það fullyrt. Þetta svæði er 50-100 m norðan Reykjanesbrautar.
Hraunsvæði.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3; Ö-Hvassahraun AG, 2

GK-160:083 tóft 64°01.255N 22°08.829V



Tóft 083



Tóft 083, horft til SSA

Einföld, grjóthlaðin tóft er um 200 m suðvestan við Hvassahraunsbæ 001 og um 70-80 m vestan við vegaslóða sem liggur um sumarbústaðaland Hvassahrauns. Um 3 m norðan við tóftina liggur vírgirðing (austur-vestur) sem girðir af sumarbústaðinn Þórshamar sem er þar norðan við. Tóftin er um 200 m norðan við Reykjanesbraut.
Mosa- og grasi vaxið klettasvæði með mikið af dældum og hæðum.
Tóftin er einföld og um 5 m á lengd en 3 m á breidd. Hún er hlaðin úr grjóti, og nokkuð sigin en þó um 0,9 m á hæð. Op er á miðjum norðurvegg. Inni í tóftinni er talsvert grjót sem hefur hrunið úr veggjum hennar. Garðlag, sem virðist angi túngarðsins liggur frá heimreiðinni og að tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:084 *Vatnsgata* heimild um leið 64°01.144N 22°09.078V
"Vatnsgatan lá heiman frá bæ [001] suðvestur í Vatnsgjárnar sunnan þjóðvegarins," segir í örnefnaskrá. Þar kemur fram að hún hafi einnig verið nefnd Suðurtraðir. Vatnsgatan lá frá Hvassahraunsbæ og að Vatnsgjám. Gatan hefur vísast fylgt bæjartröðinni 025 innantúns en legið áfram til suðausturs. Engin merki um götuna eru nú greinanleg, hvorki í túni eða við Reykjanesbrautina en hún var lögð þvert á leiðina.
Gatan hefur legið um gróið hraun, e.t.v. á kafla á svipuðum slóðum og vegur liggur nú í Hvassahraunslandi samsíða Reykjanesbraut.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3-4

GK-160:085 hleðsla fjárskýli
64°01.384N 22°08.712V
Um 55 m norðnorðvestan við Norðurkot 019 og um 45 m suðaustan við Niðurkot 020 er hellir í jörðu eða jarðsig. Svo lítur út sem þarna hafi verið fjárskýli um 10 m vestan við 018 og rúmum 400 m norðan við Reykjanesbraut.
Jarðsig í grónu hraunlendi.
Túngarður 078 liggur að hellinum en er rofinn þar sem hellirinn/jarðsigið er. Skjól er á þessum stað þar sem brúnir jarðsigsins slúta fram og mynda helli eða skúta. Ofan í jarðsiginu miðju má greina um 2,5 m langa hleðslu en vel er gróið yfir jarðsigsbotninn svo erfitt er um það að segja. Hægt er að fara ofan í jarðsigið að norðvestan. Það er um 7 m í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Hleðsla í fjárskýli 085, horft til norðurs

GK-160:086 gerði kálgarður
64°01.290N 22°08.574V
Á túnakorti frá 1919 er merktur kálgarður 5-10 m suðvestan við suðvesturhorn bæjarins 001. Leifar þessa kálgarðs eru enn merkjanlegar að hluta um 1 m sunnan við heimreiðina. Kálgarðurinn er um 200 m norðan við Reykjanesbraut.
Garðurinn er á grasi vöxnu svæði, eilítið aflíðandi.
Garðurinn er 10 X 8 X 28 m en fjarar út til suðausturs. Hann er um 1,5 m á breidd en mest um 0,5 m á hæð. Á einstaka stað má sjá glitta í grjóthleðslur.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3

GK-160:087 *Sjávargata* gata leið 64°01.378N 22°08.755V
"Sjávargata lá heiman frá bæ niður í Víkina," segir í örnefnaskrá. Sjávargatan lá niður í Hvassahraunsvík. Gatan lá frá Hvassahraunsbænum 001 (um 200 m frá Reykjanesbraut), niður tún vestan við öll kotin í túninu og niður að sjó (um 500 m neðan við Reykjanesbraut).
Gatan hefur legið um grasi vaxin tún sem ræktuð voru á hraunsvæði.
Ógreinileg merki slóðans má greina á stöku stað í túninu.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3

GK-160:088 gerði 64°01.457N 22°08.553V



Gerði 088


Gerði 088, horft til norðausturs

Tæpum 300 m norðaustan við Hvassahraunsbæ 001 og um 180 m norðan við réttina 023 er gerði. Gerði þetta er um 430-450 m norðan við Reykjanesbraut.
Gerðið er á grasi grónu hraunsvæði.
Gerðið er óreglulegt og hringlaga og samtals um 80 m að lengd. Guðmundur Sigurðsson man eftir tóft inni í gerðinu en engin tóft er þar nú. Inni í gerðinu er grasið gróið í bylgjulaga dældir (eins og eftir plógför). Garðlagið er 0,5-1 m á breidd og allt að 1 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:089 tóft+garðlag 64°01.467N 22°08.625V



Tóft og gerði 089



Tóft og gerði 089, horft til austurs

Um 100 m austan við túngarð 078 og Norðurkot 019 eru garðlög og lítil tóft. Svæðið er um 40 m norðan við 088, 130 m austan við Þorvaldskot 021 og um 450-500 m neðan við Reykjanesbraut.
Gróið hraunsvæði í hæðum og dölum.
Garðlögin eru tvískipt. Annars vegar er nærri ferhyrnt gerði sem er 16-18 m á lengd en um 14 m á breidd. Norðan við þetta gerði og því samfast er svo annað hringlaga hólf. Það er um 40 m í þvermál. 2 m norðan við gerðin er svo lítil tóft. Hún er ferhyrnd og 5 X 3,5 m á stærð og alveg hlaðin úr grjóti. Hleðslur hennar eru um 0,6 m á hæð. Op er á norðvesturhlið.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:090 garðlag kálgarður 64°01.420N 22°08.577V



Kálgarður 090



Kálgarður 090, horft til norðurs

Fast austan við túngarð 078, austur af Norðurkoti 019 eru garðlög sem a.m.k. að hluta hafa verið kálgarðar. Garðlögin eru rúmum 400 m norðan við Reykjanesbraut.
Norðurkot stendur á nokkuð hárri hraunbrún en landið lækkar nokkuð snögglega austan túngarðs. Að norðan heldur hraunbrúnin þó áfram og þannig eru garðlögin í skjóli að norðan og austan, í dálítilli lægð.
Garðlögin er um 1 m á breidd en 0,4 m á hæð, hlaðin úr grjóti. Þau mynda þrjú hólf. Það vestasta er 43 X 11-12 m að innanmáli, því næst annað sem er 24-25 X 13-11 m að innanmáli og fast sunnan þess það þriðja (13 X 17 m að innanmáli). Hólfin eru byggð upp við klettavegg að norðan og eru ekki regluleg.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:091 hleðsla 64°01.199N 22°09.219V
Rúmlega 1 km austan við merki við Stóru-Vatnsleysu GK-159 er hleðsla í sumarbústaðarlandinu sem þar er norðan Reykjanesbrautar. Hleðslan/garðlagið er 20-30 m norðan við veginn sem liggur samsíða Reykjanesbraut (norðar) í landi Hvassahrauns og nálægt 100 m norðan við Reykjanesbraut. Garðlagið er skammt sunnan lítils timburkofa og um 150 m suðaustan við nýlegt timburhús (íbúðarhús) sem er vestasta byggingin í landi Hvassahrauns.
Garðlagið stendur í grónu hraunlendi.
Hleðslur mynda hálf-sporöskjulaga garð eða hólf, e.t.v. einhvers konar skjólgarð. Hann er 13-14 m í þvermál. Um 8-9 m breitt skarð er á vesturvegg hans.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Hleðsla 091, horft til norðvesturs



Hleðsla 091

GK-160:092 hleðsla 64°01.212N 22°09.120V



Hleðsla 092



Hleðsla 092, horft til norðurs

Um 50 m norðaustan við hlaðinn vegarslóða 093 og fast austan við lítinn hvítan kofa (líklega aflagðan sumarbústað) eru grjóthleðslur upp við klettavegg. Um 100 m neðan við Reykjanesbraut.
Gróið hraunsvæði.
Klettavegurinn myndar norðurhluta tóftarinnar og er tveir garðar hlaðnir upp við hann um 6 m á lengd hvor. Hólfið er opið til austurs. Hleðslur eru um 0,7 m á hæð en 0,7 m á breidd. Hugsanlegt er að um skjólgarð hafi verið að ræða.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:093 hleðsla samgöngubót
64°01.192N 22°09.167V
Um 50 m suðaustan við hleðslu 091 er hlaðinn vegarslóði um 7 m frá norður-suður vegarslóðanum sem liggur samsíða Reykjanesbraut í landi Hvassahrauns og að steinsteyptum grunni. Hún er 80-100 m norðan við Reykjanesbraut.
Slóðinn liggur um gróið hraun.
Vegurinn er einungis um 7-10 m langur en 3-4 m breiður og hleðslur eru 0,8 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Hlaðinn vegur 093, horft til suðausturs



Tóft 094



Tóft 094, horft til norðurs

GK-160:094 tóft útihús 64°01.332N 22°08.725V
Um 50 m suðvestan við Niðurgerði 020 og beint ofan við kálgarð 059 er lítil tóft. Tóftin er rúmum 300 m norðan við Reykjanesbraut.
Tóftin er á svæði þar sem nokkuð þýft er og sinuvöxtur er nokkur. Hún er í aflíðandi hæð.
Tóftin virðist niðurgrafin að hluta. Hún er um 8 X 8 m að utanmáli. Norður- og austurveggir hennar eru lang greinilegastir og að innan eru þeir grjóthlaðnir í um 1,5 m hæð. Suður- og vesturveggir eru hins vegar verr farnir og að nokkru hrundir ofan í tóftina. Hluti af veggjunum er hrunið inn í tóftina auk þess sem þar er nokkuð af rusli og því erfitt að mæla innanmál hennar. Það virðist þó ekki hafa verið mikið meira en 4 X 4 m.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:095 heimild um útihús 64°01.269N 22°08.714V
Rúmum 100 m austan við 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1919. Engar leifar hússins sjást nú en íbúðarhús stendur sunnan við heimreiðina á svipuðum stað og húsið hefur staðið.
Nú byggingar á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:096 gerði 64°01.335N 22°09.217V
Nokkur hlaðin gerði eru rétt austan við vestustu sumarhúsin sem standa nú í Hvassahraunslandi. Þau eru um 100 m sunnan við sjó.
Gróið hraunlendi.
Líklegt er að öll þessi gerði séu nýleg og það austasta var greinilega nýhlaðið. Hin tvö virtust aðeins eldri en þó ekki ólíklegt að þau séu fremur nýleg. Þau voru þó skráð. Austara gerðið er þríhyrningslaga og er hver hlið um 9 m á lengd. Suðurveggur þess er hlaðin ofan á hraunhæð en hleðslur eru um 0,3 m á hæð. 20 m vestar er annað gerði, örlítið grónara. Það er 20-30 m ofan við sumarbústað með burstaþaki. Gerðið er ferhyrnt og um 8 X 8 m að stærð. Það er einnig byggt upp við klettahæð og hleðsluhæð er um 0,3 m.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-160:097 hleðsla 64°01.332N 22°08.818V
Hleðsluleifar sjást 5 m vestan við vegarslóða sem liggur til norðurs niður að sjó vestan við Hvassahrauns-tún. Hleðslurnar eru um 80 m vestan við tóft 094 og um 70 m suðaustan við sumarbústaðinn Jónsvík.
Hleðslurnar eru í lægð í mosa- og grasigrónu hraunlendi.
Hleðslurnar virðast nýlegar. Greina má hleðsluleifar sem liggja í austurs-vestur en norðan þeirra má einnig greina hleðslur á stöku stað. Þar má sjá ryðleifar og einnig steypu afganga. Samtals eru hleðsluleifarnar um 6 X 4 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-160:098 tóft 64°01.338N 22°08.844V
Einföld tóft er á hæð 20-30 m norðvestan við hleðslu 097 og 40-50 m suðaustan við sumarbústaðinn Jónsvík.
Grasi gróin hæð í grónu hraunlendi.
Tóftin snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og hlaðin á 3 vegu, opin til suðvesturs. Tóftin er hlaðin úr stóru grjóti og er nokkuð mosagróin. Hún er3 X 3,5 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-160:099 hleðsla 64°01.383N 22°08.928V
Um 20 m vestan við vegarslóða sem liggur niður að sjó vestan við túnjaðar Hvassahrauns er hleðsla. Hún er 10 m vestan við sumarbústað sem er á milli Jónsvíkur og garðlag 028.
Hleðslan er á hraunhól, umhverfis er grasi gróið hraunlendi.
Ekki er greinilegt hvað þarna hefur verið, en hugsanlega varða. Grjóthleðslan er um 3 m í þvermál en 0,6 m á hæð. Hún er gróin mosa.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-160:100 tóft 64°01.379N 22°08.997V
Tóft er á hæð í hrauninu, 60-70 m vestan við hleðslu 099 og um 50 m sunnan við garðlag 028. Hún er um 50 m beint ofan við sumarbústað í fjöruborðinu (við garðlag 028).
Hleðslan er á hraunhól, umhverfis er grasi gróið hraunlendi.
Tóftin er 5,4 X 2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Nokkuð er hrunið inn í tóftina og er hún mosagróin.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-160:101 hleðsla 64°01.337N 22°08.922V
30 m vestan við sumarbústaðinn Jónsvík er hlaðin upp eins konar varða. Hluti hennar er nokkuð mosagróinn en önnur ummerki benda ekki til þess að mannvirkið sé gamalt.
Hleðslan er í grasi gróið hraunlendi.
Hleðslan er um 1,5 m í þvermál og 1 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-160:102 tóft 64°01.368N 22°08.920V
Tóft er um 50 m norðan við sumarbústaðinn Jónsvík og 30 m sunnan við hleðslu 099.
Tóftin er á hæð í grónu hrauni.
Tóftin er 2 X 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er einföld, nokkuð hrunin og gróin en virðist þó ekki hafa verið hlaðin hátt upp.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-160:103 gerði kálgarður
64°01.494N 22°08.729V
Grjóthlaðið gerði er um 100 m norðvestan við gerði 089 og 380 m NNV við bæ 001. Líklega afmarkaði gerðið kálgarð.
Gerðið er nærri sjó, í grasi vöxnum, hólóttum móa.
Gerðið er um 18x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur, mjókkar lítillega til norðvesturs. Veggjahleðslur eru hrundar og eru 1-1,5 m á breidd og hæstar 0,5 m. Mest sjást 2-3 umför hleðslu. Tréstaurar eru hér og hvar í grjótinu og hefur verið girðing ofan á grjóthleðslunni. Ekki sést skýrt op á gerðinu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Kálgarður 103, horft til NNV

GK-160:104 tóft 64°01.493N 22°08.714V
Um 60 m vestan við 103 og tæpum 100 m austan við Þorvaldskot 021 er kofatóft. Hún er um 30 m ofan við sjávarkampinn.
Tóftin er í mosa- og grasivöxnu hrauni.
Tóftin er einföld og ekki er lengur hægt að greina op á henni. Hún er 4 X 2,5 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-160:105 tóft 64°01.295N 22°08.909V
Tóft er 5 m austan við vegarslóða sem liggur niður sumarbústaðahverfi í Hvassahrauni (annar vegarslóði er nokkur austar og enn annar nokkru vestar). Tóftin er um 150 m suðvestan við sumarbústaðinn Jónsvík. 5 m vestan við tóftina er girðing.
Tóftin er í mosa- og grasivöxnu hrauni.
Tóftin er hlaðin úr grjóti. Hún er einföld og virðist ekki hafa verið mikið mannvirki. Tóftin er 5 X 2 m að stærð,

inn í henni er nú moldarflag og gaddavírs afgangar.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-160:106 tóft 64°01.356N 22°09.120V
Hrunin kofarúst er um 50 m suðsuðaustan við skúr sem stendur í fjörunni í sumarbústaðahverfinu í Hvassahrauni. Kofarústin er um 100 m suðvestan við brúnmálaðan sumarbústað nyrst í hverfinu.
Tóftin er í mosa- og grasivöxnu hrauni.
Tóftin er mjög hrunin. Hún er nú um 6 X 7 m að stærð en einungis sökum þess að veggir hennar eru alveg hrundir, innanmál er einungis um 1 X 4 m. Op virðist hafa verið austast á norðurvegg hennar.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Hleðsla 108, horft til suðausturs

GK-160:107 gerði
64°01.295N 22°09.012V
Gerði er um 100 m vestan við vegarslóða sem liggur um sumarbústaðahverfi Hvassahraun til norðurs (miðjuslóði, en þrír slóðar liggja um hraunið). Það er í lægð í hrauninu, á milli tveggja sumarbústaða.
Gerðið er í mosa- og grasivöxnu hrauni.
Gerðið er ferhyrnt og einfalt. Það er hlaðið með einfaldri steinaröð, 13 X 13 m að stærð. 13 m austar er svo 7 m löng hleðsla sem helst virðist í tengslum við gerðið. Einungis sjást leifar smásteina þar sem norður og vesturveggir gerðisins voru.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-160:108 hleðsla
64°01.419N 22°06.610V
Gróin og skófum vaxin hleðsla er um 1,6 km austan við bæ 001 og um 50 m suðaustan við Alfaraleið/Almenningsveg 641:003.
Hleðslan er á hraunbungu í grónu hrauni með birkikjarri.
Hleðslan er um 1x2 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Á austurhlið er skýr hleðsla sem er 0,2-0,3 m á hæð og þar sjást 2-3 umför. Í norðurenda virðist vera op en í þeim enda er vesturhlið hleðslunnar óskýr. Í suðurenda hefur grjóti verið hrúgað upp í vörðu sem er 1x1 m að stærð og 0,6 m á hæð. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki hleðslan er.
Hættumat: engin hætta



Varða 109, horft til suðvesturs

GK-160:109 varða
64°01.236N 22°07.315V
Hálfhrunin varða er um 110 m austan við fjárskýli 040 í Virkinu og um 1,1 km ASA við bæ 001.
Varðan er á hraunhól fast austan við austasta Virkishólinn í grónum hraunmóa.
Varðan virðist vera um 1 m á kant að grunnfleti en mikið grjót hefur hrunið úr henni til norðausturs. Hún er um 0,5 m á hæð á suðvesturhlið þar sem hún er hæst. Í henni sjást 3 umför hleðslu. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: engin hætta

GK-160:110 varða

64°00.371N 22°07.561V
Vörðubrot er í grónu hrauni um 540 m suðaustan við Öskjuholtsskúta 045 og 240 m sunnan við Sauðhólsskúta 046.
Vörðubrotið er í grónum hraunhólum, líklega Höfðum. Fast sunnan vörðunnar er sporöskjulaga jarðfall sem er 10x4 m að innanmáli og 1,5 m á dýpt. Mögulega hefur varðan átt að vara við því.
Varðan er um 0,5x0,3 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 0,3 m á hæð og í henni sjást 2 umför.
Hættumat: engin hætta



Varða 110, horft til norðurs

GK-160:111 varða
64°00.038N 22°07.267V
Tvær vörður eru á sprungnum hraunhól um 450 m SSA við Sauðhólsskúta 046 og 260 m vestan við Haugarúst 048.
Hóllinn sem vörðurnar eru á er ekki afgerandi í grónu hrauninu.
Á milli varðanna eru 4 m og standa þær á sitthvorri sprungubrúninni. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Norðvestari varðan B samanstendur aðeins af tveimur steinum. Sá neðri er þykk og flöt hraunhella sem hefur verið reist upp á rönd og einn steinn er ofan á henni. Varðan er 1,3 m á hæð, 0,3x0,6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Suðaustari varðan A er 0,8x0,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 1 m á hæð og í henni sjást 3 umför hleðslu. Báðar vörðurnar eru skófum vaxnar. Hlutverk þeirra er ekki þekkt en þær mynda línu með vörðum 048, 113 og 112 frá Afstapahrauni að Hvassahraunsseli 073 og hafa mögulega varðað leið að því.
Hættumat: engin hætta



Vörður 111, horft til suðausturs

GK-160:112 varða
64°00.132N 22°05.832V
Varða er um 450 m austan við vörðu 113 og 530 m suðvestan við Hvassahraunssel 073.
Varðan er á fremur flatlendu og lágu holti í grónu hrauni. Holtið er að mestu gróið og vex birkikjarr á því.
Varðan er nokkuð ferköntuð og er um 1x1 m að stærð. Hún er 0,5 m á hæð og í henni sjást 2 umför. Varðan er sigin og mosavaxin. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hún var hlaðin en hún myndar línu með vörðum 111, 048 og 113 frá Afstapahrauni að Hvassahraunsseli 073 og hefur mögulega varðað leið að því.
Hættumat: engin hætta



Varða 112, horft til austurs

GK-160:113 varða
64°00.109N 22°06.387V
Lítil varða er um 440 m austan við vörðu 048 og 450 m vestan við vörðu 112. Hún er hlaðin á vesturbrún litillar sprungu efst á grónum hraunhól.
Varðan er í grónu hrauni. Fast vestan við vörðuna er jarðfall, ekki ýkja djúpt.
Í vörðunni eru aðeins þrír skófum vaxnir steinar. Einn steinn er fast vestan við vörðuna og kann að hafa hrunið úr henni. Varðan er 0,3x0,2 m að stærð og 0,3 m á hæð. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin. Sprungan sem varðan er við er gróin mosa og lyngi. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en hún myndar línu með vörðum 111, 048 og 112 frá Afstapahrauni að Hvassahraunsseli 073 og hefur mögulega varðað leið að því.
Hættumat: engin hætta



Varða 113, horft til SSV

GK-160:114 varða
64°00.733N 22°04.475V
Vörðubrot er um 950 m norðan við vörðu 053 á Skorás og um 1 km norðaustan við Hvassahraunssel 073.
Er í grónum hraunhólum.
Varðan er á austurjaðri sprungu í hól. Í henni eru aðeins 3 steinar saman. Varðan er 0,3x0,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,3 m á hæð og í henni sjást 2 umför. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: engin hætta



Varða 114, horft til vesturs

GK-160:115 varða leið 64°00.948N 22°05.210V



Varða 115A er á mynd lengst til vinstri, horft til vesturs. Varða 115B er í miðju, horft til vesturs. Varða 115C er á mynd lengst til hægri, horft til norðausturs

Þrjár vörður sem virðast varða óþekkta leið eru um 1,1 km NNA við Hvassahraunssel 073 og 2,7 km ANA við bæ 001.
Vörðurnar eru í grónum hraunmóa.
Vörðurnar eru á svæði sem er um 400x50 m að stærð og snýr norður-suður. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Varða A er syðst. Hún er um 1 m í þvermál og 1 m á hæð. Í henni sjást 5 umför hleðslu. Hún mjókkar upp og efst er einn stakur steinn. Varða B er 190 m NNV við vörðu A. Hún er um 1 m á hæð og 0,8 m í þvermál. Í henni eru 9-10 umför hleðslu en hún er hlaðin úr þunnum hraunhellum. Hrunið hefur úr henni til norðausturs. Hún er gróin og skófum vaxin. Varða C er um 230 m norðan við vörðu B. Hún stendur lágt og er hlaðin ofan á sprungna, jarðfasta klöpp. Varðan er um 1x0,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur, og 0,5 m á hæð. Varða C er nærri merkjum milli Lónakots GK-162 og Hvassahrauns. Ein þessara þriggja varða gæti verið Hólbrunnsvarða 054.
Hættumat: engin hætta

GK-160:116 gata leið 63°59.776N 22°04.462V



Gata á leið 116, horft til suðausturs

Rudd gata liggur yfir úfið mosavaxið hraun um 1,3 km suðaustan við Hvassahraunssel 073. Ekki er ljóst hvert leiðin liggur en hún gæti hafa legið frá selinu á leið 069 að Búðarvatnsstæði 051 en á milli selsins og vatnsstæðisins eru 3,8 km í beinni loftlínu.
Leiðin liggur um gróið hraun.

Leiðin sést á tveimur stöðum á 325 m löngum kafla þar sem hún liggur frá norðvestri til suðausturs. Norðvestast liggur gatan yfir mosagróna hraunbreiðu og er hún rudd á þeim kafla sem er 130 m á lengd. Gatan er mosavaxin rás með lynggróðri og Þar sem leiðin er rudd í gegnum mosagrónu hraunbreiðuna er hún um 130 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Gatan er mjó mosavaxin rás með lynggróðri og er hún 0,2-0,4 m á breidd. Gatan hverfur á 50 m löngum kafla en þá tekur við gata á 180 m löngum kafla sem hverfur í hraunmóa. Ef þessi gata er á leið að Búðarvatnsstæði gætu vörður 117, 118 og 119 hafa varðað hana.
Hættumat: engin hætta



Varða 117, horft til SSV

GK-160:117 varða samgöngubót
63°59.517N 22°03.865V
Varða er langt uppi í heiði, um 390 m suðaustan við götu á leið 116 og um 730 m norðvestan við vörðu 118.
Varðan er á mosavöxnum hraunhrygg. Sunnan við vörðuna er grasi gróin kvos með skúta sem virðist náttúrulegur.
Varðan er um 0,8 m í þvermál og 0,6 m á hæð. Í henni sjást 3 umför og er hún skófum vaxin. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en hún gæti hafa varðað leið frá Hvassahraunsseli 073 að Búðarvatnsstæði 051, sjá leiðir 116 og 069.
Hættumat: engin hætta



Varða 118, horft til norðvesturs

GK-160:118 varða samgöngubót
63°54.232N 22°03.248V
Varða er um 730 m suðaustan við vörðu 117 og 350 m norðvestan við vörðu 119. Engar greinilegar götur sjást við hana eða í nágrenninu.
Varðan er á hraunkletti sem stendur ekki ýkja hátt, í lyngi vaxin hraunheiði.
Varðan er um 0,6x0,5 m að grunnfleti og 0,5 m á hæð. Varðan snýr norðvestur-suðaustur. Í henni sjást 3 umför. Hún er nokkuð skófum vaxin en ekki sérlega fornleg. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en hún gæti hafa varðað leið frá Hvassahraunsseli 073 að Búðarvatnsstæði 051, sjá leiðir 116 og 069.
Hættumat: engin hætta



Varða 119, horft til norðvesturs

GK-160:119 varða samgöngubót
63°59.180N 22°02.826V
Varða er um 350 austan við vörðu 118 og 615 m vestan við vörðu 120.
Varðan er á hæð í lyngi vöxnum hraunmóa.
Varðan er hrunin. Hún er um 1x0,6 m að grunnfleti og 0,4 m á hæð. Enn sjást 2 umför í hleðslu en nokkurt hrun er úr henni til suðausturs. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en hún gæti hafa varðað leið frá Hvassahraunsseli 073 að Búðarvatnsstæði 051, sjá leiðir 116 og 069.
Hættumat: engin hætta



Varða 120, horft til suðausturs

GK-160:120 varða samgöngubót
63°59.180N 22°02.070V
Varða er um 615 m austan við vörðu 119 og um 290 m norðvestan við Búðarvatnsstæði 051. Varðan er að líkindum við leið 069 sem liggur frá Búðarvatnsstæði. Gata á þeirri leið sést annars vegar 95 m suðaustan við vörðuna og hins vegar 180 m

VNV við hana.
Varðan er í grónu hrauni, austan við úfið, mosavaxið hraun.
Af skófunum að dæma er varðan nokkuð gömul. Hún er um 1x0,8 m að grunnfleti og 0,8 m á hæð, snýr norðaustur-suðvestur. Hún er að mestu hlaðin úr fremur þunnu hellugrjóti og sjást 7 umför þar sem mest er. Önnur minni varða og mun unglegri er um 8 m norðaustan við vörðuna.
Hættumat: engin hætta

GK-160:121 gata leið
64°00.333N 22°05.152V
Ógreinileg gata liggur yfir sprungu í Selás um 26 m norðaustan við vörðu 065 á ásnum og 210 m austan við Hvassahraunssel 073.
Gróið hraun.
Leiðinni var fylgt á um 100 m löngum kafla þar sem gatan liggur meðfram suðaustanverðu holtinu. Aðeins sést ein mjó og gróin gata á þessari leið. Ekki er ljóst hvert hún lá en hún gæti hafa legið á milli Hvassahraunssels og Lónakotssels 162:004 miðað við stefnuna á götunni.
Hættumat: engin hætta

GK-160:122 mannvirki 64°01.475N 22°05.865V



Mannvirki 122


Hleðsla í mannvirki 122, horft til ANA

Óskilgreint mannvirki er á grónum hraunhól fast sunnan við Alfaraleið/Almenningsveg 641:003 og 660 m norðaustan við fjárskýli í Loftsskúta 041.
Lyngi og kjarri gróið hraun.
Á hraunhól er afgerandi gróin lægð sem kann að vera náttúruleg. Hún er 5x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hún er 0,3 m á dýpt og í innanverðum jöðrum hennar má sjá stöku grjót. Í SSA-enda hennar eru grjóthleðslur sem eru að mestu hrundar. Þær eru á svæði sem er um 2x1,5 m að stærð og snýr eins og lægðin. Hleðslur standa þó í SSA-enda og eru þar 1x0,5 m að stærð og snúa ANA-VSV. Hleðslan er 0,5 m á hæð og í henni sjást 4-5 umför. Ekki er loku fyrir það skotið að þessi hleðsla sé varða sem hlaðin hefur verið úr eldra mannvirki. Mögulega er það Taglhæðarvarða 056. Grunn renna liggur frá u.þ.b. miðri lægðinni til VSV á 4-6 m löngum kafla. Rennan er um 1 m á breidd innanmáls. Ekki er ljóst hvaða hlutverki mannvirkið hefur gegnt.
Hættumat: engin hætta

GK-160:123 varða
64°01.286N 22°06.303V
Varða er á hraunhól um 500 m suðvestan við mannvirki 122 og 190 m norðaustan við fjárskýli í Loftsskúta 041.
Varðan er á brún lítils hraunhóls.
Varðan er hlaðin á jarðfastan klett. Hún er um 0,8 m í þvermál og 1,1 m á hæð, skófum vaxin. Í henni sjást 4-5 umför. Hrun er úr vörðunni til vesturs og norðurs. Ekki er ljóst hvaða hlutverki varðan hefur gegnt.
Hættumat: engin hætta



Varða 123, horft til norðurs

GK-160:124 varða samgöngubót
64°01.205N 22°06.400V



Varða 124, horft til norðurs

"Á einum hraunhólnum er varða sem heitir Grændalavarða og við þennan hól sunnanverðan er fjárskjól með hleðslum sem heitir Grændalahellir [066] eða Lofsskúti og snýr op þess í suðurátt," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Hér hefur Grændalahelli og Loftskúta verið slegið saman en varðan sem nefnd er Grændalavarða er við Loftsskúta og ber ekki nafn, að vitað sé. Hálfhrunin varða er á mosagrónum hraunhól um 20 m norðan við fjárbyrgi 041 í Loftsskúta og 170 m suðvestan við vörðu 123.
Varðan er á svæði sem einkennist af sprungnum hraunhólum og grasi grónum lautum á milli.
Grunnflötur vörðunnar er um 1x0,7 m að stærð og snýr hún austur-vestur. Hrunið hefur úr henni til norðurs. Í henni sjást 4 umför og hún er 0,6 m á hæð. Hún er skófum vaxin. Ætla má að hún hafi vísað á fjárskýlið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 116

GK-160:125 mannvirki 64°01.510N 22°08.785V



Tóft 125A, horft til ASA

Grjóthlaðin tóft og fleiri hrunin mannvirki eru á sjávarkampinum, um 50 m norðvestan við gerði 103.
Grösugt en grýtt er í kringum minjarnar. Austan við þær er lítil tjörn í kvos, líklega Sjávarbrunar.
Minjarnar eru á svæði sem er um 34x20 m að stærð og snýr NNV-SSA. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Skýrustu minjarnar eru NNV-enda svæðisins. Þar er greinileg tóft A sem er grjóthlaðin og hrunin að miklu leyti. Tóftin er um 7x3,5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hún skiptist í tvö hólf. Op er á milli hólfa sem eru hvort fram af öðru. Ætla má að op hafi einnig verið á tóftinni í VSV-enda en það sést ekki vegna hruns. Hólf I er í ANA-enda tóftarinnar og er það 2x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Þetta hólf er mun skýrara en hólf II sem er framan við það til VSV. Hólf II er um 1,5x0,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m og mest sjást 6-7 umför. Veggir tóftarinnar eru rúmlega 1 m á þykkt. Fast SSV við tóftina er hrunið mannvirki B á svæði sem er 6x6 m að stærð. Tóft A og mannvirki B eru sambyggð grjóthlöðnum vegg sem stendur að hluta. Veggurinn myndar ANA-vegg tóftar A. Hann nær 2 m lengra til NNA en tóftin. Frá SSV-enda veggjarins liggur annar hruninn veggur til ANA á 3 m löngum kafla og beygir svo til SSV á 16 m löngum kafla. Sunnan við miðjan vegg er hrunið, grjóthlaðið mannvirki C. Í því mótar fyrir innanmáli hólfs sem er 3x0,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Sunnan við vegg og mannvirki C og samtengt veggnum eru jarðlægir og ógreinilegir veggir mannvirkis D sem er 14x5 m að

stærð og snýr ANA-VSV. Mannvirkið er á lágri og gróinni hæð. Nyrst í því er veggur sem liggur ANA-VSV. Sunnan við vesturenda hans er ógreinilegt hólf I sem er 2x3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Ekki sést hleðsla fyrir SSA-hlið. Austan við það er óljóst hólf II sem er 2,5x3,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hlutverk þessara minja er ekki þekkt en ætla má að þau tengist sjósókn og fiskverkun. Þá er líklegt að lending hafi verið framan við þær en flóð var þegar skráningarmaður var á ferðinni og engin ummerki voru sýnileg um vör í grýttri fjörunni. Þess má ennfremur geta að norðan við minjasvæðið er mikil grjótdreif á sjávarkampinum sem er 36x10 m að stærð og snýr NNV-SSA. Þar kunna að hafa verið fleiri mannvirki.



Mannvirki 125

GK-160:126 hleðsla skotbyrgi 64°01.565N 22°08.797V



Skotbyrgi 126



Skotbyrgi 126. horft til norðurs

Ungleg hleðsla er um 100 m norðan við tóft 125 og 550 m NNV við bæ 001, austur af klöppum í flæðarmálinu á sjávarbakka.
Hleðslan er á jarðfastri klöpp sem er flöt að ofan. Grýttur hraunmói með lynggróðri er í kringum hana.

Tveir hlaðnir veggir sem eru 2 m á lengd mynda L sem er opið til suðvesturs. Veggirnir eru 0,3-0,6 m á breidd og hæstir eru þeir 0,6 m. Í hleðslunni eru að mestu lábarðir steinar úr fjörunni. Í henni sjást 3-4 umför en hleðslan er ekki vönduð. Líklega er hleðslan skotbyrgi og ósennilegt að hún sé nógu gömul til að teljast til fornminja.
Hættumat: hætta, vegna landbrots



Varða 127, horft til vesturs

GK-160:127 varða
64°01.644N 22°08.063V
Ungleg varða eða nýlega endurhlaðin er á flötu, lágu holti, um 170 m sunnan við vörðu 031 og 750 m norðaustan við bæ 001.
Holtið er gróið mosa og lyngi að mestu en á því er líka holmói. Varðan er hlaðin á lágan jarðfastan klett.
Varðan er um 0,7 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Í henni sjást 3-4 umför. Nýlega hefur grjóti verið bætt í hana og grjóthrun er í kringum hana. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin. Á sama holti, litlu norðar er lítið vörðubrot sem er greinilega nýlegt og ekki skráð sérstaklega.
Hættumat: engin hætta



Varða 128, horft til norðurs

GK-160:128 varða
64°01.839N 22°07.615V
Stór varða er um 460 m norðaustan við vörðu 031 og um 1,3 km norðaustan við bæ 001. Varðan er á háum, grýttum og úfnum hraunhól, mögulega Grjótholti, sem er krossprunginn.
Mosi og lyng vex á hólnum. Varðan er fast sunnan við sprungu á hólnum. Nokkuð víðsýnt er af hólnum.
Varðan er að hluta hrunin til NNA en enn stendur stærstur hluti hennar. Hún er um 1,2x0,6 m að grunnfleti og snýr VNV-ASA. Hún er um 0,8 m á hæð og sjást 8-9 umför hleðslu. Varðan er gróin og skófum vaxin. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: engin hætta



Varða 129, horft til suðurs

GK-160:129 varða
64°01.883N 22°07.895V
Ungleg varða er um 240 m vestan við vörðu 128 og 1,2 km norðaustan við bæ 001.
Hún er á gróðurlitlum, háum og bröttum hraunhól, nærri ströndinni. Hóllinn er krossprunginn.
Varðan er 0,7x0,5 m að stærð, snýr NNA-SSV. Hún er 0,8 m á hæð og í henni sjást 3 umför. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

GK-160:130 *Hraunsnesskjól* hleðsla fjárskýli
64°02.341N 22°07.642V
"Frá [Hraunsnefs-]tjörnunum blasir við Hraunsneshellir eða Hraunsnesskjól, og tekur þá Hraunsnes við," segir í örnefnaskrá. Hraunsneshellir er skúti sem hlaðið hefur verið fyrir og notaður sem fjárskjól. Hann er um 280 m norðan við meint skotbyrgi 030, 90 m suðaustan við vörðu 131 og um 2,1 km norðaustan við bæ 001.



Fjárskýli 130 í Hraunsnesskjóli, horft til norðurs



Fjárskýli 130 í Hraunsnesskjóli

Fjárskýlið er norðan við Hraunsnefstjarnir í litlu viki inn í hraunhóla sem eru krosssprungnir. Grösugt er í kringum tjarnirnar en þar fyrir utan er hraunmói í næsta nágrenni.
Grjóthleðslur eru bæði framan við skútann og uppi á þaki hans og eru þær á svæði sem er 10x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Skútinn er um 10x2 m að innanmáli og er rúmlega 1 m á hæð þar sem hann er hæstur. Hlaðinn veggur liggur í sveig framan við skútann. Um 2 m norðvestan við suðausturenda veggjarins er op sem er 0,6 m á breidd. Veggurinn er um 1 m á breidd en hrunið hefur úr honum, sér í lagi úr innri brún norðvestan við opið en suðaustan við opið er veggurinn alveg útflattur. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m og mest sjást 5 umför hleðslu. Inni í skútanum og utan hans er spýtnabrak og annað rusl. Frá suðausturenda veggjarhleðslunnar framan við skútann liggur önnur hleðsla upp á þak hans. Hún er um 6 m á lengd og liggur í sveig til norðvesturs. Hleðslan er 1 m á breidd og 0,5 m á hæð. Í henni sjást 3 umför í innri brún en ytri brún sést ekki og er gróin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 6

GK-160:131 varða landamerki 64°02.378N 22°07.711V
Varða er á Hraunsnesi um 90 m norðvestan við fjárskýli 130. Líklega er hún landamerkjavarða en óvíst er um aldur hennar. Á Herforingjaráðskorti frá 1910 eru landa- og hreppamörkin sýnd liggja frá Hraunsnesi til suðausturs en á yngri kortum liggur landamerkjalínan litlu austar við ströndina.
Varðan er á gróðurlítilli, flatri klöpp norðvestast á Hraunsnesi og gengur grjót á land alveg að henni.
Varðan er um 0,7x1,2 m að stærð og snýr norður-suður. Norðurendinn er óskýr en þar er laust grjót sem virðist aðborið með sjónum. Litlar sem engar skófir eru á grjótinu í vörðunni, líklega vegna seltunnar í sjónum sem gengur yfir hana. Varðan er 0,6 m á hæð og í henni eru 4 umför.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Herforingjaráðskort 27 1910



Landamerkjavarða 131, horft til vesturs

GK-160:132 varða landamerki
64°01.979N 22°06.806V
Allfornleg varða er um 700 m austan við vörðu 128 og 40 m norðvestan við vörðu 133, nærri merkjum móti Lónakoti GK-162. Hún er um 5 m austan við djúpt jarðfall og hefur ef til vill átt að vara við því en hún kann einnig að vera landamerkjavarða.
Flatlent og grýtt hraunholt, gróið mosa, lyngi og kjarri.
Varðan er um 0,6x0,6 m að stærð og 0,7 m á hæð. Í henni eru 4 umför sýnileg. Hún er skófum vaxin og lítillega er hrunið úr henni til suðvesturs.
Hættumat: engin hætta



Landamerkjavarða 132, horft til norðvesturs

GK-160:133 varða landamerki
64°01.966N 22°06.763V
Varða er um 40 m suðaustan við vörðu 132, á sama holti. Hún er mjög nærri merkjum á móti Lónakoti GK-162 og er líklegt að hún sé landamerkjavarða.
Flatlent og grýtt hraunholt, gróið mosa, lyngi og kjarri.
Varðan samanstendur af tveimur steinar sem eru ofan á hraundrangi. Heðslan sjálf er 0,4 m í þvermál og 0,3 m á hæð en með hraundranginum er varðan 1,3 m á hæð. Varðan er skófum vaxin.
Hættumat: engin hætta



Varða 133, horft til suðausturs

GK-161 Hvassahraunskot

Hjáleiga Hvassahrauns 1847. JJ, 91.

GK-161:001 *Hvassahraunskot* bæjarhóll bústaður 64°01.308N 22°08.555V
Norðurkot 160:019, Niðurkot 160:020 og Suðurkot 160:071 voru oft einu nafni nefnd Hvassahraunskot, einnig getur verið að Hvassahraun 2 160:007 hafi verið nefnt Hvassahraunskot en ekkert verður um það sagt.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-641 Fornleifar á fl. en 1 jörð

GK-641:001 *Kirkjugata* gata leið 64°00.739N 22°18.486V



Kirkjugata 001 í landi Kálfatjarnar GK-151, horft til austurs

Þessi leið var áður númer 017. "Við vesturenda baðstofunnar í Hliði [151:026] lá gatan milli bæjanna og heim að Kálfatjörn, Kirkjugatan," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. Á heimasíðu Ferlis segir: "Kirkjustígurinn heldur síðan áfram út eftir ströndinn[i] í gegnum Tíðagerði [150:006] og Norðurkot [150:001]." "Frá Auðnum, um hlaðið í Landakoti, inn túnið, ofan við tóftarbrotin í Götu [148:013] og að Þórustöðum liggur troðningur, sem var alfaraleið um Ströndina og liggur áfram inn á bæi," segir í örnefnaskrá Landakots. Ætla má að leiðin sem lá frá Auðnum að Þórustöðum sé sama leið og Kirkjugatan eða Kirkjustígurinn og hefur hún legið milli bæja í allri sveitinni. Kirkjugatan var skoðuð í landi Kálfatjarnar GK-151, Norðurkots GK-150 og Þórustaða GK-149. Tíðagerðisvarða 130:045 og varða 130:052 í landi Brunnastaða hafa varðað leiðina.

Í landi Kálfatjarnar liggur leiðin að mestu leyti um snöggt sleginn golfvöll. Annars staðar liggur leiðin um tún og hraunmóa.

Gatan liggur frá bæ Kálfatjarnar 151:001 til VSV hjá Hliði 151:026 en verður ógreinileg í landi Norðurkots. Þar sem leiðin liggur um golfvöllinn sést óljóst móta fyrir henni sem dæld á sléttri flötinni. Leiðin liggur í gegnum túngarð Kálfatjarnar (Landagarð 151:022) og er þar rof í garðinn. Þaðan og að Hliði 151:026 er gatan skýrari en þó vel gróin. Þar sem gatan er breiðust er hún um 0,6 m, hún er mjög grunn, mesta dýpt er 0,1-0,2 m. Leiðin er samtals greinileg á um 200 m löngum kafla innan Kálfatjarnar. Í Norðurkoti sést gatan óljóst á milli kálgarða 150:013 og 150:011 við bæjarhól Norðurkot 150:001. Möl hefur verið borin í götuna suðvestan við kálgarðana milli Norðurkots og Þórustaða, líklega þegar Norðurkotshúsið var flutt að Kálfatjörn GK-151. Mjó landræma, um 1 m á breidd, er á milli kálgarðs 150:011 og byggingaleifa á bæjarhólnum og hefur gatan legið um hana. Lágur kantur er meðfram götunni þar sem hún liggur suðaustan við kálgarð 150:013. Að öðru leyti sjást ekki skýr ummerki um götuna í landi Norðurkots og og hún sést ekki í landi Þórustaða.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Kálfatjarnarhverfi, 8; http://www.ferlir.is/?id=4390; Ö-Landakot, 6

GK-641:002 *Þórustaðastígur* gata leið 63°59.791N 22°15.238V



Götur á Þórustaðastíg 002, horft til norðvesturs

"Þórustaðastígur nefnist gamall götuslóði sem liggur frá bænum Þórustöðum á Vatnsleysuströnd og upp heiðina. Stígurinn heldur þessu nafni allt upp að og yfir Vesturháls [Núpshlíðarháls] og að eyðibýlinu Vigdísarvöllum," segir í Örnefnum og gönguleiðum. "Stígur liggur upp frá Þórustaðahlið[i], nefnist Kúastígur, upp í heiðina. Sama [svo] stígur er líka nefndur Þórustaðastígur og liggur alla leið suður og upp til Núphlíðarháls og hann sameiginlegur Heiðarstígur fyrir alla Inn-Ströndina," segir í örnefnaskrá. Leiðin sést suðaustan við Þórustaðaborg 149:030 og frá henni til norðvesturs að Þórustöðum GK-149. Á þeim kafla eru nokkrar vörður. Leiðin sést einnig skammt suðaustan við traðir 149:055 á Þórustöðum. Árið 2000 var leiðin skoðuð í nágrenni Reykjanesbrautar.

Leiðin liggur yfir gróið hraun.
Um stíginn segir einnig í Örnefnum og gönguleiðum: "Götuslóðinn byrjar um 200 m norðan afleggjarans að bænum og sér þess nú næsta lítil merki að þar hafi gata verið. Gatan liggur um móa og moldarflag suðvestan við allmikinn klapparhól ofan við Gamla-Keflavíkurveginn. Þegar komið er upp fyrir hól þennan er stefna stígsins til austurs, sjónhending skammt norðan við Trölladyngju. Nokkuru ofar (um 1 km) liggur gatan um Þórustaðaborg [149:030] en þar eru rústir stekks eða fjárborgar í vel grónum móa, vestan undir allháum hól. Frá Þórustaðaborg er stefnan áfram sú sama og fyrr er getið og að Lynghól [...]. Stígurinn liggur um hólinn miðjan og er mjög greinilegur þarna upp hólinn vestanverðan. Frá Lynghól er stefnan síðan suðaustlæg að stórum klapparhól, Kolgrafarholti, skammt ofan Reykjanesbrautar, og liggur gatan með fram honum norðaustanmegin. [...] [Stígurinn er nú stikaður sunnan við holtið enda ljóst að þar hafa menn og hestar einnig farið um]. Áframhald lýsingarinnar er á bls. 151-152.
Leiðin var skoðuð á kafla í landi Þórustaða við aðalskráningu 2009. Gatan sést við Þórustaðaborg þar sem hún liggur um gróinn móa. Þar er ein mjó gata, um 0,3 m á breidd og um 0, 3 m djúp. Hún er gróin að mestu leyti á þessum kafla en þar sem hún liggur um gróðurminna svæði norðvestan við Þórustaðaborg sést lítið sem ekkert til hennar. Á leiðinni frá Þórustaðaborg að Þórustöðum sjást fjórar vörður við leiðina. Þær fá bókstafi til aðgreiningar. Fyrsta varðan D er niðurfallin, snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 1x1,3 m að stærð og um 0,3 m á hæð. Til suðausturs má sjá laust grjót sem oltið hefur undan halla. Önnur niðurfallin varða E er við leiðina um 5 m norðaustan við Smalaskála 032. Varðan er um 1x0,7 m að grunnfleti og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,4 m á hæð og sjást 2 umför. Varðan stendur lágt. Önnur hrunin varða F er um 135 m norðvestan við vörðu E. Hún stendur á litlum hraunhól og er um 1 m í þvermál og um 0,5 m á hæð, 3 umför sjást. Enn er varða G á leiðinni um 125 m norðvestan við vörðu F. Hún stendur á klöpp dálítið upp úr landslaginu. Hún er hrunin en er um 1 m í þvermál og um 0,5 m á hæð. 3 umför sjást. Allar eru vörðurnar nokkuð fornlegar, grónar og skófum vaxnar. Leiðin sést nokkuð skýrt um 50 m suðaustan við traðir 149:055 þar sem engar þúfur eru í móanum. Hún er um 2 m breið og um 0,2 m djúp, gróin. Gatan sést á um 70 m löngum kafla og stefnir nálega austur-vestur.Við skráningu vegna breikkunar Reykjanesbrautar árið 2000 var leiðin skoðuð við Kolgrafarholt. Milli Kolagrafarholts og annars hóls sem er norðar er dæld sem er grasi gróin. Merki Þórustaðastígsins eru greinileg í dældinni. Göturnar lágu svo áfram yfir hraunið til suðurs. Ekki sjást skýr merki um Þórustaðastíg við Reykjanesbrautina.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 151; Ö-Þórustaðir, 4

GK-641:003 *Alfaraleið* gata leið 64°01.492N 22°07.408V



Á vinstri myndinni sést gata á Alfaraleið 003, horft til austurs. Á hægri myndinni er varða 003S, horft til suðausturs

"Um jörðina [Hvassahraun] hafa frá alda öðli legið ferðamannaleiðir til Suðurnesja. Má enn sjá þrjár brautir: Alfaraleið, troðninga hestalestanna, þjóðveginn, leið hestvagna og bifreiða, og nú síðast liggur um jörðina Reykjanesbrautin," segir í örnefnaskrá Hvassahrauns. "Almenningavegurinn er elsta sjáanlega samgönguleiðin um hreppinn og liggur hún víðast hvar tiltölulega stutt frá byggð, þó yfirleitt ofan við Gamla-Keflavíkurveginn [heitir líka Strandarvegur 011] og innarlega í Hvassahraunslandi einnig fyrir ofan Reykjanesbrautina. [...] Nafnið Almenningsvegur, yfir gömlu þjóðleiðina, virðist helst hafa verið notað af Voga- og Vatnsleysustrandarbúum og trúlega líka búendum utar á skaganum því þar sem vegurinn liggur um Hvassahraunsland og innar var hann frekar kallaður Alfaraleiðin," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Þar segir einnig á öðrum stað: "Fyrrum kölluðu

sumir hreppsbúar Almenningsveginn Einingaveg..." "Þá liggur hér vestur um hraunið Alfaraleiðin í miklum djúpum lægðum, sem nefnast Draugadalir [160:042]," segir í örnefnalýsingu Hvassahrauns. Draugadalir eru að mestu í landi Hvassahrauns. Dalirnir eru norðan Reykjanesbrautar, þar sem vegurinn sem er samsíða Reykjanesbraut norðan hennar sameinast brautinni, austarlega í landi Hvassahrauns. Ekki er greinilegur slóði á þessum stað en Alfaraleiðin er vel merkjanleg víða í hrauninu.
Gatan liggur um gróið hraun.
"Ofan Breiðagerðis [GK-145], þar sem elsti bílvegurinn (Gamlivegur [Strandarvegur 011]) og núverandi Strandarvegur koma saman, sjáum við glöggt dæmi um vegabætur fyrri tíma, þ.e. Flórlagða götu sem stundum var nefnd Hestaslóðin. Slóð þessi, (ætluð hestvögnum) hefur legið ofan við elstu leiðina og sjást mosagrónar flórlagðar grjótfyllingar milli klappa allt inn að Prestvörðu [151:056] sem stendur ofan við Kálfatjarnarafleggjarann," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Legu leiðarinnar er lýst nákvæmlega í sömu bók á bls. 143-150. Almenningsvegurinn var einnig nefndur Alfaraleið og lá frá Vogum og inn í Hafnarfjörð. Leiðin var vörðuð og enn má sjá nokkur vörðubrot á fyrsta hluta leiðarinnar frá Vogum auk þess sem einstaka vörður standa enn við leiðina. Gatan sjálf er víða greinileg sem dæld í gróið hraunið og kemur breikkun Reykjanesbrautar víða til með að eyða meira af götunni en þegar er skemmt. Við aðalskráningu Kálfatjarnarhverfis og Flekkuvíkur árið 2008 var leiðin skoðuð í landi Flekkuvíkur þar sem leiðin liggur um hraunið og kræki fyrir hól sem Arnarvarða GK-157:031 stendur á. Þar er gatan mjög mjó en breikkar þar sem hún heldur áfram til norðausturs. Skráning 2009: Í landi Þórustaða GK-149 er ein varða og ein grjótþúst á allháu holti nærri núverandi malbikuðum vegi um Vatnsleysuströnd. Varða A er á norðausturenda holtsins. Hún er um 1,2x1 m að grunnfleti, snýr austur-vestur og er um 0,4 m á hæð. Varðan er gróin neðst og skófum vaxin. Um 28 m vestar er útflött grjótþúst B sem kann að hafa verið varða á sömu leið. Þústin er um 2 m í þvermál og stendur ekki steinn yfir steini. Hundaþúfa er fast norðvestan við þústina. Mögulega hefur verið smalakofi þar sem þústin er nú. Skráning 2014 í landi Hvassahrauns: Leiðinni var fylgt á um 1,7 km löngum kafla þar sem hún liggur austur-vestur, yfir hreppamörk. Á þessum kafla voru skráðar 17 vörður, 16 í landi Hvassahrauns og ein í landi Lónakots. Allar vörðurnar nema fjórar eru lítilfjörlegar og virðast vera ungar. Stóru vörðurnar (G, N, S, T) eru allar ferkantaðar, um 1x1 m að stærð. Þær eru 0,8-1,2 m á hæð og í þeim sjást 4-9 umför í hleðslum.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 1 og SG: Örnefni og gönguleiðir, 32, 34, 144

GK-641:004 heimild um leið 64°00.989N 22°09.216V
"Ofan og sunnan Strokkamels eru Rjúpnadalir, djúpir grasbollar milli gróinna hraunhóla og Rjúpnadalshrauns eða Rjúpnadalahraun umhverfis þá. Þarna upp með Afstapahraunsjaðrinum er greinileg hestagata og má ætla að um hana hafi verið farið til eldiviðartöku í Almenning frá Suðurnesjum," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Svæðið á milli Strokkamels og Flatahrauns var gengið án þess að ummerki um leiðina fyndust. Þó getur verið að varða 160:134 í landi Hvassahrauns sé við hana.
Rjúpnadalshraun er seinfarið vegna þess hversu mishæðótt það er. Það er gróið og er mest um mosa og lyng.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 109

GK-641:005 *Rauðhólastígur* gata leið 63°58.790N 22°04.184V
"Austan úr Hraunum kemur annar stígur, heitir Rauðhólastígur eða Óttarsstaðaselsstígur. Hann lá upp á svokallaða Velli og var mikið farinn í smalamennskum," segir í örnefnaskrá Hvassahrauns. Að öllum líkindum er hér um sömu leið að ræða og nefnd er Skógargata og Mosastígur í bókinni Örnefni og gönguleiðir: "Hvassahraunselsstígur liggur frá bæ og upp í selið [073] og er nokkuð greinilegur á köflum. ... Selstígurinn liggur áfram langt upp úr, austan við eða yfir Selásinn og fellur þar inn í Skógargötuna sem liggur úr Hafnarfirði um Óttarsstaðasel og upp að fjallgarði. ... Gata þessi ber mismunandi nöfn eftir því hvaðan er komið eða hvert er farið. ... Frá Hvassahrauni heitir hún Skógargatan og þegar ofar kemur Mosastígur," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Ekki fundust óyggjandi ummerki um leiðina þar sem hennar var leitað í nágrenni við Skógarnef í landi Hvassahrauns. Hins vegar sést skýr gata í mosagrónu hrauninu austan við Bögguklett á loftmynd og er þar hægt að fylgja leiðinni á um 1,2 km löngum kafla þar sem leiðin stefnir NNA-SSV.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 8; SG: Örnefni og gönguleiðir, 114

GK-641:006 *Hálsagötur* heimild um leið 63°58.782N 22°04.718V
"Vestur með Hálsum liggja Hálsagötur, almenningsvegur til forna og lá suður um Selvelli, Þrengsli, Hraunssel og á Grindavíkurveg rétt hjá Mjöltunnuklifi," segir í örnefnaskrá Vatnsleysu. "Með hlíðum Lambafella liggur Mosastígur (Rauðamelsstígur) sá sem nefndur er í D-svæði og liggur frá Straumsbæjum um Almenning og allt upp að Dyngjum eins og fyrr segir. Fyrrum var farið meðfram Núpshlíðarhálsi eða yfir hann allt eftir því hvort fólk var á leið til Krísuvíkur, á Vigdísarvelli, Selatanga eða til Grindavíkur og var leiðin þarna um kölluð

Hálsagötur," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Mosastígur er sýndur á kafla á korti í sömu bók. Sá kafli liggur um mosagróið hraun og sést á 1,5 km löngum kafla á loftmynd af svæðinu á GoogleEarth frá 2002. Leiðin liggur NNV-SSA. Hún var ekki skoðuð á vettvangi.
Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 10; SG: Örnefni og gönguleiðir, 123; GoogleEarth 2002

GK-641:007 *Brúnavegur* heimild um leið
"Fyrir ofan Brunnastaðaselsgjá taka svo Brúnir við en það eru efstu hjallar heiðarinnar. [...] Sagnir eru til um Brúnaveg og var hann talinn liggja frá Afstapahraunsjaðri þvert yfir heiðina um Brúnir til Grindavíkur. Hvorki gata né vörðulína eru sjáanlegar á þessum slóðum en Grindvíkingar áttu það til að stytta sér leið til Hafnarfjarðar ef veður var gott og fóru þá "inn Brúnir" eins og sagt var. Þó svo talað hafi verið um Brúnaveg þá þarf það ekki að þýða að menn hafi farið eina slóð heldur beint af augum hvar sem verkast vildi með stefnu á fjarlæg fjöllin í norðaustri, t.d. Esjuna," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Ekki er ljóst hvar þessi leið lá nákvæmlega og ekki reyndist unnt að staðsetja hana á vettvangi.
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 84-85

GK-641:008 gata leið 64°01.146N 22°14.653V



Gata á leið 008, horft til suðvesturs

Þessi leið var áður númer 015. "Varðan [Stefánsvarða 151:044] stendur við gamla götu sem virðist vera frá svipuðum tíma og Almenningsvegur [003] og er hún flóruð á köflum eins og Hestaslóðin [sjá 003]. Þessi gata lá neðar og nær bæjum allt frá Vatnsleysu að Kálfatjörn og hefur líklega frekar verið notuð af heimafólki en hinum almenna vegfaranda," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Um 150 m vestan við Stefánssvörðu og um 90 m suðaustur af tóft GK-151:012 sjást ógreinileg merki götu í dálítilli rás milli grasfláka og klappa og er þetta leiðin sem nefnd er í bókinni Örnefni og gönguleiðir.
Leiðin liggur norðan við aðalveginn um svæðið í allgrónu hrauni en holmóaflákar eru á stöku stað.
Þaðan sem leiðin sést fyrst var henni fylgt að Stefánsvörðu en hún liggur skammt suðvestan við hana. Þar verður hún ógreinileg en sést aftur í landi Flekkuvíkur hjá vörðu GK-157:081. Þaðan var henni fylgt að núverandi afleggjara heim að Flekkuvík. Breidd götunnar á kaflanum við Stefánsvörðu er 1-2 m og þar er hún um 0,3 m djúp. Þar er mikið grjót í henni og hún liggur að miklu leyti yfir holmóa. Á þeim kafla sem skráður er í landi Flekkuvíkur er gatan um 0,5 m breið og 0,2-0,4 m djúp. Þar er gatan víðast gróin og grýtt. Sumstaðar hefur grjóti verið rutt úr götunni.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 145

GK-641:009 *Stapagata* vegur leið
63°58.180N 22°23.843V
"Næst förum við um Stapann eða Vogastapa ... Gamla þjóðleiðin Almenningsvegur [003] sem liggur um hreppinn endilangan og við höfum fylgt endrum og sinnum heitir nú Stapagata," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Þar segir einnig á öðrum stað: "Gamla þjóðleiðin yfir Vogastapa til Njarðvíkur er framhald Almenningsvegarins [003] sem liggur úr Hafnarfirði og suður úr. Við norðausturhorn Stapans hefur gatan fyrrum greinst í tvær en þau vegamót eru horfin vegna ýmis konar jarðrasks. Annar armur götunnar, Skógfellavegur [010], liggur suður og upp í heiðina í átt til Grindavíkur en



Upphlaðinn vegur í Reiðskarði á leið 009 í landi Stóru-Voga GK-123, horft til suðurs

hinn liggur vestur endilangan Vogastapa. Umferð um Stapagötuna hætti að mestu um 1912 þegar bílvegur var lagður til Keflavíkur." Stapagata er hluti af Almenningsleið og tengist henni. Leiðin var gengin að miklu leyti á Stapanum.
Leiðin liggur eftir einstigi í brattri og grösugri götu við vesturjaðar Stapans, upp Reiðskarð og þaðan eftir hrjóstrugu og blásnu hrauninu sem er sumstaðar mosagróið.
Leiðinni var fylgt þar sem hún liggur um Vogastapa, frá vestri til austurs. Vestast er leiðin mjótt einstigi í grasi gróinni brekku en verður strax mjög greinileg þegar komið er í Reiðskarð. Neðst í skarðinu hefur stórgrýti verið rutt úr götunni og hlaðið vestan við götuna. Ofar í skarðinu er ruðningur á báðar hendur þar til komið er að upphlöðnum kafla á leiðinni. Hlaðni kaflinn er um 20 m langur og er vesturkanturinn hlaðinn en grjótruðningur er við austurkantinn. Hleðslan er um 1,5 m á hæð og eru 4 umför grjóts sýnileg. Svo virðist sem fyllt hafi verið upp með smáu grjóti og jarðvegi milli hleðslunnar og ruðningsins á þessum kafla. Svo virðist sem leiðin hafi einnig legið í sveig framhjá upphlaðna kaflanum og ef til vill áður en bætur voru gerðar á honum. Í Reiðskarði er gatan víðast um 2 m breið og er dýpst um 0,5 m. Þegar komið er upp úr skarðinu eru miklir grjótruðningar meðfram götunni, allt að 1,5 m á hæð og er gatan þar 1,5-2 m breið en mjókkar svo og ruðningar lækka. Leiðinni var fylgt að mestu leyti yfir í land Njarðvíkur og sést hún halda áfram þar. Gamli-Keflavíkurvegurinn liggur yfir Stapaveg á kafla við Grynnri-Skor en annars er furðulítið rask á leiðinni þar sem henni var fylgt. Leiðinni er viðhaldið af göngufólki. Skammt sunnan við leiðina er mikið jarðrask í landi Njarðvíkur vegna efnistöku eða annarra framkvæmda og kann Stapavegi að stafa hætta af því. Lýsing á Stapagötu er að finna í bók Sesselju Guðmundsdóttur, Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi, bls. 159-162.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 56, 159



Skógfellavegur 010 (áður 014), horft til suðvesturs

GK-641:010 *Skógfellavegur* gata leið
63°57.978N 22°23.051V
Þessi leið var áður númer 014. "Í lægðinni við Stapahornið og ofan Reykjanesbrautar sjáum við fyrst móta fyrir Skógfellavegi sem var fyrrum þjóðleið til Grindavíkur. Í heimildum ber leiðin eftirfarandi nöfn: Skógfellavegur, Skógfellsvegur, Vogavegur (það nafn notuðu Grindvíkingar), Sandakravegur, Sandakradalsvegur og Sandhálsavegur. Af Suðurlandi og víðar var á öldum áður sótt skreið til Suðurnesja og menn fóru þangað í fiskiver. Á þeim tímum var Sandakravegur notaður enda djúpt markaður í klappir en með breyttum atvinnuháttum lagðist hann af. [...] Skógfellaleiðin lagðist af um 1918 þegar bílvegur var lagður til Grindavíkur en enn má rekja sig eftir vörðum alla leið "upp eftir" eins og hér var og er málvenja að segja," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Skógafellavegur er merktur með skilti um 20-30 m neðan Reykjanesbrautar. Skiltið er hins vegar norðaustan við leiðina sjálfa en það má sjá móta óljóst fyrir henni suðvestan við skiltið.
Leiðin liggur um gróið hraunið.
Ýtarleg lýsing á veginum er í bók Sesselju Guðmundsdóttur á blaðsíðu 153-159.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 60, 62



Strandarvegur 011 í landi Áslákstaða ytri GK-140, horft til suðvesturs

GK-641:011 *Strandarvegur* vegur leið
64°00.001N 22°21.061V
"Lagning Strandarvegar hófst í Hafnarfirði 1904 og lauk í Keflavík 1912. Liggur sá hluti hans sem í Brunnastaðalandi er m.a. meðfram svokölluðum Skjaldarkotslágum og meðfram Lambskinnshól í Strandarheiði, um einum

kílómetra frá byggðinni. Vegur þessi er fjögurra metra breiður með hlöðnum köntum, sæmilega beinn og sléttur, enda eru lægðir undir honum uppfylltar. Hann var gerður fyrir hestvagna, en upp úr 1917 tóku bílar að fara um hann. Á árunum 1920-1930 var hluti Strandavegar færður nær byggðinni, svo einskonar olbogi myndaðist á hann. Þá var hætt að nota gamla, upphlaðna veginn," segir í ritgerð um örnefni í Brunnastaðahverfi. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir er vegurinn sýndur á korti. Þar er sá hluti Strandarvegar sem ekki er kominn undir malbikaðan veg að mestu leyti í landi Brunnastaða GK-130 og nefndur Gamlivegur. Vegurinn er um 1 km suðaustan við Efri-Brunnastaði 130:001.
Leiðin liggur um gróinn hraunmóa.
Vegurinn sést enn vel á kafla sem er um 2,5 km langur og liggur í mjúkum boga frá norðaustri til suðvesturs. Hann er 4-5 m á breidd og hér og hvar sjást grjóthleðslur í köntum. Möl hefur verið borin í veginn og er hann enn vel akfær.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 34-35; 41

GK-641:012 *Eiríksvegur* vegur leið 64°00.793N 22°11.067V



Ruddur kafli á Eiríksvegi í landi Stóru-Vatnsleysu GK-159, horft til norðvesturs

"Á þessum slóðum [003] sjáum við annað sýnishorn af vegagerð fyrri tíma en það er Eiríksvegur og liggur vegarstæðið þráðbeint frá Akurgerðisbökkum, en þeir eru neðan og vestan við Kúagerði og áfram vestur yfir holt og hæðir," segir í Örnefnum og gönguleiðum. "Hér um [við Akurgerði] lá Almenningsgatan eða hestslóðin og héðan lá ein fyrsta tilraun til vegagerðar á landi hér, sem þó var aldrei notuð, kallast Eiríksvegur, því Eiríkur faðir Árna kaupmanns og leikara í Reykjavík var verkstjóri. Vegurinn lá upp í Heiðina," segir í örnefnaskrá Vatnsleysu. Eiríksvegur lá frá þeim stað sem nefndur er Akurgerði 159:018. Slóðinn var meðfram Steinkeravík/Kúagerðisvík og áfram til vesturs inn heiðina. Leiðin var fyrst skráð austast í landi Stóru-Vatnsleysu GK-159 árið 2000 í sambandi við breikkun Reykjanesbrautarinnar og var einnig skoðaður þegar aðalskráning fornleifa fór fram á Vatnsleysubæjunum árið 2012. Skráning 2000: Meðfram Kúagerðisvík liggur bílslóði samsíða Reykjanesbraut og endar hann í Strandavegi. Næstum fast frá slóða þessum má sjá leifar Eiríksvegar fast upp við fjörukambinn og svo til vesturs.
Gatan er greinileg á grasi grónu svæði ofan við fjörukambinn en verður ógreinilegri þegar komið er út í meira hraunlendi norðvestar.
"Vegurinn er nefndur eftir verkstjóra vegagerðarmannanna sem hét Eiríkur Ásmundarson frá Grjótá í Reykjavík (1840-1893) ... Eiríksvegur er 3-4 m breiður og í honum er mikið af grjóthnullungum. Ekkert farartæki hefur hingað til nýtt sér "samgöngubótina" því vegargerðin dagaði uppi í Flekkuvíkurheiðinni einhvern tímann fyrir síðustu aldamót. Almenningsvegurinn [003] liggur svo til samsíða Eiríksvegi á þessum slóðum ýmist ofan eða neðan hans og á kafla liggja allir þrír vegirnir samsíða, Strandarvegurinn neðstur [011], síðan Almenningsvegurinn en Eiríksvegurinn efstur." Gatan var upphlaðin a.m.k. á kafla. Skráning 2012: Leiðin var skoðuð á kafla frá Kúagerðisvík og áleiðis til VNV í landi Stóru-Vatnsleysu. Vegurinn liggur VNV-ASA. Hann er upphlaðinn og ruddur eftir því sem aðstæður breytast. Vegurinn er víða gróinn og er um 5 m breiður og 0,4 m á hæð. Ekki sjást hleðslur í köntum. Hægt er að fylgja veginum á loftmynd og er hann tæpir 3 km á lengd og liggur nálega ASA-VNV.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 7; SG: Örnefni og gönguleiðir, 34

GK-641:013 *Gamli-Stapavegur* heimild um leið
"Fyrr á öldum lá þjóðleiðin til Suðurnesja ofar (sunnar) á Stapanum og í heimild frá árinu 1840 er hún kölluð Gamli-Stapavegur. Sú gata er nú horfin að mestu leyti á eystri hluta Stapans en vestar sást hún býsna glöggt fyrir fáum árum allt til Innri-Njarðvíkur. Nú er gamla þjóðleiðin á þeim kafla eyðilögð af vinnuvélum. Mjög villugjarnt var á Gamla-Stapavegi segja heimildir og þess vegna var gerð ný þjóðleið og lá sú nær sjónum," segir í bókinni Örnefnum og gönguleiðum

Leiðin hefur legið um svæði sem nú er hrjóstrugt, grýtt og gróðurlítið en verið er að græða upp með lúpínu.
Ekki sást til leiðarinnar á vettvangi en eftir að vettvangsvinnu lauk fengust upplýsingar hjá Sesselju Guðmundsdóttur um að helst væri að sjá ummerki hennar við Mörguvörður GK-123:019 sem ekki eru lengur innan Vatnsleysustrandarhrepps. Að sögn Sesselju má rekja leiðina frá efstu húsum í Innri-Njarðvík og að Mörguvörðum þar sem hún hverfur en sést aftur á einum Bjallanum austan við Grindavíkurveg.
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 56

V. SAMANTEKT

Í inngangi kom fram að 364 fornleifar hefðu verið skráðar á því svæði sem var til úttektar árin 2013 og 2014 auk fornleifa á fleiri en einni jörð. Sem fyrr eru fornleifarnar fjölbreyttar og í þessum kafla verður fjallað um helstu minjaflokka, ástand þeirra og einkenni.

Bæjarhólar og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás: torfi, grjóti og öðru byggingarefni og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst varð úti í byggingaframkvæmdum á 20. öld.

Í þessari skýrslu birtast upplýsingar um 9 lögbýli en hér eru lögbýli talin allir þeir bæir sem skilgreindir eru sem slíkir í Jarðatali Johnsens frá 1847. Tvíbýli var á Brunnastöðum, í Suðurkoti og Hvassahrauni og bærinn í Halakoti hefur verið færður í þrígang en yngsta bæjarstæðið telst ekki til fornleifa. Alls eru því 14 bæjarhólar/bæjarstæði á lögbýlunum.

Samkvæmt þekktum rituðum heimildum er Hvassahraun elsta lögbýlið á skráningarsvæðinu og þar á eftir koma Brunnastaðir. Þetta eru höfuðbýli og önnur lögbýli á svæðinu eru gamlar hjáleigur þeirra. Bænhús eða kirkja á Brunnastöðum gefur einnig til kynna háan aldur býlisins. Bænhúsið var nær Efri-Brunnastöðum en Neðri-Brunnastöðum og má því ætla að elsta bæjarstæði Brunnastaða hafi verið þar sem heitir Efri-Brunnastaðir. Annarra lögbýla er fyrst getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem rituð var 1703 en Hvassahraunskots er ekki getið fyrr en í Jarðabók Johnsens 1847. Ekki sjást afgerandi bæjarhólar á bæjarstæðum lögbýlanna fyrir utan Skjaldarkot. Bæjarstæði Hvassahrauns og Brunnastaða (Efri) eru á náttúrulegum hólum og hafa uppsöfnuð mannvistarlög á þeim samlagast hólunum og því ekki hægt að greina bæjarhól frá náttúrulega hólnum. Elstu þekktu bæjarstæði Halakots og Naustakots eru illa farin af landbroti.

Á lögbýlisjörðunum var skráður nokkur fjöldi býla, en þau eru 24 talsins. Af þessum býlum eru sex nefnd í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703. Flest önnur býli eru að líkindum yngri og heimildir benda til þess að þau hafi verið í byggð á 19.-20. öld. Um elstu býlin sem getið er í Jarðabókinni er oft lítið vitað og staðsetning þeirra ókunn. Þau kunna

að vera horfin en einnig getur verið að byggt hafi verið á þeim aftur og býlin fengið ný nöfn. Heillegar minjar um grasbýli má til dæmis sjá á Bieringstanga í Hvammi 130:020, Hausthúsum 130:019, Vorhúsum (Austurbæ 130:017 og Vesturbæ 130:018) og líka í Gerði 135:008 í landi Skjaldakots. Heillegar minjar um tómthús má til dæmis sjá í Töðugerðisbæjunum, Norðurbæ 131:011 og Suðurbæ 131:012.

Í töflu 1 hér fyrir neðan er að finna öll bæjarstæði á skráningarsvæðinu en nánari umfjöllun er í fornleifaskrá. Þar sem minjar sjást á bæjarstæðum lögbýla eru þær mjög brotakenndar. Uppistandandi hús frá 1907 er á einum stað. Þar sem minjar sjást á bæjarstæðum annarra býla er algengast að enn sjáist tóftir. Þessar bæjartóftir eru sumar einfaldar en aðrar skiptast í tvö eða fleiri hólf.

Tafla 1. Upplýsingar um bæjarstæði á skráningarsvæðinu

Númer	**heiti**	**í byggð**	**ástand**
GK-130:001	Efri-Brunnastaðir	Fyrst getið í heimild 1395	Ekki sést bæjarhóll og engar gamlar byggingar eru sýnilegar á bæjarstæðinu
GK-130:003	Neðri-Brunnastaðir	?	Ekki sést bæjarhóll. Á bæjarstæðinu stendur bárujárnsklætt timburhús frá 1907 og sambyggð yngri hús
GK-130:016	Grund	Fyrst getið í heimild 1883	Á bæjarstæðinu er húsgrunnur
GK-130:017	Vorhúsabæir (Austurbær)	Fyrst getið í heimild 1845/1877	Á bæjarstæðinu er tóft
GK-130:018	Vorhúsabæir (Vesturbær)	Fyrst getið í heimild 1845/1877	Á bæjarstæðinu er stór tóft
GK-130:019	Hausthús	Fyrst getið í heimild 1842	Á bæjarstæðinu er tóft
GK-130:020	Hvammur	Fyrst getið í heimild 1883	Á bæjarstæðinu er stór tóft
GK-130:091	Brunnastaðakot	Getið í heimild 1703	Horfið? Staðsetning ókunn
GK-130:092	Stöðlakot	Getið í heimild 1703	Horfið? Staðsetning ókunn
GK-130:094	Vesturhús/Stephanarkot	Getið í heimild 1703 og þá sögð farin í eyði fyrir tveimur árum	Horfið? Staðsetning ókunn
GK-130:098	Miðgarður	19. öld	Horfið
GK-131:001	Halakot	Getið í heimild 1703	Ekki sést bæjarhóll. Hleðslur úr elsta bænum eru við sjávarkampinn
GK-131:002	Halakot	19. öld?	Horfið
GK-131:003	Halakot	20. öld	Þúst er á bæjarstæðinu og leifar af steyptu haughúsi
GK-131:011	Töðugerðisbæir (Norðurbær)	19. öld	Þrískipt tóft er á bæjarstæðinu
GK-131:012	Töðugerðisbæir (Suðurbær)	19. öld	Einföld tóft er á bæjarstæðinu

GK-132:001	Suðurkot/Suðurhús	Getið í heimild 1703	Ekki sést bæjarhóll. Á bæjarstæðinu sjást leifar af síðustu húsunum sem þar stóðu
GK-132:004	Suðurkot	19.-20. öld	Á bæjarstæðinu er tvískipt útihúsatóft samtengd kálgarði
GK-132:012	Kothús	19. öld	Kothúskálgarður sést enn og þrjár þústir við hann
GK-132:013	Fögruvellir	19.-20. öld	Horfið
GK-133:001	Austurkot/Austurhús	Getið í heimild 1703 og þá sögð farin í eyði fyrir meira en 20 árum	Ekki sést bæjarhóll og engar gamlar byggingar eru sýnilegar á bæjarstæðinu
GK-134:001	Naustakot	Getið í heimild 1703 og þá sögð fari í eyði sama ár	Ekki sést bæjarhóll. Á bæjarstæðinu sjást leifar af kálgarði, steyptum grunni og hleðslu
GK-135:001	Skjaldarkot	Getið í heimild 1703	Bæjarhóll er sýnilegur og á honum leifar af kálgarði og niðurgrafinni þró
GK-135:008	Gerði	19. öld?	Á bæjarstæðinu er þrískipt tóft, kálgarðar og meintur brunnur
GK-135:017	Tjörn	19.-20. öld	Ógreinileg ummerki um grunn íbúðarhúss og garðhleðslur
GK-136:001	Traðarkot/Fjósahjáleiga	Getið í heimild 1703 og þá sögð farin í eyði fyrir 10 árum	Ekki sést bæjarhóll
GK-160:001	Hvassahraun	Fyrst getið í heimildum 1234	Ekki sést bæjarhóll
GK-160:007	Hvassahraun 2	?	Horfið
GK-160:019	Norðurkot	19.-20. öld?	Á bæjarstæðinu er tóft og niðurgrafin þró auk leifa af hlöðnum görðum
GK-160:020	Niðurkot	19.-20. öld?	Einföld, lítil tóft
GK-160:021	Þorvaldskot	19.-20. öld?	Hringlaga túngarður og tóft í miðjunni
GK-160:033	Látur	?	Horfið
GK-160:071	Suðurkot	19.-20. öld?	Horfið? Staðsetning ókunn
GK-160:074		Getið í heimild 1703	Horfið? Staðsetning ókunn
GK-160:075		Getið í heimild 1703	Horfið? Staðsetning ókunn
GK-160:076	Þóroddskot	Getið í heimild 1703	Horfið? Staðsetning ókunn
GK-160:077	Saunghóll	19.öld	Horfið
GK-161:001	Hvassahraunskot	19. öld	Horfið? Staðsetning ókunn

Skipta má lögbýlum og öðrum býlum í aldursflokka út frá því hvenær þeirra er fyrst getið í þekktum heimildum, sjá töflur 2 og 3.

Tafla 2. Vísbendingar um aldur lögbýla út frá elstu heimildum sem þekktar eru. Rétt er að geta að sum býlin eru án efa mun eldri en elstu heimildir um þau.

Örugglega í byggð fyrir 1400	**Örugglega í byggð fyrir 1703**	**Örugglega í byggð á 19. öld**
130:001 Efri-Brunnastaðir	131:001 Halakot	161:001 Hvassahraunskot
160:001 Hvassahraun	132:001 Suðurkot	
	133:001 Austurkot	
	134:001 Naustakot	
	135:001 Skjaldarkot	
	136:001 Traðarkot	

Öll lögbýlin sem heimildir eru um að hafi byggst fyrir 1703 og síðar hafa endinguna -kot. Öll þessi býli voru upphaflega hjáleigur eldri jarða og ekkert þeirra átti land utan túns.

Tafla 3. Vísbendingar um aldur annarra býla á skráningarsvæðinu úr þekktum heimildum (spurningarmerki er sett aftan við býlin þar sem ekki er vitað um aldur).

Í byggð fyrir 1703	**Í byggð á 19.-20. öld**
130:091 Brunnastaðakot	130:016 Grund
130:092 Stöðlakot	130:017 Vorhúsabæir (Austurbær)
130:094 Vesturhús/Stephanarkot	130:018 Vorhúsabæir (Vesturbær)
160:074	130:019 Hausthús
160:075	130:020 Hvammur
160:076 Þóroddskot	130:098 Miðgarður
	131:011 Töðugerðisbæir (Norðurbær)
	131:012 Töðugerðisbæir (Suðurbær)
	132:012 Kothús
	132:013 Fögruvellir
	135:008 Gerði
	135:017 Tjörn
	160:019 Norðurkot
	160:020 Niðurkot
	160:021 Þorvaldskot
	160:033 Látur?
	160:071 Suðurkot
	160:077 Saunghóll

Litlar heimildir eru til um fjölgun lögbýla eða hjáleigna á Vatnsleysuströnd fyrr en í upphafi 18. aldar. Ef til vill má túlka það svo að byggð hafi verið nokkuð stöðug fram að þeim tíma en svo fjölgar býlum mikið og þar eru orðin til byggðahverfi strax á 19. öld. Í töflu 3 sést afar skýrt hversu gríðarleg aukning verður á býlum á svæðinu á 19. öld og fram á 20. öld í kjölfar

þess að útgerð eykst á 19. öld og svo aftur þegar vélbátar og trillur koma til sögunnar í byrjun 20. aldar.

Á Bieringstanga hefur varðveist falleg minjaheild frá þeim tíma þegar mikil uppsveifla var í sveitarfélaginu upp úr miðri 19. öld. Býlin Grund 130:016, Vorhúsabæirnir 130:017/130:018, Hausthús 130:019 og Hvammur 130:020 byggðust upp eftir 1840 í kjölfar þess að fisktökustöð og fiskverkun var sett á laggirnar í Tangabúð 130:022 og seinna í Klapparholti 130:021. Einnig má ætla að Töðugerðisbæirnir 131:011/131:012 séu frá sama tímabili. Starfsemin í Tangabúð og Klapparholti lagðist af í kringum aldamótin 1900 og lifði byggðin á Bieringstanga áfram í skamman tíma eftir það.

Kirkjur, kuml og legstaðir

Örnefnið Bænhúshóll/Kirkjuhóll 130:002 á Brunnastöðum gefur til kynna að þar hafi staðið bænhús eða kirkja í eina tíð. Við túnræktun árið 1950 komu upp mannabein og legsteinn á hólnum sem staðfesti að þarna hafi verið bænhús/kirkja og kirkjugarður. Eins og fyrr hefur komið fram er Bænhúshóll nær bæjarstæði Efri-Brunnastaða en Neðri-Brunnastaða og verður því að teljast nokkuð víst að bænhúsið hafi tilheyrt Efri-Brunnastöðum og rennir það stoðum undir að þar sé elsta bæjarstæði Brunnastaða. Kirkjuhóll 160:022 er í landi Hvassahrauns en þar á huldufólk að hafa haft sína kirkju en ekki eru sagnir um að þar hafi verið kirkja í mannheimum.

Ekki er vitað um nein kuml á skráningarsvæðinu en á einum stað er skráður meintur legstaður í landi Brunnastaða langt uppi í heiði. Í ritinu Frásagnir um fornaldarleifar er Stapahóll/Stapaþúfuhóll 130:089 sagður vera haugur með gömlum mannaverkum. Hóllinn er strýtulaga hraunhóll og er ekki að sjá að hann sé manngerður á neinn hátt. Það verður að teljast ólíklegt að þar sé forn legstaður út frá útliti hólsins og staðsetningu hans.

Sjósókn

Sjávarútvegsminjar er stór minjaflokkur á skráningarsvæðinu eins og vænta mátti. Þær eru flestallar staðsettar við fjöru eða nærri sjó og mikið af þeim hefur eðli málsins samkvæmt horfið eða raskast vegna ágangs sjávar.

Á skráningarsvæðinu voru skráðar 18 lendingar. Ekki sáust ummerki um fjórar lendingar (130:059, 130:060, 131:021, 135:015) en víðast sjást lendingarnar sem rudd renna.

Sumsstaðar er búið að hlaða kant meðfram innanverðri rennunni. Í landi Hvassahrauns eru tvær lendingar skráðar undir einu númeri (160:072) en þær voru þétt saman. Það vekur nokkra furðu að ekki séu fleiri lendingar á þeirri jörð í ljósi þess hve margbýlt hefur verið þar í gegnum tíðina. Líklegt er að það skýrist að nokkru leyti af heimildafæð og að lendingarnar hafi í raun verið fleiri sem tilheyrðu jörðinni og hjáleigum hennar. Langflestar lendingar voru skráðar í landi Brunnastaða eða 10 lendingar. Þessi mikli fjöldi skýrist að hluta til af því að hjáleigur áttu oftast lendingar í landi heimajarða sinna.

Alls voru skráð níu naust á skráningarsvæðinu og fundust aðeins leifar af einu þeirra í Hvassahrauni (160:026). Þar eru hleðslur sem mynda V-laga hólf auk grjóthlaðinnar tóftar. Í Brunnastaðahverfi er búið að reisa mikinn sjóvarnargarð meðfram ströndinni og má ætla að leifar af naustum á sjávarbakkanum hafi horfið við þá framkvæmd ef þær hafa ekki verið horfnar þá þegar vegna landbrots. Heimild er um tvö uppsátur í landi Brunnastaða en þau hafa hlotið sömu örlög og naustin.

Tvær verbúðir voru skráðar á svæðinu og eru þær báðar í landi Brunnastaða á Bieringstanga. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 er getið um Tangabúð 130:022 sem hjáleigu Brunnastaða. Líklegt er að hún hafi verið á sama eða svipuðum stað og verbúðin sem reis á staðnum um miðja 19. öld. Þar sjást enn tvær tóftir og grunnur sjóbúðar. Ummerki um salthús og byrgi sem fiskurinn var saltaður í eru horfin. Í Klapparholti 130:021 var einnig býli í stuttan tíma eftir miðja 19. öld en þá var verbúð sett á laggirnar á sama stað. Verbúðartóftin sést enn auk óljósra hleðslna og kálgarðs. Ummerki um salthús og söltunarbyrgi eru horfin þar eins og í Tangabúð. Jón Haukur Aðalsteinsson hefur fundið nöfn á fjölda verbúða í landi Brunnavoga, Minni-Voga og Stóru-Voga í skýrslum á Þjóðskjalasafni um spítalafisk frá 1790. Þar eru nöfn á níu búðum sem ekki eru nefndar í öðrum heimildum (Hlíðarbúð, Garðabúð, Ketilsbúð, Hákonarbúð, Eyvindarbúð, Skildinganesbúð, Bakkabúð, Einarsbúð og Halakotsbúð). Ekki er algengt að búðir séu nafngreindar í þessum skýrslum. Upplýsingarnar um búðirnar bárust eftir að vettvangsskráningu lauk en ekki hefði verið hægt að staðsetja þær þar sem engar frekari heimildir eru til um þær eða nákvæma staðsetningu þeirra. Ljóst er að enn er margt órannsakað í sögu svæðisins og fróðlegar heimildir leynast víða sem ekki hafa verið skoðaðar með skipulögðum hætti.

Aðrar minjar um fiskveiðar sem skráðar voru eru herslubyrgi, hjallur og fiskreitur. Einn fiskreitur er skráður í landi Skjaldarkots (135:022) og sést hann enn en hann er í hættu vegna landbrots. Heimild er um annan fiskreit sem skráður er með býlinu Grund 130:016. Enginn hjallur var skráður en örnefnið Hjallanes 130:058 bendir til þess að þar hafi verið

fiskhjallar. Þar sjást engar mannvirkjaleifar vegna landbrots. Mannvirki 160:126 í Hvassahrauni tengist vafalaust sjósókn og fiskverkun en nákvæmt hlutverk þess er ekki þekkt og það er illa farið af landbroti.

Sex herslubyrgi voru skráð á svæðinu. Ekki sjást leifar af þeim nema á tveimur stöðum. Hausabyrgi 130:116 er mjög greinilegt. Það er grjóthlaðið gerði og eru grjótgarðar innan þess sem fiskur var þurrkaður á. Þrjú önnur minni gerði eru skráð með Hausabyrgi. Tvær grjótþústir eru þar sem heimildir benda til að Narfabyrgi 136:011 hafi verið í landi Traðarkots. Ekki sjást leifar af öðrum herslubyrgjum og hafa þau horfið vegna landbrots eða verið rifin og grjótið úr þeim verið notað í önnur mannvirki.

Enn eru ónefnd sjávarhús en það eru hús við sjó þar sem gert var að fiski og veiðarfæri voru geymd. Heimildir eru um slík hús á sex stöðum (135:007, 131:016, 134:013, 134:010, 130:015, 130:020H) þar sem þau eru nafngreind og merkt inn á kort. Ekkert þessara húsa sést lengur og hafa ummerki um þau horfið vegna landbrots og/eða byggingar sjóvarnargarða. Án efa hafa verið fleiri slík hús á skráningarsvæðinu en þar sem ekki eru heimildir um fleiri sjávarhús og flestar minjar niður við sjó eru illa farnar eða horfnar er ekki hægt að segja með neinni vissu hversu mörg þau hafa verið.

Garðlög og kálgarðar

Í Hvassahrauni og í Brunnastaðahverfinu var skráð talsvert af grjóthlöðnum garðlögum og kálgörðum. Þó er búið að rífa mikið af görðum í Brunnastaðahverfi og hefur grjótið úr þeim verið notað í önnur mannvirki, eins og vegi, í varnargarða og hafnargerð. Garðarnir gegndu hlutverki túngarða, vörslugarða, varnargarða eða landamerkja. Tún jarðanna á Vatnsleysuströnd liggja oft saman og liggja meðfram sjó. Túngarðar gegndu því oft margþættu hlutverki og mörkuðu t.d. landamerki og voru sjóvarnargarðar auk þess að girða af tún. Garðlögin og kálgarðarnir voru undantekningarlaust grjóthlaðin. Á skráningarsvæðinu voru aðeins skráðir 12 garðar. Leifar af þeim sáust á 9 stöðum en á þremur stöðum sást ekki til minja. Nánari skiptingu garðlaga eftir hlutverkum má sjá í töflu 4.

Tafla 4. Skráð garðlög - raðað eftir hlutverki

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hlutverk-2
GK-130:042		heimild	landamerki	
GK-130:039	Merkisgarður	heimild	landamerki	
GK-136:012	Jóhannskálgarður	garðlag	túngarður	kálgarður
GK-160:078		garðlag	túngarður	
GK-135:018		garðlag	túngarður	
GK-136:009		garðlag	túngarður	
GK-133:009		heimild	túngarður	
GK-135:010	Þórðargerði	gerði	túngarður	
GK-131:022		garðlag	túngarður	
GK-130:040	Sjávargarður	hleðsla	varnargarður	
GK-135:023		garðlag	vörslugarður	

Líkt og annarsstaðar í sveitarfélaginu má ætla má að flestir túngarðarnir sem skráðir voru séu frá lokum 19. aldar þegar túnrækt eykst í kjölfar aflabrests en einhverjir þeirra kunna að vera eldri í grunninn. Eins má ætla að kálgarðarnir sem skráðir voru á svæðinu séu flestir frá aldamótunum 1900. Alls voru skráðir 34 kálgarðar en 19 þeirra voru skráðir með öðrum minjum s.s. útihúsum og býlum.

Útihús

Fjöldi útihúsa var skráður í túnum jarðanna á skráningarsvæðinu. Því þó að mikil áhersla hafi verið lögð á fiskveiðiar á Vatnsleysuströnd hefur landbúnaður haft talsvert vægi. Alls voru skráð 43 útihús en útihús sem tilheyrðu öðrum býlum en lögbýlum eru skráð með hverju býli undir einu númeri og eru ekki inni í þeirri tölu. Nákvæmt hlutverk níu útihúsa er þekkt. Útihús voru oft sambyggð eða fast við bæjarhús lögbýla og eru í þeim tilvikum skráð með bæjarhól. Aðeins var skráð eitt fjós þar sem örnefni gaf til kynna staðsetningu þess. Vitað er að fjós voru víðar á skráningarsvæðinu en þau voru oft heima við bæi og eru því skráð með bæjarhólnum. Auk fjóssins voru skráð tvö fjárhús, eitt hesthús, tvær hlöður, tveir hrútakofar og eitt lambhús. Minjar 18 útihúsa sjást enn. Algengast er að þar séu grjóthlaðnar tóftir með torfi í hleðslum. Áburðarþrær eru niðurgrafin mannvirki sem sjást víða á túnakortum frá 1919 en eru ekki útihús. Sjö slíkar þrær voru skráðar á lögbýlunum og sáust ummerki um eina þeirra sem skráð var með kálgarði 132:007 í landi Suðurkots. Í Hvammi 130:020 er einnig tóft af þró enn sýnileg.

Stekkir og kvíar

Fjórir stekkir voru skráðir á skráningarsvæðinu og sáust allsstaðar minjar um stekkina. Í landi Hvassahrauns var skráður tvískiptur og grjóthlaðinn Stekkur 160:027. Með honum var skráð hringlaga, grjóthlaðin tóft sem er líklega fjárskýli. Stekkurinn í Hvassahrauni er 760 m frá bæ. Hinir þrír stekkirnir voru skráðir í landi Brunnastaða: Fornistekkur 130:033, Guðmundarstekkur 130:069 og nafnlaus stekkur 130:076. Lögbýli innan Brunnastaðahverfis, fyrir utan Brunnastaði sjálfa, áttu lengst af aðeins það land sem var innan túns og þess vegna eru allar fornleifar utan túna skráðar undir Brunnastaði. Ekki er vitað hvaða jörðum stekkirnir tilheyrðu. Stekkirnir í landi Brunnastaða eru 1300-1700 m frá bæ, mun lengra en í Hvassahrauni. Fornistekkur er 50 m utan við núverandi landamerki Brunnastaða á móti Hlöðunesi og kann að hafa tilheyrt þeirri jörð.

Í landi Hvassahrauns er heimild um kvíar 160:082 en engar kvíar voru skráðar í Brunnastaðahverfi. Líklegt verður að teljast að þar hafi verið kvíar þó að ekki séu til örnefni eða aðrar heimildir sem vitni um það.

Fjárskýli og sel

Engin beitarhús voru skráð á skráningarsvæðinu en þar voru skráð 12 fjárskýli. Flest þeirra, eða níu fjárskýli, voru skráð í landi Hvassahrauns. Í landi Hvassahrauns er mikið um hellisskúta sem nýttir hafa verið sem fjárskýli. Hefur Hvassahraun ákveðna sérstöðu í sveitarfélaginu hvað þetta varðar. Öll fjárskýlin í landi Hvassahrauns eru í skútum eða jarðföllum og sjást hleðslur við sex þeirra. Áður hefur komið fram að hringlaga tóft sem skráð er með Stekk 160:027 í landi Hvassahrauns er að líkindum fjárskýli. Ekki tókst að staðsetja fjárskýli í Skógarnefsskúta 160:052 og óvíst er að Sauðhólsskúti 160:046 sé rétt staðsettur. Þar sáust engar hleðslur. Þrjú fjárskýli voru skráð í landi Brunnastaða. Þar eru fjárskýlin hlaðnar fjárborgir. Lúsaborg 130:085 er nánast horfin en grjót úr henni hefur verið notað í vegagerð. Hringurinn 130:073 er grjóthlaðin tóft sem er reyndar ekki hringmynduð eins og nafnið gefur til kynna. Henni kann að hafa verið breytt í ferkantað mannvirki á síðari tímum. Á Grænhóli er gróin þúst 130:055 sem líkur eru til að sé leifar af fjárborg. Það er hinsvegar óstaðfest. Í töflu 5 má sjá fjarlægð fjárskýla frá bæjum.

Tafla 5. Fjarlægð fjárskýla frá bæ.

Samtala	**sérheiti**	**fjarlægð frá bæ**
GK-130:055	Grænhóll	920 m
GK-130:073	Hringurinn	2300 m
GK-130:085	Lúsaborg	1400 m
GK-160:037	Hjallhólaskúti	210 m
GK-160:040	Virkið	950 m
GK-160:041	Loftsskúti	1800 m
GK-160:045	Öskjuholtsskúti	1400 m
GK-160:046	Sauðhólsskúti	2200 m?
GK-160:052	Skógarnefsskúti	4800 m?
GK-160:066	Grændalahellir	2000 m
GK-160:085		180 m
GK-160:130	Hraunsnesskjól	2100 m

Þrjú fjárskýli í landi Hvassahrauns skera sig úr í þessari töflu. Það er annars vegar Skógarnefsskúti 160:052 sem er líklega nærri 5 km frá bæ. Hins vegar eru tvö fjárskýli, Hjallhólaskýli 160:037 og nafnlaust fjárskýli í jarðfalli 160:085 sem eru um 200 m frá bæ. Önnur fjárskýli sem skráð voru á svæðinu eru 1-2 km frá bæ.

Það er athyglisvert að engin beitarhús hafi verið skráð á svæðinu. Greinilega hafa fjárskýli frekar verið notuð en beitarhús fyrir fé að skýla sér í á úthagabeit um vetur. Eins hefur fjörubeit verið mikil á þessu svæði á veturna og því minni þörf á beitarhúsum í úthögum en í sveitum inn til landsins.

Í skýrslunni eru upplýsingar um þrjú sel, Hvassahraunssel 160:073, Brunnastaðasel 130:095 og Gjásel 130:082. Þau sel sem skráð voru fyrri ár og fjallað er um í áfangaskýrslum I og II mátti gróflega flokka í þrennt eftir gerð: Flokkur 1= Fáar, signar og fornlegar tóftir; Flokkur 2= Þrjár eða fleiri tóftir, greinilegar; Flokkur 3= hleðslur í krosssprungum hólum og tóftir. Selin á skráningarsvæðinu falla öll í flokk 2. Hvassahraunssel er 3,1 km frá bæ og er mun nær bæ en hin selin en Brunnastaðasel er 7,4 km frá bæ og Gjásel er 6,4 km frá bæ. Líkum hefur verið leitt að því að Hlöðunes hafi haft í seli í Gjáseli[1]. Seltóftir í Gjáseli eru ekki mjög fornlegar og ekki ósennilegt að þær séu frá 18. öld eða yngri. Minjarnar í Gjáseli eru allsérstæðar. Þar er ein löng, margskipt, tóft eða nokkrar tóftir þétt saman í röð. Í tóftinni eru átta hólf. Að auki er stekkjartóft á selstæðinu og ofan við það er gróin varða.

Í Brunnastaðaseli eru tvö selstæði og ná tún þeirra nánast saman en jarðvegsrof allt í kring ógnar minjunum. Á efra selstæðinu sem virðist mun eldra eru fimm tóftir, þar af ein

[1] SG: Örnefni og gönguleiðir, 80

seltóft og ein kvíatóft. Á neðra selstæðinu er ein seltóft og lítil, einföld tóft. Mögulega er það kvíatóft. Ætla má að Brunnastaðir (Efri-Brunnastaðir) hafi átt selstöðu á eldra selstæðinu en óvíst er hvaða jörð/jarðir í Brunnastaðahverfi hafa haft í seli á yngra selstæðinu.

Í Hvassahraunsseli eru tvær seltóftir, ein stekkjartóft og ein kvíatóft. Skammt frá selinu er varða 160:065 á Selásnum. Af útliti og ástandi seltóftanna virðist lítill aldursmunur á þeim og er því ekki ólíklegt að þær hafi verið í notkun samtímis.

Mikilvægi seljanna á Vatnsleysuströnd er augljóst vegna þess hve lítill hagi var heima við bæina og því enn nauðsynlegra en ella að fara með búfénað í selin. Síðast var haft í seli á Vatnsleysuströnd árið 1870 í Flekkuvíkurseli 157:058 en ætla má að seljabúskapur hafi almennt lagst af í kjölfar fjárkláðans sem kom upp á ströndinni 1856[2], ef ekki fyrr af öðrum ástæðum s.s. uppblæstri og vatnsskorti.

[2] SG: Örnefni og gönguleiðir, 113

Hér að framan hefur verið fjallað um helstu minjaflokka á skráningarsvæðinu. Ýmsar aðrar tegundir minja fundust við skráninguna og tafla 6 sýnir hlutverk og fjölda allra minja sem birtast í þessari skýrslu.

Tafla 6. Hlutverk skráðra fornleifa

áfangastaður	2	lending	18
brunnur	12	mógrafir	2
bústaður	22	naust	9
býli	16	ótilgreint	22
bænhús	1	óþekkt	64
draugur	1	rétt	3
fiskreitur	1	rista	1
fjárhús	2	samgöngubót	18
fjárskýli	12	sel	3
fjós	1	skotbyrgi	4
herslubyrgi	6	smalakofi	2
hesthús	1	smiðja	1
hjallur	1	stekkur	4
hlaða	2	traðir	2
hrútakofi	2	túngarður	7
huldufólksbústaður	2	uppsátur	2
kálgarður	15	útihús	36
Kvíar	1	varnargarður	1
lambhús	1	vatnsból	3
landamerki	13	verbúð	2
legstaður	1	vörslugarður	1
leið	40	þvottastaður	4

VI. NIÐURSTÖÐUR

Minjar í hættu

Um dreifingu minjastaða gildir sú meginregla að flestar fornleifarnar eru við bæi, innan gömlu heimatúnanna. Því fækkar fornleifum að jafnaði eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar, ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að ekkert sé eftir af þeim fornleifum sem voru sýnilegar heim við bæi í upphafi 20. aldar. Af þessum sökum er algengt að talsvert hlutfall fornminja á hverri jörð sé horfið af yfirborði.

Stór hluti minja sem hægt var að staðsetja á vettvangi sést ekki lengur á yfirborði. Alls eru 94 minjar horfnar á skráningarsvæðinu. Algengasta ástæðan er túnasléttun (35%) þar á eftir er landbrot (17%). Hættumat var gert fyrir allar fornleifar sem skráðar voru en þó ekki fyrir þær sem ekki tókst að staðsetja á vettvangi eða talið er víst að séu með öllu horfnar. Það á t.d. við um minjar sem vitað er að horfnar eru í sjó vegna landbrots. Aðeins teljast 7 fornleifar í mikilli hættu, í öllum tilvikum er það vegna landbrots. Hátt hlutfall minja eða 205 staðir töldust í hættu. Flestir þeirra voru taldir í hættu vegna ábúðar (45%), því þó að hefðbundnum búskap sé hætt á svæðinu, er búið á flestum jörðunum og þær nýttar á einhvern hátt. Þar sem þannig háttar til fylgir óhjákvæmilega hætta á framkvæmdum sem gætu raskað minjastöðum í nágrenninu. Á eftir ábúð er helsta hættan sem steðjar að minjunum vegagerð (36%). Það skýrist af því að stór hluti þeirra minja sem skráður er í Hvassahrauni var skilgreindur í hættu vegna breikkunar Reykjanesbrautar árið 2000. Öðrum minjum í hættu ógnaði oftast landbrot (15%) eða framkvæmdir (8%).

Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Allar minjar njóta verndunar samkvæmt lögum og eru því jafn hátt settar[3]. Hins vegar eru minjar eins misjafnar og þær eru margar. Á skráningarsvæðinu fundust minjastaðir sem kunna að vera frá fyrstu öldum byggðar en aðrir eru frá því um aldamótin 1900, sumar minjanna eru

[3] Sjá 3. grein þjóðminjalaga (nr. 80, 2012).

alveg horfnar á meðan aðrar standa enn undir þaki eða eru greinilegar rústir. Margar af fornleifunum eru í alfaraleið en aðrar langt uppi í heiði og að þeim langur gangur.

Engar friðlýstar fornleifar eru á svæðinu. Þar er hinsvegar að finna marga áhugaverða minjastaði. Hér vakin athygli á nokkrum þeirra sem taldir eru áhugaverðir fyrir þær sakir að hafa sérlega mikið varðveislu- eða rannsóknargildi og/eða henta vel til kynningar fyrir almenning. Reykjanesið nýtur vaxandi vinsælda sem útivistarsvæði og myndi það auka enn á gildi svæðisins að koma staðsetningum og upplýsingum um menningarminjar innan þess á framfæri fyrir áhugasama.

1) Á **Bieringstanga** er falleg og lítt röskuð minjaheild sem hentar einstaklega vel til kynningar. Þar má sjá minjar um grasbýli (**Grund 130:016, Vorhúsabæir 130:017/130:018, Hausthús 130:019, Hvammur 130:020**) og þurrabúðir (**Töðugerðisbæir 131:011/131:012**) sem byggðust upp úr miðri 19. öld og fóru í eyði á fyrstu áratugum 20. aldar. Byggðin á tanganum reis í kringum stórauka útgerð, fiskvinnslu og verbúðir í **Tangabúð 130:022** og seinna **Klapparholt 130:021** og er minnisvarði um mikinn uppgangstíma í sveitarfélaginu sem varði í nokkra áratugi.

2) **Bænhúshóll/Kirkjuhóll 130:002**. Aðeins eru fjórir þekktir staðir í Vatnsleysustrandarhreppi þar sem heimildir eru um að hafi verið kirkja eða bænhús og er það tiltölulega lágt hlutfall. Bænhúshóll í landi Brunnastaða er afgerandi hóll í túni þar sem komið hafa upp mannabein og legsteinn við túnasléttun. Ljóst er að þar var bænhús og kirkjugarður í kaþólskum sið. Staðurinn hefur mikið rannsóknargildi.

3) Grjóthlaðinn grunnur **Suðurkotsskóla 132:003** sést enn og hentar staðurinn vel til að kynna langa sögu skólareksturs í sveitarfélaginu. Skólinn var byggður árið 1872 og byggt var við hann árið 1886. Hann er því með fyrstu barnaskólum á landinu.

4) Við **Strandarveg/Gamlaveg 641:011** er **tóft 130:113 af mjólkukofa** sem er merkilegur vitnisburður um mjólkursölu á Vatnsleysuströnd til Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Víðar í hreppnum eru sambærilegar tóftir. Vegurinn og tóftirnar henta vel til þess að kynna þennan kafla í atvinnusögu sveitarfélagsins sem er af flestum frekar þekkt fyrir sjósókn en sem landbúnaðarsvæði sem framleiddi mjólk og seldi til annarra sveitarfélaga.

5) Elsta **bæjarstæði Halakots 131:001** er illa farið af landbroti og er komið í sjávarkampinn. Aðeins sjást hleðslur á tveimur stöðum þar sem talið er að bærinn hafi staðið. Bæjarstæðið hefur mikið rannsóknargildi og gæti gefið mikilvægar upplýsingar um upphaf og þróun hjáleigubyggðar í Brunnastaðahverfi og í sveitarfélaginu öllu

6) **Alfaraleið/Almenningsvegur 641:003** er mjög heilleg í landi Hvassahrauns. Þar er bæði greinileg gata og margar vörður við hana. Margar þeirra eru litlar og sennilega ungar en þar eru einnig stórar og voldugar vörður sem vísa veginn. Gott aðgengi er að leiðinni frá mislægum gatnamótum við afleggjara að Hvassahrauni og hentar leiðin vel til kynningar.

7) **Fjárskýli 160:041 í Loftsskúta** er fallegt dæmi um þau fjölmörgu fjárskýli sem eru í landi Hvassahrauns. Það hentar vel til kynningar á slikum mannvirkjum og hlutverki þeirra og mikilvægi.

8) **Varða 131:024** er annað tveggja sundmerkja í landi Halakots. Sundmerki voru mikilvæg mannvirki sem hjálpuðu sjómönnum að rata rétta og örugga leið til lands á bátum sínum. Fjöldi manngerðra sundmerkja niður við ströndina hefur horfið og hefur því varðan í Halakoti mikið varðveislugildi en einnig gæti hún hentað til kynningar.

9) **Gjásel 130:082** hefur ákveðna sérstöðu meðal selja í sveitarfélaginu og hentar vel til kynningar en einnig til rannsókna á þróun og eðli seljabúskapar á svæðinu. Í selinu er ekki hefðbundin seltóft með þremur hólfum sem raðast í hnapp, heldur ílöng, stór tóft með átta hólfum.

10) **Búðarvatnsstæði 160:051** í landi Hvassahrauns er áhugaverður staður sem hentar bæði til kynningar og til rannsókna. Nafnið bendir til þess að þar hafi verið einhvers konar búð. Vatnsstæðið er sennilega það stærsta í sveitarfélaginu og virðist manngert að einhverju leyti. Þar sáust mjög óljós merki um tóft við suðvesturhorn vatnsstæðisins. Fróðlegt væri að kanna hvort um tóft er að ræða og reyna að komast að hlutverki hennar.

HEIMILDASKRÁ

Prentaðar heimildir:

Ágúst Guðmundsson. 1942. *Þættir af Suðurnesjum*. Bókaútgáfan Edda, Akureyri.

Björn Þorsteinsson. „Suður með sjó.“ *Tíminn – sunnudagsblað* 37. tbl. 29. sept. 1964: 880-883.

FF I: *Frásögur um fornaldarleifar* fyrri hluti, 1817-1823. 1983. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

GJ: Mannlíf og mannvirki: Guðmundur B. Jónsson. 1987. *Mannlíf og Mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi*. Útgefið af höfundi, Vogum.

JÁM III: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi Gullbringu- og Kjósarsýsla. 1923-1924. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

JJ 1847: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslu um sölu þjóðjarða á landinu.* 1847. Gefið út af J.Johnsen, Kaupmannahöfn.

Oddgeir Guðmundsen. „Barnaskólinn á Vatnsleysuströnd.“ *Þjóðólfur* 25. árg. 21. jan. 1873: 48-49

SG: Örnefni og gönguleiðir: Sesselja G. Guðmundsdóttir. 2007. *Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi (ofan Gamla-Keflavíkurvegarins).* Lionsklúbburinn Keilir, Vatnsleysuströnd.

Strönd og Vogar: Árni Óla. 1961. *Strönd og Vogar: Úr sögu einnar sveitar í landnámi Ingólfs Arnarsonar.* Menningarsjóður, Reykjavík.

Óprentaðar heimildir:

GoogleEarth: Loftmyndir frá GoogleEarth, sóttar 2015.

Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi: Gunnar Haukur Ingimundarson. 1982. Örnefni í Brunnastaðahverfi á Vatnsleysuströnd. B.S. ritgerð við Jarðfræðiskor í Háskóla Íslands

Herforingjaráðskort 27 1910 sótt af Íslandskort.is í febrúar 2016 af slóðinni: http://islandskort.is/is/map/show/665

http://www.ferlir.is: Heimasíða FERLIR. Ýmsar greinar sóttar 2013-2015 af slóðinni: www.ferlir.is

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Túnakort: Þjóðskjalasafn Íslands. Uppdrættir af túnum 1919. Vatnsleysustrandarhreppur.

Ö-Austurkot: Örnefnaskrá Austurkots. Sigurjón Sigurðsson í Traðarkoti skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Bieringstangi: Örnefnaskrá Bieringstanga. Sigurjón Sigurðsson í Traðarkoti skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Halakot: Örnefnaskrá Halakots. Sigurjón Sigurðsson í Traðarkoti skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hvassahraun AG: Örnefnaskrá Hvassahrauns. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hvassahraun, viðb.: Viðbætur við Örnefnaskrá Hvassahrauns. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hvassahraun: Örnefnaskrá Hvassahrauns. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kálfatjarnarhverfi: Örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Skjaldarkot: Örnefnaskrá Skjaldarkots. Sigurjón Sigurðsson í Traðarkoti skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Skólinn: Örnefnaskrá Suðurkotsskóla. Sigurjón Sigurðsson í Traðarkoti skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Traðarkot: Örnefnaskrá Traðarkots. Sigurjón Sigurðsson í Traðarkoti skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Vatnsleysa: Örnefnaskrá Vatnsleysu. [Skráningarmanns ekki getið]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Vogar: Örnefnaskrá Voga. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Þórustaðir: Örnefnaskrá Þórustaða. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn í stafrófsröð

Grétar Hannesson, fæddur 23.12. 1948 (Suðurkot)

Guðmundur Sigurðsson, fæddur 19.07. 1919 (Hvassahraun)

Jóhann Sævar Símonarson, fæddur 21.07. 1943 (Neðri-Brunnastaðir)

(Jón) Haukur Aðalsteinsson, fæddur 17.06. 1945 (Brunnastaðahverfi)

Magnús Ágústsson, fæddur 25.05. 1922 (Brunnastaðir og Halakot)

Margrét Stefánsdóttir, fædd 13.01. 1972 (Brunnastaðir)

Sesselja Guðmundsdóttir, fædd 13.11. 1947 (svæðið allt)

Viktor Guðmundsson, fæddur 01.05. 1960 (Brunnastaðir)

Virgill Scheving Einarsson, fæddur 04.03. 1948 (Efri-Brunnastaðir og Skjaldarkot)

VIÐAUKI I - HNITASKRÁR Í ISN93

Samtala	Austur	Norður
GK-128:026	334440	392068
GK-128:028A	334389	392109
GK-128:028B	334398	392105
GK-128:030	334397	392126
GK-128:031	334391	392070
GK-130:001	335167	393411
GK-130:002	335107	393401
GK-130:003	335004	393461
GK-130:004	334972	393459
GK-130:005	334979	393455
GK-130:006	334985	393459
GK-130:007	334984	393480
GK-130:008	334990	393384
GK-130:009	335193	393413
GK-130:010	338619	386773
GK-130:011	335206	393414
GK-130:012	335229	393403
GK-130:013A	335234	393400
GK-130:013B	335235	393404
GK-130:014	335099	393596
GK-130:015	335007	393536
GK-130:016A	334531	392867
GK-130:016B	334528	392880
GK-130:016C	334577	392874
GK-130:016D	334579	392893
GK-130:016E	334561	392833
GK-130:016F	334530	392894
GK-130:016G	334493	392845
GK-130:016H	334528	392875
GK-130:016J	334516	392885
GK-130:017A	334455	392683
GK-130:017B	334442	392681
GK-130:017C	334466	392721
GK-130:018A	334454	392656
GK-130:018B	334463	392626
GK-130:018C	334451	392636
GK-130:018D	334483	392638
GK-130:018E	334435	392649
GK-130:018F	334473	392639
GK-130:018G	334439	392631
GK-130:018H	334445	392623
GK-130:018I	334442	392619
GK-130:018J	334433	392621
GK-130:019A	334455	392467
GK-130:019B	334438	392464
GK-130:019C	334460	392450
GK-130:019D	334483	392447
GK-130:019E	334432	392466
GK-130:019F	334439	392452
GK-130:020A	334493	392412
GK-130:020B	334507	392417
GK-130:020C	334464	392237
GK-130:020D	334479	392253
GK-130:020E	334520	392434
GK-130:020F	334454	392387
GK-130:020G	334465	392398
GK-130:020H	334463	392404
GK-130:020I	334505	392407
GK-130:020J	334505	392420
GK-130:020K	334476	392409
GK-130:021A	334493	392577
GK-130:021B	334476	392595
GK-130:021C	334521	392585
GK-130:022	334480	392860
GK-130:023	334457	392685
GK-130:025	335001	393529
GK-130:026	334613	392941
GK-130:027	337753	390488
GK-130:028	334978	393469
GK-130:029	335398	392832
GK-130:030	335289	392873
GK-130:031	334484	392086
GK-130:033	336219	392632
GK-130:034	335228	393397
GK-130:035	335148	393397
GK-130:036	334983	393423
GK-130:037	335956	392031
GK-130:038	335133	393381
GK-130:039	335244	393577
GK-130:040A	334974	393470
GK-130:040B	334950	393060
GK-130:041	334986	393450
GK-130:042	335239	393432

GK-130:043	334628	392987
GK-130:044	334761	392426
GK-130:045	334909	392752
GK-130:046	335098	393595
GK-130:047	336070	392440
GK-130:048	336060	392359
GK-130:049	334956	393428
GK-130:050	339894	386439
GK-130:051	335215	393005
GK-130:052	334592	392205
GK-130:054	335253	392232
GK-130:055	335144	392491
GK-130:056	335086	393443
GK-130:057	334963	393395
GK-130:058	334900	393429
GK-130:059	335167	393602
GK-130:060	334986	393520
GK-130:061	338011	389058
GK-130:062	334974	393268
GK-130:063	334539	392962
GK-130:064	334454	392892
GK-130:065	334398	392574
GK-130:066	334406	392436
GK-130:067	334442	392413
GK-130:068	335455	392314
GK-130:069	335761	392068
GK-130:070A	335865	392000
GK-130:070B	335963	391893
GK-130:071	336200	391611
GK-130:072	336017	391323
GK-130:073	336309	391360
GK-130:074	336359	391117
GK-130:075	336030	392324
GK-130:076	336023	392361
GK-130:079	337268	390454
GK-130:080	335850	391672
GK-130:081A	339178	387202
GK-130:081B	339172	387166
GK-130:081C	339169	387113
GK-130:081D	339113	387054
GK-130:082A	338780	388126
GK-130:082B	338752	388093
GK-130:082C	338820	388133
GK-130:083	337660	388463
GK-130:084	338735	387871
GK-130:085	335270	392051
GK-130:086	335660	391298
GK-130:087A	337999	388978
GK-130:087B	338012	389075
GK-130:088A	339623	386610
GK-130:088B	339594	386745
GK-130:089	338584	387742
GK-130:093	335821	391497
GK-130:095A	339101	387121
GK-130:095B	339101	387106
GK-130:095C	339088	387102
GK-130:095D	339092	387155
GK-130:095E	339093	387251
GK-130:095F	339108	387258
GK-130:095G	339131	387095
GK-130:096	334975	393333
GK-130:097	334968	393378
GK-130:098	335020	393558
GK-130:099	334991	393469
GK-130:100	335207	393396
GK-130:101A	337158	390174
GK-130:101B	337090	390212
GK-130:101C	337117	390199
GK-130:101D	337206	390133
GK-130:101E	337368	389783
GK-130:101F	337450	389696
GK-130:101G	337614	389524
GK-130:101H	337630	389364
GK-130:101I	337623	389412
GK-130:102	337061	390521
GK-130:103	337236	390257
GK-130:104	337048	390240
GK-130:105	335651	391265
GK-130:106	337327	389873
GK-130:107	337342	389371
GK-130:108	336233	391569
GK-130:109	335644	391192
GK-130:110	335820	391467
GK-130:111	335925	391412
GK-130:112	336193	392567
GK-130:113	335947	392744
GK-130:114	335785	392888
GK-130:115	335988	392919

GK-130:116A	334885	392863
GK-130:116B	334902	392831
GK-130:116C	334892	392809
GK-130:116D	334870	392833
GK-130:117	335291	393541
GK-131:001A	334983	393074
GK-131:001B	334970	393067
GK-131:002	334981	393016
GK-131:003	335014	393017
GK-131:004	334989	393013
GK-131:005	334999	393008
GK-131:006	334994	392999
GK-131:007	334966	393015
GK-131:008	334996	393033
GK-131:009	334989	393055
GK-131:010A	334975	392976
GK-131:010B	334973	393008
GK-131:011	334803	392946
GK-131:012	334786	392932
GK-131:013	334780	392906
GK-131:014	334937	393068
GK-131:015	334930	393054
GK-131:016	334934	393056
GK-131:017	334935	393044
GK-131:018	334805	392974
GK-131:019	334768	392922
GK-131:020	334924	393084
GK-131:021	334764	392947
GK-131:022A	335144	393067
GK-131:022B	335117	393056
GK-131:023	335087	393057
GK-131:024	335060	393075
GK-131:025A	335017	393051
GK-131:025B	335011	393050
GK-132:001A	335152	393250
GK-132:001B	335149	393239
GK-132:002	335118	393250
GK-132:003	335099	393229
GK-132:004	335129	393256
GK-132:005	335151	393228
GK-132:006A	335178	393246
GK-132:006B	335156	393234
GK-132:007A	335165	393251
GK-132:007B	335167	393260
GK-132:008	335195	393219
GK-132:009	335243	393192
GK-132:010A	335292	393172
GK-132:010B	335266	393176
GK-132:010C	335286	393188
GK-132:011	335214	393280
GK-132:012A	335112	393115
GK-132:012B	335106	393119
GK-132:012C	335136	393103
GK-132:012D	335141	393118
GK-132:013	335195	393117
GK-132:014	335210	393270
GK-132:015	335093	393240
GK-132:016	335236	393294
GK-132:017	335176	393230
GK-132:018	335160	393096
GK-132:019	335259	393106
GK-132:020	335148	393278
GK-132:023	334997	393281
GK-133:001	335288	393316
GK-133:002	335281	393330
GK-133:003	335283	393336
GK-133:004	335279	393340
GK-133:005	335277	393349
GK-133:006	335353	393253
GK-133:007	335368	393267
GK-133:008	335284	393344
GK-133:009	335374	393250
GK-133:010	335340	393237
GK-134:001A	335013	393310
GK-134:001B	335004	393334
GK-134:001C	334997	393328
GK-134:001D	335018	393318
GK-134:002A	335016	393290
GK-134:002B	335014	393295
GK-134:003	335061	393328
GK-134:004	334992	393341
GK-134:005	335039	393327
GK-134:006	334973	393301
GK-134:007	335046	393333
GK-134:008	335062	393295
GK-134:009	334995	393300
GK-134:010	334986	393346
GK-134:011	334987	393342

GK-134:012	335015	393316
GK-134:013	335002	393312
GK-134:014	334994	393309
GK-134:015	334994	393307
GK-135:001	335357	393737
GK-135:002	335348	393749
GK-135:003	335348	393712
GK-135:004	335290	393657
GK-135:005	335420	393797
GK-135:006A	335419	393776
GK-135:006B	335428	393786
GK-135:007	335436	393844
GK-135:008A	335481	393821
GK-135:008B	335499	393836
GK-135:008C	335465	393806
GK-135:008D	335486	393835
GK-135:009	335472	393711
GK-135:010A	335489	393794
GK-135:010B	335489	393785
GK-135:011	335517	393805
GK-135:012	335343	393698
GK-135:013	335332	393715
GK-135:014	335353	393717
GK-135:015	335277	393664
GK-135:016	335428	393648
GK-135:017	335470	393677
GK-135:018	335470	393857
GK-135:019	335425	393850
GK-135:020	335443	393939
GK-135:021	335457	393901
GK-135:022	335456	393889
GK-135:023A	335482	393600
GK-135:023B	335479	393569
GK-135:024	335324	393750
GK-135:025	335414	393824
GK-136:001	335324	393390
GK-136:002	335348	393395
GK-136:003	335329	393407
GK-136:004	335325	393413
GK-136:005	335297	393398
GK-136:006	335315	393363
GK-136:007	335318	393432
GK-136:008	335299	393386
GK-136:009	335293	393453
GK-136:011A	335483	393416
GK-136:011B	335478	393412
GK-136:012A	335478	393430
GK-136:012B	335473	393428
GK-136:016	335403	393461
GK-160:001A	346362	394755
GK-160:001B	346377	394751
GK-160:002	346436	394745
GK-160:003	346438	394760
GK-160:004	346448	394851
GK-160:005	346419	394746
GK-160:006	346403	394757
GK-160:007	346400	394773
GK-160:008	346400	394768
GK-160:009	346399	394775
GK-160:010	346392	394778
GK-160:011	346385	394774
GK-160:012	346341	394623
GK-160:013	346523	394826
GK-160:014	346484	394908
GK-160:015	346347	394928
GK-160:016	346352	394951
GK-160:017	346272	394866
GK-160:018	346291	394930
GK-160:019A	346346	394915
GK-160:019B	346347	394927
GK-160:019C	346337	394931
GK-160:019D	346362	394893
GK-160:020	346277	394867
GK-160:021	346239	395020
GK-160:022	346420	394915
GK-160:023	346451	394865
GK-160:024	346242	395212
GK-160:025	346370	394743
GK-160:026A	346062	394968
GK-160:026B	346055	394983
GK-160:027A	346321	395516
GK-160:027B	346309	395505
GK-160:027C	346333	395518
GK-160:028	346060	394948
GK-160:029	346291	395489
GK-160:030	347259	396371
GK-160:031	346791	395535
GK-160:032A	346985	395254

GK-160:032B	347033	395232
GK-160:032C	347039	395233
GK-160:033	345564	394587
GK-160:034	344918	394226
GK-160:035	345980	394422
GK-160:036	345938	394389
GK-160:037	346532	394629
GK-160:039	347038	394036
GK-160:040	347292	394595
GK-160:041	348144	394471
GK-160:042	347352	395059
GK-160:043A	346502	394728
GK-160:043B	348492	393189
GK-160:044A	349129	392280
GK-160:044B	348814	392699
GK-160:045	346867	393463
GK-160:046	347153	392768
GK-160:047	347586	393321
GK-160:048	347618	392390
GK-160:049A	351995	389594
GK-160:049B	351993	389582
GK-160:050	350102	391738
GK-160:051A	351639	390331
GK-160:051B	351640	390327
GK-160:053	349581	393786
GK-160:055	349974	392630
GK-160:057	348641	395250
GK-160:058	346990	394978
GK-160:059	346255	394859
GK-160:060	346476	395491
GK-160:061	346357	394728
GK-160:062	346338	394674
GK-160:063	345817	394268
GK-160:064	345879	394096
GK-160:065	349058	392807
GK-160:066	348173	395663
GK-160:067	348176	395654
GK-160:068	349646	391698
GK-160:069	351692	390382
GK-160:070	346692	394912
GK-160:071	346553	394778
GK-160:072	346075	394979
GK-160:073A	348874	392877
GK-160:073B	348858	392845
GK-160:073C	348873	392825
GK-160:073D	348804	392845
GK-160:074	346399	394768
GK-160:075	346401	394768
GK-160:076	346402	394769
GK-160:077	346378	394800
GK-160:078	346353	394620
GK-160:079	346509	394727
GK-160:080	346389	394779
GK-160:081	346364	394732
GK-160:082	346602	394749
GK-160:083	346173	394680
GK-160:084	345960	394484
GK-160:085	346280	394915
GK-160:086	346384	394735
GK-160:087	346245	394905
GK-160:088	346417	395043
GK-160:089A	346359	395065
GK-160:089B	346367	395049
GK-160:090	346394	394976
GK-160:091	345851	394592
GK-160:092	345933	394613
GK-160:093	345893	394577
GK-160:094	346265	394819
GK-160:095	346268	394701
GK-160:096	345865	394844
GK-160:097	346190	394822
GK-160:098	346169	394835
GK-160:099	346105	394922
GK-160:100	346048	394917
GK-160:101	346105	394836
GK-160:102	346110	394893
GK-160:103	346277	395119
GK-160:104	346289	395117
GK-160:105	346112	394758
GK-160:106	345946	394879
GK-160:107	346028	394762
GK-160:108	347995	394895
GK-160:109	347404	394584
GK-160:110	347125	392988
GK-160:111A	347333	392358
GK-160:111B	347332	392362
GK-160:112	348511	392476
GK-160:113	348057	392456

GK-160:114	349671	393537
GK-160:115A	349091	393965
GK-160:115B	349039	394152
GK-160:115C	349061	394386
GK-160:116	349594	391761
GK-160:117	350058	391255
GK-160:118	350535	390703
GK-160:119	350874	390590
GK-160:120	351490	390560
GK-160:121	349083	392821
GK-160:122	348606	394970
GK-160:123	348232	394637
GK-160:124	348146	394490
GK-160:125A	346233	395151
GK-160:125B	346240	395135
GK-160:126	346228	395253
GK-160:127	346833	395370
GK-160:128	347215	395714
GK-160:129	346991	395807
GK-160:130	347240	396648
GK-160:131	347187	396719
GK-160:132	347886	395943
GK-160:133	347921	395917
GK-161:001	346401	394768
GK-641:001A	338263	394125
GK-641:001B	338500	394271
GK-641:001C	338639	394343
GK-641:001D	338720	394374
GK-641:001E	338841	394417
GK-641:002	340831	392193
GK-641:003	344106	393933
GK-641:003A	338743	393915
GK-641:003B	338719	393903
GK-641:003C	344106	393933
GK-641:003D	347487	394939
GK-641:003E	347526	394948
GK-641:003F	347589	394973
GK-641:003G	347610	394970
GK-641:003H	347649	394963
GK-641:003I	347680	394975
GK-641:003J	347748	394945
GK-641:003K	347820	394947
GK-641:003L	347879	394954
GK-641:003M	347895	394941
GK-641:003N	347967	394931
GK-641:003O	348044	394908
GK-641:003P	348106	394896
GK-641:003Q	348202	394921
GK-641:003R	348399	394990
GK-641:003S	348603	394932
GK-641:003T	348935	395010
GK-641:003U	341104	394384
GK-641:003V	341158	394402
GK-641:004	345834	394203
GK-641:005	349732	389920
GK-641:006	349296	389926
GK-641:008A	341423	394718
GK-641:008B	341128	394702
GK-641:008C	340471	394599
GK-641:008D	340340	394573
GK-641:010	334260	389234
GK-641:011A	336094	392865
GK-641:011B	336663	393108
GK-641:011C	337035	393217
GK-641:012A	344129	393950
GK-641:012B	344342	393862

VIÐAUKI II - TÚNAKORT FRÁ 1919

VIÐAUKI III – MINJAKORT

Loftmyndirnar voru fengnar hjá Sveitarfélaginu Vogum en eru eign Loftmynda ehf.

Túnakort - Brunnastaðahverfi



Túnakort - Grund 130:016



Túnakort Vorhúsabæja
Austurbær 130:017 og Vesturbær 130:018



Túnakort Hausthúsa 130:019 og Hvamms 130:020



Túnakort - Hvassahraun



Skýringar

- bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir

Byggt á túnakorti frá 1919

Yfirlitskort: Skráðar fornleifar í Sveitarfélaginu Vogum 1
Brunnastaðahverfi

N

Skýringar

- Skráðar fornleifar
- Grófar útlínur túnakorts
- Garðlög og tóftir
- Leiðir
- Landamerki*

*Landamerki eru sett fram án ábyrgðar
Minjakortin má ekki nota sem heimild um landamerki

500 0 500 1000 1500 2000 m

Yfirlitskort: Skráðar fornleifar í Sveitarfélaginu
Vogum 2 - Hvassahraun

N

Skýringar

- Skráðar fornleifar
- Grófar útlínur túnakorts
- Garðlög og tóftir
- Leiðir
- Landamerki*

*Landamerki eru sett fram án ábyrgðar
Minjakortin má ekki nota sem heimild um landamerki

750 0 750 1500 2250 3000 m

Minjakort: Brunnastaðir, Halakot, Suðurkot, Austurkot, Naustakot, Skjaldarkot og Traðarkot



Minjakort: Brunnastaðir 1

N

GK-130:043
GK-130:063
GK-130:026
GK-130:064
GK-130:022
GK-130:016
GK-130:116
GK-130:030
GK-130:029
GK-130:045
GK-130:017
GK-130:023
GK-130:018
GK-130:065
GK-130:021
GK-130:019
GK-130:066
GK-130:067
GK-130:020
GK-130:044
GK-130:055
GK-130:052
GK-128:030
GK-128:028
GK-128:031
GK-128:026
GK-130:031
GK-130:085
GK-130:054
GK-130:068
GK-130:114
GK-130:115
GK-641:011
GK-130:113
GK-130:033
GK-130:112
GK-130:047
GK-130:076
GK-130:075
GK-130:048
GK-130:069
GK-130:037
GK-130:070B
GK-130:070A
GK-130:080
GK-130:071
GK-130:108
GK-130:093
GK-130:110
GK-130:111
GK-130:073
GK-130:072
GK-130:086
GK-130:105
GK-130:109
GK-130:074
GK-130:102
GK-130:079
GK-130:103
GK-130:104
GK-130:101B
GK-130:101C
GK-130:101A
GK-130:101D
GK-130:106
GK-130:101E
GK-130:107
GK-641:010

250 0 250 500 750 1000 m

Minjakort: Brunnastaðir 2

N

GK130:104
GK-130:103
GK-130:101B
GK-130:101C
GK-130:101A
GK-130:101D
GK-130:106
GK-130:101E
GK-130:101F
GK-130:101G
GK-130:101I
GK-130:107
GK-130:101H
GK-130:061
GK-130:087
GK-130:083
GK-130:082C
GK-130:082 A-B
GK-130:084
GK-130:089
GK-130:095E-F
GK-130:081A
GK-130:095A-D
GK-130:081B
GK-130:081C
GK-130:095G
GK-130:081D
GK-130:010
GK-130:088B
GK-130:088A
GK-130:050

250 0 250 500 750 1000 m

Minjakortti Hvassahraun 1

N

GK-160:089A
GK-160:089B
GK-160:088
GK-160:021
GK-160:026A
GK-160:072
GK-160:026B
GK-160:028
GK-160:090
GK-160:016
GK-160:019C
GK-160:018
GK-160:015
GK-160:019B
GK-160:085
GK-160:019A
GK-160:022
GK-160:014
GK-160:070
GK-160:100
GK-160:099
GK-160:087
GK-160:102
GK-160:019D
GK-160:106
GK-160:020
GK-160:023
GK-160:059
GK-160:004
GK-160:096
GK-160:101
GK-160:098
GK-160:097
GK-160:013
GK-160:094
GK-160:077
GK-160:080
GK-160:010
GK-160:009
GK-160:076
GK-160:074
GK-160:011
GK-160:007
GK-160:075
GK-160:071
GK-161:001
GK-160:008
GK-160:003
GK-160:107
GK-160:105
GK-160:001
GK-160:005
GK-160:002
GK-160:082
GK-160:025
GK-160:086
GK-160:081
GK-160:043
GK-160:079
GK-160:061
GK-160:095
GK-160:083
GK-160:062
GK-160:012
GK-160:078
GK-160:037
GK-160:092
GK-160:093
GK-160:084

75 0 75 150 225 300 m

Minjakort: Hvassahraun 2



Minjakort: Hvassahraun 3

N

GK-160:043
GK-160:110
GK-160:073A-D
GK-160:121
GK-160:065
GK-160:046
GK-160:044B
GK-160:055
GK-160:113
GK-160:112
GK-160:048
GK-160:111
GK-160:044A
GK-160:116
GK-160:050
GK-160:068
GK-160:117
GK-160:118
GK-160:119
GK-160:120
GK-160:069
GK-160:051
GK-641:006
GK-641:005
GK-160:049

500 0 500 1000 1500 m